

16^{SÝNISBÓK}
ÍSLENSKRAR
ALÞÝÐUMENNINGAR

SAGAN AF
GUÐRÚNU
KETILSDÓTTUR

[EINSÖGURANNSÓKN
Á ÆVI 18. ALDAR
VINNUKONU]

GUÐNÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR
GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

16. bindi

GUÐNÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu



REYKJAVÍK 2013
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 16

GUÐNÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu

REYKJAVÍK 2013

*Ég tileinka fjölskyldu minni þessa bók,
þeim Herði eiginmanni mínum og börnum okkar
Huldu, Krisjáni og Örnunni*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2013

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,

Sigurður Gylfi Magnússon og Guðný Hallgrímsdóttir

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Litlaprent

ISBN xxxx-xx-xxx-x

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíli 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sánnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alpýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnardóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).

Efni

Formáli	9
1. Konur í karlaheimi	15
2. Handrit sjálfsævisögunnar	19
3. Elsta varðveitta handritið	33
4. Tímabil harðinda og hamfara	39
5. Guðrún og fjölskylda hennar	43
6. Bernskuárin í Teigi	53
7. Skýr og skikkanleg í vistinni	61
8. Sjálfstæð í vinnumennsku	69
9. Búhokur á tímum móðuharðinda	77
10. Verkalaun Guðrúnar	87
11. Tunnur, kerald, kollur og könnur	91
12. Bestu ár Guðrúnar í vinnumennsku	99
13. Illugi Jónsson – úlfur í sauðargæru?	109
14. Aftur ein	125
15. Og ergist hver með aldrinum	137
16. Hluti af stærri heild	143
Viðaukar	149
Stafrétt útgáfa af elsta handritinu	149
Útgáfan í Grímu	153
Dvalarstaðir Guðrúnar Ketilsdóttur 1759–1842	159
Myndaskrá	165
Heimildir	167

Formáli

Það var á haustmánuðum árið 2000 sem ég komst fyrst í snertingu við handrit í rannsóknum mínum. Það var í tengslum við verkefni sem ég vann á Þjóðskjalasafninu frá tímum Jörundar hundadagakonungs á Íslandi. Óhætt er að segja að þessi fyrsta heimsókn á Þjóðskjalasafnið hafi haft örlagarík áhrif á mig sem sagnfræðing því alla tíð síðan hef ég verið heilluð af handritaheiminum.

Í verkefninu skoðaði ég tiltekið mál úr skjalasafni danska kannsellísins sem fjallaði um hjónaskilnað fátækra hjóna um aldamótin 1800. Á þessum tíma var íslenskum hjónum bannað að skilja samkvæmt lögum en Danakonungur gat þó veitt þeim sérstaka undanþágu. Skilnaðarmál hjónanna hafði staðið yfir í langan tíma og fjöldi bréfa hafði varðveist um málið í skjalasafni konungs. Það var ótrúleg tilfinning að fara höndum um þennan gulnaða pappír sem lyktaði af löngu liðnum tíma. Meðal annars voru þetta þéttskrifaðir blaðsneplar sem bóndinn sjálfur hafði skrifað til konungs. Textinn einkenndist af miklum undirlægjuhætti við hið danska yfirvald og endalausan barlóm um fátækt og eynd fjölskyldunnar. Þarna var einnig að finna þykk pappírshandrit með háfleygri skrautskrift konunglegra embættismaða. Þar var knappur textinn innrammaður af breiðum spássíum og gaf skýr fyrirmæli sem voru grundvölluð á dönskum lagabókstaf. Virðulegu innsigli konungs hafði verið þrykkt ofaní rautt vaxið á bréfinu til staðfestingar á uppruna þess. Við lestur handritanna fannst mér sem ég yrði beinlínis þátttakandi í þessu erfiða skilnaðarmáli. Öll hugsun mín snerist um líf þessa fátæka fólks og ég skynjaði hvað

svona lítill brot geta sagt mikið um fortíðina. Eftir þessa reynslu var ekki aftur snúið og ég varði löngum stundum við áhugaverðar rannsóknir á Þjóðskjalasafni Íslands.¹

Skömmu síðar ákvað ég að einbeita mér að handritum eftir konur á 18. og 19. öld. Ég hafði þá um nokkurt skeið unnið með persónulegar heimildir og kynnst hvernig hægt væri að nýta þær við sagnfræðirannsóknir. Ég heimsótti handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem ég vissi að megnið af handritum Íslendinga væri varðveitt og ákvað að hefjast handa. Ég hafði litla þekkingu á því hvernig safnið væri uppbyggt og hvernig best væri að bera sig að við að finna handrit eftir konur. Mér létti því stórlega þegar starfsmaður safnsins benti á sjö fallega innbundnar bækur sem hann sagði að væru skrár yfir þau handrit sem varðveitt væru á deildinni. Þetta voru handritaskrár Landsbókasafnsins en fyrstu þrjú aðalbindin voru gefin út á árunum 1918–1937 en síðar komu út fjögur aukabindi 1947–1996.

Við nánari skoðun reyndust handritaskrárnar einnig innihalda lýsingu á handritunum sem þar voru skráð en það auðveldaði mikið alla leit að heimildum í safninu. Þegar ég hafði kynnt mér uppbyggingu handritaskráanna komst ég að því að erfitt var að leita þar eftir ýmsum áhugaverðum efnisflokkum eins og handritum kvenna. Eftir nokkra rannsóknarvinnu við handritaskrárnar varð mér ljóst að jafnvel þótt þær auðveldi fræðimönnum heimildaleit í safninu skyggja þær einnig á mörg handrit í vörslu handritadeildar – fela þau fyrir hugsanlegum rannsakendum. Með nokkurri einföldun má segja að konur hafi reynt nánast ósýnilegar í handritaskránum. Verk þeirra sem þar voru reyndust afar illa skráð. Þegar í ljós kom hvernig væri komið fyrir handritum margra kvenna, þau á stundum „falin“ í handritapökkum sem kenndir voru við karla, varð mér ljóst að nauðsynlegt væri að kanna eftir hvaða reglum hafi verið unnið nær alla 20. öldina. Mér

1 Guðný Hallgrímsdóttir, „Íslenskir hjónaskilnaðir í danska kansellíunu: Rannsókn á tíu skilnaðarmálum.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2001 (Lbs.–Hbs). Guðný Hallgrímsdóttir, „Örlagasaga úr íslenskri sveit, hjónaskilnaður á fyrri hluta 19. aldar.“ *Sagnir* 24 (2004), bls. 58–65.

lék, með öðrum orðum, forvitni á að vita hvert markmið þeirra sem sömdu handritaskrárnar hafi verið með því að varðveita og skrá frásagnir af konum sem þar er að finna og hvaða merkingu væri hægt að leggja í flokkunarkerfi þeirra og annarra fræðimanna frá sama tíma.

Rannsókn mín leiddi í ljós að ástæðu þess hversu fá handrit virtust vera eftir konur á safninu mætti fyrst og fremst rekja til skráningarstefnu starfsmanna safnsins á 20. öldinni. Sú stefna tók lengst af mið af hinni þjóðernislegu umræðu í samfélaginu sem var sannarlega leiðarljósið í vísindum og fræðum á þeim tíma. Í handritaskránum opinberast hugmyndaheimur menntaðrar yfirstéttar sem ákvað hvaða sögu íslensku þjóðinni bæri að varðveita og halda til haga. Handritaskrárnar endurspeglar hugmyndaheim þeirra karla sem unnu við skráningu handrita og greiningu á íslenskri menningu. Það sem nú virðast úreltar hugmyndir um konur endurspeglar fyrst og fremst tíðaranda sem kvað upp úr um ætlað hlutskipti kvenna í nýju samfélagi. Af þeim sökum má halda því fram að handrit kvenna hafi fyrst og fremst verið skráð til að halda utan um og varðveita sögu þeirra „merku karla“ sem þær tengdust í lifanda lífi. Konur eru sjaldnast nafngreindar í handritaskránum þegar á handrit þeirra er minnst heldur kenndar við feður, maka, syni eða jafnvel afa sína.

Í bókinni tek ég til umfjöllunar sjálfsævisögu alþýðukonu sem varðveitt er á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Ég mun rekja hvernig efnið hefur verið flokkað í handritadeildinni og hvernig unnið hafði verið með það fyrr á öldinni 20. á opinberum vettvangi. Ég hygg að sú handritasaga muni með afgerandi hætti draga fram í dagsljósið stöðu kvenna í sögunni – hvernig þær hafa verið meðhöndlaðar í heimi fræðanna. Saga Guðrúnar Ketilsdóttur byggist á sjálfsævisögubroti sem varðveitt er í nokkrum uppskriftum á handritadeildinni og víðar.

Nánast alla sína ævi starfaði Guðrún sem vinnukona á heimilum annarra og átti sér því hvergi fastan samastað. Þrátt fyrir það virðist henni ekki hafa fundist hún ofurseld valdi húsbænda sinna. Þvert á

móti hafði hún ýmis ráð til að komast af sem einstæð vinnukona og taka ákvarðanir sem vörðuðu hennar eigin hag. Í bókinni er fjallað um líf þessarar merkilegu alþýðukonu og hvernig hún náði, þrátt fyrir afar þrönga stéttarstöðu sína, að hasla sér völl í erfiðu árferði móðuharðindanna. Döpur endalok ævi hennar dregur fram hið harmsögulega í lífi þúsunda Íslendinga á þessum tíma.

Margir hafa reynst mér afar hjálplegir við útgáfu bókarinnar og kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir. Það eru hins vegar nokkrir sem ég vil þakka alveg sérstaklega og ber þá fyrst að nefna Sigurð Gylfa Magnússon sem veitti ómetanlega aðstoð við gerð bókarinnar. Ég vil líka nota tækifærið og þakka honum fyrir góða leiðsögn og hvatningu í öllu mínu fræðagrúski. Einnig vil ég þakka núverandi leiðbeinanda mínum, Má Jónssyni, fyrir góða hjálp við yfirlestur og gagnlegar leiðbeiningar í öllu útgáfufurlinu en athugasemdir hans höfðu áhrif á lokagerð verksins. Stór hluti bókarinnar var meðal annars unninn á lesstofu Þjóðskjalasafnsins en starfsfólki þess vil ég færa bestu þakkir fyrir endalaus þolinmæði og greiðasemi. Sérstakar þakkir fær þó Björk Ingimundardóttir fyrir yfirlestur og ábendingar en hún er hafsjór af fróðleik um skjöl Þjóðskjalasafnsins. Jóni Torfasyni vil ég þakka fyrir lestur á erfiðri skrift og ótal snúninga eftir handritum í geymslur safnsins. Ég vil líka nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu með gagnlegar ábendingar varðandi skipulag og frágang bókarinnar. Þar má nefna Davíð Ólafsson, Guðrúnu Ingólfisdóttur og Láru Ágústu Ólafsdóttur á Akureyri. Síðast en ekki síst vil ég þakka eiginmanni mínum, Herði Arnarsyni, sem las handritið yfir á öllum stigum og hvatti mig óspart áfram á lokasprettið.

Á meðan á rannsókn minni stóð hef ég fengið tækifæri til að flytja fyrirlestra um efni hennar á opinberum vettvangi innan lands og utan. Árið 2006 hélt ég fyrirlestur á málþingi um *Ástríður og örlög* hjá Félagi um átjándualdarfræði og sumarið 2007 hélt ég tvo fyrirlestra um efnið. Þann fyrri flutti ég á alþjóðlegu málþingi um handritamenningu sem fram fór í Svartárkoti og þann síðari á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* sem haldin var

í Sofíu í Búlgaríu.¹ Árið 2008 flutti ég síðan erindi í málstofu um handritamenningu sem fram fór í Helsinki í Finnlandi og nefndist *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*. Málstofan nefndist: „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“² Sama ár fékk ég tvisvar tækifæri til að kynna rannsóknir mínar á málþingum og fundum sem haldin voru í ReykjavíkurAkademíunni. Það fyrra var vinnufundur (workshop) haldinn í tengslum við heimsókn hins þekhta bandaríska bókmenntafræðings Margaret J. M. Ezell. Síðara málþingið var haldið á vegum *Miðstöðvar einsögurannsókna* og nefndist: *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*. Þátttakendur voru ungverskir, norskir og íslenskir einsögufræðingar.³ Á hugvísindapíngi árið 2011 hélt ég fyrirlestur á málstofunni *Konur á köldum klaka* og á þessu ári kom út grein eftir mig í bókinni *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, „Material without value? The recollec

- 1 „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur – Sjálfsævisaga alþýðukonu eða kímnisaga af flóni.“ Fyrirlestur fluttur á málþingi Félags um átjándu aldar fræði: *Enn af ástum og örlögum á átjándu og níjándu öld*, 13. nóvember 2006. „A Tale of a Fool or a common Woman's Autobiography.“ The Scribal Culture in a Masculine Perspective. Fyrirlestur fluttur á málþingi (Pilot Course 2007) um handritamenningu í Svartárkoti, 19–22. júní 2007. „Where are the women's manuscripts? Argument based on a study of the women's manuscripts of an entire nation.“ Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* 8–12 ágúst 2007, University of Sofia „St. Kliment Ohridski“, Búlgaría. Einnig birti ég grein um efnið í afmælisriti til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni: „Hugleiðing um afdrif handrita kvenna.“ *Íslensk menning II. Til heiðurs Sigurði Gyfa Magnússyni* (Reykjavík, 2007), bls.74–80.
- 2 „A Common Woman's Autobiography or a Humorous Story of a Fool.“ Fyrirlestur haldinn á málstofunni „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“ *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*, 30. júlí 2008, Helsinki, Finnland.
- 3 „Women's in manuscript.“ Fyrirlestur haldinn á málþinginu *Ideas in the 21st Century* í ReykjavíkurAkademíunni í tengslum við heimsókn bókmenntafræðingsins Margaret J. M. Ezell, 22. júní 2008. „A Common Woman's Autobiography.“ Fyrirlestur haldinn á vegum *Miðstöðvar einsögurannsókna* á málþinginu *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*, 25. ágúst 2008.

tions of Guðrún Ketilsdóttir.“ Bókin var gefin út af Finnish Literature Society í Helsinki árið 2013.¹

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu með góðar ábendingar og tillögur í sambandi við rannsóknina á þessum ráðstefnum og fundum en það hafði mikil áhrif á þróun hennar.

1 „... því guð gaf mér málið eins og honum.“ Um handrit kvenna í meðförum karla“. Fyrirlestur haldin á málstofunni *Konur á köldum klaka*. Hugvísindapíng, Háskóla Íslands, 26. mars 2011.

1. Konur í karlaheimi

Á handritadeild Landsbókasafnsins er mikill fjöldi sjálfsævisögu-handrita sem aldrei hafa verið gefin út. Þó að sögurnar, sem flestar eru í formi sjálfsævisögubrota, geti varla fallið undir nútíma skilgreiningu hugtaksins sjálfsævisaga geyma hver og ein þeirra einstakrar minningar um veröld sem var. Sagan sem hér verður sögð byggist á sjálfsævisögubroti sem varðveist hefur frá tímum höfundar – á fyrri hluta 19. aldar – og ber titilinn *Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur*. Sjálfsævisagan er ekki hefðbundið verk í neinum skilningi. Frásögnin er til dæmis skrifuð upp orðrétt jafnóðum og sögumaður segir frá. Formið er því nánast eins og munnleg frásögn þar sem hugsanir og tilfinningar höfundar flæða óhindrað fram og gefa sögunni um leið einlægan og sannan blæ. Saga Guðrúnar var sennilega skráð í kringum 1840 þegar Guðrún var orðin áttæð að aldri. Því er haldið fram að þegar hún hafi eitt sinn verið gestkomandi á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi, hafi hún verið beðin um að segja sögu sína en á bænum bjó þá Sigfús Jónsson hreppstjóri sem ef til vill skráði söguna sjálfur.¹ Um það eru þó engar heimildir.

Samkvæmt handritaskrám Landsbókasafnsins virðist lítið hafa varðveist af sjálfstjáningu 18. og 19. aldar kvenna eða heimildum þar sem konurnar sjálfar halda á penna. Ástæðu þess má að einhverju leyti rekja til þess hversu fáar konur voru skrifandi á tímabilinu. Því

1 *Ævisaga Guðrúnar* birtist á prenti árið 1929 í tímaritinu *Grímu*. Jónas Rafnar bjó söguna til prentunar og staðhæfir þar að sagan hafi verið orðrétt skrifuð upp eftir Guðrúnu þegar hún var gestkomandi að Syðra-Laugalandi.

hefur einnig verið haldið fram að konur hafi átt erfitt með að standa vörð um sitt einkaréymi og því látið vera að tjá sig um sín hjartans mál með ápreifanlegum hætti.¹ Þá má geta þess að mörgum húsbóndanum var í nöp við að vinnufólk væri að skrásetja það sem átti sér stað inni á heimilunum og konur hefðu síður átt þess kost að standa fyrir máli sínu en karlar. Síðast en ekki síst er örugglega um að kenna skráningarstefnu Landsbókasafnsins sem lengst af miðaðist við hina þjóðernislegu umræðu.² Handrit kvenna virðast fyrst og fremst hafa verið skráð og varðveitt með það fyrir augum að halda utan um sögu þjóðþekktara karla sem konurnar tengdust. Þessi flokkunaraðferð leiddi til þess að íslenskar konur, og þá sér í lagi alþýðukonur, eru lítt sýnilegar í handritaskrá safnsins. Mikið af efni tengt alþýðukonum er þó að finna á handritasöfnum landsins mismunandi vel skráð og aðgengilegt, efni sem er af ýmsu tagi og býður oft upp á áhugaverða sýn á liðna tíð. Hér má til dæmis nefna sjálfsævisögur, dagbækur, æviskrif eða hvers konar endurminningar, kveðskap, drauma og sendibréf íslenskra kvenna.

Samkvæmt handritaskrá Landsbókasafnsins eru fjölmargar ævisögur kvenna varðveittar á safninu. Flestar þeirra eru hins vegar í formi eftirmæla eða endurminninga sem samin hafa verið til minningar um látinn ættingja eða vin. Í sögunum er oftast að finna ættakningar og helstu æviatriði, svo sem upplýsingar um maka, börn og bú og upphafna lýsingu á helstu kostum þess sem skrifað er um. Formið er nokkuð staðlað og einskonar helgimynd birt af þeim sem skrifað er um án þess að lesandinn verði nokkru nær um hvernig einstaklingurinn lifði lífi sínu. Sem dæmi um slíkar ævisögur má nefna þá sem

1 *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998), bls. 23–24.

2 Þá skoðun mína byggir ég á viðamikilli rannsókn sem ég gerði á handritaskrá Landsbókasafnsins í meistaranámi í sagnfræði. Þar mótaði ég gagnagrunn yfir öll handrit sem tengdust konum í skránum og kannaði hvernig verkum kvenna eru þar gerð skil. Guðný Hallgrímsdóttir, „Hulda. Sjálfstjáníning kvenna á 18. og 19. öld.“ M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009 (Lbs.-Hbs).

skrifuð var um Valgerði Þorgeirsdóttur ljósmóður í kringum 1800.¹ Samkvæmt höfundi ævisögunnar áttu foreldrar Valgerðar „...kyn sitt að rekja til höfðingja og heiðarlegs fólks í marga liði.”² Og höfundur skrifar að Valgerður hafi verið;

...guðhrædd, dyggðug, trúföst, iðin, þrífín, stjórnsöm, frómlynd og góðgjörðasöm, einkum við þurfandi og fátæka. Hún var sinnar ektamanns æra, hússins prýði, sveitarsómi og nú margra harmdauði; vona ég að engum, sem hana þekkti, þyki ég hér um of frekt mælt hafa.

Sú gildishlaðna lýsing sem hér er dregin upp af Valgerði ljósmóður lýsir vel þeirri ímynd sem haldið var að konum á tímabilinu en segir fátt um daglegt líf konunnar sjálfar.³

Öðru máli gegnir hins vegar um sjálfsævisögur kvenna, þ.e. sögur sem skráðar eru af konunum sjálfum eða eftir þeim hafðar. Þessháttar bókmenntir segja okkur mun meira um hvernig konur raunverulega lifðu lífi sínu en þau fjölmörgu upphöfnu eftirmæli sem karlar skrifa um konur og varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafnsins.

Í bók sinni *Sjálfssögur, Minni, minningar og saga*, skilgreinir Sigurður Gylfi Magnússon hugtakið sjálfsævisaga á eftirfarandi hátt:

Sjálfsævisaga er skrifleg tilraun einstaklings til að taka saman og gera skipulega grein fyrir eigin ævi, segja eigin sögu með eigin orðum.⁴

Jafnvel þó aðalpersóna þessarar bókar, Guðrún Ketilsdóttir, hafi ekki

1 Valgerður Þorgeirsdóttir (1735) var ljósmóðir á Elliðavatni í Mosfellssveit. Hún var gift Páli Jónssyni (1737), spítalahaldara og um tíma sýslumanns.

2 *Lbs* 729 8vo – *Ævisaga Valgerðar Þorgeirsdóttur*.

3 Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur segir að í *Vidalínspostillu*, sem var lesin á íslenskum heimilum á 18. og 19. öld, í *Arnbjörgu* (1780) og *Ræðum Hjalms á Bjargi* (1820) megi vel greina þær kvenímyndir sem haldið var að konum. Þær skyldu vera iðnar, kurteisar, guðhræddar, ástríkar, nýtnar, blíðlyndar, aumka fátæka og vera undirgefnar. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57–94.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur, Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar 11 (Reykjavík, 2005), bls. 346.

sjálf skrifað upp sögu sína er engu að síður hægt að flokka söguna sem sjálfsævisögu þar sem hún er orðrétt eftir henni höfð.¹ Segja má að skrásetjari sögunnar sé hér einungis í hlutverki útgefanda eða þess sem hafi umsjón með því að sagan verði til.

Í þeim fjölmörgu kössum og handskrifuðu bókaskræðum sem finna má í handritasöfnum um land allt leynist töluverður fjöldi áhugaverðs efnis um konur. Efni sem ýmist hefur verið skrifað af konunum sjálfum eða öðrum. Vandinn er einfaldlega sá að efnið er oft falið inn á milli karllægra skilgreininga á flokkum og hugtökum. Þetta verk felur meðal annars í sér tilraun til að afhjúpa þá kosti sem slík skjöl búa yfir og sýna fram á hvað saga einnar manneskju getur varpað athyglisverðu ljósi á liðna tíð.

1 Þeir sem skráðu ævisögu Guðrúnar taka það fram sérstaklega að sagan sé af henni sjálfri sögð.

2. Handrit sjálfsævisögunnar

Sjálfsævisaga Guðrúnar er varðveitt í þremur uppskriftum í Landsbókasafni en auk þess var sagan gefin út í bókinni *Grímu* árið 1929.¹ Þar er því haldið fram að Sigfús Jónsson hreppstjóri hafi skrifað upp ævisögu Guðrúnar.² Á handritadeildinni er að finna gríðarmikið efni úr fótum Sigfúsar Jónssonar en því miður hefur ekki tekist að finna þar handritið af sjálfsævisögu Guðrúnar þrátt fyrir ítrekaða leit.³ Það handrit sögunnar er því líklega glatað. Handritin þrjú sem varðveitt eru á Landsbókasafninu virðast við fyrstu sýn öll vera svipuð útgáfunni í *Grímu*. Þegar betur er að gáð má þó víða finna misræmi í orðanotkun og texta. Þau tvö sem komast næst því eru skráð um 1850–70 og er annað eftir Þorstein Þorsteinsson frá Upsum, merkt í handritadeildinni *ÍB* 841 8vo, en það síðara, *ÍB* 883 8vo, er nafnlaust. Þessi tvö handrit sjálfsævisögunnar bera nánast sama titilinn, það er; *Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur*. Þriðja handrit sjálfsævisögunnar er uppskrift Geirs Vigfússonar, skálds og fræðimanns á Akureyri en það handrit er talið skráð í kringum 1870 og ber safnmarkið *ÍB* 438

- 1 Meðan á lokafrágangi bókarinnar stóð fékk ég óvænt fregnir af fjórða handriti ævisögunnar sem varðveitt er á Landsbókasafni Íslands. Það hafði fundist í gögnum Ólafar Sigurðardóttur (1857) frá Hlöðum. Handritið, sem var án tímasætningar, bætti hins vegar litlu við fyrri handrit sem hér verða til umfjöllunar. Handrit Ólafar er í handritadeild Landsbókasafnsins undir safnmarkinu *Lbs* 19 NF – Einkaskjalasafn Ólafar frá Hlöðum.
- 2 Í neðanmálsgrein við útgáfu sögunnar í *Grímu* segir Jónas Rafnar meðal annars: „Sigfús Jónsson hreppstjóri á Laugalandi var merkismaður að mörgu. Honum er það að þakka að ævisaga þessi hefur verið skrásett.“ *Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra* 5. Þorsteinn M. Jónsson gaf út (Reykjavík, 1973), bls. 319.
- 3 Í handritaskráum Landsbókasafnsins eru 126 handritsnúmer skráð á nafn Sigfúsar Jónssonar á Laugalandi.

4to. Handrit Geirs Vigfússonar er nokkuð ólíkt hinum tveimur þar sem texti sögunnar er færður í stílinn og öll frásögnin orðin liprari aflestrar. Sennilega hefur Geir betrubætt sjálfsævisöguna með það að markmiði að gefa hana út í safni smásagna sem hann var að vinna að á sama tíma.¹ Viðurnefnið „suða” sem hann gefur Guðrúnu hefur eflaust átt að gera söguna spaugilega en algengt var hér áður fyrir að fátæklingar og niðursetningar yrðu fyrir athlægi þeirra er meira máttu sín, að þeir væru hæddir og hafðir að spotti.²

Sjálfsævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur kom út í fyrsta sinn á prenti í tímaritinu *Grímu* árið 1929. Það var fræðimaðurinn Jónas Rafnar sem bjó ævisöguna til prentunar en þar kemur fram að Sigfús Jónsson hreppstjóri hafi upphaflega skráð söguna. Í efnisyfirliti *Grímu* er sjálfsævisögu Guðrúnar skipað niður með gamansögum af heimsku fólki, í sérstökum kafla með yfirskriftinni *Flónska*.³ Jónas Rafnar annaðist útgáfuna og útbjó ítarlegt yfirlit yfir allt efni bókarinnar þar sem sögurnar eru flokkaðar eftir umfjöllunarefni. Sjálfsævisaga Guðrúnar er þar skráð undir efnisorðinu *Kímnisögur* en um þann flokk segir Jónas meðal annars:

Í fimmta og síðasta flokkinn set ég kímnisögurnar. Flestar sögurnar hef ég skrifað undir prentun, fært margar þeirra til betra máls, styttnar sumar að mun, en bætt nokkru inn í sumar, sérstaklega ártölum og öðru því, sem gat tímabundið viðburðina eða verið efninu að öðru leyti til skýringar. Vona ég að skrásetjurum þyki ég ekki hafa með því lýtt verk þeirra.⁴

1 Geir Vigfússon og Þorsteinn frá Upsum áttu í bréfasamskiptum um það leyti sem Geir skrifaði upp sjálfsævisögu Guðrúnar og lánuðu líklega hvor öðrum handrit til uppskrifta. Í bréfi Geirs frá árinu 1877 kemur fram að hann hefur sent Þorsteini smásögur sem hann var að gefa út. *ÍB* 843 8vo – Sendibréf til Þorsteins á Upsum.

2 Sjá til dæmis frásögn Magnúsar Hj. Magnússonar í dagbók sinni þar sem hann segir frá illri meðferð á sér í æsku: „Fóstra mín var vond við mig, húsbændurnir öllu verri og aðrir á heimilinu voru þar eptir“; sjá *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*, bls. 264.

3 *Gríma, þjóðsögur*. I–V. bindi. Safnað hefur Oddur Björnsson (Akureyri 1929), efnisyfirlit.

4 Jónas Rafnar, „Formáli.“ *Gríma, þjóðsögur*, I–V, bls. v.

Mynd 1 – Jónas Jónasson Rafnar (1887–1972) var sonur Jónasar Jónssonar, prests og fræðimanns frá Hrafnagili og Þórunnar Stefánsdóttur Ottesen. Jónas ólst upp hjá foreldrum sínum að Hrafnagili og tók síðar upp ættarnafnið Rafnar sem dregið var af æskuheimili þeirra, Hrafnagili. Jónas sérhæfði sig í berkla-lækningum og var yfirlæknir á Berklahælinu í Kristnesi frá 1927–1956. Hann gaf út og þýddi tugi bóka á ævi sinni en auk þess kom hann að útgáfu fjöldamargra bóka og tímarita af sagnfræðilegum toga.

Heimild: „Sú þrá að þekkja og nema ... : sýning til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili 1856–2006: 150 ára minning: sýningar-skrá.“



Í formála sem Jónas skrifar við sjálfsævisöguna í Grímu virðist hann búa yfir ýmsum upplýsingum um persónuleika Guðrúnar en þar segir meðal annars:

Guðrún Ketilsdóttir, sem venjulega var kölluð Gunna „suða“, dó í desember árið 1842 á 84. aldursári. Síðustu árin var hún á flækingi um Öngulsstaðahrepp. Gunna var símasandi, hvar sem hún var stödd; þegar hún var ein á gangi á milli bæja, talaði hún við sjálfa sig, svo að suðan heyrðist langar leiðir. Í ákafa sínum að tala slengdi hún öllu saman í einn hrærigraut, svo að erfitt var að fylgjast með efninu; ber ævisagan þess glögglega vottinn.¹

1 Jónas Rafnar, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“ *Gríma hin nýja*, bls. 316.

Jónas gerir ítarlega tilraun til að útskýra viðurnefni Guðrúnar og gengur jafnvel enn lengra og uppfærir hana „Gunnú suðu“. Hugsanlega er hér komin skýring á viðurnefninu í handriti Geirs Vigfússonar.

Pegar Guðrún lætur skrá sjálfsævisögu sína er hún komin á níráðisaldur og hefur verið sett á sveit í Öngulsstaðahrepp. Síðustu árin má finna nafn hennar á hinum ýmsum bæjum í hreppnum þar sem hún er annaðhvort skráð sem niðursetningur eða hreppslimur. Viðurnefnið „suða“ fær Guðrún einungis í handriti Geirs Vigfússonar og löngu síðar í *Grímu*. Vel má vera að Geir hafi stuðst við sama handrit og Jónas Rafnar þegar hann skrifaði upp söguna því á handriti hans má skilja sem svo að hann hafi stuðst við fleiri en eitt handrit af henni.¹

Í þeim samtímaheimildum sem ég hef skoðað, svo sem sóknarmannatölum og húsvitjunarbókum, finnst þetta viðurnefni Guðrúnar hins vegar ekki.² Til að mynda átti Guðrún systur, einu ári eldri, sem var alnafna hennar. Þær bjuggu í sömu sveit nær alla tíð og hefðu því auðveldlega getað verið aðskildar í skráningum presta með einhverjum viðurnefnum eins og stundum var gert. Sú var hins vegar ekki raunin. Systurnar eru ávallt skráðar með fullu nafni, allt fram í andlát-ið. Enn fremur hef ég í höndum heimild frá Ólafi Eyjólfsyni, skrifara sýslumannsins á Grund, sem hélt dagbók í Eyjafirði í tíð Guðrúnar. Samkvæmt þeirri heimild virtist Guðrún oft hafa gist á Grund á ferð sinni um sveitina og ávallt þegar hennar er getið í dagbókarskrifum Ólafs er hún skráð með fullu nafni, þ.e. Guðrún Ketilsdóttir eða „Guðrún kerling“. Margir í upptalningum Ólafs eru þó aðeins skráðir þar með fornafni eða kenndir við bæinn sem þeir komu frá. Hinn 11. desember árið 1842 minntist Ólafur skrifari á andlát Guðrúnar með þessum orðum: „Fréttist lát Guðrúnar kerlingar Ketilsdóttur.“³ Guðrún hafði dáið tveim dögum áður, hinn 9. desember árið 1842.

1 Undir sjálfum titlinum stendur orðrétt: „Af henni sjálfri sögð, og af ýmsum samansett í eitt.“ *ÍB* 438 4to – Margvísleg brot m. h. Geirs Vigfússonar.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/1 – BC/6 Sóknarmannatal 1753–1845, BA/2 – BA/4, Prestsþjónustubók 1754–1840, Barð í Fljótum BC/1 Sóknarmannatal 1801–1819, Hrafnagil, Munkaþverá og Kaupangur BA/9 Prestsþjónustubók 1816–1847, Grundarþing/Laugaland BC/1 Sóknarmannatal 1797–1836, BA/1 – BA/5 1751–1879.

3 *Lbs* 1343–1347 8vo – Dagbækur Ólafs Eyjólfsssonar á Laugalandi, 11. desember 1842.

Í formála Jónasar Rafnar í *Grímu* koma, að því er best verður séð, berlega í ljós viðhorf hans til konunnar og sjálfsævisögu hennar en að auki eru gerðar athyglisverðar athugasemdir við hispurslausan frásagnarstíl Guðrúnar:

Pegar Gunna var gömul orðin, kom hún eitt sinn að Syðra-Laugalandi til Sigfúsar hreppstjóra Jónssonar (d. 1855); Þá var hún beðin að segja æfisögu sína og var sagan rituð upp jafnóðum og Gunna sagði frá. Birtist sagan hér óbreytt að öðru en því, að nokkur klúryrði eru hefluð, án þess að merking raskist.¹

Með þessum athugasemdum öllum er lesandinn rækilega búinn undir það að lesa gamansögu af orðljótu, suðandi kerlingarflóni.

Sigurður Nordal, prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, sagði það vera sjálfsögðustu kröfu til þeirra sem safna alþýðlegum fræðum að gæta nákvæmni í meðferð heimilda. Í formála bókarrinnar *Gráskinnu*, safni þjóðsagna sem Sigurður Nordal gaf út í samvinnu við Þórberg Þórðarson, segir hann ennfremur:

Handritum verður að breyta með varkárni, svo að hvorki raskist stíll né efni, og ef ritað er eftir munnlegri frásögn, á helzt að gera það orðrétt. Sumir safnendur hafa flaskað á því, að nema fyrst sögurnar og segja þær síðan með sínum eigin orðum. En jafnvel þó að þessir menn þykist færir um að orða betur en sögumenn þeirra, sem þeir oft og einatt eru ekki, þá verða sögurnar með þessu móti tilbreytingarlausari og gefa fátæklegri mynd af alþýðlegu máli og frásagnarlist.²

Af handritunum þremur sem varðveitt eru af sjálfsævisögu Guðrúnar kemst handritið *ÍB* 883 8vo næst upprunalega texta sögunnar. Sú frásögn er líkust útgáfunni í *Grímu* og er ítarlegust af öllum

1 Jónas Rafnar, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“ *Gríma hin nýja*, bls. 316.

2 Sigurður Nordal, „Formáli.“ *Gráskinnu*. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson sáu um útgáfuna I.–IV. bindi (Akureyri, 1928–1936), bls. VI.

þremur uppskriftunum. Meðal annars hefur handrit *ÍB* 883 8vo, að geyma tvær frásagnir sem ekki finnast í hinum tveimur handritunum né útgáfunni í *Grímu*. Fyrri frásögnin er af samskiptum Guðrúnar við sýslumannshjónin á Grund og hljóðar svo:

Ævinlega þegar ég kom að Grund, gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi. En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvapur gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvada skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það.¹

Hinum textanum hefur verið skeytt aftan við handritið og fjallar um veru Guðrúnar í Skagafirðinum:

Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sönnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.²

Að vísu er að finna svipaða frásögn aftast í handriti Geirs Vigfússonar sem er þó ekki jafn ítarleg en gefur hins vegar til kynna að Geir hafi skrifað eftir handriti sem tengdist handriti *ÍB* 883 8vo. Ítarleg frásögn af samskiptum Guðrúnar við sýslumannshjónin virðist trúverðug enda dvaldi Guðrún oft á Grund samkvæmt dagbók Ólafs skrifara eins og áður kom fram. Auk þess starfaði systir Guðrúnar í mörg ár hjá Gunnlaugi og Valgerði á Grund. Að öllum líkindum hefur handrit *ÍB* 883 8vo því verið skrifað upp eftir eldra handriti en þeir Þorsteinn og Geir hafa stuðst við í sínum uppskriftum og jafnvel eldra en handritið sem notað var í útgáfunni í *Grímu*.

1 *ÍB* 883 3vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 *ÍB* 883 3vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Mynd 2 – Jón Borgfirðingur (1826 – 1912) var sonur Guðríðar Jóns-dóttur, einstæðrar móður og vinnukonu í Borgarfirði en hún hafði eignast hann með Jóni Hallgrímssyni Bachmann, sem þá var giftur prestur í Hestþingum. Í bókinni Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur, eftir Sigrúnu Sigurðardóttur segir að sökum efiðra aðstæðna hafi móðir Jóns verið tilneydd að sjá á eftir honum ungum í fóstur og ólst hann upp á kotbýli í Borgarfirðinum á kostnað hreppsins. Í reikningum hreppsins hafi Jón verið kallaður „Jón fjöðurlausi“ þar sem enginn hafði viljað gangast við honum.

Heimild: Elskulega móðir mín, bls. 238.



Öll þrjú handritin sem varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafnsins voru skráð á 19. öld en tvö þeirra, *ÍB* 883 8vo og *ÍB* 438 4to, hafði bókmenntafélagið fengið frá Jóni Borgfirðingi, lögregluþjóni og bóka- og fræðimanni. Jón Jónsson Borgfirðingur var einn af þessum ötulu alþýðufræðimönnum sem safnaði handritum alla sína ævi. Í handritaskrá Landsbókasafnsins má sjá að vel á fimmta hundrað handritsnúmer hafa komið úr eigu hans.

Jón Borgfirðingur stóð lengi í bréfaskriftum við Jón Sigurðsson forseta og sinnti ýmsum rannsóknum fyrir hann en mörg handrit úr fórum Jóns Borgfirðings komust í eigu Hins íslenska bókmenntafélags. Þá má geta þess að sonur Jóns var Finnur Jónsson prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Norrænum fræðum.¹ Þau tvö handrit

1 Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999), bls. 14.



Mynd 3 – Páll Eggert (1883–1949) var stúdent frá MR, lauk prófi í forspjallsvísindum frá Háskólanum í Kaupmannahöfn, lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands og Dr. phil frá Háskóla Íslands. Óhætt er að segja að ævistarfi Páls hafi verið mikið að vöxtum en auk þeirra starfa sem áður er getið varð hann bankasjóri Búnaðarbankans um tíma, gengdi stöðu skrifstofusjóra fjármálaráðuneytisins og samdi að auki fjölda bóka og verka á sviði hugvísinda.

Heimild: Íslenskir sagnfræðingar, fyrra bindi, bls. 237-238.

sem innihéldu uppskrift af sjálfsævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur komu einmitt frá Jóni. Þegar síðan Landsbókasafnið keypti handritasafn Bókmenntafélagsins komust öll þrjú eintökin af sögu Guðrúnar í eigu handritadeildar.

Það var fræðimaðurinn Páll Eggert Ólason sem tók saman fyrstu þrjú aðalbindi handritaskráa Landsbókasafnsins. Í þeim er að finna allt að 8600 handrit ásamt skýringartexta og upplýsingum um markverðustu handritin.¹ Páll var óvenjulegur maður, lögfræðingur að mennt en með óslökkvandi áhuga á sögu og menningu. Árið 1906 var hann ráðinn við Landsbókasafn Íslands og vann þar til ársins 1922 eða þegar hann varð prófessor í sögu við Háskóla Íslands. Páll Eggert varð síðar rektor skólans.² Til að byrja með var hann fyrst og fremst ráðinn til að sinna spjaldskrárgerð yfir prentaðar bækur Landsbókasafnsins. Hann vann að handritaskránum í hjáverkum og

1 Fyrstu þrjú aðalbindin voru gefin út á árunum 1918–1937 en auk þess annaðist Páll Eggert fyrsta aukabindið sem kom út árið 1947.

2 Íslenskir sagnfræðingar. Fyrra bindi. Sagnfræðingatal og saga Sagnfræðingafélags Íslands. Ritsjórar Ívar Gissurarson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Steingrímur Steinþórsson (Reykjavík, 2006), bls. 237.

fyrsta bindi kom út árið 1918 en hið þriðja árið 1937. Páll Eggert var óhemju afkastamikill á þeim tíma þegar hann vann að handritaskránum, svo mjög að fáir hafa komist með tærnar þar sem hann hafði hælana.¹ En eitt er víst að Páll Eggert var mistækur maður. Um handrit Jóns Borgfirðings hafði Páll Eggert meðal annars þetta að segja: „Það, sem Jón Borgfirðingur safnaði, er að vísu flest ruslkennt, en sýndi þó áhuga hans og góðan vilja.“² Í skráningu Páls Eggerts á sjálfsævisöguhandritum Guðrúnar Ketilsdóttur má greina þetta sama viðhorf en fyrsta handritið er skráð í annað bindi handritaskrána árið 1932. Það er handrit Geirs Vigfússonar, *ÍB* 438 4to.³ Eins og vera ber færir Páll Eggert inn upplýsingar um stærð, skráningartíma og efnisinnihald handritsins og nefnir að auki nokkra kvæðahöfunda og einstaka uppskriftir. Sjá má að Páll Eggert flokkar sjálfsævisögu Guðrúnar sem kímilegan samsetning og setur orðið ævisaga í sviga afan við nafn hennar:

ÍB. 438, 4to. Margvísleg brot. 78 bls, Ein hönd. Skr. ca. 1870. Tækifærisvísur, gamankvæði og kímilegr samsetningar m.h. Geirs Vigfússonar. Nafngreindir kvæðahöfundar: Sölvi Helgason, Guðmundur Magnússon, Jón Jónsson á Munkaþverá, Benedikt Benediktsson, Hallgrímur Jónsson, Davíð Gottskálksson, Sigfús Jónsson, síra Jón Jónsson á Möðrufelli, Guðný Jónsdóttir frá Grenjaðarstöðum, Jónas Jónsson frá Siglufvík, Bauna-Þorsteinn, Daði Níelsson.

Kímisögur: Sveinn á Þröm (líkræða), Guðrún suða Ketilsdóttir (ævisaga).

Ferill. ÍB. 438–9, 4to., frá Jóni Borgfirðingi.⁴

1 *Íslenskir sagnfræðingar*, Fyrri bindi, bls. 236.

2 Páll Eggert Ólason, „Landsbókasafnið. Stutt yfirlit.“ *Árbækur Landsbókasafnsins 1944* (1945), bls. 65.

3 ÍB er skammstöfun fyrir Hið íslenska bókmenntafélag.

4 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. II. bindi (Reykjavík, 1927–1932), bls. 828.

Ýmislegt athyglisvert kemur í ljós þegar skráning Páls Eggerts á sjálfsævisögu Guðrúnar er borin saman við sjálfann titilinn á handriti Geirs Vigfússonar. Titillinn hljómar á þessa leið: „Æfisaga Guðrúnar Ketilsdóttur, auknefnd Suða. Af henni sjálfri sögð og af ýmsum samansett í eitt.“¹

Í formála þriðja bindis handritaskrána, sem kom út árið 1935, fjallar Páll Eggert um þær vinnureglur sem hann hafi tamið sér þegar hann skráir handrit. Þar staðhæfir hann meðal annars að þegar hann lýsi efni handritsins séu; „... vitanlega, eftir því sem unnt er, teknar upp fyrirsagnir þaðan, enda er sá þáttur á ábyrgð sjálfs handritsins, sem vera ber, þótt fyrir komi, að ekki sé rétt hermt í handritinu sjálfu.“² Þegar kemur að sjálfsævisögu Guðrúnar virðist þeirri góðu vinnureglu ekki fylgt. Handritinu hefur verið gefinn nýr titill sem algjörlega umbreytir innihaldi þess. Óhætt er að fullyrða að með gildishlaðinni lýsingu sé rýrð kastað á annars góða heimild.

Í þriðja bindi handritaskráa Páls Eggerts má síðan finna handritið *ÍB* 883 8vo. Páll Eggert segir það skráð ca. 1850–70 og að hann greini í því tvær ólíkar rithendur. Í handritinu má meðal annars finna ýmis kvæði og hefur Páll Eggert nafngreint nokkra höfunda þeirra í skráningunni. Aftast er að finna fyrirsögn sem að þessu sinni er orðrétt tekin úr titli handritsins: „Æfisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“³

Handrit Þorsteins Þorsteinssonar frá Upsum er einnig skráð í þriðja bindi handritaskrár Páls Eggerts og segir Páll Eggert það skrifað á 18. öld en mest af efni þess sé þó frá 19. öld. Hann segir handritið vera samtíning sem Þorsteinn hafi safnað og að sumt sé með hans hendi.⁴ Sjálfsævisögu Guðrúnar í handriti Þorsteins skráir Páll Eggert á eftirfarandi hátt: „Æfi Saga Guðrúnar Ketilsdóttir (!) Af henni sjálfri sögð og orðrett skrifuð.“⁵ Hér er titill handritsins tekinn stafréttur

1 *ÍB* 438 4to – Margvísleg brot m.h. Geirs Vigfússonar.

2 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi (Reykjavík, 1935–1937), bls. IX.

3 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 190.

4 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 132–183.

5 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 183.

upp að undanskildu upphrópunarmerki sem Páll Eggert setur í sviga aftan við. Þess háttar greinamerking er gjarnan notuð á eftir málsgrein til að koma til skila fögnuði, undrun eða jafnvel fyrirleitningu.¹ Við fyrstu sýn virðist erfitt að meta hvað Páll Eggert hefur haft í huga með slíkri greinamerkingu. Var hann að gera athugasemd við beygingu föðurnafnsins sem honum fannst eiga að vera Ketilsdóttur í eignafalli? Eða var hann kannski svona undrandi yfir því að finna sjálfsævisögu eftir konu frá 19. öld? Erfitt er að skera úr hvort eigi við Pál Eggert í þessu tilviki. Frekari rannsókna væri þörf á starfsháttum hans. Hugsanlega vildi Páll Eggert senda lesendum sínum þau skilaboð að hér væri á ferðinni eitthvað sem varla risi undir nafni. Jafnvel í efnisyfirliti handritaskráanna hefur Páll Eggert þurrkað út úr titlinum orðið ævisaga.

Eftir útgáfu handritaskráanna tók Páll Eggert saman í sérstakt bindi gríðarmikla efnis- og nafnaskrá yfir allt efnið í þessum þremur bindum. Í skránni er hægt að leita undir fjöldamörgum efnisflokkum og efninu hefur verið skipulega raðað eftir ákveðnu kerfi til að auðvelda leitina. Lýsandi titill handritsins af sjálfsævisögu Guðrúnar gefur til kynna að eðlilegast væri að leita að því undir flokki ævisagna. Söguna er þó ekki að finna undir þeim efnisflokki, heldur hefur hún verið skráð undir flokknum *Ejóðtrú og alþýðleg fræði*. Í þeim flokki má meðal annars finna álfa- og draugasögur, ýmislegt tengt galdratrú, skrímslum og öðrum hindurvitnum auk sjálfsævisögu Guðrúnar sem Páll Eggert skráir á eftirfarandi hátt: „Guðrún Ketilsdóttir suða.“² Páll Eggert hefur þurrkað út orðið ævisaga úr titli handritsins en gefið Guðrúnu uppnefnið suða sem þó var aðeins að finna í einu af þremur handritum sjálfsævisögunnar. Við það „hvarf“ handritið í raun í handritaskránum, komst í flokk með efni sem ólíklegt væri að fræðimenn leituðu í aðrir en þeir sem áhuga hefðu á álfa- og draugasögum.

Í nafnaskránni má síðan finna sömu skráninguna, þ.e. Guðrún

1 Sjá heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Notkun upphrópunarmerkja: http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal.

2 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 381.

Ketilsdóttir suða. Sjálfsævisagan er þannig rækilega skilgreind í handritaskrám Landsbókasafnsins sem gamansaga af flóni og allt virðist vera gert til að draga fjöður yfir að um sjálfsævisögu sé að ræða. Hlutskipti Guðrúnar var því að hverfa í handritamergðina sem er að finna í handritadeildinni, rétt eins og margar kynsystur hennar máttu þola.

Hér á eftir mun ég gera atlögu að þessu litla handritsbroti sem virðist hafa þvælst á milli manna og flokka í handritaskránum, ævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur. Ætlunin er að sýna hvernig hægt er að vinna með þess háttar heimild með aðferðum einsögunnar sem sagnfræðilegs tækis til greiningar á atburðum og einstaklingum frá liðinni tíð.

Nú má spyrja: Er hægt að segja eitthvað merkingarbært um manninn út frá persónulegri tjáningu hans? Ef svo er, skiptir þá magn eða umfang textans einhverju máli? Geta takmörkuð textabrot eins og sjálfsævisaga Guðrúnar sagt eitthvað um þann sem skrifar eða segir frá? Hvers virði er stakur texti sem varðveist hefur frá liðnum öldum? Og enn má spyrja: Hversu góður spegill á fortíðina eru textabrot? Allt eru þetta grundvallarspurningar sem tengjast stöðu kvenna í fræðunum og því hvaða áhrif „flokunarkerfi“ samfélagsins hefur haft á hugmyndir samtímamanna um mikilvægi þeirra.

Ég mun beita aðferðafræði einsögunnar (e. *microhistory*) við greiningu mína og reyna að staðsetja Guðrúnu í því samfélagi sem hún ólst upp í með því að draga saman allar þær heimildir sem beint eða óbeint tengjast henni. Það sem fyrst og fremst einkennir einsögurannsóknir er að þar er unnið með lítil brot úr fortíðinni – til að mynda einn eða fáa einstaklinga, atvik, lítið samfélag eða stutt tímaskeið – og það nýtt til að skýra hvernig einstaklingurinn skildi sjálfan sig og umhverfi sitt.¹ Aðferðin er heppileg í sambandi við rannsóknir á æviferli Guðrúnar vegna þess að heimildir eru takmarkaðar og margt á huldu um hvað drifið hefur á daga hennar.

1 Sjá nýja bók eftir Sigurð Gylfa Magnússon og István M. Sziijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013).

Af eðlilegum ástæðum verður frásögn Guðrúnar í forgrunni og reynt verður að fylgja henni eftir, allt frá fæðingu til dauða. Einnig verður hennar nánasta fjölskylda skoðuð og þeir samferðamenn sem hún nafngreindir í sögunni. Opinberar heimildir, eins og sóknarmannatöl, prestsþjónustubækur, gögn sýslumanna og hreppsnefnda, auk hverskyns ættfræði- og byggðasögurita, eru ómetanleg hjálpartæki þegar unnið er með jafn takmarkað textabrot og sjálfsævisögu Guðrúnar. Með aðferðinni vonast ég til að geta lýst upp veruleika íslenskra alþýðukvenna á 18. og 19. öld en frásagnir af lífi þessa þjóðfélagshóps hafa ekki verið fyrirferðamiklar í íslenskri sagnfræði.¹

Gagnagrunnur Íslendingabókar reyndist mér afar gagnlegur sérstaklega til að tengja Guðrúnu við fólkið sem kemur við sögu í lífi hennar. Á nokkrum stöðum í bókinni eru persónuupplýsingar sóttar í gagnagrunn Íslendingabókar og er heimildar þá ekki getið sérstaklega.


Elsta og ítarlegasta handrit ævisögunnar, *ÍB* 883 8vo, er handritið sem kemst næst upprunalegri gerð sjálfsævisögunnar. Þegar vitnað er í söguna hér á eftir verður textinn úr því handriti notaður en færður til nútíma stafsetningar. Aðrir textar sem vitnað er í frá 18. og 19. öld eru einnig færðir til nútíma stafsetningar. Aftast í bókinni er að finna stafréttu útgáfu af handriti *ÍB* 883 8vo. Útgáfa sjálfsævisögunnar í *Grímu*, ásamt inngangi og neðanmálsgreinum Jónasar Rafnar, er einnig að finna í viðauka aftast í bókinni.

1 Hér má þó nefna bókina *Dulsmál 1600–1900: fjórtán dómar og skrá*. Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (Reykjavík, 2000) og bók Guðmundar Jónssonar, *Vinnuhjú á 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5 (Reykjavík, 1981), að ógleymdri bókinni *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Anna Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1985).

3. Elsta varðveitta handritið

Handritið, *ÍB* 883 8vo, er samkvæmt handritaskrár Landsbókasafnsins skrifað um 1850–70 af tveimur einstaklingum sem þó eru ekki nafngreindir í skránum. Handritið, sem er slitið og lúíð, er bundið inn í harðspjaldakápu með grænu og svörtu mynstri. Innan á bókarkápuinni stendur Jón Borgfirðingur, en hann var eigandi handritsins eins og áður hefur komið fram. Þar fyrir neðan er númer handritsins skrifað með blýanti, *ÍB* 883 8vo.¹ Handritið er nokkurn veginn tvískipt en skrifararnir virðast hafa skrifað í bókina hvor á eftir öðrum. Fyrri höndin skrifar fyrstu 106 blaðsíðurnar en þá tekur hin höndin við og skrifar það sem eftir er af verkinu. Fyrstu blaðsíðurnar eru skrifaðar með svörtu bleki á ólínustrikaðan pappír og er hver blaðsíða númeruð með sama bleki. Það virðist lítil áhrif hafa á frágang handritsins að skrifarinn hafi engar línur til að styðjast við, spássían er sú sama á öllum blaðsíðum og textinn ótrúlega skipulega upp settur. Síðari hluti handritsins er að mestu leyti skrifaður með ljósara bleki eða gráleitu og hafa blaðsíðurnar allar verið línustrikaðar. Aftast í handritinu er sjálfsævisaga Guðrúnar og er hún skrifuð af þeim sem skrifar fyrri hluta handritsins. Hér á eftir birtist sjálfsævisagan í heild sinni eins og hún hefur varðveist í handritinu *ÍB* 883 8vo en textinn hefur verið færður til nútímastafsetningar.

1 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.



Mynd 4 – Handrit ÍB 883 8vo sem er bæði slitid og lúid kemur úr fórum Jóns Borgfirðings og er varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

ÆVISAGA GUÐRÚNAR KETILSDÓTTUR

Nú er þar til máls að taka þar sem ég var barn í reifum í Teigi. Fæddist ég á Sámstöðum. Þá átti Gísli minn í Gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans. Hana setti ég ofan á Eyjafjarðarbakka og fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra Hól og átti ekki von á lengra lífi. Ævina mína í Gröf allir vissu, hún var bölbúð. María hafði geitur og allt var eins, boli drap hann. Þaðan fór ég til Páls á Þórustöðum, hann átti bágt og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar og fór því til Guðmundar í Kaupangi. Hann var mér besti maður og var ég þar í mesta gengi og allir elskuðu mig, því ég kom allstaðar fram til góðs og betur gegndi. Og vistaðist ég í Sigluvík og var beðin af mörgum en enginn vissi þetta. Þá kvað karl vísu því hann var skáldi en undirförull mjög.

Hvað mun þessi reflarún
ræði ég um það á meðan,
enginn veit hvað ætlar hún
út eða suður hédan.

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, sá bölvadur refur og hét Illugi, álitlegur maður, en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, svo var um hann. Bauð hann mér alla þjónustu en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, grænum bol, hatt og góða skó. Þá kom tilhugalífið með okkur Illuga. Ég átti fimm kistur, þar var meira í þeim en myrkrið tómt. Í einni voru rúsínur og laumaði ég í hann af þeim því ég hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi og átti ég þó súrtunnu um haustið og

margt þar niðrí. Björg stal öllu steini léttara og allt var í laumi þeirra á millum. Þá fór hann í sitt hórurí og fór stelpu af stelpu en ég mátti slama og þegja og ergist hvur með aldrinum. Beislið týndist. Tvær brauðkökur gaf ég þá og feitt á milli. Fann ég prófast. „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en ég kvað nei við því ég meinti hann væri að tala um lyklana.¹ Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sonnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.² Mósa mín gufaði fram úr öllum hestum á Hvammsbökkum og reið ég þá fram með Héraðsvötnunum og hundurinn með mér, Fríþon Sámsson. Hann var undan danska Sám með þorskhöfðakippu á bakinu. Kom hann þá með eitt og eitt og rétti að mér. Og veisludaginn átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund sem hét Tígris. Hann reif júgríð og rassgörnina úr einni ána minna. Ærin var út á Þverárdal en rassgörninn inn á Vöðluheiði. Beið hún dauðann af þessu. Versnaði Illuga af þessu því hann var þræll og fantur, nema við hórur sínar sem hann lá í. [Kom] þá Jón minn og ól ég hann upp og líktist hann mér með dyggð og ráðvendni. Fórum við þá að Hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu. Hann fór með það í sínar bölvaðar skuldir og sagði ég þá laust við hann. Tók hann þá af mér fötin. Hann var í 50rd skuld í kaupstað, þau hlupu á 20rd og hafði hann þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni eins og brókinni sinni, dáindis að var. Jón minn konfermeraður en lapþunnir voru grautarnir þar og öngvan bita fékk hann fyrir utan mat sinn. Þá fór ég að Barði í Fljótum, var þar um nóttina. Þorsteinn vildi fá mig til fylgilags en ég beit af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi það einnig en ég var ráðvandari en svo að ég lægi undir hverjum sem hafa vildi. Lá ég þá úti á

1 Hér er skrifað á spássíu: „hér er kaflí fyrir aftan sem hér var“ og á það við um textann „Síðan fór ég vestur ... aftur norður í Eyjafjörðinn.“

2 Skrifarinn merkti sérstaklega út á spássíu handritsins að textinn sem væri aftast í handritinu ætti heima á þessum stað í sjálfsævisögunni. Textinn „Síðan fór ég vestur ... aftur norður í Eyjafjörðinn“ hefur því verið færður til.

Klaufabrekkum vorlanga nóttina, í sólskini og sunnanvindi, aðkomin dauða. Guðbjörg gaf mér svartabrauð að endurnæringu. Fór ég þá í Eyjafjörð, gekk mér vel. Fór ég að Stórhóli í vist, var þar í mesta yfir-læti. Fór til grasa þaðan norður að Mývatni. Þá var ég falleg. Þá var ég með hvíta tauma ofan með nefinu, rauða diska í kinnum, bláeygð, smáeygð, hafinbrýnd. Brúkaði vænan fald og rauðan silkiklút um höf-uðið og borðalagða hempu yfir um þverar herðarnar. Allt var eftir þessu. Þá var ég þéruð af öllum, þá sögðu þeir: „sælar verið þér“ og „komið þér sælar“, en nú segja þeir allir: „Parna fer kerlingarskratt-inn hún Guðrún Ketilsdóttir.“ Vel er ég metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvaðir gárungarnir, sem ekki skeyta um guð né menn.

Reið ég þá í bað og maður með mér. Þegar hann sá mig bera vildi hann fá mig til fylgilags en ég varðist brynju búin og lét hann ekki fá það.

Kom ég þá heim með grösín á Stórhóli og voru það níu tunnur og var það nóg í stóru örkina þar.

Ævinlega þegar ég kom að Grund, gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi. En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvauður gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvauða skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það. Síðan var ég hingað og þangað í vistum. Varð undir regimenti Sigfúsar á Syðra- Laugalandi. Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvauðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd. Sulturinn þar á Tjörnum verður mér fyrir minni. Þar keypti ég skammrif af Magnúsi. Þau voru fjórar merkur og fjörutíu. Runnu þau upp af merkju, át ég soðið allt með spæni. Hljóp það upp í höfuðið á mér, lá ég í viku og ber það síðan. Fékk 24 afkoppur og margar smærri. Þar fékk ég svarta gimbur og sagði ég honum að hann tæki útsvarið undir sjálfum sér. Datt hann þar í kórinn djöfullinn sá arna. Sigfús er mér að sönnu nógu vænn, þó

teymdi hann síldina um hlaðið og svei þeirri ögninni. Hann gaf mér og öngvan þrjónshnapp, af lakkrísrót leggur hann mér. Mig vantaði ærnar mínar þegar ég var í Koti og bað um Halldór góða á Laugalandi og fór hann á mig upp í stalli og kostaði mig það dagsverk og vildi ég vinna það til. Setti hann mig yfir kot skómakarans. Var ég þar, sneri ég honum snöru. Hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í illt með okkur. Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagaði fantinn. Þar var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór ég að Grýtu, var þar eitt ár. Helga fór seint á fætur og mátti ég raka þrjár engjadagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir. Í Kaupangi var ég með allri, ævin mín þar, hún var dauf. Árni minn er að sönnu vænn maður en oft kemur svart lamb undan hvítri á og svo mátti segja þar. Á Þórustöðum var ég með allri skömm og svívirðingu. Golmóotta gimbrin var allt í öllu. Hálf sögð er sagan. Jarðeplaskeppa var með og glundur. Fór ég þaðan um haustið, það var allt kaupið á Ytri-Tjörnum. Ég hafði lítið samræði við fólk. Hann sendi hundinn upp í baðstofuna og sinnaðist mér þá. Ergist hvur með aldrinum og svo fór um mig. Og öll Varðgjárveran mín var stundleg. Ævisagan Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu og hana segi ég hverjum sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hefnd. Þegar ég réðst í Kaupangssel gaf ég séra Hallgrími margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu. Þrjónasessan mín týndist, síðan náði ég aldrei sakramentinu og bágt er að róa einni ár ef á sjó er farið. Hugrún flæktist þangað því að enginn vildi hafa hana og varð ég að skjóta skjóli yfir hana. Ásinn datt inn úr hrófinu en hann var harður í horn að taka. Heillamaðurinn setti hrygginn undir en var stuttur og ég hjálpaði þar til af öllum mætti. Með það tók ég hundinn af Hugraunu og gaf hún okkur saman sullukollu og hamsakvartil en þetta forsló lítið handa báðum.

Endir

4. Tímabil harðinda og hamfara

Guðrún Ketilsdóttir fæddist á Sámstöðum í Öngulsstaðahreppi hinn 25. júní árið 1759. Hún var annað barn foreldra sinna sem voru fátækir hjáleigubændur í hreppnum. Móðir Guðrúnar var Guðbjörg Hallgrímsdóttir sem þá var 37 ára gömul en faðirinn Ketill Arason 33 ára.¹ Þetta voru erfiðir tímar enda 18. öldin eitt átakanlegasta skeið í sögu þjóðarinnar. Tímabilið einkenndist af mjög slæmu veðurfari, hallærum, farsóttum og stórfelldum náttúruhamförum sem komu einna verst niður á íbúum norðanlands.

Árin 1740 til 1759 voru afleit búskaparár í Eyjafirðinum. Kýr dóu úr hor vegna grasleysis og sum árin var hafís nánast allt í kringum landið og mikið um „peníngsfelli.“ Séra Þorsteinn Ketilsson á Hrafnagili, segir árið 1751 „... að nokkur ár að undanfögnu hafi verið fyrir norðan og austan stór báginda-tíð, svo fólk hafi verið búið að missa þær skepnur, sem það gæti bjargast við.“² Næstu áratugir voru þó sýnu verri fyrir Eyfirðinga, veðurfarslýsingar geta um kafalda- og stórhretasöm vor og sumur með hríðum og frostum. Sauðfjársjúkdómar felldu bústofninn og landfarsóttir og hungur drógu marga til dauða.³ Sumarið 1783 hófst síðan eldgos úr Lakagígum

1 Guðbjörg Hallgrímsdóttir (1722) var sennilega fædd á Æsustöðum í Saurbæjarhreppi þar sem foreldrar hennar voru bændur. Ketill Arason (1726) var fæddur á Ytra-Hóli í Hrafnagilshreppi.

2 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna (Reykjavík, 1970), bls. 79–86. Þorsteinn Ketilsson (1688) var prestur í Hrafnagili frá 1716 til 1754.

3 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 90–97.

sem stóð yfir þar til í lok október sama ár. Skaðvæn askan frá gosinu dreifðist um allt land en þó mest í nágrenni við eldstöðvarnar og Norðlendingafjórðung. Þar dóu skepnurnar unnvörpum vegna heyleysis þegar líða tók á veturinn og misstu þá margir bændur allan sinn bústofn. Árið 1784 bárust frá biskupinum á Hólum hörmungarfréttir um ástandið í biskupsdæminu: „Hestar dóu margir fullfeitir; þeir átu þá dauðu, hauga, veggi, stoðir og þil frá húsum; sauðfé át ullina hvað af öðru og dó svo.“¹ Árið 1784 er talið að á landinu öllu hafi fallið allt að 53% af kúastofninum, 82% af sauðfé og um 77% af hestum. Mannfallið var hvergi jafnmikið og norðanlands en flest börn sem þá fæddust dóu kornung. Í skýrslu frá biskupinum á Hólum segir að vegna móðuharðindanna hafi 518 manns dáið úr vesöld í Eyjafjarðarsýslu og hátt í 60 jarðir hafi farið í eyði. Með þessari skýrslu fylgir lýsing biskups á bágu ástandi í biskupsdæminu árið 1784: „Um vorið pláguðust manneskjurnar af hneppusótt, blóðsótt, hettusótt, er á sumum braust út með bólgu, á öðrum með ofsa- eða smákláða.“²

Saga Guðrúnar átti sér að mestu leyti stað í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum sem er allt landsvæðið frá Akureyri, eða mörkum við Glæsibæjar- og Svalbarðsstrandarhreppa, inn að hreppamörkum við Saurbæjarhrepp. Eyjafjarðará rennur milli hreppanna og er Hrafnagilshreppur vestan megin við ána og Öngulsstaðahreppur austan megin.³ Enginn þéttbýliskjarni var enn farinn að myndast á Akureyri á þessu tímabili en árið 1750 mátti aðeins finna tvö hús á höndlunarstaðnum. Það voru sláturhúsið og krambúðin sem bæði tilheyrðu dönskum kaupmönnum sem voru hér yfir sumarið. Fyrsta íbúðarhúsið reis ekki á Akureyri fyrr en þrjátíu árum síðar og árið 1786 fékk Akureyri kaupstaðarréttindi en þar bjuggu þá aðeins 12

1 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 112.

2 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 112–114. Nánari upplýsingar um afleiðingar Skaftárelda má finna í grein Gísla Gunnarssonar, „Börn síns tíma: viðbrögð manna við náttúrhamförum í samhengi sögunnar.“ *Skírnir* 176 (haust 2002), bls. 293–319. Einnig í bókinni *Skaftáreldar 1783–1784: ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson (Reykjavík, 1984).

3 Sjá kort af hreppunum tveimur í viðauka.



Mynd 5 – Íslandskort Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1844 af Eyjafjardarsvæðinu.

manns.¹ Ástand sýslubúa var hins vegar orðið svo dapurt á þeim tíma að um helmingur sveitabæja í Öngulsstaðahreppi flokkaðist sem kotbýli þar sem bústofninn taldi í mesta lagi tíu ær og eina kú.² Þannig voru aðstæður í Eyjafirðinum þegar Guðrún Ketilsdóttir ólst þar upp.

1 Jón Hjalton, *Saga Akureyrar. Í landi Eyrrarlands og Nausta 890–1862*. 1. bindi (Akureyri, 1990), bls. 14–21.

2 Jón Hjalton, *Saga Akureyrar I*, bls. 29–32.

5. Guðrún og fjölskylda hennar

Árið sem Guðrún Ketilsdóttir fæddist bjuggu foreldrar hennar, Guðbjörg og Ketill, á bænum Sámssstöðum í Öngulsstaðahreppi. Þau voru hjáleigubændur hjá Jóni Oddssyni lögréttumanni og hreppstjóra á Rútsstöðum og konu hans Guðrúnu Þórarinsdóttur. Bærinn Sámssstaðir hafði verið byggður út úr landi Rútsstaða einhvern tímann fyrir 1700 en landspildan var aðeins um fjórðungur af heimajörðinni. Guðbjörg hafði reyndar búið á Sámssstöðum löngu áður en hún kynntist Katli en hann var þriðji maður hennar.

Fyrsta eiginmanninum giftist Guðbjörg í Hrafnagilssókn árið 1743.¹ Sá hét Helgi Jónsson og var barnsfaðir Guðbjargar.² Erfitt er að finna heimildir um þau Guðbjörgu og Helga á þessum tíma þar sem sóknarmannatöl eru annaðhvort ófullkomin eða hafa hreinlega ekki varðveist. Helgi var 18 ára skólapiltur á Hólum þegar Guðbjörg varð barnshafandi af hans völdum og var honum vísað úr skólanum vegna of bráðar barneignar með Guðbjörgu, eins og það var orðað.³ Síðar fékk hann reyndar konungsleyfi til að hefja aftur nám við skólann en þaðan útskrifaðist hann árið 1746.

Sonur þeirra Guðbjargar og Helga var skírður Helgi og virðist hann einnig hafa numið við Hólaskóla eins og faðirinn. Líklegast hefur sambúð þeirra Guðbjargar og Helga verið skammvinn því

1 ÞÍ – Hrafnagil BA/1 Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754.

2 Helgi Jónsson (1725) djákn á Reynistað var sonur Jóns Helgasonar (1699) prests á Hvanneyri við Siglufjörð.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. II. bindi (Reykjavík, 1949), bls. 340.

Helgi giftist aftur þegar sonur þeirra Guðbjargar var aðeins fimm ára gamall. Nokkrum árum síðar er Guðbjörg farin að búa með öðrum manni, Hannesi Hannessyni, sem þá er titlaður bóndi á Sámssstöðum. Samkvæmt manntalsbók sýslumannsins í Eyjafirði reisa Hannes og Guðbjörg bú á Sámssstöðum árið 1751. Samkvæmt sömu heimild borguðu hjónakornin 40 álnir í skatt af jarðarpartinum sem þau greiddu með einni mórauðri peysu sem metin var á 30 fiska.¹ Guðbjörg varð þunguð eftir Hannes og hinn 4. október 1752 trúlofast þau í Grundarþingum.² Skömmu síðar eða þegar Guðbjörg var komin vel á níunda mánuð meðgöngunnar, dó Hannes bóndi á Sámssstöðum. Rétt fyrir jólin 1752, þegar jarðarförin var ný afstaðin, eignaðist Guðbjörg síðan son sem hún skírði Hannes.

Erfitt reyndist að nálgast heimildir um afdrif Hannesar litla en árið 1757 þegar hann var fimm ára gamall skráir presturinn í Grundarkirkjusókn nafn hans meðal ungdómsins í sókninni.³ Hann var þá sagður kunna smá bænir en annars ekkert farinn að læra. Aðrar heimildir eru ekki að finna svo hugsanlega hefur hann annaðhvort dáið ungur eða verið sendur í vist til föðurfólksins sem ekki er vitað hver var. Guðbjörg bjó hins vegar áfram á Sámssstöðum næstu árin því samkvæmt manntalsbók sýslumanns borgaði hún sem ábúandi á jarðarpartinum allt fram til ársins 1758.⁴

Sýslumönnum var gert skylt að halda sérstakar manntalsbækur sem þeir skráðu í upplýsingar um skattgreiðslur ábúenda í hverjum hreppi sýslunnar. Manntalsbækur sýslumanna varðveita því áhuga-verðar heimildir um fjárhagsstöðu bænda á hverjum tíma ásamt sundurliðun skattsins sem þeim var árlega gert að inna af hendi.⁵ Þar sem

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1 – Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.

2 Hannes Hannesson (1722). Erfitt reyndist að finna frekari upplýsingar um ætt hans og uppruna.

3 ÞÍ – Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 6. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798.

4 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1/ Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.

5 Í manntalsbók sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, frá árinu 1752, má finna eftirfarandi upplýsingar: Nöfn jarða og ábúenda í hverjum hreppi, tölu lausafjártíunda, upphæð skatta, upphæð gjafatolla, upphæð lögmannstolla og gjaldmáta hvers gjaldþegns.

1752 Grund
 1. Marsi Jónur Jónsson jarðaður 7. Marsi
 9. Apríl Jónur Ragnvaldur Arnadóttir
 2. Júní Þorvaldur Helga Jónsdóttir af Hóspítalshöfðinu
 24. Júní Þórunn Halldóra Óðisdóttir Guðrún Jón
 Halldóttir og Hallgerður Hallgrímsdóttir
 17. Júní Þórunn Halldóra Óðisdóttir Guðrún
 Óðisdóttir og Hallgrímsdóttir
 28. Júní Þorvaldur Jónsson jarðaður
 26. Júní Jónur Jónsson Magnússon og
 Sigríður Þorgrímsdóttir
 4. Október Þorvaldur Hannes Hannesson og
 Guðbjörg Hallgrímsdóttir
 13. Október Jónur Jónsson Þórunn Hannes H. S.
 15. Október Þórunn Arnadóttir og Inge-
 björg Magnúsdóttir Óður Einar
 Jónsson og Þórunn Þorvaldsdóttir
 eodem die Þórunn Hannes Hannesson
 og Guðbjörg Hallgrímsdóttir Óður Oddur
 Jacobsen og Guðrún Jónsson
 27. Október Þorvaldur Þorvaldur Fimboget.
 Samantöl Jónur 4

Mynd 6 – Hér má sjá trúlfun þeirra Hannesar Hannessonar og Guðbjargar Hallgrímsdóttur hinn 4. október árið 1752. Stuttu síðar var Hannes jarðaður og sonur þeirra skírður Hannes. Skírnavottar voru Oddur og Guðrún húsbændur á Rútsstöðum. Gfar á bladsíðunni er Hallgerður Hallgrímsdóttir, systir Guðbjargar, skírnavottur tveggja barna í sókninni þetta árið en Hallgerður var ljósmóðir.

prestar norðanlands voru almennt ekki farnir að halda sóknarmanna-
töl á miðri 18. öld reynist oft betur að leita eftir fólki í manntals-
bókum sýslumanna.¹ Þó næsta víst sé að Guðbjörg hafi búið áfram
á Sámsstöðum eftir andlát eiginmannsins finnast engar heimildir um
það hver borgar af jörðinni árin 1753–4 en svo virðist sem þá bók
vanti í skjalasafn sýslumanns. Árið 1755 má sjá að Ketill Arason er
kominn á Sámsstaði en samkvæmt skráningunni virðist sem Ketill
hafi búið hjá ekkjunni, því undir nafni Guðbjargar á Sámsstöðum
stendur „Ketill þar“. Hugsanlega ráku þau býlið í einhverskonar
samstarfi enda var Guðbjörg líklega ófær um að annast það ein með
Hannes litla. Ef til vill réði hún Ketil til sín fljótlega eftir fæðingu
Hannesar.

Samkvæmt manntalsbókinni hefur Guðbjörg verið mun efnaðri en
Ketill á þessum árum en hún á þá fjögur hundruð í lausafé en hann
aðeins tvö hundruð. Ári síðar er það aðeins Guðbjörg sem borgar af
Sámsstaðalandinu. Ketill var þá annaðhvort farinn eða hugsanlega
átti hann ekkert lausafé og borgaði því engan skatt lengur. Samkvæmt
annálum frá þessum tíma var mikið hallæri norðanlands og algengt að
fólk missti aleiguna.² Næstu árin finnst Guðbjörg ein borga af búinu
og greinilegt er að verulega var farið að ganga á eigur hennar. Ketill
var þó líklega enn heimilsfastur hjá henni því um sumarið 1758 fæðist
þeim Katli og Guðbjörgu stúlka á Sámsstöðum, sem skráð er „frillu-
borin“ í prestsþjónustubókina. Dóttirin var skírð Guðrún, sennilega
í höfuðið á húsmóðurinni á Rútsstöðum sem hafði verið nágranni
Guðbjargar í fjöldamörg ár. Hún var líka guðmóðir Hannesar litla svo
tengslin voru nán á milli kvennanna. Um haustið sama ár trúlofast

- 1 Einar Sigurbjörnsson segir í grein sinni „Upplýsing í kristindómi“ sem finna má í bókinni *Kristni á Íslandi* að í Hólastifti hafi fáir prestar húsvitjað reglulega og margir alls ekki og að færsla sálmaregistra fram eftir 18. öldinni einskorðaðist þar við ungdominn. Einar Sigurbjörnsson, „Upplýsing í kristindómi“, *Kristni á Íslandi*, III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 318–319.
- 2 Annálar segja frá því að 1753 hafi hallæri aukist, einkum í Eyjaljarðar- og Þingeyjar-sýslum. Árið 1755 hafi árferði verið svo erfitt að margir hafi flosnað upp af jörðum sínum. Árið 1756 magnaðist hallærið einkum fyrir norðan svo margt fólk dó úr hungri en þá getur um hálfs norðanlands og hörkufrost og snjókomu í júlí og ágúst. Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 84–85.

Mynd 7 – Fyrsta barn þeirra Ketils og Guðhjargar fæddist sumarið 1758 og var skírt Guðrún eins og hér má sjá undir liðnum „Skðrðir“. Guðhjörg og Ketill voru þá ógift svo dóttirin var skráð frilluborn í kirkjubókum. Guðhjörg og Ketill trúlfast stuttu síðar og giftast loks í október þetta sama ár. Undir liðnum „Hjón“ má sjá þá skráningu en þar skrifar presturinn aðeins, „fastnaður Ketill Aras:“ til marks um hjónavígslu þeirra.

Guðbjörg og Ketill og hinn 15. október má finna eftirfarandi færslu í embættisbók prestsins í Grundarþingum: „23. sept. 1758. Trúlofuð Ketill Arason frá Sámstöðum og Guðbjörg Hallgrímsdóttir þar til heimilis“. Þau eru síðan gefin saman hinn 15. október sama ár en þá skrifar presturinn „fastnaður Ketill Arason.“¹

Þó Guðbjörg og Ketill væru gengin í hjónaband kom það ekki í veg fyrir að þau yrðu sektuð fyrir of bráða barneign. Nokkrum mánuðum eftir hjónavígsluna og rétt áður en þau eignast annað barnið saman eru þau dæmd til greiðslu sektar fyrir frillulífnað. Á þessum tíma var réttað í dómsmálum á manntalsþingum. Það var sýslumaður Eyfirðinga, Þórarinn Jónsson, sem stýrði þinginu en hann hafði verið sýslumaður í Eyjafirði í meira en tíu ár.² Sennilega hafði hann sjálfur sektað Guðbjörgu fyrir of bráða barneign með Hannesi árið 1752 en ekki gengið stíft eftir greiðslunni þar sem Guðbjörg varð ekkja skömmu síðar. Það var reyndar ekki algengt að hart væri tekið á legorðsbrotum þeirra sem gengu í hjónaband skömmu eftir fæðingu barnsins. En þegar Guðbjörg hafði þrisvar gerst sek um frillulífnað var líklega erfitt fyrir Þórarinn sýslumann að horfa framhjá brotum hennar. Finna má eftirfarandi greinagerð í manntalsbók sýslunnar: „Ketill á Sámstöðum og Guðbjörg idem hans fyrsta hennar þriðja í frillulífi 74 al.“ Í sömu heimild kemur fram með hverju þau greiddu sektina en þar stendur, „betal: 1 silfurskeið 45 al hitt í þrjónlesi.“³ Silfurskeiðin var líklega erfðagripur frá öðru hvoru þeirra en skeiðin var metin á 45 álnir. Restina greiddu þau sennilega með þrjónavettlingum og -sokkum. Þetta árið má sjá að nú var það hinn lögmæti eiginmaður Guðbjargar sem skráður var fyrir búinu en ekki Guðbjörg sjálf. Hefðin var þá sú að eiginmaðurinn var skráður fyrir sameiginlegum eignum hjóna.

Um sumarið eignuðust Guðbjörg og Ketill aðra stúlku sem nú var

1 ÞÍ – Grundarþing/Laugaland BA/1 Prestsþjónustubók 1751–1784.

2 Þórarinn Jónsson (1719) var sýslumaður Eyfirðinga frá 1747 til 1767 eða í 20 ár. Eiginkona hans var Sigríður Stefánsdóttir (1734) prestsdóttir frá Skagaströnd. Hún átti síðar Jón Jakobsson (1738) eftirmann Þórarins Jónssonar í embætti sýslumanns.

3 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1/ Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.



Mynd 8 – Árið 1759 fæddist önnur stúlka og fékk hún líka nafnið Guðrún eins og hér má sjá undir liðnum „Skírðir.“ Guðrún fæddist hinn 25. júní og er sögð vera frá Sámstöðum en presturinn tilgreinir sérstaklega að stúlkan sé „egtaborin.“

skráð „egtaborin“ í prestsþjónustubókina. Þessi dóttir, sem fékk líka nafnið Guðrún, er hér til umfjöllunar.¹

Greinilegt er að Guðrúnarnafnið var þeim Guðbjörgu og Katli mjög hugleikið og það skipti þau miklu að nafnið héldist innan fjölskyldunnar. Samkvæmt rannsókn Ólafar Garðarsdóttur sagnfræðings á nafnahefðum fyrr á tímum virðist hafa verið algengt að fyrsta barninu væri gefið nafn úr ætt föðurins. Með því tryggði fjölskyldan að nafn innan ættarinnar lifði áfram og varðveitti um leið mikilvægan hlekk til fortíðar.² Amma Ketils hét Guðrún Runólfsdóttir svo hugsanlega fengu tvö fyrstu börn Guðbjargar og Ketils nafn langömmu sinnar. Þrír bræður Ketils, þeir Þorsteinn, Vigfús og Arnfinnur áttu líka allir dætur sem skírðar voru Guðrún.³ Hins vegar mál allt eins færa rök fyrir því að Guðrún yngri hafi verið skírð í höfuðið á ljósmóðirinni Guðrúnu Eiríksdóttur sem var gift bróður Guðbjargar. Guðrún ljósmóðir kemur oft fyrir sem skírnavottur hjá þeim Guðbjörgu og Katli svo hún hefur greinilega aðstoðað við fæðingu barna þeirra.⁴ Þriðja

1 ÞÍ – Grundarþing/Laugaland BA/1 Prestsþjónustubók 1751–1784.

2 Ólöf Garðarsdóttir, „Naming Practices and the Importance of Kinship Networks in Early Nineteenth-century Iceland.“ *History of the Family* 4 (1999), bls. 297–314.

3 Guðrún Þorsteinsdóttir (1764), Guðrún Vigfúsdóttir (1758) og Guðrún Arnfinnsdóttir (1769).

4 Guðrún Eiríksdóttir (1717) var fædd í Hrafnagilshreppi en hún starfaði lengi sem ljósmóðir og kemur oft fyrir sem skírnavottur m.a. hjá dönsku kaupmannastéttinni inni á Akureyri.

stúlkubarnið fæðist síðan aðeins einu og hálfu ári síðar á Sámsstöðum og fær hún nafnið Helga.¹ Þegar Helga var aðeins nokkurra mánaða gömul ákveða Guðbjörg og Ketill að flytja burt úr hreppnum. Þeim stóð þá til boða að hefja búskap á bænum Teigi í Hrafnagilssókn sem var í um 13 kílómetra fjarlægð frá Sámsstöðum. Bærinn stóð hinum megin við Eyjafjarðará og var mun verðmeiri jörð en Sámsstaðir. Hagur þeirra hafði líka eitthvað vænkast því framtalið lausafé þeirra samkvæmt manntalsbók var nú fimm hundruð í stað þrjú hundruð árinu áður. Það var líklega ekki auðveld ákvörðun fyrir Guðbjörgu að flytja frá Sámsstöðum þar sem hún hafði byggt sitt fyrsta heimili átta árum áður. Hins vegar voru þau tilneydd til að stækka við sig þar sem Sámsstaðajörðin var líklega of lítil til að framfæra fimm manna fjölskyldu.

Það voru nán skyldmennir Guðbjargar sem voru að hætta búskap í Teigi í Hrafnagilshreppi árið 1761 en bóndinn á bænum, Gísli Hallgrímsson, var bróðir Guðbjargar. Hann var þá dáiinn og eiginkonan, Guðrún Eiríksdóttir ljósmóðir, hafði gífst aftur. Guðrún ljósmóðir og Gísli áttu þrjú börn saman sem þá voru of ung til að taka við búskapnum í Teigi. Þau fluttu því með móður sinni á heimili nýja eiginnmannsins, Árna Eyjólfsssonar bónda á Stóra-Eyjarlandi í Hrafnagilssókn.²

Þó að vegalengdin á milli Teigs og Sámsstaða væri ekki löng hafa flutningarnir eflaust verið stórmál fyrir fjölskylduna. Guðrún yngri og Guðrún eldri voru aðeins tveggja og þriggja ára gamlar og Helga litla var enn á handlegg þetta sumar. Engar brýr voru þá yfir Eyjafjarðará svo fjölskyldan þurfti að ferja börnin yfir ána ásamt allri búslóðinni.

Guðbjörg var næstum fertug og Ketill 35 ára þegar þau fluttu í Teig í Hrafnagilshreppi. Þar áttu þau eftir að búa saman næstu 24 árin eða þar til Ketill dó árið 1785. Eftir það bjó Guðbjörg áfram í Teigi eða í

1 Sennilega var hún skírð í höfuðið á móður Guðbjargar, Helgu Jónsdóttur. Helga Jónsdóttir var fædd árið 1688 í Saurbæjarhreppi þar sem foreldrar hennar voru bændur.

2 Árni Eyjólfsson (1719) var fæddur í Skagafirði. Hann hafði misst eiginkonu sína, Hólmfríði Jónsdóttur (1723) nokkrum árum áður en með henni hafði hann eignast fjögur börn sem öll voru þá látin en sennilega dó Hólmfríður af barnsförum. Árni og Guðrún ljósmóðir eignuðust aðeins eina dóttur saman sem fékk nafnið Hólmfríður.

samtals 40 ár. Sóknarpresturinn á Hrafnagili, séra Erlendur Jónsson, átti eftir að eiga mikil og nán samskipti við þau Ketil og Guðbjörgu. Erlendur þjónaði Hrafnagilssókn í næstum hálfa öld samfelld. Á þeim 24 árum sem Guðbjörg og Ketill bjuggu í sókninni skírði hann börnin þeirra, undirbjó fyrir fermingu og heimsótti þau í árlegum húsvitjunum sínum. Auk þess hafði heimilisfólkið í Teigi líklega margoft hlýtt á predikanir hans í kirkjunni á Hrafnagili.

Erlendur Jónsson var vígður til sóknarprests á Hrafnagili árið 1754 en hann hafði þá um nokkurt skeið verið í þjónustu sýslumannsins á Grund, Þórarins Jónssonar.¹ Embættisgögn séra Erlendar hafa reynst drjúgur efniviður í þessa frásögn af lífi Guðrúnar Ketilsdóttur og þá sérstaklega sóknarmannatölin hans. Með setningu tilskipunar um húsvitjanir árið 1746 var prestum gert að húsvitja sóknarbörn sín tvisvar á ári og hafa eftirlit með uppeldi barna og almennu hátterni heimilisfólks. Prestum bar að halda sérstakar skrár yfir þessar heimsóknir, svokölluð sóknarmannatöl, sem í dag þykja ómetanlegar heimildir við sagnfræðirannsóknir. Samkvæmt gefnum fyrirsmælum skyldu prestar taka saman,

eitt manntalsregistur uppá gamla og unga, gifta og ógifta og í því sama í vissum dálkum innfæra eins og sérhvers tilstand og ásigkomulag, hvaða grundvöll þeir hafa í sínum kristindómi, hvört þeir kunni að lesa á bók eður ei, hvað mörg börn og hjú þeir hafi, þeirra þekking og framferði, hvörninn þeim er stjórnað, hvaða bók þar brúkast til daglegs hús-lesturs og guðhræðslunnar iðkunnar, hvörninn að þeir öldruðu veita forstöðu þeirra húsi, hvört þeir eru allir ástundunarsamir og samhuga með öðru fleira.²

- 1 Séra Erlendur (1728) var fæddur í Skagafirði en eiginkona hans var Guðlaug Magnúsdóttir (1711) sem hafði áður verið trúlofuð Þórarni Jónssyni sýslumanni. Faðir Guðlaugar var Magnús Markússon skólameistari í Skálholti og síðar prestur að Grenjaðarstað.
- 2 *Alþingisbækur Íslands XIII* (Reykjavík, 1973), bls. 538. Heildartilskipun um húsvitjanir á Íslandi er að finna í sama riti undir heitinu „Forordning um hús-vitjanir á Íslandi. 27. maí 1746“, bls. 529–540.

Séra Erlendur hélt vel utan um sínar húsvitjanir en í embættisgögnum hans má finna ítarlegar upplýsingar um hvert sóknarbarn sveitarinnar. Meðal annars er þar að finna eftirfarandi lýsingu á Teigshjónum árin sem þau búa í Hrafnagilshreppi: „Ketill les og hefur lært margt, er skilvís, hyrtinn, ei margt kunnandi og einfaldur“. Guðbjörgu segir prestur lesa nokkuð og vera fróða, hún sé líka skilvís og vel vinnusöm.¹ Erlendur segir hjónin í Teigi hins vegar vera fátæk. Af ummælum prestsins má ætla að þau hafi bæði verið heiðarleg og dugleg. Kunnáttu sína og færni höfðu þau ekki úr Hólaskóla eins og séra Erlendur en líf þeirra – eins og flestra Íslendinga á tímabilinu – snerist um búskaparbasl og barnauppeldi. Á efri árum Guðbjargar hafði hún til að mynda í tvígang orðið ekkja og einstæð móðir. Hún hafði rekið búskap og borgað skatta og skyldur auk þess að fæða átta börn sem hún hafði flestum komið til manns.

Mikið af ættingjum Guðbjargar og Ketils bjuggu víðsvegar um Eyjafjörðinn en mörg nánustu skyldmennir þeirra höfðu hins vegar komið sér fyrir í Hrafnagilshreppi. Bræður Ketils, þeir Þorsteinn, Vigfús og Arnfinnur, voru allir þrír giftir bændur í hreppnum og áttu samanlagt ein 15 börn og þrjú systkina Guðbjargar, Guðrún gift kona með átta börn, Hallgerður gift með sex börn og Gísli giftur maður með þrjú börn.² Að meðtöldum börnum þeirra Guðbjargar og Ketils urðu frændsystkinin næstum fjörutíu talsins sem bjuggu í sama hreppnum. Því er óhætt að segja að börnin í Teigi hafi alist þar upp umkringd skyldmennum.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/1 – BC/2 Sóknarmannatal 1753–1783.

2 Þorsteinn Arason (1727) var m.a. bóndi á Naustum. Vigfús Arason (1728) var einnig um tíma bóndi á Naustum og Arnfinnur Arason (1731) var bóndi í Miðhúsum. Guðrún Hallgrímsdóttir (1727) bjó á Hjálmsstöðum. Hallgerður Hallgrímsdóttir (1717) bjó á Finnastöðum og Gísli Hallgrímsson (1709) bjó í Teigi.

6. Bernskuárin í Teigi

Í sjálfsævisögu sinni byrjar Guðrún á því að segja hvar hún var fædd: „Nú er þar til máls að taka þar sem ég var barn í reifum í Teigi. Fæddist ég á Sámsstöðum.“¹ Guðrún var aðeins tveggja ára gömul þegar hún flutti í Teig árið 1761 og átti því óljósar minningar um dvöl sína á Sámsstöðum. Reifarnar tengir hún við bernskuár í faðmi fjölskyldunnar og minningar um hlýja ullarstranga sem yljudu á köldum vetrarnóttum.²

Árið 1762 fæddist fyrsti sonur þeirra Guðbjargar og Ketils sem skírður var Kristján. Nokkrum mánuðum síðar fékk Guðbjörg fregnir af Helga frumburði sínum sem þá hafði dáið úr bólunni. Helgi var þá 19 ára að aldri og var við nám í Hólaskóla.³ Guðbjörg og Ketill eignuðust tvö börn til viðbótar í Teigi, þau Þorvald og Guðbjörgu.⁴ Heimilisaðstæður hafa á þeim tíma verið erfiðar enda börnin flest ung og ósjálfbjarga. Árið 1766 þegar séra Erlendur kom í húsvitjun á bæinn voru börnin orðin fimm talsins. Þorvaldur var þá þriggja ára, Kristján fjögurra, Helga fimm, Guðrún yngri sjö og Guðrún eldri átta ára gömul.

Samkvæmt ákvæðum húsagans skyldu foreldrar byrja að kenna

1 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Í *Lækningabók fyrir almúga* eftir Jón Pétursson (Kaupmannahöfn, 1834), bls. 5, segir að ungbörn séu reifuð í of heita ullarflóka sem valdi því að þau sjóðhitni og verði hneigð til ýmissa veikinda. Líta má á reifarnir sem örþrifaráð foreldra til að forða börnum sínum frá háskalegu umhverfi þeirra og ofkælingu í köldum hífýlum.

3 Gísli Magnússon biskup á Hólum skrifar amtmanni bréf þar sem segir að Helgi Helgason hafi látist úr bólunni á allra heilagra messu árið 1762. Bréfið er dagsett 19. júní 1763. *Þí* – Skjalasafn amtmanns, II, nr. 31 Bréf Hólabiskupa til amtmanns 1763–1766.

4 Þorvaldur var fæddur árið 1763 og Guðbjörg árið 1767.

börnum sínum að lesa þegar þau næðu fimm eða sex ára aldri. Þrjú elstu börnin í Teigi höfðu náð þeim aldri árið 1766, þær Guðrún eldri, Guðrún yngri og Helga. Foreldrum bar líka að kenna börnunum bænir og hlýða þeim yfir kvölds og morgna í svokölluðum Catechismus eða *Fræðunum minni* eins og þau kölluðust á íslensku.¹ *Fræðin minni* voru eftir Lúther og samanstóðu meðal annars af boðorðunum tíu, Faðir vori og nokkrum bænum.² Þegar prestar húsvitjuðu hjá sóknarbörnum sínum áttu þeir meðal annars að hafa eftirlit með því að foreldrar sinntu þessu uppeldishlutverki. Ef grunur lék á að uppallendur vanræktu þessar skyldur gagnvart börnum sínum bar prestum samkvæmt lögum að straffa þeim. Ekki hafa allir foreldrar tekið heimsóknum presta fagnandi sérstaklega þar sem mikil ómegð var á heimilinu. Fátæk hjón með mörg börn á framfæri höfðu tæplega mikinn tíma aflögu til að uppfræða börn sín en sú var einmitt raunin hjá Guðbjörgu og Katli í Teigi. Börnin voru orðin fimm talsins og ekkert þeirra nýttist almennilega við búreksturinn. Ekki er ólíklegt að húsvitjanir presta hafi valdið börnunum kvíða sem þá þurftu að standa skil á kunnáttu sinni fyrir framan prestinn.³

Þegar séra Erlendur húsvitjaði hafði hann með sér sérstaka bók sem hann skráði í nöfn og kunnáttu allra þeirra barna sem voru byrjuð að læra. Bækurnar kallaði hann *Ungdómsskrár* en í þeirri frá árinu 1766 má finna nafn Guðrúnar eldri sem þá er sögð vera sex ára gömul.⁴ Hún var á þeim tíma eina barn þeirra Teigshjóna sem var farin að læra eitthvað en hún er sögð vera farin að stafa. Guðrún eldri var reyndar orðin átta ára gömul en ekki sex ára eins og stendur í ungdómsskrá séra Erlendar. Hún er sögð kunna Catechismus

1 *Alþingisbækur* XIII, bls. 564–565.

2 Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi. III. bindi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstjóri Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), bls. 90.

3 Sjá umfjöllun um húsvitjanir presta og samskipti þeirra og barna undir fermingaraldrinum eftirfarandi verki: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland* (London, 2010), bls. 85–97.

4 Ungdómsskrár séra Erlendar eru sambærilegar þeim sóknarmannatölum sem hann heldur yfir öll sóknarbörn sín síðar. Á fyrstu árum tilskipunarinnar um húsvitjanir kölluðu prestar sóknarmannatölin ungdómsskrár, sóknarmannatöl ungdómsins eða sálnaregistor ungdómsins.

vel eða cat. eins og presturinn skammstafar en það var líka margt fleira sem Guðrún eldri kunni umfram *Fræðin minni*. Undir liðnum *fleira* í ungdómsskránni hefur presturinn skammstafað, b. v. ps. og sp. við nafn Guðrúnar.¹ Vætanlega á prestur við að hún kunni fleiri bænir og vers, passíúsálma og spurningarnar.² Séra Erlendur skrifar athugasemd aftast við árið 1766 þar sem hann segir að öll börnin í báðum sóknunum séu fróm, skikkanleg og hlýðin. Flest séu þau hjá foreldrum sínum en nokkur séu þó í vist. Hann segir sum þeirra mikið næm og skörp til bóknáms og að þau fái tilsögn og uppfræðingu hjá foreldrum sínum og húsbændum eftir því sem þeir fái við komið og séu lagin við að kenna og uppfræða.³

Samkvæmt ungdómsskrám séra Erlendar árin 1766–67 er eingöngu að finna nafn Guðrúnar eldri en hvorki Guðrúnar yngri né Helgu systur hennar. Þær voru þó á sjötta og áttunda aldursári. Í ljósi þess hversu nálægt systurnar þrjár voru í aldri þegar séra Erlendur kom í húsvitjun árið 1766 og hversu langt Guðrún eldri var komin í náminu á þeim tíma virðist koma á óvart að Guðrún yngri og Helga skuli ekki vera þar skráðar. En þær höfðu örugglega notið góðs af kennslunni sem Guðrún eldri fékk hjá foreldrum sínum.

Ýmsar bækur voru til á heimilinu sem börnin gátu nýtt við lestrar-kennsluna en einhverju sinni skráði séra Erlendur í sóknarmannatalið þær bækur sem hjónin í Teigi áttu. Það var reyndar hluti af eftirlitsskyldu presta þegar þeir húsvitjuðu að fylgjast með hvaða guðs-orðabækur voru til á heimilum landsmanna. Þar sem skortur var á bókum til að uppfræða börnin og efla kristna trú, var prestum gert að skikka foreldra til bókarkaupa. Það var greinilega enginn skortur á prentuðu guðsorði í Teigi en árið 1785 skráði séra Erlendur niður alls 20 guðsordabækur á bænum:

- 1 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/1 Sóknarmannatal 1753–1767.
- 2 Samkvæmt tilskipun um „catechisation“ áttu börnin að læra heima ákveðna parta fræð-anna og standa síðan skil á þeim í sóknarkirkjunni í viðurvist safnaðarins. Ekki var aðeins lagt upp úr utanbókarlærdómi heldur áttu börnin að skilja innihald helgitextans og geta svarað spurningum prestsins úr fræðunum. *Alþingisbækur* XIII, bls. 521–526.
- 3 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/2 Prestsþjónustubók 1754–1784.

1. Vídalínspostilla
2. Grallari
3. Passíu- og hugvekjusálmar
4. Upprisusálmar
5. Tárapressusálmar
6. Heptal
7. Upprisu hugvekjur
8. Þórðarbænir
9. Nýja testamentið
10. Steinsbiblía
- 11–12. Arndts Sannur kristindómur 2 bækur
13. Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn
14. Passíusálmar
15. Krossskólasálmar
- 16–18. 3 bænakver
19. Píslarþankar
20. Skylda

Allar bækurnar voru trúarlegs eðlis sem skýrist kannski fyrst og fremst af því að kirkjan hafði nánast einokun á öllu prentverki í landinu á 18. öld. Megnið af prentuðum bókum tímabilsins snerust því um guðsord af einhverju tagi.¹ Ef tekið er mið af rannsóknum sem gerðar hafa verið á bókæign á íslenskum heimilum á 18. öld, virðist fjöldi guðsordabóka í Teigi hafa verið vel yfir meðallagi.² Enda má sjá að séra Erlendur hefur þurft að beita ákveðinni tækni þegar hann styttr heiti bókanna svo þær komist allar fyrir undir liðnum *Bækur í húsinu*

1 Einar Sigurbjörnsson. „Rétttrúnaður í kirkju og koti.“ *Kristni á Íslandi* III, bls. 175–178.

2 Í grein Sólrúnar B. Jensdóttur um bókæign í Húnavatnssýslum árin 1800–1830 má sjá að fjöldi bóka á hverju heimili sýslunnar á þeim tíma, samkvæmt sóknarmannatölum, er u.þ.b. 15 talsins. Hörður Ágústsson gefur einnig gott yfirlit yfir bókæign á Laufásjörðum árin 1784–1829 í bók sinni um Laufás við Eyjafjörð. Hörður notar einnig upplýsingar úr sóknarmannatölum eins og Sólrún og þar má sjá að meðaltali um 15 guðsordabækur á hverju heimili. Sólrún B. Jensdóttir. „Bókæign Austur-Húnavetninga 1800–1830.“ *Landsbókasafn Íslands: Árbók 1968* (1969), bls. 164. Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn* (Reykjavík, 2004), bls. 291–298.

í sóknarmannatalinu. Yfirlit séra Erlendar yfir bækur heimilisfólksins í Teigi gefur hins vegar ekki endilega rétta mynd af öllum þeim bókum sem voru í húsinu. Prestum bar nefnilega aðeins að skrá niður þær guðorðabækur sem til voru á heimilum sóknarbarna sinna.

Hugsanleg skýring á miklu úrvali guðsorðabóka á heimilinu er að einhverjar þeirra hafi komið úr dánarbúi Helga frumburður Guðbjargar Hallgrímsdóttur. En ekki er ólíklegt að hún hafi erfitt eitthvað af kennslubókum sonar síns frá því hann var í Hólaskóla þar sem faðir hans var látinn og Guðbjörg því eini lögmæti erfingi hans.¹ Það er líka mögulegt að nálegðin við Hólaprentsmiðju hafi haft eitthvað að segja enda voru margar af bókum Teigshjóna prentaðar þar. En hvers konar bækur voru þetta?

Fyrst er hér upptalin *Vídalínspostilla* enda hefur hún sennilega verið verðmætasta bókin í eigu Teigshjóna. Hún var gefin út í kringum 1720 og varð einhver útbreiddasta bók á Íslandi á 18. og 19. öld. Upp úr henni hefur sennilega verið lesið í baðstofunni í Teigi á helgum dögum eins og algengt var. Næstur kemur síðan *Grallarinn* sem var messusöngs- og sálmaþéttur sem ávallt var sungið á bæði á undan og eftir lestri úr postillunni.² Þar næst skrifar séra Erlendur Passíu- og Hugvekjusálmar. Þetta gætu verið *Passíusálmar Hallgríms Péturssonar* innbundnir með Hugvekjusálmum Sigurðar Jónssonar í Presthólum.³ Bókin var prentuð á Hólum um 1704. *Passíusálmarnir* hafa ávallt skipað mikilvægan sess meðal íslensku þjóðarinnar en á 18. öld voru þeir til á nálega öðru hverju heimili. Líklega hafði Guðrún eldri nýtt sér einmitt þessa bók þegar hún lærði sálmana átta ára gömul. Teigshjónin áttu líka *Upprisusálma* Steins Jónssonar biskups en þeir voru fyrst prentaðir á Hólum árið 1726 og margsinnis

- 1 Helgi Helgason (1743) var sonur Guðbjargar með Helga Jónssyni, djákna á Reynistað.
- 2 *Grallarinn* eða *Graduale. Ein Almennaleg messusaungs Bok, Innehalldande þann Saung og Cerimoniur sem i Kyrkkjunne eiga ad syngiast og halldast hier i Landi, epter goodre og Christelegre Sidveniu, sem og vors Allra Naaduagasta Arfa-Kons og Herra, Kyrkiu Ritual.*
- 3 Bókin var með þeim fyrstu sem prentaðar voru í endurreistri Hólaprentsmiðju en það var Björn Porleifsson Hólabiskup sem annaðist útgáfunna.

eftir það. Upprisusálmar voru notaðir við húslestra á vorin og sögðu frá atburðum páskanna. Einnig var þarna að finna *Tárapressu* sem var eftir Jesper Rachlöv Rasmussön en hún kom fyrst út á Hólum árið 1719 í þýðingu Steins biskups. Þar á eftir virðist standa í sóknarmannatalinu Heptal en hvergi finnast upplýsingar um rit með því nafni. Hepta þýðir sjö á grísku en á öðrum stað í sóknarmannatali séra Erlendar virðist vera til ritið *Heptalogus* en logus merkir orð eða ræða á grísku. Líklega á presturinn því við *Sjöorðabókina* eftir Jón Vídalín biskup.¹ Síðan koma Upprisu hugvekjur en svo virðist sem séra Erlendur merki sérstaklega við þetta rit í skráningunni með því að undirstrika titilinn. Ef til vill var ástæðan sú að þetta var handrit en ekki prentuð bók eða kannski prestinum hafi fundist bókin merkilegri en aðrar í eigu hjónanna. Mjög líklega var þetta verk séra Jóns Jónssonar sóknarprests í Staðarhólsþingum og kallaðist „*Meditationes Triumphales eður Sigurhróss hugvekjur, útaf dírðarlegum upprisu sigre vors drottens Jesu Christi*“ og var fyrst gefið út árið 1749 á Hólum. Þórðarbænir eftir séra Þórð Bárðarson prest á Torfastöðum í Biskupstungum voru til á heimili Teigshjóna en bókin kom fyrst út í Skálholti árið 1693. Á titilsíðunni segir: „Ein lítil ný bænabók, innihaldandi, I. Bænir á aðskiljanlegum tímum og tilfallandi nauðsynjum. II. Bænir fyrir ýmsar persónur, eftir hvers og eins standi og viðliggjandi hag.“ *Nýja testamentið* og *Steinsbiblía* voru líka til á bænum en Steinsbiblía var þriðja heildarútgáfa biblíunnar á íslensku og kennd við útgefanda sinn, Stein Jónsson biskup. Hún var fyrst gefin út á Hólum árið 1729. Þá stendur skrifað Arndts 2 bækur en líklega er hér um að ræða bækurnar *Hinn sanni kristindómur* eftir guðfræðinginn Johann Arndt sem komu út í alls fjórum bindum. Þessar hugvekjur Arndts nutu mikilla vinsælda víða og hafa greinilega tvö bindi verið til í Teigi. Þá kemur skammstöfunin „Vid Xtind“ sem að öllum líkindum stendur fyrir: „Vídalíns Kristindómur“ eftir Jón Vídalín Skálholtsbiskup. X stendur fyrir Kristur eða Kris

1 Björk Ingimundardóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands benti höfundi á þessa mögulegu skýringu á nafninu Heptal í sóknarmannatali séra Erlendar.

og þar fyrir aftan: *tind.* sem er stytting á tindómur. Þetta er bókin *Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn* sem kom út árið 1729. Kverinu var ætlað að auðvelda börnum og ungmennum skyldulærdóminn sem mörgum þótti ákaflega tyrfinn. Börnin í Teigi höfðu líklega öll lært á þá bók. Hér er síðan annað eintak af *Passúsálmum Hallgríms Péturssonar* ásamt *Krossskólasálmum* Jóns Einarssonar rektors í Hólaskóla. Krossskólasálmarnir voru fyrst prentaðir á Hólum árið 1744. Síðan eru þarna þrjú bænakver sem ekki eru skilgreind nánar og Píslarþankar eftir Vigfús Erlendsson.¹ Á titilsíðu stendur: *50 Hugvekjur, eða Píslarþankar: Út af Historíu pínu og dauða drottins vors Jesú Kristi, samanteknir af séra Vigfúsi Erlendssyni, sóknarpresti að Setbergi og prófasti í Snafellsnessýslu. Að síðustu er að finna á listanum Skyldu eftir Richard Allestree sem Jón Vídalín þýddi og gefin var út á Hólum árið 1744. Á titilsíðu stendur: „Skylda mannsins við guð, sjálfan sig og náungann. Augljóslega og skilmerkilega framsett fyrir alla en þó einkanlega fyrir hina einföldu. Skipt í 17 kapitula, af hverjum einn er lesinn á hverjum sunnudegi, verður öll bókin útlestin þrisvar sinnum á einu ári: Öllum mönnum nýtsamlega að lesa.“* Allar þessar bækur stóðu börnunum í Teigi til boða til að æfa sig og undirbúa stóra daginn, sjálfa ferminguna.

Í reglulegum heimsóknum til sóknarbarnanna skráði presturinn sérstaklega hverju þau höfðu bætt við sig í fræðunum á milli ára. Í gegnum ungdómsskrár séra Erlends má þannig fylgjast náið með námsframvindu hvers og eins sóknarbarns allt fram að fermingu. Í sóknarmannatali hans árið 1769 má sjá að flest börnin í Teigi voru þá farin að læra eitthvað en þau bjuggu á þeim tíma öll heima hjá foreldrum sínum. Guðrún eldri var orðin 11 ára og Erlendur skráir hjá sér að hún lesi nokkuð en Guðrún yngri og Helga voru farnar að stafa. Guðrún yngri var þá orðin tíu ára gömul. Presturinn segir allar þrjár systurnar kunna *Fræðin minni* vel og líka einhverjar bænir og

1 Ef til vill var hér um að ræða Bænir Lasseniusar sem Steinn biskup þýddi og voru gefnar út á Hólum 1723 og Bænir Avenarii gefnar út á Hólum árið 1677.

Teigur -				Janas/ön	
Nietellstraðon 43	...	nod. onl.	nod. ad	) Dorn tra	hion
Guðbiörg Atalla 47	...	nod. onl.	nod. ad		
Guðrún Níelsdóttir 11	...	nod. onl.	B. vers		
Guðrún Níelsdóttir 10	...	nod. onl.	B. vers		

Mynd 9 – Heimilisfólkið í Teigi samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar frá árinu 1769. Guðrún eldri var orðin 11 ára og farin að lesa nokkuð. Guðrún yngri var þá 10 ára gömul en hún var ekki orðin læs ennþá heldur aðeins farin að stafa. Séra Erlendur skrifar að systurnar kunni „Fræðin minni“ vel og líka einhverjar bænir og vers.

vers.¹ Bræðurnir Kristján og Þorvaldur hafa hins vegar ekkert lært samkvæmt skráningum prestsins og kunna lítið af bænum og versum en þeir voru þá orðnir sex og sjö ára gamlir.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

7. Skýr og skikkanleg í vistinni

Vinna barna hafði mikið uppeldislegt gildi hér fyrr á tímum. Þátttaka þeirra í störfum heimilisins allt frá barnsaldri var ekki bara lífsnauðsynleg heldur tryggði að börnin tileinkuðu sér þá flóknu verkkunáttu sem dagleg störf til sveita útheimtu. Annað gildi um bókalærdóminn. Strax við sjö ára aldurinn var vinnuframlag barna orðið töluvert og við fermingu var ætlast til að börnin gætu sinnt flestum þeim verkefnum sem fullorðnir einstaklingar sinntu.¹ Líklega var það einstaklingbundið hversu iðin börnin voru við vinnuna. Þau sem þóttu rösk og dugleg fengu flóknari verkefni og voru látin axla meiri ábyrgð á verkum sínum.

Árið 1771 þegar Guðrún yngri var á sínu 12 aldursári var hún send í vist á næsta bæ þar sem hún sinnti líklega barnagæslu. Bærinn kallaðist Vaglí og var í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Teigi þar sem fjölskylda Guðrúnar bjó. Á bænum bjuggu hjónin Guðmundur Árnason og Ingibjörg Grímsdóttir með fimm smábörn, það elsta sjö ára en það yngsta eins árs.² Ábyrgð Guðrúnar að sinna svo mörgum börnum var því mikil. Þegar séra Erlendur kemur í húsvitjun á bæinn Vaglí skrifar hann í bækur sínar að Guðrún sé skýr stúlka og skikkanleg.³ Áður

1 Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagsprófun 1880–1990* (Reykjavík, 1993), bls. 275–284. Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdomur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983), bls. 163–174.

2 Guðmundur Árnason (1722) var fæddur í Hrafnagilshreppi og líka Ingibjörg Grímsdóttir.

3 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783

hafði tvítug vinnustúlka sinnt barnaskaranum á Vöglum en þegar enn eitt barnið hafði bæst við var Guðrún orðin ábyrg fyrir hópnum þó hún væri ekki orðin tólf ára gömul. Guðrún var ennþá ólæs og Erlendur nefndi að henni hafi farið aftur í fræðunum. Árið sem Guðrún yngri var send í vist voru öll systkini hennar ennþá skráð hjá foreldrum sínum en presturinn segir þau Ketil og Guðbjörgu vera fátæk. Guðrún eldri var orðin 13 ára gömul og byrjuð að lesa nokkuð að sögn séra Erlends. Hún hefur þá m.a. lært passíusálmana og 4ra boðorðið en Erlendur segir hana ekki óskýra. Það vekur athygli að Guðbjörg litla sem þá var aðeins fjögurra ára gömul virðist hafa lært nokkrar bænir og vers. Væntanlega hefur hún notið góðs af því að vera yngst í stórum systkinahópi.

Sóknarmannatalið fyrir næstu árin vantar en í skráningum prestsins yfir ungdóminn árið 1772 sést að Guðrún yngri bjó þá í Hrafnagilssókn en ekki kemur fram á hvaða bæ hún var. Presturinn skráir að hún sé í dvöl svo ekki var hún hjá foreldrum sínum. Enn virðist henni ganga illa að læra fræðin og Erlendur færir til bókar að hún lesi lítið og *Fræðin minni* sem hún kunni orðið vel þegar hún bjó í foreldrahúsum kunni hún nú aðeins sæmilega. Prestur segir Guðrúnu hins vegar hegða sér skikkanlega.¹ Hún var líklega ennþá að annast börn þeirra Guðmundar og Ingibjargar á Vöglum og hafði næg önnur verkefni á höndum en að læra kristindóminn utanbókar. Öll systkini hennar voru ennþá hjá foreldrum sínum og Guðrún eldri las fínlega, kunni fræðin vel og er næm og skikkanleg eins og segir í bókum prestsins. Hinum börnunum fór líka ágætlega fram og Guðbjörg litla var farin að stafa aðeins fimm ára gömul. Ári síðar kunni hún *Fræðin minni* vel og séra Erlendur segir Guðbjörgu vera næma.

Árið 1773 fermist Guðrún eldri í Hrafnagilssókn þá á 15. aldursári. Guðrún yngri er þá farin í nýja vist í Öngulstaðahreppi 13 ára gömul en sjálf segist hún hafa verið hjá Gísla í Gröf sem var bóndi í hrepp-

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

um.¹ Gísli þessi var Pétursson og var giftur Helgu Sveinsdóttur.² Guðrún sagði dvöl sína hjá þeim hjónum hafa verið „bölbúð“. Guðrún var greinilega ekki ánægð í vistinni og gefur í skyn í ævisögunni að allir hafi vitað við hverskonar aðbúnað hún bjó á bænum. „Ævina mína í Gröf allir vissu, hún var bölbúð.“³ Trúlega hefur ástæðan verið sú að þröngt var í búi á bænum og Guðrún því horast svo niður í vistinni að stórsá á henni. Þegar illa áraði var algengt að fólk fengi ekki nægju sína að borða og gengi svangt til daglegra verka. Líklega fékk þá unga vinnukonan ekki feitustu bitana úr búi húsmóður en í annálum á þessum árum er einmitt getið um hungurdaða á Norðurlandi.⁴

Hjónin áttu aðeins eina dóttur sem hét María og var sex árum yngri en Guðrún en um hana segir hún: „María hafði geitur og allt var eins.“⁵ Í *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi*, sem kom út árið 1884, segir um geitur:

Það hefur verið og er enn almenn skoðun manna hjer á landi, að geitur sje sá sjúkdómur, sem einungis komi af óþrifnaði og sóðaskap, og það þykir yfir höfuð hin mesta vanvirða að hafa geitur. Af þessu leiðir, að þeir sem verða fyrir þessum sjúkdómi, leyna honum sem lengst og leita sjer engra lækninga.⁶

Geitur er sýking sem kemur aðallega fram í hársverði og er af völdum svepps sem lifir bæði á mönnum og dýrum. Útbrotin koma fram sem kringlótt gulleitt hrúður sem vessar úr og veldur kláða. Sjúkdómurinn er afar þrálátur og ef ekkert er að gert getur hann ágerst svo að sjúklingurinn missir allt hárið. Eina lækningin á þessum tíma var í raun fólgin í því að kippa hárunum upp úr hrúðrinu með þar til gerðum tögum og bera síðan græðandi áburð í sárið. Jónas frá Hrafnagili segir í bók sinni *Íslenzkir þjóðhættir*, að merahland hafi þótt gott við

1 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Gísli Pétursson (1733) var fæddur í Víðigerði í Hrafnagilshreppi og Helga Sveinsdóttir (1730) var líka fædd í sama hreppi.

3 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

4 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 92.

5 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

6 Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi* (Reykjavík, 1884), bls.155–156.

geit í mannshöfði. Hlandið þurfti helst að vera gamalt og best þótti ef hægt var að blanda það með ediki og brennisteini áður en það var lagt við sárið.¹

Þó að Guðrún fari ekki fögrum orðum um árin sín í Gröf má samt skilja það svo að líf hennar á bænum hafi ekki alltaf verið tóm bölbúð. Stundum gafst tími til að bregða á leik eins og hún segir sjálf:

Þá átti Gísli minn í Gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans. Hana setti ég ofan á Eyjafjarðarbakka og fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra Hól og átti ekki von á lengra lífi.

Parna talar Guðrún um hesta séra Erlends í Hrafnagili sem á þeim tíma var einmitt prófastur í Vaðlaþingi. Af orðum Guðrúnar má skilja að atvikið hafi setið lengi í henni þegar merin rauk. Sennilega var þetta í fyrsta skiptið sem Guðrún lenti í alvarlegum lífsháska.

Samkvæmt ævisögunni virðist Guðrúnu ekki hafa verið sérlega uppsígað við bóndann sem hún ávarpar, „Gísli minn í Gröf“. Samskipti hennar við Helgu húsmóður hafa sennilega verið meiri en hún sá Guðrúnu fyrir verkum á bænum. Af henni lærði Guðrún að sinna þeim ótalmörgu störfum sem vinnukonur þurftu að kunna og bera ábyrgð á jafnt innan- sem utandyra.

Guðrún dvaldi líklega hjá þeim Gísli og Helgu í Gröf næstu þrjú árin því við árið 1775 má finna nafn hennar á lista Erlends yfir ungdominn í sókninni og þar er Guðrún skráð meðal ungmenna á bæjunum Svertingsstöðum og Gröf. Séra Erlendur skrifar að á árunum í Gröf kunni Guðrún fræðin sín vel og komi vel fyrir.² Hún hafði því mögulega náð færni til að fermast árið 1774 en þá voru hins vegar engin börn fermd í sókninni. Ári síðar, þegar Guðrún var að verða 16 ára gömul, hafði hún enn ekki náð að fermast. Tíu börn fermdust hins vegar í sókninni það árið þar á meðal Helga, yngri systir Guðrúnar, sem þá var 14 ára gömul.

1 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir* (Reykjavík, 1934), bls. 327.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

Á lista Erlends yfir ungmennin á Svertingsstöðum og Gröf eru María dóttir Gísla bónda og tvær aðrar stúlkur 14 og 15 ára gamlar sem virðast vera þar í vist eins og Guðrún. Þetta voru Guðrún Gísladóttir frá bænum Brekku í sömu sókn og Þórunn Pálsadóttir frá Karlsá í Upsasókn sem reyndar er sögð vera þar í fóstri.¹ Allar þrjár höfðu náð þeim aldri að geta skilað vinnuframlagi á við fullorðin einstakling. Engu að síður voru þær ekki skráðar þar í vinnumennsku enda var engin þeirra það gömul að hún gæti sjálf ráðið sig í vist. Ungu fólkið var í nokkurskonar stöðu lærlings á heimilum bænda þar sem það skilaði ekki fullu vinnuframlagi á meðan það var enn að læra til verka, oft nefnt matvinnungar. Stúlkurnar fengu því engin laun fyrir vinnuframlag sitt annað en fæði og húsnæði.²

Það var aðeins fermt annað hvert ár í Hrafnagilssókn og fjöldi þeirra sem fermdust hverju sinni gat verið allt að 18 manns. Séra Erlendur skráir nöfn fermingarbarna í prestsþjónustubókina og frammistöðu hvers og eins við sjálfa athöfnina. Nafn Guðrúnar finnst þó hvergi meðal fermdra í þjónustubókum prestakalls Hrafnagils. Þar finnast hins vegar nöfn allra systkina hennar og þau ná öll að fermast innan við 16 ára aldur.³

Árið 1777 er Guðrún aftur komin í Hrafnagilssókn en í sókn-armannatali má sjá að hún var ekki hjá foreldrum heldur í vist og sögð koma vel fyrir. Hér skrifar Erlendur að Guðrún sé fermd þó sjálf fermingin finnst hvergi skráð í prestsþjónustubókum hans. Ekki finnst bærinn þar sem hún var en hún var þá að verða 18 ára gömul. Guðrún eldri og Helga systir hennar eru líka sagðar í vist.⁴ Í húsagatilskipuninni frá 1746 var börnum sem komin voru á lögaldur leyft að

- 1 Guðrún Gísladóttir (1761) var dóttir Gísla Hallssonar (1717) og Steinunnar Jónsdóttur (1721) bænda á Bakka. Móðir Guðrúnar hafði dáið þetta sama ár svo trúlega hefur Guðrún verið send þangað þess vegna. Þórunn Pálsadóttir (1761) var dóttir Páls Sigurðssonar (1723) og Oddnýjar Magnúsdóttur (1726) á Karlsá. Páll var hreppstjóri og skipasmiður á Karlsá.
- 2 Guðmundur Jónsson segir að hér á landi hafi það tíðkast fram yfir miðja 19. öld, að vinnukonur vistróðu sig aðeins sem matvinnunga hjá bændum. Einu launin sem þær fengu fyrir vinnu sína voru fæði, húskjól og fatnaður. Sjá: *Vinnukjú á 19. öld*, bls. 48.
- 3 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/2 Prestsþjónustubók 1754–1784.
- 4 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

búa hjá foreldrum sínum nema þau væru þrjú eða fleiri en þá skyldi eitt þeirra ráða sig í vist.¹ Ákvæðið átti líklega að tryggja bændum nægt vinnuafli en í alþingissamþykkt frá 1720 segir:

Nú á einhver bóndi fleiri fullvaxna sonu og dætur en hans búi ber nauðsyn til, en einhver annar innsveitis búandi dánimaður getur ekki viðstaðizt fyrir hjúaleysi, þá skal sá barnríki bóndi ljá hinum son eða dóttur, með ráði sýslumanns og reppstjóra, til slíkra launa og aðbúnaðar sem fyrr er mælt.²

Árið 1777 voru þrjú systkini Guðrúnar ennþá skráð hjá foreldrum sínum. Kristján var 15 ára, Þorvaldur 14 og Guðbjörg var 10 ára gömul. Samkvæmt lögum máttu þau því öll þrjú búa í foreldrahúsum. Hin voru hins vegar orðin lögráða og skyldu því ráða sig í vist.

Það var mikilvægt að börnin lærðu sem fyrst að bjarga sér og því var þeim strax við 6–7 ára aldurinn fengin ábyrgðarhlutverk í heimilisbúskapnum og þau voru „sett til bókar“.³ Þegar Guðrún var sex ára gömul átti hún þrjú yngri systkini á aldrinum tveggja til fjögurra ára sem hún og eldri systir hennar, sem þá var sjö ára gömul, hafa líklega verið gerðar ábyrgar fyrir. Samkvæmt skráningum séra Erlends virðist Guðrún hins vegar ekki hafa verið sett til bókar á sama tíma og eldri systir hennar. Þegar henni er fylgt eftir í skráningum séra Erlends, má líka sjá að hún á greinilega erfitt með að læra að lesa.

Það hefur varla verið á allra færi að annast lítil börn í sveitasamfélagi 18. aldar en þau ungmenni sem treyst var til slíkra verka hafa þótt sjálfstæð og dugleg að bjarga sér. Samkvæmt sóknarmannatali Eyjafjarðarsýslu var Guðrún ein barna foreldra sinna send í vist löngu áður en hún varð lögráða. Hún er jafnframt sú eina af systkinunum sem ekki finnst fermd í prestsþjónustubókum.

Til að byrja með fannst mér að Guðrún hlyti að hafa verið hálf-gert olnbogabarn foreldra sinna allt frá fyrstu tíð. Eftir á að hyggja

1 *Lovsamling for Island II* (Kaupmannahöfn, 1853–1889), bls. 612.

2 *Alþingisbækur Íslands X* (Reykjavík, 1967), bls. 565.

3 Lofur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi*, bls. 163.

má þó færa rök fyrir því að hún hafi líklegast verið eina barn þeirra Teigshjóna sem hafði þann dug í sér að hægt var að senda hana í vist á unga aldri. Þegar hún fór að Vöglum var fyrst og fremst verið að ráða hana í vinnu. Hjónin á Vöglum hefðu tæplega bætt einum hungruðum munni við barnaskarann öðruvísi en að hann kæmi að góðum notum. Engin fjölskylda með slíka ómegð hafði ráð á að taka að sér ólögráða börn sem ekki gátu unnið fyrir mat sínum. Og vinnukraftar Guðrúnar nýttust jafnvel betur en hinnar tvítugu vinnustúlku sem áður hafði verið þar í þjónustu. Ungu vinnustúlkan var einungis matvinnungur á bænum og auk þess var ódýrara að fæða og klæða 12 ára barn en fullorðna konu. Það er vel hugsanlegt að Guðrún hafi aldrei ná tilskyldum undirbúningi fyrir ferminguna vegna vinnuálags. Hins vegar er líka mögulegt að Guðrún hafi átt erfitt með að læra að lesa og það hafi hamlað því að hún næði almennilega tókum á fræðunum.¹

1 Samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar hafði hún enn ekki lært að lesa ellefu ára gömul.

8. Sjálfstæð í vinnumennsku

Nánast alla sína ævi starfaði Guðrún sem vinnukona á heimilum annarra og átti sér því hvergi fastan samastað. Þar sem ráðningartími vinnuhjúa var yfirleitt eitt ár í senn varð það hlutskipti margra að taka sig upp árlega, pakka öllum eigum sínum og flytjast inn á heimili nýrra húsbænda. Aðrir héldu til á sama heimili áratugum saman. Oft hafa tíð vistaskipti verið erfið þar sem nýjum húsbændum fylgdu nýir siðir sem vinnufólkinu bar að virða í hvívetna. Það hefur trúlega oft verið erfitt fyrir Guðrúnu að mynda tilfinningaleg tengsl og treysta húsbændum sínum. Sífelldur flutningur milli bæja með tilheyrandi umbyltingu á nánasta umhverfi hennar, jafnvel hverjum hún deildi rúmi með, kom í veg fyrir að hún myndaði náin og traust kynni við sitt samferðafólk. Í sjálfsævisögunni er Guðrúnu reyndar mjög tíðrætt um sambýlinga sína á hverjum stað en hún talar af hlýhug um hreppstjórann og prestinn sem voru kannski mestu örlagavaldarnir í hennar lífi. Hreppstjórnir sáu fólki sem var upp á hreppinn komið fyrir góðri eða vondri vist og prestarnir veittu því sáluhjálp á erfiðum tímum. Vinnufólk og húsbændur gerðu hins vegar samninga sín á milli en allir þurftu að hafa tryggt sér vist á vorin.¹ Þegar Guðrúnu mislíkaði við húsbændur sína klagði hún þá fyrir hreppstjóranum eða leitaði til sóknarprestsins með úrlausn sinna mála.

Laun vinnufólksins voru alla tíð ákaflega lág og fólust að mestu leyti í upphaldi þeirra á heimilum bænda en samkvæmt lögum bar

1 Á síðari hluta 18. aldar var öllu búlausu fólki skipað að ráða sig í ársvist hjá bændum í fardögum ár hvert. Skemmri vistir voru þó líka algengar. Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 9.

húsbónda að sjá vinnufólki sínu fyrir hreinum og heilum klæðum, húsaskjóli, fæði og rúmfötum. Laun vinnukvenna voru um þriðjungur af launum karla.¹ Þær þurftu að láta sér nægja þriðjungi minni fæðu en karlar, bar sjálfum að þrífa og halda við klæðum sínum en áttu jafnframt að þjónusta og þrífa allan klæðnað vinnumanna. Þrátt fyrir afar bág kjör vinnukvenna, gengu þær í flest störf sem karlar unnu og margar þurftu að ganga að öllum búverkum á veturna, meðan karlarnir voru í veri.²

Samkvæmt húsagatilskipuninni frá 1746 hafði vinnufólk takmörkuð réttindi gagnvart húsbændum sínum – réttarstaða þeirra var álíka og barna. Tilskipunin, sem meðal annars fjallaði um réttarstöðu vinnuhjúa og hvernig þeim bæri að hegða sér, var lögbundin hér á landi allt fram á 20. öld. Helstu ákvæði húsagans voru meðal annars þessi:

Þeim bar af fremsta megni að sýna húsbændum sínum tryggð og hollustu, auðsýna hlýðni og auðmýkt við þá og þeirra skipanir og ganga til allra verka sem þeim var fyrirskipað. Þau skyldu „vakta sig fyrir ósæmilegu tali og gamni, eiðum og blóti, hégómlegum historium eða so kölluðum sögum og amors-vísum eða rímum.“ Þeim var bannað að fara til annarra bæja nema með vitund húsbónda síns. Ef hjú strauk úr vist, sló til yfirboðara sinna eða gerði þeim skaða með ódyggð eða leti, skyldi því refsað með hendi eða vendi, sekt, gapastokki og jafnvel tukt-húsvist eftir eðli brotsins. Þó skyldu húsbændur ekki straffa hjúum með verkfærum, sem kynnu að skaða heilsu þeirra eða limlesta þau.³

Samkvæmt lagaákvæðum húsagans virðist lítið frelsi hafa falist í því að vera vistráðin vinnukona. Þessi sömu lagaákvæði tryggðu hins

1 Sjá um kaup og kjör almenns vinnufólks samkvæmt alþingissamþykkt frá 1720. *Alþingisbækur* X, bls. 562–563.

2 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 51.

3 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 15. Finna má heildar texta tilskipunarinnar í *Alþingisbókum Íslands* XIII, bls. 563–577 eða í *Lovsamling* II, bls. 605–620.

vegar vinnufólki einnig ákveðin réttindi gagnvart húsbændum sínum. Til dæmis máttu húsbændur ekki þræla vinnufólki út með mikilli erfiðisvinnu og ef vinnufólk veiktist í vistinni bar húsbændum að veita þeim alla nauðsynlega aðhlynningu meðan á veikindum þeirra stóð. Þeim bar að sjá til þess að vinnufólk hefði tíma til að læra kristindóminn og áttu að greiða þeim laun á réttum tíma. Húsbændur máttu heldur ekki reka vinnufólk úr vistinni án gildrar ástæðu. Ef húsbændur brugðust einhverjum af þessum skyldum gagnvart undirmönnum sínum bar vinnufólki að klaga húsbændur sína fyrir hreppstjóranum eða sýslumanni.¹ Af frásögn Guðrúnar að dæma var hún óhrædd við að klaga húsbændur sína ef henni fannst að sér vegið. Samanber þegar hún var í vist hjá skósmiðnum.

Setti hann mig yfir kot skómakarans. Var ég þar, sneri ég honum snöru. Hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í illt með okkur. Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Godafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagaði fantinn. Þar var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór ég að Grýtu, var þar eitt ár.

Að mörgu leyti má segja að Guðrún hafi verið sjálfstæð þrátt fyrir bága stéttarstöðu. Hún segist til dæmis hafa átt fimm kistur og að í þeim hafi verið meira en myrkrið tóm. Rúsinur átti hún meðal annars í einni þeirra og bauð þeim sem hún vildi gera vel við og á öðrum stað segist hún líka hafa átt súrtunnu og margt þar niðrí.²

Kisturnar voru Guðrúnu mikilvægar því þar gat hún læst niður dýrmætar eigur sínar, svo sem fatnað, matarílát, ull til að þrjóna úr og matinn sem henni var skammtaður í vistinni. En algengt var á stórum heimilum að vega vinnufólki út mat fyrir lengri tíma í senn.³ Skiljanlega var því mikilvægt að geta læst kistunum enda geymdu þær oftast það dýrmætasta sem vinnufólk átti hverju sinni. En í læst-

1 *Lovsamling II*, bls. 615.

2 *ÍB 883 8vo* – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

3 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 37–38.

um kistum var líka hægt að varðveita leyndarmál sem ekki þoldu dagsljósið. Það gerði til að mynda ung vinnustúlka í Eyjafirðinum á miðri 19. öld sem í mikilli geðshræringu læsti ógurlegt leyndarmál niður í fatakistu sinni. Vinnustúlkan var grunuð um að hafa fyrirkom-ið nýfæddu barni sínu og hafði eitt vitnið í málinu tekið eftir því að téð stúlka hafi verið farin að bera á sér lykla sína sem hún áður hafði látið „liggja hér og hvar“. Húsbændur stúlkunnar leituðu í fatakist-unni að henni fjarstaddri og fundu þar tréstock með svuntugarmi og barnslíki innan í.¹

Samkvæmt sjálfsævisögunni virðist Guðrúnu hafa verið einkar umhugað um að geta læst kistum sínum því á einum stað segist hún hafa keypt sér lás á Siglufirði sem hafi kostað einn ríkisdal sem á þessum tíma gat samsvarað hálfum árslaunum hjá góðri vinnukonu.

Í kistunum geymdi Guðrún brauð, feitmeti og harðfisk auk ýmiss lúxusvarnings eins og brennivíns, rúsína og lakkríss.² Innihaldið nýtt-ist ekki bara til að fæða hana og klæða því greinilegt er að Guðrún notaði verðmætin til að stunda vöruskipti og kaupa sér velvild ann-arra. Í sjálfsævisögunni segist hún hafa gefið sóknarpresti sínum, séra Hallgrími, margan brennivínsdropann, öðrum gaf hún brauðkökur og einhverju sinni keypti hún sér skammrif.³ Af þessu má ætla að vinnu-konur sem réðu sig í vist á heimilum bænda hafi að einhverju leyti verið sjálfstæðari en húsfreyjur og börn bænda. Eiginkonur bænda þáðu til að mynda engin laun fyrir vinnuframlag sitt og stunduðu ekki verslun við kaupmenn nema þá í fjarveru eiginmanna sinna. Húsbóndinn hafði yfirleitt einn ráðstöfunarrétt yfir eigum búans og aðeins hann gat selt framleiðsluvörur heimilisins. Sama gildi reyndar um börn sem bjuggu á heimilum foreldra sinna. Þau höfðu takmörkuð

1 Már Jónsson, *Dulsmál 1600–1900*, bls. 35–36. Samkvæmt úttekt höfundar á dulsmálum á Íslandi 1600–1900 lögðu all margar konur andvana börn sín í fatakistur sem þær höfðu einar aðgang að. Sjá sama rit bls. 252, 267, 269, 272.

2 Á einum stað í sögunni segist Guðrún hafa átt brennivín og annarsstaðar kvartar hún yfir því að fá enga lakkrísrót.

3 Það var séra Hallgrímur Thorlacius (1892) sóknarprestur á Hrafnagili sem fékk brennivín hjá Guðrúnu. Hann var m.a. aðstoðarprestur hjá Magnúsi Erlendssyni á Hrafnagili frá 1814. Skammrif eru fremstu rifin báðum megin í kind.

ráð til að verða sér úti um það sem ekki var framleitt á sjálfru heimilinu.

Guðrún virðist snemma hafa gert sér grein fyrir því að það gat borgað sig að þóknast húsbændum sínum. Ráðagóð, iðin og húsbóndaholl vinnukona hefur verið eftirsóknarverð á hverju góðu heimili. Vinnufólki sem var lagið og útsjónarsamt voru líka eðlilega falin ábyrgðarfullri verkefni sem um leið juku virðingu þeirra innan heimilisins. Svo virðist sem vinnufólk hafi falast eftir meðmælum húsbænda sinna til að komast í nýja vist. Reyndar voru húsbændur skyldugir samkvæmt lögum að veita vinnufólki sínu skrifleg meðmæli ef þeir óskuðu.¹ Ein slík meðmæli frá Gunnlaugi Briem, sýslumanni í Eyjafirðinum sýna vel hvað góðar vinnukonur gátu verið húsbændum sínum mikils virði en þetta skrifaði hann meðal annars um vinnukonu sína árið 1814:

Hallgerður reyndist okkur hjónum þæg, holl og velviljuð sem og skörp til vinnu og við hana dygg, yðin og fyrirtektarsöm, so að við minnstum ej að hafa en eptir vinnuhjúi so sieð eða þess saknað sem téðrar stúlku.²

Guðrún hefur eflaust reynst húsbændum sínum holl og verið iðin vinnukona eins og Hallgerður því oft má finna hana í vist á betri bæjum sveitarinnar. Aðeins einstaka sinnum kvartar hún undan húsbændum sínum en á sínum yngri árum er hún yfirleitt sátt við fólkið sem hún býr hjá og starfar með.

Árið 1779 var Guðrún skráð í vist í Kaupangssókn en þá var hún 19 ára gömul en bærinn er ekki nefndur í skráningum prestsins. Hún virðist á þeim tíma ennþá vera að burðast við að læra fræðin sín jafn-

1 *Lovsamling* II, bls. 615–616.

2 *Lbs* 196 fol. – Dagfarsvitnisburður Hallgerðar Jónsdóttur vinnukonu. Í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar árið 1808 finnst Hallgerður Jónsdóttir í þjónustu Gunnlaugs Briem á bænum Kjarna. Hún er þá 36 ára gömul og var því fædd árið 1772. Aðeins ein kona kemur til greina samkvæmt ættfræðigrunni Íslendingabókar en það er Hallgerður Jónsdóttir sem fædd er í Ausu í Hvanneyrarhreppi í Borgarfirði. Árið 1816 var hún húskona í Saurbæ, Hólasókn í Skagafirði. Hún giftist Hallgrími Einarssyni (1793) en þau voru barnlaus.

vel þó presturinn segi hana fermda í bókum sínum.¹ Séra Erlendur segir Guðrúnu þó kunna *Fræðin minni* aðeins sæmilega. Næstu árin er erfitt að fylgja Guðrúnu eftir því eyður eru í sóknarmannatölum í kringum móðuharðindin.

Hörmungar Skaftárelda sem hófust sumarið 1783 höfðu gríðarleg áhrif norðanlands. Daunill móðan frá gosinu lagðist yfir Eyjafjörðinn og olli stórfelldu tjóni á búfénaðnum. Magnús Jónsson, hreppstjóri í Öngulsstaðahreppi, segir að sumarið 1783 hafi varla sést á milli bæja fyrir daunillu reykjarmistri sem lagðist yfir alla sveitina. Í kjölfarið drápust skepnurnar, túnin skemmdust og heyskortur varð til þess að bændur urðu að fella nær allan sinn bústofn.² Talið er að á landinu öllu hafi orðið allt að 70% búfjárfækkun í Móðuharðindunum.³ Árið eftir Skaftárelda var mikið hörmungarástand í Eyjafirðinum og langir listar „dauðra“ í prestsþjónustubókunum bera vitni um mikið mannfall í kjölfar harðindanna. Ekkert sóknarmannatal hefur varðveist fyrir þann tíma í Munkaþverársókn en elsta talið þaðan er frá árinu 1785. Það ár var Guðrún Ketilsdóttir skráð í vinnumennsku á Jódísarstöðum hjá Halldóri Árnasyni og Katrínu Þorláksdóttur.⁴

Halldór á Jódísarstöðum hafði verið hreppstjóri í Öngulsstaðahreppi frá árinu 1770 til 1784 er hann sagði sig frá embættinu vegna heilsubrests.⁵ Guðrún var orðin 26 ára gömul og samkvæmt skráningu sóknarprests bæði læs og fermd.⁶ Presturinn segir hana líka vera vinnusama og fínlega. Guðrún dvelur aðeins skamma hríð á

1 Samkvæmt 11. grein tilskipunar um húsvitjanir bar prestum að yfirheyra þjónustufólk jafnvel eftir að það væri fermt. *Alþingisbækur* XIII, bls. 533.

2 Úr skýrslu hreppstjóra um almennt ástand í Öngulsstaðahreppi árið 1783. Birt í bókinni *Skaftáreldar 1783–1784*, bls. 389–390.

3 Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda.“ *Skaftáreldar 1783–1784* (Reykjavík, 1984), bls. 166.

4 Halldór Árnason (1723) og Katrín Þorláksdóttir (1731) voru bændur á Jódósarstöðum en þau áttu aðeins einn son, Þorlák (1754). Halldór andaðist árið 1786 og sonur hans tók þá við búsförráðum á bænum.

5 Í handriti Stefáns Aðalsteinssonar um ábúendur í Eyjafirði fram segir að Halldór hafi búið á Jódísarstöðum frá 1749 þar til hann lést árið 1786. Þar segir einnig að hann hafi afsakað sig frá hreppstjóraembætti vegna heilsu sinnar árið 1784. *HskjAk* – F-227/2–31 Sögufélag Eyfirðinga. Ábúendatal í Inn-Eyjafirði 1703–1816 eftir Stefán Aðalsteinsson.

6 *ÞÍ* – Munkaþverár BC/1 Sóknarmannatal 1785–1796.

Jódísarstöðum því áður en árið er liðið er hún komin í Teig til foreldra sinna en Ketill faðir hennar var þá orðinn rúmliggjandi af taksótt eða brjósthimnubólgu.¹ Kristján, bróðir Guðrúnar, er líka skráður til heimilis í Teigi þetta árið en þau hafa vísast tekið að sér að annast býlið á meðan faðirinn lá veikur.

Ketill, sem var 59 ára gamall, dó úr taksótt 13. október 1785 og hafði þá legið í tæpa viku. Í annálum frá þessum tíma má sjá að margir landsmenn dóu af sömu völdum en í Hólastipti létust 138 manneskjur þetta árið úr sóttinni. Guðrún bjó í Teigi tvö næstu árin með Guðbjörgu móður sinni sem þá var orðin 64 ára gömul. Séra Erlendur segir Guðbjörgu vera fáfróða í bókum sínum. Guðrúnu segir prestur hins vegar vera skikkanlega og gagnlega en systkinin virðast reka búlið saman í þessi tvö ár með móður sinni.²

Dánarbúinu var ekki skipt upp strax við andlát Ketils eins og lög gerðu ráð fyrir, heldur næstum tveimur árum síðar. Á þessum tímum var reyndar ekki skylda að skrásetja öll dánarbú því ef erfingjar þess voru myndugir og nærstaddir gátu þeir sjálfir skipt eignum þess án afskipta yfirvalda.³ Samkvæmt íslenskum lögum var hægt að líta svo á að öll systkinin hafi verið myndug árið sem faðir þeirra féll frá. Þau gátu því sjálf skipt eignum búsins. En í *Jónsbók* er ómagaaldur sumstaðar miðaður við 15–16 ára aldur en karlmenn almennt um tvítugt. Hvort sama gildi um ógiftar konur var hins vegar háð samþykki fedra, bræðra eða frænda.⁴

Hugsanlega hafa systkinin ákveðið að skipta ekki upp búinu á meðan móðir þeirra var á lífi. Þau hafa kannski viljað að ekkjan fengi að búa áfram í Teigi þar sem hún hafði haldið heimili síðastliðin 24 ár. Auk þess var hún komin á sjötugsaldur og ekkert systkinanna hafði færi á að annast hana þar sem þau voru öll í vinnumennsku á heimilum annarra. Ef búlið yrði gert upp og móðir þeirra þyrfti að flytja

1 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818. Taksótt er bráð lungnabólga.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

3 Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 87.

4 Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú“, bls. 90.

af bænum átti hún um fátt annað að velja en að vera sett niður hjá vandalausum í hreppnum – fara á sveitina eins og það var nefnt.

Á þessum eymdarárum bjuggu margir hreppsþúar hins vegar við svo erfiðar aðstæður að fáir voru aflögufærir. Mikil fátækt, skepnufellir og almenn vesöld ríkti á mörgum heimilum sýslunnar á tímum harðindanna. Lífskjör þeirra lægst settu í samfélaginu, heimilislausra gamalmenna, höfðu líklega sjaldan verið jafn bág. Ekkert systkinanna vildi að móðirin endaði síðustu æviárin sem hreppslimur á heimilum annarra. Þau voru fimm börnin hennar Guðbjargar sem eftir lifðu svo erfðahluti hvers þeirra var ekki stór þegar skuldir búsins höfðu verið greiddar. Besta lausnin fólst því líklega í áframhaldandi búhokri með aðstoð barnanna.

Fáum árum áður en Ketill andaðist hafði Guðrún eldri búið í Teigi ásamt eiginmanni sínum, Nikulási Magnússyni.¹ Þau höfðu þá flutt á bæinn nýgift og eignast dóttur þar saman árið 1784. Dóttirin dó hins vegar aðeins nokkurra mánaða gömul úr landfarsótt. Ári síðar veiktist Ketill en það var þá sem Guðrún yngri og Kristján komu heim í Teig. Sennilega komu þau til að aðstoða við búreksturinn því á sama tíma fóru Guðrún eldri og Nikulás í vinnumennsku á Akureyri. Guðbjörg, yngsta systirin í Teigi, fór með þeim í kaupstaðinn en hún var þá orðin 18 ára gömul. Kristján var eini eftirlifandi sonur Teigshjóna. Kannski var það vilji þeirra hjóna að hann tæki við búsforráðum á bænum en ekki Guðrún og Nikulás.

1 Nikulás Magnússon (1742) var líklega fæddur í Saurbæjarhreppi. Hann tók við búskapnum í Teigi ásamt Guðrúnu eldri eiginkonu sinni árið 1787–1815 þegar hann andaðist þá 73 ára gamall. Í ættfræðiritum er hann sagður hafa verið meinhægur, siðlátur, ráðvandur og frómur og tilhlýðilega kunnandi. *HskjAk* – F-227/2–31 Ábúendatal í Inn-Eyjafirði.

9. Búhokur á tímum móðuharðinda

Ári eftir að Ketill dó eða í lok nóvember árið 1786 mættu fulltrúar sýslumanns í Teig til að gera upp dánarbúið. Guðrún yngri og Kristján eru þá viðstödd sem fulltrúar erfingja ásamt Guðbjörgu móður sinni. Uppskrift á eigum þeirra hjóna gefur skýra mynd af dapurlegu búhokri á eymdarárum móðuharðindanna. Þau urðu alls 24 árin sem þau Guðbjörg og Ketill stóðu fyrir búi á bænum Teigi í Hrafnagilshreppi. Af uppskrift dánarbúsins, í skiptabók sýslumanns, má sjá að stritið hafði ekki fært þeim mikið í aðra hönd en heildar-eignir búsins voru metnar á um 41 ríkisdal. Þar af skulduðu hjónin yfir 21 ríkisdal sem standa þurfti skil á áður en ekkjan og börnin fengu sitt. Það voru hreppstjórnir Gísli Hallgrímsson og Helgi Hallgrímsson sem mættu í Teig til að verðmeta og skrá dánarbúið að beiðni sýslumannsins, Jóns Jakobssonar. Þeir Gísli og Helgi höfðu lengi verið nágrannar Ketils og Guðbjargar í Teigi og höfðu sennilega oft komið þangað í hinum ýmsu erindagjörðum. Gísli var þá bóndi í Kristnesi og Helgi bjó á bænum Syðra-Gili ásamt eiginkonu sinni, systur Gísla, Sigríði Hallgrímsdóttur.¹ Séra Erlendur á Hrafnagili segir Gísla hreppstjóra hafa verið vænan mann og vel að sér en hann starfaði einnig sem meðhjálpari. Trúlega er það hann sem heldur á penna og skrifar upp búið í Teigi en þar segir hann orðrétt.

1 Gísli Hallgrímsson (1743) í Kristnesi var giftur Helgu (1750) dóttur Þorsteins Ketilssonar (1688) prófests í Eyjafjarðarprófastsdæmi (1725–1751) og Dómhildar Eiríksdóttur (1717). Helgi Hallgrímsson (1748) á Syðra-Gili var giftur Sigríði (1736) systur Gísla hreppstjóra.

Annó 1786 þann 30. nóvember var af okkur undirskrifuðum Gísla Hallgrímssyni hreppstjóra í Hrafnagilshreppi og Helga Hallgrímssyni, eftir befaling hr. sýslumannsins Jóns Jakobs-sonar, uppskrifað stervbúið í Teigi. Ekkjunnar Guðbjörgu Hallgrímsdóttur, viðverandi og hennar erfingjum Kristjáni Ketils-syni og Guðrúnu Ketilsdóttur.¹

Af uppskrift dánarbúsins má sjá að bústofninn í Teigi hefur tæplega getað framfleytt fjölskyldunni. Þau áttu eina kú, sex ær, fimm lömb og eitt merartrippi.

<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
1 kýr svörtkinnótt, miðaldra, snemmbær	5	68
6 ær	5	68
5 lömb	2	34
rautt merartrippi	3	
kista, skrá læst	1	18
gömul kista, ólæst		24
ólæstur kistill, hjaralaus		05
skápskrifli		09
tveggjatunnu kerald	1	00
tunnukerald		48
40 marka strokkur		40
2 mjólkurtrog	1	00
2 sorptrog		13
4 mjóltrog		06
3 kollur		15
4 askanefnur		16
2 fötur		13
2 könnur		06
2 matarföt		06
2 ausur og eisill		06
4 altunnu stokkar		18
2 hálfturnur 2 kvartil		08
trogberi		27
<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk</i>

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

torfkrókar		18
járnvog, bíluð		18
2 keraldahlemmar		10
2 lárar		06
setustóll		10
20 pallfjalir og stigi	1	05
4 pall stokkar með tveimur mörum		18
sængurdýna skóbætt koddaræfill og brekans		18
heysæng með skinnveri		09
<i>Í bókum</i>		
Vídalínspostilla	1	20
Gamall grillari		24
Passíusálmar		18
Upprísusálmar		18
Sigurhrós hugvekjur		34
handkvörn		54
vírkambar		10
2 ljóspönnur		08
rekunefna		06
50 marka pottur	1	00
annar 30 marka númer 2		68
þriðji 12 marka		34
páll laslegur		10
fjalahurð		14
tunnustafa hurð		13
2 klífberar		18
nýleg bandreipi		27
önnur bandreipi		18
2 lakari bandreipi		27
hærupoki		40
útslitinn þófi		12
hnakkur með dömu ístöðum og reiða	1	00
beislisslitur		24
3 gjarða hringjur		12
þófaskinn og kvenístöð		14
<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk</i>

sortulituð karlmannaföt	1	68
blá peysa með hnöppum	1	00
blá húfa		09
2 orf 2 hrífur og 2 klárur		30
4 ljáspíkur		22
2 kýrkláfar		09
tangarnefna ditto		06
steðji		45
klaufhamar		04
garðavinnubúningur		27
20 birkispýtur		20
5 grenispýtur		20
2 garðastokkspartar		05
tunnustafahurð		09
börur		08
flórreka		04
nóstokkur		05
2 heynálar		09
kvíagrind		05
hesthús		68
brunnhús		12
hjá Kristjáni á ekkjan	2	00
Samtals	40	70

Samkvæmt uppskriftinni var fátt verðmætra muna að finna í innbúi þeirra Teigshjóna. Gömul kista ólæst, ólæstur kistill hjaralaus, skápskrifli, kollur, askanefnur, setustóll, skóbætt sængurdýna, koddaræfill og brekans og heysæng með skinnveri. Sitthvað var þó til af tunnum, pottum, trogum og keröldum sem nýst höfðu við matvælaframleiðslu á heimilinu. Á bænum var líka til handkvörn, steðji og smíðjubelgur og sennilega átti Guðbjörg hnakkinn með dömuístöðunum sem metin var á einn ríkisdal. Sortulituðu karlmannafötin hafa hins vegar verið í eigu Ketils og einnig bláa peysan með 16 látúnshnöppum.¹

Uppskrift dánarbúsins og ítarlegt verðmat á fátæklegum eignum Teigshjóna veita þó aðeins takmarkaða sýn á það sem lífið hafði fært

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

þeim. Raunverulegu verðmætin voru líklega börnin þeirra sex sem þeim hafði tekist að koma upp þrátt fyrir mikla fátækt en Þorvaldur var eina barnið þeirra saman sem var nú fallinn frá.¹ Vinna barna á þessum tíma hafði mikla efnahagslega þýðingu fyrir bændur og þá sérstaklega þá sem voru fátækir og gátu ekki ráðið til sín vistráðið vinnufólk. Þó var vinnuframlagið ekki það eina sem skipti máli heldur líka umönnunar- og uppeldislegt hlutverk barna. Oftast nær voru það börnin sem önnuðust yngri systkini og þegar þau urðu eldri tóku þau að sér að annast aldraða og sjúka fjölskyldumeðlimi. Barnalán gat því mögulega tryggt foreldrum framfærslu í ellinni eða ef annað félli frá.²

Eftir að dánarbúið hafði verið skráð og hver einasti hluti þess vandlega verðmetinn var gerð ítarleg grein fyrir skuldum Teigshjóna við lánadrottna. Greinilegt var að rekstur búsins hafði ekki gengið sem skyldi enda hafði slæmt árferði undangenginna ára komið illa niður á bændum Norðanlands. Þegar Ketill féll frá voru hjónin orðin stórskuldug við verslunina og höfðu ekki einu sinni haft ráð á að greiða landskuldina af jörðinni. Það var Erlendur Hjálmarsson á Munkaþverárklaustri sem innheimti landskuldina en hann er titlaður *hr. klausturhaldari* í bókhaldi sýslumanns.³ Skuldin var 5 ríkisdalir og 66 skildingar sem var sennilega sú upphæð sem Teigshjónin þurftu

- 1 Þorvaldur finnst fermdur árið 1777 þá 14 ára gamall en eftir það finnst hann ekki í sóknarmannatölum. Þegar faðir hans deyr árið 1784 skráir séra Erlendur við andlátíð að hann láti eftir sig fimm börn á lífi. Hvergi hefur þó fundist skráð andlát Þorvalds í prestsþjónustubókum í Eyjafirði.
- 2 Guðrún yngri og Kristján fara heim í Teig til að annast foreldra sína á erfiðum tímum. Eftir að faðirinn deyr annast systkinin búið með móður sinni. Nánari umfjöllun um íslensku fjölskylduna á 13. og 19. öld má finna í eftirfarandi ritum: Gísli Ágúst Gunnlaugsson í bók sinni, *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*, (Reykjavík, 1997); Sigurður Gylfi Magnússon í ritgerðinni „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940“ og Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdomur og uppeldi á einveldisöld*.
- 3 Munkaþverárklostur var stofnsett á 12. öld en á 15. öld þegar klostur lögðust af hér á landi, runnu eignir þess til Danakonungs. Teigur var því á þessum tíma í eigu Danakonungs. Þeir sem síðar sátu á klosturjörðunum í umboði konungs voru kallaðir klosturhaldarar. Erlendur Hjálmarsson (1748) var giftur Karítas Sveinsdóttur (1751) sem var dóttir Sveins Sölvasonar (1722) lögmanns.

árlega að greiða til landeigandans.¹ Það var örugglega ekki létt verk að standa skil á svo hárrí landskuld á næstu árum með þann rýra bústofn sem eftir var á bænum. Margir hreppsbúar voru þó í svipaðri stöðu eftir afleiðingar Móðunnar en hátt í þriðjungur bændabýla í Hrafnagilshrepp töldust nánast bjargþrota þetta árið.² Einhverja hjálp höfðu Teigshjón kannski þegið frá nágrönnum sínum þeim Sigurði á Hvammi og Þórði í Litladal en þeim skuldar dánarbúið 44 skildinga. Reyndar er hvergi gerð frekari grein fyrir skuldinni við Sigurð og Þórð og gæti hún því allt eins tengst greiða vegna uppgjorsins á sjálfu búinu.

Heildarskuldir dánarbúsins námu um helmingi af metnum eigum þeirra Ketils og Guðbjargar og þær þurfti að gera upp áður en lögerfingjar fengju sitt. Kröfurnar í búið voru eftirfarandi:

<i>Skuldir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
til höndlunarinnar	13	64
til hr. sýslumannsins registr. salary		90
til hr. prófastsins		27
til hr. klausturhaldarans	5	66
til Sigurðar í Hvammi		22
til Þórðar í Litladal		22
til virðingarmanna		36
Samtals	21	27

Hreppstjórnarnir sem skráðu og verðmátu eigur Teigshjóna, eða virðingarmenn eins og stendur í skiptabókinni, vildu fá 18 skildinga hvor í sinn hlut. Séra Erlendur tók 27 skildinga fyrir að jarðsetja bóndann og sýslumaður rukkaði 90 skildinga fyrir sína aðkomu að málinu.

Það er ekki fyrr en mörgum mánuðum eftir að búið var verðmetið sem Jón Jakobsson sýslumaður kemur að skiptunum. Samkvæmt

1 Ekki finnst gögn um árlega landskuld Teigsjarðarinnar frá tímabilinu en af sambærilegum jörðum í Eyjafirði var landsskuldin eitt hundrað sem svaraði til 120 álra vaðmáls, eða eins kúgildis, sem var fullgild kýr eða sex loðnar og lemdar. Samkvæmt dánaruppskriftinni í Teigi eru ærnar sex verðmetnar til jafns á við kúnna eða 5,68 en ógreidd landskuld er 5,66.

2 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

skipun hans eiga skiptaráðendur að sjá til þess að allir þeir sem eiga inni hjá dánarbúinu fái skuldir sínar greiddar áður en því er endanlega skipt. Af orðum sýslumanns má merkja að mikill ágreiningur hafi verið risinn um hvernig skipta bæri eftirlátnum eigum hjónanna.¹ Hvort sá ágreiningur var innbyrðis á milli systkinanna eða lánadrottna er ómögulegt að gera sér grein fyrir. Hinn 2. júní árið 1787 skrifar sýslumaður í skiptabókina að hann feli mr. Einari sem var spítalahaldari í Möðrufelli, undir eftirliti hr. prófastsins, að skipta dánarbúinu.² Prófasturinn var þá séra Erlendur á Hrafnagili en sýslumaður telur hann best til þess fallinn enda „kunnugastur öllu þess ásigkomulagi“. Jón sýslumaður vill að gengið sé frá skiptunum strax í sömu vikunni en taldi hins vegar skuld búsins við höndlunina á Akureyri vera það háa að aðeins væri mögulegt að greiða helming hennar út að sinni.

Það er Einar Jónsson spítalahaldari sem hélt á penna þegar búinu var skipt milli lánadrottna og lögerfingja þess og skrifaði undir gjörninginn með fullu nafni.³

<i>Til hr. klausturhaldarans f. landsk. 5,60</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
merartrippi afstyrmi	3	00
í kúnni 56 al ⁴	2	60
Samtals	5	60

<i>Til handlen, 6,80</i>	<i>Rd</i>	<i>Sk.</i>
hrútur veturg.		60
gimbur með lambi		90

- ¹ Í skiptabókina skrifar sýslumaður að stefnt hafi í hastarleg skipti á stervbúinu. ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
- ² Einar Jónsson (1733) var fæddur í Öxnadal í Eyjafirði. Hann var giftur Ingiríði Einarsdóttur (1737) en faðir hennar, Einar Jónsson (1703) hafði áður verið spítalahaldari í Möðrufelli.
- ³ ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
- ⁴ Klausturhaldarinn fær aðeins hlut í kúnni svo líklega hefur Teigsfólkið átt að annast hana heima í Teigi en skipta nytinni með klausturhaldaranum.

3 ær á stk. 108 sk.	3	36
5 grenispýtur 20 sk.		
20 birkispýtur 20 sk.		
12 pallfjalir 54 sk.		94
smiðjubilgur 27 sk.		
tangartetur 6 sk.		33
12 m. pottur 34 sk.		
tunnustafahurð 13 sk.		47
Samtals ¹	6	80

Til hr. sýslumannsins, 90 sk.

ný ljósblá peysa með 16 látúnsknöppum	1	00
Samtals ²		100

Til mr. Einars á Möðrufelli, 24 sk.

4 altunnustokkar		18
2 lárar		06
Samtals		24

Til Sigurðar í Hvammi og Þórðar í Litladal, 45 sk.

steðji		45
Samtals		45

Fyrst er gerð upp landskuldin við Erlend klausturhaldara: „Til hr. klausturhaldarans f. landskuld“ skrifar Einar í skiptabókina. Klausturhaldarinn vill fá helmingshlut í kúnni sem hafði öll verið metin á 5,68. Þar með yrði mjólkurkýrin áfram í fjósinu í Teigi en eigendurnir skiptu með sér nytinni. Með þessu móti var reynt að koma til móts við kröfur lánadrottna án þess að svipta heimilið lífsbjörginni. Á Munkaþverárklaustri voru reyndar níu kýr og 40 mjólkandi ær þetta árið svo hálf nytin úr Teigskúnni gat varla skipt sköpum fyrir fjölskyldu klausturhaldarans.³ Þetta voru hins vegar erfiðir tímar fyrir

1 Í einum ríkisdal voru 96 skildingar

2 Peysan er metin á einn ríkisdal samkvæmt verðmati en líklega hefur ekki þótt taka því að gera veður út af örfáum spesium.

3 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

marga en fjöldi bænda hafði misst nánast allan sinn bústofn vegna harðindanna. Á slíkum tímum voru mikil verðmæti fólgin í mjólkandi kúm. Erlendur klausturhaldari fékk líka merina sem Einar spítalahaldari segir vera afstyrmi enda aðeins metin á þrjá ríkisdali. Fyrir átti klausturhaldarinn tíu fulltamma hesta og sex ótemjur.¹

Næst í röð lánadrottna var verslun Friðriks Lynges á Akureyri. Þangað fara þrjár ær, veturgamall hrútur og ein gimbur með lambi. Greinilegt er að mestu verðmætin voru fólgin í búfénaðnum enda hefur verið auðvelt fyrir kaupmanninn að gera sér pening úr honum. Annað sem verslunin ásældist voru spýturnar innan úr sjálfu kotinu meðal annars gólffjalirnar. Smiðjubelgurinn, 12 marka pottur og tunnustafahurð fara líka til kaupmanns og samt var þá aðeins helmingur verslunarskuldarinnar greiddur. Það var síðan Jón sýslumaður sem fékk fínu peysuna með látúnshnöppunum. Greinilegt var að Einari spítalahaldara hefur þótt peysan fín en í skiptabókina skrifar hann, ný ljósblá peysa með 16 látúnshnöppum. Svo margir hnappar gefa til kynna að peysan hafi verið tvíhneppt en líklega hafði Guðbjörg þrjónað hana og þæft handa Katli bónda sínum.² Að lokum fær Einar greitt fyrir að skrá skipti búins en hann fær nokkrar verðlitlar tunnur og lára fyrir ómakið. Sigurður og Þórður skipta síðan með sér stedjanum.

Þegar sjálf skiptin fóru fram, sumarið 1787, var komin ný krafa í dánarbúið frá systkinunum á bænum, þeim Guðrúnu yngri og Kristjáni. Þau vildu nú fá greidd laun fyrir framlag sitt við búreksturinn. Hér var því komin sennileg ástæða fyrir ágreiningnum sem sýslumaður minnst á. Ef til vill voru vinnulaunin liður í því að ná einhverskonar sátt milli systkinanna. Aðkoma séra Erlends að skiptingu búins var líklega fyrst og fremst sú að finna lausn á ósætti erfingjanna. En um ástæður þess að sýslumaður vill að presturinn komi að málinu segir hann.

...hefi ég umbeðið mr. Einar í Möðrufelli undir hr. prófastsins

1 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

2 Þær karlamannapeysur sem varðveittar eru frá tímabilinu eru allar þrjónaðar og þæfðar. Friður Ólafsdóttir, *Íslensk karlmannaföt 1740–1850* (Reykjavík, 1999), bls. 34–41.

tilsjón, sem þess kunnugasta öllu þess ásigkomulagi, að skipta stervbúinu í þessari viku.¹

Séra Erlendur þekkti heimilisfólkið í Teigi en hann hafði fylgt flestum þeirra allt frá barnæsku. Eflaust treystu systkinin prestinum betur til að útkljá innbyrðis deilumál sín en Jóni sýslumanni. Verkalaun Guðrúnar og Kristjáns gætu hafa verið hugsuð sem einskonar fullnaðargreiðsla sem systkinin fengju fyrir vinnu sína ef þau sættu sig við að fara burt af bænum. Guðrún eldri og Nikulás gætu þá flutt heim til ekkjunnar og tekið þar við búsför ráðum.

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

10. Verkalaun Guðrúnar

Séra Erlendur og Einar spítalahaldari virðast reikna Guðrúnu yngri og Kristjáni nánast jafnhá laun fyrir vinnuna en hvort þeirra fær rúmlega tvo ríkisdali. Hvergi kemur reyndar fram fyrir hve langan tíma er verið að greiða en þau höfðu hins vegar búið alveg jafn lengi á bænum. Líta má á launagreiðslu Guðrúnar sem ákveðna staðfestingu þess efnis að hún hafi verið metin jafnoki karla við vinnuna en samkvæmt alþingissamþykkt frá 1720 bar að greiða konu sömu laun og karli ef hún ynni karlmannsverk, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvísun:

En ef hún gjörir kallmannsverk með slætti, róðri eða torfristu, þá á að meta verk hennar sem áður segir um karlmenn til slíkra launa.¹

Heildarvirði þess sem Guðrún fékk fyrir vinnuframlag sitt var metið á tvo ríkisdali og 13 skildinga og var eftirfarandi.

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
Í bándreipi		18
sængurdýnuræfill, koddí og brékánslitur		18
blá húfa		09
sortulituð föt	1	68
Samtals	2	13

Það voru kannski ekki mikil verðmæti fólgin í þeim hlutum sem

1 Alþingisbækur X, bls. 563.

Guðrúnu hlotnaðist úr búinu en hún hafði líklega sjálf fengið að velja þá. Verkalaunin voru blá húfa, verðmetin á níu skildinga, sængurdýnuræfill, koddí og brekánsslitur ásamt bandreipi hvorttveggja verðmetið á 18 skildinga. Guðrún fékk líka sortulituðu karlmannafötin sem hafa sennilega verið betri föt í eigu föður hennar enda metin á einn ríkisdal 68 skildinga. Allir þessir hlutir voru verðmæti í augum Guðrúnar og gátu gert líf hennar ögn bærilegra. Slitinn sængurbúnaðurinn veitti henni yl á köldum vetrarnóttum jafnvel þó hann væri úr sér genginn eins og ráða má af uppskrift dánarbúsins. En þó húsbændum bæri að útvega vinnufólki sínu rúmfatnað þótti eflaust gott að eiga aukaræfil til að fleygja yfir sig. Skjólgóður vinnufatnaður var líka mikils virði þeim sem þurftu löngum stundum að sinna bústörfum utandyr. Sortulituðu karlmannafötin höfðu líklegast verið þrjónuð og lituð heima í Teigi og sennilega líka þæfð því þannig urðu þau bæði hlýrri og endingarbetri. Kannski ætlaði Guðrún að selja fötin en vel er þó hugsanlegt að hún hafi ætlað að nota þau sjálf sem vinnufatnað. En karlmannaföt voru mun hentugri við alla erfiða útivinnu en dæmigerður kvenfatnaður þess tíma.¹ Bandreipið sem Guðrún fékk nýttist henni líka vel en reipi voru mikið þarfaping til sveita. Þau voru nauðsynleg við hverskyns útivinnu og þegar flytja þurfti þungar byrgðar á milli bæja eða í kaupstað. Þegar vinnufólk skipti um vist þurfti að flytja allar eigur þeirra til nýrra húsbænda. Þá var annaðhvort farið fótgangandi með allt á bakinu eða eigur vinnufólksins voru fluttar á hestum. Bandreipin komu sér þá vel og tryggðu að byrðarnar kæmust heilar á leiðarenda. Á einum stað í ævisögunni segist Guðrún einmitt hafa orðið fyrir skaða á þessháttar ferðalagi. Það var Sigfús hrepp-

stjóri sem þá var að flytja eigur hennar yfir á bæinn Syðri-Tjarnir í

1 Sigurður Guðmundsson sem fæddist árið 1833 (oftast nefndur Sigurður málari) skrifaði mikið um íslenska kvenbúninginn að fornu. Hann segir m.a. að „...fyrsti uppruni til húfubúningsins virðist vera sá, að gríðkonur tóku á sig karlmannspeisu og karlmannshúfu er þær gengu í skarnverk, því það var hentugra og skjólbetra en skautið og búningur sá, sem því fylgdi.“ Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um forngripasöfn Íslands í Reykjavík II* (Kaupmannahöfn, 1867–1870), bls. 63–64.

Öngulsstaðahreppi og Guðrún segir þannig frá atvikinu.

Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd

Kristján bróðir Guðrúnar fékk engin verðmæti úr búinu fyrir sitt vinnuframlag heldur voru hans verkalaun látin ganga upp í skuld hans við móðurina sem voru tveir ríkisdalir og 24 skildingar. Það sem eftir stóð af eignum Teigshjóna voru þá tæpir 23 ríkisdalir sem skiptust til helminga milli ekkjunnar og fimm barna hennar. Samkvæmt Norsku lögum frá 1687 erfðu dætur helming á móti sonum. Erfðahluti Kristjáns var því metinn á þrjá ríkisdali og 79 skildinga á meðan systurnar fjórar fengu hver í sinn hlut aðeins tæpa tvo ríkisdali.

11. Tunnur, kerald, kollur og könnur

Það er áhugavert að virða fyrir sér hvernig eigur dánarbúsins skiptast milli systranna en þar kemur berlega í ljós að þarfir þeirra voru ólíkar. Hins vegar má einnig líta svo á að arfskiptin varpi ljósi á einhverskonar sérhæfingu í stétt vinnukvenna. Ef til vill erfðu systurnar þá hluti úr búinu sem bætt gátu stöðu þeirra sem sérhæft vinnuafl.

Systkinin virðast hafa náð samkomulagi um að Guðrún eldri myndi setjast að í Teigi ásamt eiginmanni sínum Nikulási. En samkvæmt skiptabókinni er hún sú eina sem erfir fastar eignir á jörðinni, þ.e. hesthús og brunnhús. Guðrún eldri var á þeim tíma eina af systkinunum sem var gift og sennilega var litið svo á að samhent hjón væru betur til þess fallin að taka við búinu en eitthvert systkinanna. Eflaust hentaði það líka Guðrúnu yngri betur að halda áfram í vinnu-mennsku en að setjast að í Teigi. Hún var jú ung og hraust og kunni vel til verka. Ekki er heldur ósennilegt að séra Erlendur hafi hvatt hana til að fara burt af bænum og finna sér góða vist. Hvarvetna var nú meiri eftirspurn eftir duglegu vinnufólki enda höfðu hörmungar undangenginna ára valdið bændum miklum búsifjum. Víðast hvar í sveitum landsins vantaði fólk sem kunni til verka og hafði þrek og styrk til að sinna erfiðisvinnu. Guðrún átti því ágæta möguleika á að komast í vist þar sem vinnuframlag hennar yrði metið að verðleikum. Ef hún hins vegar veldi að búa áfram með móður sinni í Teigi biði hennar eilíft strit við rýran kost. Þar fengi hún heldur ekki greitt fyrir vinnu sína.

Af þeim munum sem Guðrún yngri erfir úr búi foreldra sinna er

hægt að draga þá ályktun að hún hafi kunnað vel til verka í eldhúsinu. Þar er m.a. að finna skápskrifli, tveggja tunnu kerald, tvær hálf-tunnur og tvær kvartel tunnur, þrjár kollur, könnu, tvær ausur og eysil. Samanborið við þá hluti sem hinar systurnar erfðu fær Guðrún yngri í sinn hlut megnið af þeim hlutum búsins sem tengdust matvælaframleiðslu. Hér gefur að líta munina sem Guðrún erfði úr búi foreldra sinna ásamt verðmati.

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
skápskrifli		09
2ja tunnu kerald	1	00
3 kollur		15
1 kanna		03
2 hálf-tunnur og 2 kvartel		08
2ær ausur og eysill		06
reka		06
tveir kýrkláfar		09
tvenn bandreipi		27
ein heynál		05

Allt voru þetta mikilvæg flát og verkfæri sem nýttust við hverskyns matargerð og geymslu matvæla. Sennilega þótti fengur að fá til sín klókar matseljur og enn betra var ef þær sköffuðu sjálfar áhöldin við vinnuna. Verðmætasti hluturinn sem Guðrún erfði var greinilega tveggja tunnu keraldíð sem gat rúmað 240 lítra. Svo stór flát þóttu ákaflega gagnleg til að leggja mat í súr en á fyrri tímum þróaðist slík matarverkun hér vegna saltleysis. Í súrtunnu Guðrúnar mátti hugsanlega finna kjöt, svið, innmat, fugl, egg og hverskyns fiskmeti.¹ Sennilega flutti hún keraldíð með sér þegar hún skipti um vist og hefur þá sjálf verkað matinn í það. Á einum stað víkur Guðrún sögunni að súrtunnunni. Það var á árum hennar í Kristnesi en þá segist hún hafa átt súrtunnu um haustið og „margt þar niðrí.“ Það er ekki ólíklegt að húsbændur Guðrúnar hafi líka falast eftir afnotum af tunn-

1 Hallgerður Gísladóttir, *Eldamenska í íslensku torfbæjunum*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga (Varmahlíð, 1993), bls. 23.

unni og þá gegn vægu gjaldi. Guðrúnu var þá kannski lofað hlut í þeim matvælum sem húsbændur eða sambýlungar hennar fengu að geyma í tunnunni. Þannig hafði súrtunnan öðlast tvöfalt notagildi, sem geymsla undir matvæli Guðrúnar og þeirra sem voru tilbúnir að greiða henni leigu fyrir afnotin – beint eða óbeint. Eign eins og þessi skapaði Guðrúnu því sannarlega ákveðna stöðu innan heimilisins, hvar sem hana bar niður.

Önnur ílát sem nú voru komin í eigu Guðrúnar nýttust til dæmis við skyr-, smjör-, osta-, súrmjólkur- og sýrugerð. Samkvæmt sjálfsævisögunni virðist Guðrún alltaf hafa átt kindur sem hún hafði með sér í vistina. Af þeim fékk hún bæði ull til að vinna úr og verðmætt hráefni til matargerðar. Henni var endá mikið niðri fyrir þegar hún tapaði ánum sínum eða þegar húsbændurnir stálu þeim, eins og stundum gerðist. Páll bóndi á Þórustöðum mun til dæmis hafa haft af henni gráu gimbrina og smalahundur Guðmundar á Stokkahlöðum drap á sem hún átti. Hún sagði líka frá slæmri vist á Þórustöðum í sjálfsævisögunni þar sem golmögóttu gimbrin hennar var allt í öllu. Það gerðist á efri árum Guðrúnar og hún þá eflaust orðin svo gömul og lúin að snúningar hennar á bænum nægðu tæplega til að brauðfæða hana. Þá hafa húsbændurnir tekið nytina af gimbrinni upp í dvölina og ærin síðan að endingu verið étin upp til agna. Það gat líka komið fyrir að kindur hreinlega týndust á fjöllum. Guðrún segist einmitt hafa lent í slíkum hremmingum og þurfti þá að fá vinnumann af næsta bæ til að leita þeirra fyrir sig. Fyrir ómakið greiddi hún honum heilt dagsverk.

Það vekur athygli að við arfskiptin fékk Guðrún yngri enga bók í sinn hlut en það sama átti reyndar við um Guðrúnu eldri. Hin systkinin fengu hins vegar öll bækur og Helga og Guðbjörg erfðu tvær bækur hvor. Kannski að Guðrúnarnar hafi ekki verið vel læsar og því valið sér annað nýtilegra sem stóð þeim til boða úr búinu. Guðbjörg, systir Guðrúnar, virðist reyndar hafa séð verðmæti í bókunum því hún erfði bæði Vídalínspostillu og Grallarann en heildarverðmæti þeirra nam um 80% af arfshluta hennar eins og hér má sjá:

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
Víðalínspostilla	1	20
Grallari		24
tveir klyfberar		18
tveir garðastokkspartar		05
járnvog		18

Guðbjörg hafði reyndar búið inn á Akureyri þar sem hún var samvistum við fólk sem vann við verslunina. Í kaupstaðnum snerist lífsbaráttan um annað og meira en að eiga í sig og á. Þar skipti kannski meira máli að koma vel fyrir og eiga fallegar bækur.

Af embættisbókum séra Erlends má draga þá ályktun að Guðbjörg hafi átt auðvelt með að læra. Hún var aðeins fjögurra ára gömul þegar hún kunni nokkrar bænir og vers og var ung byrjuð að lesa. Börnin í Teigi hafa eflaust nýtt sér bækur heimilisins til að æfa lesturinn og ná tökum á fræðunum. Þau sem það gerðu af einurð og áhuga náðu líklega að skapa sér ákveðna sérstöðu innan nærsamfélagsins því vel læsir einstaklingar höfðu betri skilning á rituðum texta.¹ Þeir voru látnir lesa upphátt í baðstofunni og aðstoða börn við að læra fræðin.²

Ekki er ósennilegt að leshæfileikar Guðbjargar hafi átt þátt í því að hún fékk önnur tækifæri í lífinu en systkini hennar. Það er hugsanlegt að hún hafi til dæmis sérhæft sig í barnakennslu. Ári eftir arfskiptin í Teigi starfaði Guðbjörg til að mynda sem þjónustustúlka hjá kaupmanninum Friðrik Lyngre. Hann bjó þá einn inni á Akureyri ásamt tveimur stálpuðum börnum sem voru hjá honum í fóstri.³ Þegar

1 Hér má vísa í tvær greinar um efnið eftir þá Loft Guttormsson, „The Development of Popular Religious Literacy in the Seventeenth and Eighteenth Centuries.“ *Scandinavian Journal of History* 15 (1990), bls. 7–35 og Sigurð Gylfa Magnússon, „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland.“ *Journal of Social History* 29 (1995), bls. 295–323.

2 Sjálfsævisaga og dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar (1873) lýsa vel hvernig fátækt fólk sem lenti utangarðs í samfélaginu hafði þó ætíð möguleika á að bæta kjör sín ef það hafði gott vald á lestri og skrift. Magnús sinnti m.a. barnakennslu meðan hann sat í fangelsi sem dæmdur barnanauðgari. *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*.

3 Friðrik Lyngre (1744) hafði starfað við konungsverslunina á Íslandi frá 1759 og var fyrsti danski kaupmaðurinn sem settist að á Akureyri en hann byggði líka fyrsta íbúðarhúsið

Friðrik fór af landi brott flutti Rasmus bróðir hans til Akureyrar til að stýra versluninni. Hann hafði einnig með sér nýu ára gamlan dreng og réði Guðbjörgu til starfa á heimilið næstu árin. Hún var þá reyndar titluð sem „kokkepige“ í sóknarmannatali en átti síðar eftir að verða ástkona kaupmannsins.¹ Næstu árin má finna Guðbjörgu starfandi sem vinnukonu hjá kaupmönnum á Akureyri og Siglufirði. Þar má sjá að hún er ávallt talin upp strax á eftir börnum heimilismanna í sóknarmannatölum. Hún hefur þar af leiðandi notið meiri virðingar en annað fólk í þjónustu kaupmanna.

Fjórdða systirin, Helga Ketilsdóttir, erfir einnig tvær bækur eins og Guðbjörg en mestu verðmætin í hennar arfshluta lágu hins vegar í fimmtíumarka potti og strokk. Helga hafði undanfarin ár verið í vinnumennsku á Hvammi í Möðruvallaklaustursókn og var 25 ára gömul þegar hún erfir eftirfarandi muni úr búi foreldra sinna:

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
Úpprisusálmar		18
Hugvekjusálmar		34
fimmtíumarka pottur	1	00
Strokkur		40

Talsvert fyrirtæki hefur verið að flytja strokkinn og þungan steypu-járnsþottinn alla leið að Hvammi. En sennilega hefur það verið fyrirhafnarinnar virði enda voru svo stórir pottar til margs brúkanlegir. Í 25 lítra potti var til dæmis hægt að sjóða baðvatn, elda matvæli, lita klæði og þvo þvotta.²

Vissulega er erfitt að alhæfa nokkuð út frá svo takmörkuðum heimildum og að halda því fram að Guðrún eldri og yngri hafi ekki

þar árið 1777. Friðrik keypti síðan verslunina á Akureyri af Danakonungi um 1787. Fósturbörnin hjá honum voru Fredrica Lovise og Christian Carl Schubarth. Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar* 1, bls. 16, 18, 32–34. ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

1 Guðbjörg eignaðist tvö barn með Rasmus Lynge á þeim árum sem hann var giftur á Akureyri. Hann gengst þó ekki við fyrri barninu fyrr en síðar. ÞÍ – Hrafnagil BC/3 – BC/4 Sóknarmannatal 1785–1804, Prestsþjónustubók BA/3 1785–1818.

2 50 marka pottur tók 25 lítra. Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslensku torfbájunum*, bls. 8.

verið læsar, því þær fengu enga bók, er ekki skynsamlegt. Mögulega lágu aðrar ástæður að baki sem vert er að skoða. Til dæmis virðast flestar bækurnar hafi horfið úr dánarbúinu á afar skömmum tíma. Þegar séra Erlendur kemur í Teig í janúar árið 1785 skráir hann í sóknarmannatalið tuttugu bækur sem þá voru til á bænum. Aðeins fimm þeirra eru taldar upp við arfskiptin svo margar bækur virðast hafa horfið á þeim tveimur árum sem líða þar til dánarbúið er skrifað upp. Hugsanlega höfðu Kristján og Guðrún yngri selt þær til að mæta útgjöldum heimilisins en sennilegri skýring er hins vegar að eitthvert af börnunum hafi tekið þær eignarhaldi. Ef til vill höfðu þau komið þeim undan af ótta við að standa uppi eignalaus við uppgjör dánarbúsins. Líklega hafa systkinin gert sér fulla grein fyrir skuldum búsins við andlát Ketils og vissu að erfitt yrði að standa skil á þeim með þeim rýra bústofni sem eftir var í Teigi.

Árið sem séra Erlendur skráir bækurnar í Teigi bjuggu báðar systur Guðrúnar yngri á bænum, þær Guðbjörg og Guðrún eldri. Þær voru hins vegar báðar fluttar inn á Akureyri þegar Ketill deyr. Hugsanlega tóku þær bækur með sér í kaupstaðinn þar sem mögulegt var að hafa vöruskipti á þeim og öðru því sem þær vanhagaði um. Bæði Guðbjörg og Guðrún eldri höfðu unnið launalaust á heimili foreldra sinna allt frá barnsaldri. Kannski voru bækurnar í þeirra augum ígildi margra ára verkalauna sem þær myndu ekki fá greidd öðruvísi.¹ Þær vissu líka að við andlát föðurins myndu þær lögum samkvæmt aðeins erfa helming á móti bróður sínum Kristjáni. Hann hafði þó ekki unnið hjá foreldrum sínum nokkur undanfarin ár heldur verið í launaðri vinnu-mennsku hér og þar um sveitina. Sama átti reyndar við um Guðrúnu yngri sem hafði einnig stundað launaða vinnu um all langa hríð.

Hér hefur verið gerð tilraun til að gera grein fyrir kjörum og lífs-afstöðu alþýðufólks út frá uppskrift á einu dánarbúi. Ég er hins vegar

1 Um mikilvægi handrita- og bókmenningar síðari alda má lesa í eftirtöldum verkum Davíðs Ólafssonar: „Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar: Rannsókn á handritamenningu síðari alda.“ *Saga* 48:1 (2010), bls. 61–97; „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson.“ *White Field, Black Seeds. Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century* (Helsinki, 2013), bls. 40–49.

þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allt þá bjóði heimildirnar upp greiningu sem er líkleg til að bregða birtu á stöðu alþýðumanna á miklu umbrotaskeiði í lífi þess á seinni hluta 18. aldar.

12. Bestu ár Guðrúnar í vinnumennsku

Eftir að skiptin á búinu voru frágengin fluttu Kristján og Guðrún yngri í burtu en Guðrún og Nikulás settust að í Teigi hjá ekkjunni. Ungu hjónin virðast hafa komið með drjúgan bústofn með sér á bæinn því ári eftir að þau taka við búsför ráðum þar eru kýrnar orðnar tvær og mjólkandi ær hvorki meira né minna en 22 samkvæmt búnaðarskýrslum. Sennilega hefur því efnahagsleg staða þeirra Guðrúnar og Nikulás ráðið meiru um að þau settust þar að en sú staðreynd að Guðrún eldri væri sú eina sem væri gift. Með þann rýra bústofn sem ekkjan átti, eftir að skuldir dánarbúsins höfðu verið greiddar, hefði jörðin aldrei getað staðið undir sér.

Þau Guðrún yngri og Kristján fluttu ekki langt frá móður sinni því Kristján gerist ráðsmaður á Syðra-Gili sem var í um kílómeters fjarlægð frá Teigi og Guðrún réðst sem bústýra að Klúkum sem var næsti bær sunnan við Teig. Á Syðra-Gili bjó frænka þeirra, Guðrún Jónsdóttir en þau voru systkinabörn. Húsmóðirin á Syðra-Gili var þá nýorðin ekkja og rak búið ásamt börnum sínum.¹ Bóndinn á Klúkum hét Jón Guðmundsson en einnig hann hafði misst maka sinn í móðuharðindunum og bjó einn á bænum ásamt stálpuðum börnum sínum þeim Jóhannesi 17 ára og Krístrúnu sem var árinu eldri.² Séra Erlendur skrifar að Jóhannes sé pasturslítill en hið sama átti líklega

1 Guðrún Jónsdóttir (1739) var dóttir Guðnýjar Hallgrímsdóttur hálf systur Guðbjargar móður Kristjáns.

2 Jón Guðmundsson (1735) eignaðist 11 börn með eiginkonu sinni Hallfríði Jónsdóttur (1728) Hallfríður er sögð hafa verið vel gefin og skýr.

við um bóndann ef marka má önnur gögn séra Erlends. Í árlegum skýrslum hans um ásigkomulag sóknarbarnanna segir hann um fólkið á Klúkum árið 1787: Fjórir eru þar í heimili, þar af eru tveir verkfærir en hinir tveir óverkfærir.¹ Líklega voru það Jóhannes og Jón bóndi sem voru óvinnufærir því rúmu ári síðar var Jón allur. Það er engu líkara en að Guðrún hafi ráðið sig á bæinn af tómri vorkunnsemi við þessa nágranna sína. Krístrún, dóttir bóndans, var sú eina sem var vinnufær áður en Guðrún flytur að Klúkum með allt sitt hafurtask vorið 1787. Séra Erlendur skrifar í sóknarmannatalið að Guðrún sé ógift bústýra Jóns bónda og gefur þannig til kynna að hún sé að hluti til ábyrg fyrir búrekstrinum. Eins og áður kom fram var Jón bóndi líklega óvinnufær og Guðrún hefur því verið ráðin til að reka búið með aðstoð Krístrúnar. Það var reyndar töluvert algengt á árunum eftir móðuharðindin að konur stæðu fyrir búi. Samkvæmt búnaðarskýrslum úr Hrafnagilshreppi árið 1788 eru konur til að mynda skráðar fyrir fjórðungi bújarða í hreppnum.² Flestar þeirra höfðu reyndar orðið ekkjur á tímum móðuharðindanna en að svo stór hluti býla hafi árum saman verið undir stjórn kvenna sýnir að konur treystu sér til að axla slíka ábyrgð og að fólk hafi almennt vanist því að konur voru í forsvari fyrir búi.

Það var ekki stór bústofninn hjá Jóni bónda á Klúkum. Þegar Guðrún kemur þangað átti bóndinn eina kú, kálf, sex mjólkandi ær og eitt hross. Guðrún var 28 ára gömul þegar hún fór að Klúkum og séra Erlendur sagði hana lesa nokkuð á bók og að hún væri bæði fróm og hirðusöm.³ Það var síðan í mars árið 1789 sem Jón bóndi dó og heimilið var leyst upp.

Um vorið réði Guðrún sig í vist á bæinn Espihól sem á þeim tíma var virðulegt sýslumannssetur. Hjónin Jón Jakobsson og Sigríður Stefánsdóttir bjuggu á Espihóli með börnum sínum, Jakobi og Margréti.

1 ÞÍ - Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 6, 1745–1798.

2 Það voru 44 býli skráð í Hrafnagilshreppi árið 1788 og voru konur skráðar fyrir 11 þeirra. ÞÍ – Eyjaljarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

3 ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

Hjá þeim var líka ung stúlka í fóstri sem hét Valgerður Árnadóttir. Hún átti síðar eftir að verða eiginkona Gunnlaugs Briem sýslumanns.¹ Guðrún sagðist hafa verið „í mesta yfirlæti“ hjá þeim Jóni og Sigríði á Espihóli.² Jón Jakobsson hafði á þessum tíma verið sýslumaður Eyfirdinga í 23 ár en hann tók við embættinu af Þórarni Jónssyni árið 1767. Sagt var að sýslumannshjónin hefðu tekið við „örbæli“ á Espihóli þegar þau fluttu þangað árið 1769. Eftir að Jón og Sigríður eignuðust jörðina gerðu þau Espihól að einu glæsilegasta býli á Norðurlandi fyrir utan Hólastól. Jóni er lýst sem vandlátum og reglu-föstum embættismanni sem þó var miskunnsamur við nauðstadda. Hann setti meðal annars á stofn sjóð til styrktar föðurlausum börnum og fátækum ekkjum og var svo vinsæll af alþýðu að margir töldu „að eigi mundi koma jafngóður höfðingi í Eyjafjörð.“³

Sýslumannsheimilið var fjölmennt árið sem Guðrún réðist þangað í vist en 18 manns voru þá skráðir þar til heimilis. Þar af voru sjö konur í þjónustu og fimm vinnumenn.⁴ Bústofninn var líka stór á Espihóli en mjólkurkýrnar voru um 13 talsins og 90 mjólkandi ær. Vinnufólkið hefur því haft ærinn starfa við að koma mjólk í mat og þar kunni Guðrún vel til verka. Það voru líka 23 hross á Espihóli árið sem Guðrún kom þangað en af þeim voru 14 tamin. Guðrún hafði ráðið sig sem þjónustustúlku hjá sýslumannshjónunum og séra Erlendur sagði hana iðjusama og tryggja. Undir liðnum „kunnátta“ í sóknarmannatalinu stendur að Guðrún kunni 30 sálma og 16 bænir.⁵ Á þeim tíma sem Guðrún dvaldi á Espihóli sagðist hún hafa verið þéruð af öllum og fólk hafi sagt: „Komið þér sælar! Sælar verið þér!“⁶

1 Jón Jakobsson (1738) sýslumaður giftist Sigríði Stefánsdóttur (1734) en Sigríður var áður ekkja eftir Þórarinn Jónsson (1719) sem var sýslumaður í Eyjafirði á undan Jóni Jakobssyni. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. III. bindi (Reykjavík, 1950), bls. 161–162.

2 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

3 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaafir*, 1. bindi: Með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson (Reykjavík, 1881–1884), bls. 233–285 og Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 161–162.

4 *Pf* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

5 *Pf* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

6 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Guðrún virðist líka hafa borið sig vel og haft efni á að klæða sig upp því að á eftirfarandi hátt lýsir hún sér á árunum á Espihóli:

Pá var ég falleg. Pá var ég með hvíta tauma ofan með nefinu, rauða diska í kinnum, bláeygð, smáeygð, hafinbrýnd. Brúkaði vænan fald og rauðan silkiklút um höfuðið og borðalagða hempu yfir um þverar herðarnar. Allt var eftir þessu.

Alengt var að bæði vinnukonur og húsfreyjur bæru falda á höfði á 18. öld. Hárið var þá bundið upp og hvítum léreftsdúk vafið um höfuðið og fest með þrjónum. Á 18. öld fóru konur síðan að skreyta faldinn með því að binda skrautlega höfuðklúta neðan á hann. Marglitir klútar af öllum gerðum voru fluttir hingað til lands í stórum stíl og þóttu mikil prýði. Klútarnir voru dýrir og því aðeins notaðir við hátíðleg tækifæri.¹ Rauðir klútar, eins og Guðrún átti, þóttu sérlega finir einkanlega ef þeir voru úr silki. Guðrún virðist líka hafa átt borðalagða hempu en þær voru síðerma yfirhafnir sem voru yfirleitt svartar að lit. Fínni hempur voru með breiðum flauelsböndum eða heimgærðum útsaumi frá hálsmáli og niður að faldi.² Vinnufólk sýslumanns var líklega snyrtilegra til fara en annað fólk og naut meiri virðingar út á við í þessu litla samfélagi. Enda var tæplega hægt að komast ofar í vinnuhjúastétt en að vinna á sjálfu sýslumannsheimilinu og þangað hafði Guðrún Ketilsdóttir komist af eigin rammleik.

Pó að Guðrúnu sé tíðrætt um virðinguna sem hún naut sem þjónustustúlka sýslumannshjónanna reyndist sjálf dvölin á Espihóli henni líka afar lærdómsrík. Á Espihóli voru hífýlin stærri og íburðarmeiri en þau heimili sem Guðrún hafði áður dvalið á. Þar var mikið um gestakomur og því meira lagt upp úr allri matargerð. Jón og Sigríður voru til að mynda með kálgarð svo Guðrún hefur lært að rækta og verka kartöflur og grænmeti til matargerðar. Hún fékk líka góða þjálfun í að vinna matvæli úr mjólk því um svipað leyti og Guðrún bjó

1 Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart. Faldabúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar* (Reykjavík, 2013), bls. 119–120, 141.

2 Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart*, bls. 159.

á Espihóli vann Jón sýslumaður að grein um framleiðslu á mjólk-urmat sem hann birti í *Hinu konunglega íslenska lærdómslistafélagi*.¹ Líklega höfðu Jón og Sigríður unnið greinina í sameiningu því í henni taldi Jón meðal annars upp allt það sem Íslendingar framleiddu úr mjólkinni, lýsti aðferðum við framleiðsluna og áminnti landsmenn um þrifnað.² Sýslumannshjónin fengu líka marga tigna gesti sem Guðrún fékk að umgangast og matreiða fyrir úr framandi hráefnum. Maturinn á Espihóli var ekki skammtaður í tréaska heldur framreiddur á innfluttu postulíni og á sparidögum var hann bragðbættur með múskaði, kanel og kardimommum. Kaffið var líka drukkið úr postulíni og í sætabrauðið á sýslumannsheimilinu voru settar möndlur og þurrkaðir ávextir.³

Á árum sínum hjá þeim Jóni og Sigríði á Espihóli leið Guðrúnu vel. Hún naut virðingar meðal sveitunga sinna, kom vel fyrir og lærði margt.

Vorið 1791 fór Guðrún í þjónustu til ungra hjóna í Kaupangi, Páls og Ingibjargar. Páll var sonur Guðmundar Guðmundssonar bónda og hreppstjóra í Kaupangi sem sagður var auðugur og valdamikill.⁴ Guðmundur hafði gíft Rut Sigurðardóttur skáldkonu frá Ljósavatni

- 1 Jón Jakobsson, „Um mjólkur not á Íslandi.“ *Rit þess konunglega íslenska lærdómslistafélags* XI (1791), bls. 193–241.
- 2 Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð* (Reykjavík, 1999), bls. 32.
- 3 Sjá grein Hrefnu Róbertsdóttur um munaðarvöru og matarmenningu á Íslandi á 18. öld. Þar rýnir Hrefna í verslunarbækur kaupmanna og skoðar hvaða vörur Íslendingar eru að sérpanta erlendis frá. Þar má meðal annars finna ríflega tíu tegundir af kryddi og mikið af þurrkuðum ávöxtum. Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning. Pöntunarvara árið 1784.“ *Saga* 50:2 (2012). Sjá ennfreður uppskrift á dánarbúi sýslumannshjónanna Jóns og Sigríðar á Espihóli þar sem finna má postulínsmatar- og kaffistell og silfurborðbúnað. *ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri* ED2/2 Fylgiskjöl – dánarbúi.
- 4 Guðmundur Guðmundsson (1719) átti Pál (1770) með fyrri konu sinni Björgu Árnadóttur (1729) en hún hafði áður verið gift séra Birni Lauritzsyni Scheving (1710) sem var af sterkefnuðu fólki í báðar ættir. Sennilega var eitthvað af ríkidæmi Guðmundar því líka komið frá fyrri konu hans. Páll, sonur Bjargar og Guðmundar, var giftur Ingibjörgu Hallgrímsdóttur (1763). Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. I. bindi (Reykjavík, 1943), bls. 245. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* II (Reykjavík, 1995), bls. 100–102.

eftir að fyrri eiginkona hans og móðir Páls andaðist árið 1777.¹ Þegar Guðrún var ráðin í vist hjá þeim Páli og Ingibjörgu voru þau rúmlega tvítug og áttu tvö börn saman á fyrsta og öðru ári. Þau höfðu þá nýverið hreiðrað um sig á litlum parti Kaupangsjarðarinnar og réðu til sín þjónustustúlkuna frá Espihóli. Guðrún, sem hafði áratuga reynslu í bústörfum og barnauppleði, bjó nú yfir dýrmætri reynslu frá árum sínum á sýslumannsheimilinu. Af ummælum Guðrúnar að dæma virðast samskipti hennar og Páls bónda þó varla hafa einkennst af þrúðmennsku en um dvöl sína hjá þeim hjónum segir hún þetta:

Þaðan fór ég til Páls á Þórustöðum, hann átti bágt og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar og fór því til Guðmundar í Kaupangi. Hann var mér besti maður og var ég þar í mesta gengi og allir elskuðu mig, því ég kom allstaðar fram til góðs og betur gegndi.

Guðrún virðist hrökklast úr vistinni og fór yfir á bæinn til Guðmundar og Rutar sem kunnu greinilega betur að meta verkþekkingu hennar og iðjusemi. Þar líkaði henni vistin vel enda elskuð af öllum.

Þrátt fyrir hörmungarástand í sýslunni í kjölfar móðuharðindanna virðist Guðrúnu farnast ágætlega enda þjónaði hún bæði á heimilum sýslumanns og hreppstjóra. Gimbrina sem hún segir Pál bónda hafa stolið hafði hún kannski fengið að launum frá Jóni sýslumanni. En þó ástandið í Eyjafirðinum þennan fyrsta áratug eftir harðindin hafi vafalaust verið mörgum erfitt voru sýslumannshjónin ágætlega aflögufær.²

Það kemur berlega fram í ævisögunni að Guðrún var dugleg til vinnu. Á einum stað segir hún frá grasaferð sem hún fór í norður að Mývatni þar sem hún tíndi grös í níu tunnur og færði sýslumann-

1 Mikill aldursmunur var á þeim Guðmundi hreppstjóra og Rut Sigurðardóttur (1758) skáldkonu en þegar þau giftust var hann 61 árs en hún aðeins 22 ára gömul. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* II, bls. 100–101.

2 Samkvæmt búnaðarskýrslum frá árinu 1790 áttu húsbændur á Espihóli þá um 130 kindur. ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

inum.¹ Í *Íslenzkum þjóðháttum* eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili segir að grasaferðir hafi yfirleitt tekið eina til tvær vikur eftir því hversu góð grasatekjan var og þá hafi kvenfólki verið ætlað að tína fjórar tunnur grasa á viku.² Framlag Guðrúnar var því miklu meira en vinnukonum bar.

Guðrún var líka dugleg rakstrarkona en hún segir að þegar hún hafi búið á bænum Grýtu hafi hún þurft að raka þrjár engjadagsláttur á dag sem var nokkuð meira en meðalkvenmanni var ætlað.

Af sögunni að dæma virðast samskipti vinnufólks og opinberra embættismanna hafa verið nokkuð tíð. Bæði hreppstjórar og prestar í Öngulstaða- og Hrafnagilshreppi sátu lengi í embættum og mörg dæmi eru um að embættin hafi gengið í erfðir innan sömu fjölskyldu. Fólk eins og Guðrún sem bjó nánast allt sitt líf í sömu kirkjusókninni gat því eflaust orðið nánara sóknarprestinum og hreppstjóranum en misjöfnum húsbændum sem höfðu tímabundið alræðisvald yfir því. Þeir mörgu húsbændur sem Guðrún þjónaði í gegnum árin og eilífar umbreytingar á nánasta umhverfi hennar settu mark sitt á líf hennar. Guðrún lærði snemma að taka ábyrgð á sjálfri sér og vissi að til að komast af í þessu samfélagi þurfti óbilandi kjark og þor.

Þrátt fyrir hin ströngu ákvæði húsagans virðist Guðrún ekki hafa upplifað sig ofurselda valdi húsbænda sinna. Þvert á móti kemur það berlega fram í sögunni að hún hafði ýmis ráð til að komast af sem einstæðingur og taka ákvarðanir sem vörðudu hennar eigin hag. Með dugnaði og vinnusemi varð hún eftirsóttur starfskraftur og gat valið sér húsbændur. Fyrir verðmæti úr kistum sínum keypti hún sér velvild húsbænda sinna eða gerði vöruskipti ef hana vanhagaði um eitthvað. Með gimbrum sínum gat hún útvegað sér afurðir sem nýir húsbændur girntust og fyrir glæsilegan klæðaburð naut hún virðingar sveitunga sinna.

Í sjálfsævisögunni segist Guðrún oft hafa þurft að kljást við karla, gifta sem ógifta sem ólmir vildu komast yfir hana. Eftir grasaferðina

1 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 65.

norður að Mývatni segist hún hafa riðið í bað og maður hafi fylgt henni, „Þegar hann sá mig bera vildi hann fá mig til fylgilags en ég varðist brynju búin og lét hann ekki fá það.“ Vinnukonur eins og Guðrún þurftu líka að gæta þess að verða ekki þungaðar og því gátu einnar nætur kynni reynst þeim dýrkeypt. Það er að sjá á ummælum Guðrúnar að kynlíf utan hjónabands var alvörumál fyrir konur 18. aldar. Heiður þeirra var ekki aðeins í veði heldur óttuðust konur kannski mest hræðileg örlög ófæddra barna sinna. Þungaðar vinnukonur stóðu alla meðgönguna frammi fyrir þeirri staðreynd að barnið sem þær báru undir belti yrði tekið af þeim og sett í fóstur sem sveit-arbörn. Vinnulaunin dugðu ekki til að kosta uppeldi barna, jafnvel ekki vinnulaun hraustra og duglegra kvenna eins og Guðrúnar.¹

Árið 1793 eftir ánægjulega dvöl hjá þeim Guðmundi og Rut í Kaupangi fór Guðrún í vist á bæinn Siglúvík í Svalbarðssókn til ekkjunnar Guðrúnar Þórarinsdóttur. Foreldrar Guðrúnar höfðu verið bændur í Siglúvík en þegar faðir hennar féll frá tók Guðrún þar við búi og giftist Árna Hallgrímssyni sem síðar varð lögréttumaður, bóndi og útvegismaður í Siglúvík á Svalbarðsströnd.² Árni hafði dáið nokkrum árum áður og Guðrún stóð nú fyrir búinu með aðstoð Ingibjargar systur sinnar. Fjórtán manns voru skráðir til heimilis í Siglúvík þegar Guðrún Ketilsdóttir kom þangað 34 ára gömul. Guðrún segir að þegar hún hafi vistast í Siglúvík hafi hún verið „beðin af mörgum en enginn vissi þetta. Þá kvað karl vísu því hann var skáldi en undirförull mjög.“

Hvað mun þessi reftarún
ræði ég um það á meðan,
enginn veit hvað ætlar hún
út eða suður héðan.

1 Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt sanfjélag 1602–1787* (Reykjavík, 1987), bls. 37.

2 Guðrún Þórarinsdóttir (1725) var frá Siglúvík en Árni Hallgrímsson (1719) frá Svalbarði. Þau eignuðst sitt fyrsta barn saman árið 1751 og giftu sig stuttu síðar. Árni var kallaður „hinn ríki“.

Út úr þessu má lesa að margir karlmenn hafi heillast af nýju vinnu-
konunni á bænum sem þó gaf lítið færi á sér. Guðrún kynntist hins
vegar ungum manni í Siglufvík sem síðar átti eftir að verða mikill
örlagavaldur í lífi hennar. En svona kemur hann henni fyrir sjónir í
fyrstu:

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra
einn var frá Hrafnagili og hét Illugi, álitlegur maður. Bauð hann
mér alla þjónustu. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, græn-
um bol, hatt og góða skó.

Það leið ekki á löngu áður en kynni þeirra tóku á sig alvarlega mynd
og allar varnir Guðrúnar brustu – hjónabandið var óumflýjanlegt.

13. Illugi Jónsson – úlfur í sauðargæru?

Ungi sjómaðurinn sem Guðrún vísar til í sjálfsævisögu sinni var ekki allur þar sem hann var séður. Guðrún lýsir honum á eftirfarandi hátt eftir að hún hafði kynnst honum betur:

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, sá bölvaður refur og hét Illugi, álitlegur maður, en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, svo var um hann. Bauð hann mér alla þjónustu en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, grænum bol, hatt og góða skó.

Illugi Jónsson var frá Kotá í Hrafnagilshreppi og var átta árum yngri en Guðrún.¹ Hann var næstelstur af fimm systkinum og hafði alla sína tíð búið í sama hreppnum. Foreldrum Illuga, þeim Jóni Illugasyni og Guðríði Magnúsdóttur, er þannig lýst í húsvitjunarbókum prestsins í Hrafnagili. Jón var talinn fáskiptinn maður og eigi fróður en Guðríður einföld, meinhæg og fákunnandi. Sjö ára gamall var Illugi vitni í stórfelldu þjófnaðarmáli í Akureyrarkaupstað ásamt 14 sveitungum sínum. Framið hafði verið innbrot í verslun kaupmannsins Níelsar Sörenssen í kaupstaðnum og stolið þaðan verðmætum. Tveir ungir drengir höfðu verið teknir til yfirheyrslu hjá sýslumanni vegna málsins, Illugi sem þá var aðeins sjö ára gamall og Flóvent Þorsteinsson níu ára. Sennilega þekktust þeir en báðir bjuggu í nágrenni við versl-

1 Illugi Jónsson var fæddur árið 1766.

unarhúsin í kaupstað.¹ Ári síðar voru foreldrar Illga sögð vera fátæk með fimm smábörn á framfæri. Þegar Illugi var tíu ára gamall var ómegðin orðin slík á heimilinu að hreppurinn þurfti að hafa afskipti af fjölskyldunni. Hann var þá settur niður á bæinn Hrafnagil hjá séra Erlendi og konu hans Guðlaugu Magnúsdóttur. Í húsvitjunarbókum Erlends kemur berlega í ljós hvaða álit presturinn hefur á Illuga sem hann hafði þekkt frá barnæsku, en allt fram til tvítugs er Illugi skráður niðursetningur á Hrafnagili.² Átján ára gömlum er honum lýst sem óstýrilátum, nítján ára sem „flysjung“ eða spjátrungi og þegar Illugi er tvítugur er hann ekki einu sinni talinn upp með vinnufólkinu á bænum heldur sagður vera hreppslimur.³ Þegar hann var 21 árs segir Erlendur að hann sé „stífsinna“ en ári síðar skráir prestur hann loksins sem vinnumann á Hrafnagili.

Illugi hefur verið við sjósókn í Sigluvík sumarið 1793 þegar hann kynnist Guðrúnu. Hún varð ástfanginn af honum þetta sumar og í sjálfsævisögunni segir hún frá tilhugalífi þeirra:

Þá kom tilhugalífið með okkur Illuga. Ég átti fimm kistur, þar var meira í þeim en myrkrið tómt. Í einni voru rúsínur og laumaði ég í hann af þeim því ég hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi.

Um haustið fluttu Illugi og Guðrún saman að Kristnesi í Hrafnagilshreppi til hjónanna Bjargar Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar.⁴ Þegar Guðrún og Illugi búa í Kristnesi virðist sem Guðrún hafi verið efnaðri en Illugi því í janúar árið 1794 má sjá í húsvitjunarbók

1 Samkvæmt dómaskýrslum bjó Flóvent þá á Hamarkoti og Illugi á Kotá. *ÞÍ* – Eyjafjarðarsýsla GA/2 Dómabók Eyj. IV. B. 09 1771–1788.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

3 Samkvæmt orðabók þýðir flysjungur hvikull maður; flagari; spjátrungi. *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Árni Bødvarsson (Reykjavík, 1997), bls. 227. *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

4 Björg Guðmundsdóttir (1760) var dótturdóttir Guðrúnar og Odds á Rútsstöðum sem voru nágrannar Guðbjargar, móður Guðrúnar þegar hún bjó á Sámstöðum. Eiginmaður hennar var Jón Guðmundsson (1756).

séra Erlends að Illugi var skráður vinnumaður í Kristnesi en Guðrún húskona.¹

Gísli Gunnarsson, sagnfræðingur, segir að húsfólk hafi verið nokkurs konar millihópur bænda og vinnufólks; það bjó ekki í eigin húsum heldur í húsum bænda en átti að öðru leyti „með sig sjálf“, það bar sjálft ábyrgð á framfæri sínu og réð vinnu sinni.² Líklega átti Guðrún því einhverjar kindur á þessum tíma sem hún lagði til með sér eða önnur verðmæti sem bætt gátu stöðu hennar á bænum.

Í Kristnesi bjuggu þau Illugi aðeins í eitt ár og virðist sem Guðrúnu hafi ekki líkað þar vistin. Svona lýsir hún framvindunni:

Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi og átti ég þó súrtunnu um haustið og margt þar niðrí. Björg stal öllu steini léttara og allt var í laumi þeirra á millum. Þá fór hann í sitt hórurí og fór stelpu af stelpu en ég mátti slama og þegja og ergist hvur með aldrinum. Beislið týndist. Tvær brauðkökur gaf ég þá og feitt á milli. Fann ég prófast. „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en ég kvað nei við því ég meinti hann væri að tala um lyklana.

Guðrún hefur bersýnilega flutt súrtunnuna með sér í Kristnes og nú var tunnan stútfull af hverskyns góðgæti eftir sláturtíðina. Af ummælum Guðrúnar að dæma bar Björg í Kristnesi ekki mikla virðingu fyrir eigum vinnufólksins. En hún var húsmóðirin á bænum og því var enginn hægðarleikur fyrir Guðrúnu að ásaka hana um stuld úr tunnunni eða meint framhjáhald með Illuga. Hins vegar þurfti Guðrún að bæta fyrir hvarfið á beislinu með dýrmætu góðgæti úr kistunum sínum. Ofaná það bættist síðan kvensemi Illuga sem bersýnilega hefur sært hana djúpu hjartasári. Kramin á hjarta leitaði Guðrún huggunar hjá sóknarpresti sínum á Hrafnagili, séra Erlendi, þeim sama og hýst hafði Illuga á heimili sínu frá unga aldri. Hann þekkti kauða sennilega betur en margur og taldi engan geta bjargað flysjungnum nema himnafaðirinn sjálfur.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

2 Gísli Gunnarsson, *Upp er bœðið Ísaland*, bls. 31.

Guðrún virðist samt fyrirgefa Illuga hliðarsporið með Björgu því um vorið bindast þau heitum við hvort annað.¹ Það var Erlendur sjálfur sem staðfesti trúlofun þeirra og skráði hana í prestsþjónustubók Hrafnagilsprestakalls. Líklega voru þau nýbúin að ráða sig í vist að Grund í Grundarþingum því það var hreppstjórinn og bóndinn á Grund, Sigurður Gunnarsson, sem var svaramaður Illuga.² Svaramaður Guðrúnar var hins vegar Kristján bróðir hennar sem þennan sama dag trúlofaðist frænku sinni og barnsmóður í Syðra-Gili, Margréti Jónsdóttur.³ Margrét var dóttir ekkjunnar á Syðra-Gili og nú tók unga parið þar við búsförráðum. Þau Illugi og Guðrún fluttu nýtrúlofuð á Grund í Grundarþingum þar sem þau giftu sig um sumarið eða hinn 19. júlí 1794.⁴ Það hefur líklega verið séra Jón Jónsson sóknarprestur í Grundarsókn sem gaf þau saman en finna má staðfestingu á hjúskap þeirra í prestsþjónustubók Grundarþinga.⁵ Þar segir meðal annars að þau Guðrún Ketilsdóttir og Illugi Jónsson séu búandi á Grund og að þetta sé „beggja þeirra fyrsta hjónaband“.

Árið sem Illugi og Guðrún fluttu að Grund voru 16 manns þar í heimili. En Sigurður hreppstjóri og Sigríður kona hans áttu þá sex börn á lífi sem öll bjuggu hjá foreldrum sínum, það elsta var þá 14 ára gamalt. Þrátt fyrir ómegðina voru hjónin ágætlega stæð og ekki hefur börnin skort mjólkurmat því í fjósinu voru fimm mjólkurkýr. Samkvæmt búnaðarskýrslum áttu þau líka vel á annað hundrað kindur þar af 88 mjólkandi ær. Vinnufólkið á Grund átti líka kindur en þetta árið má finna nákvæmar upplýsingar um búfé lausafólks og vinnumannna í búnaðarskýrslum. Þar kemur til að mynda í ljós að vinnumaðurinn Illugi á Grund á kindur og líka vinnukonurnar á bænum, sem ekki eru þó nafngreindar sérstaklega.⁶ Þar sem Illugi og Guðrún

1 Þau trúlofast þann 22. maí árið 1794. *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BA/2 Prestsþjónustubók 1785–1816.


2 Sigurður Gunnarsson (1753) var giftur Sigríði Jónsdóttur (1754).

3 Margrét Jónsdóttir (1763) og Kristján höfðu þá eignast dóttur saman tveimur mánuðum áður.

4 *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BA/2 Prestsþjónustubók 1785–1816.

5 Séra Jón Jónsson (1719) var prestur í Grundarþingum frá 1758–1795.

6 Vinnukonurnar hafa sennilega verið tvær eða fleiri því samkvæmt ársskýrslum sókn-



Mynd 10 – Hér má sjá staðfestingu á hjúskap Guðrúnar Ketilsdóttur og Illuga Jónssonar árið 1794 undir liðnum „Egtavígðir“ í prestskjónustubók Grundarþinga. Þau eru þar sögð búandi á Grund og presturinn skrifar að þetta sé „beggja þeirra fyrsta hjónaband.“

voru á þessum tíma orðin hjón hafa framtaldar eigur þeirra, samkvæmt venju, verið skráðar saman á eiginmanninn. Illugi var skráður fyrir 19 kindum þetta árið, þar af átta mjólkandi.¹ Hann finnst líka borga búlausra tíund á Grund fyrir sama ár. Það má segja að þetta fyrsta ár Illuga og Guðrúnar í hjónabandi hafi byrjað vel enda 19 kindur nokkuð álitlegur bústofn hjá nýgiftum hjónum. Ekki er þó ólíklegt að féð hafi að mestu leyti komið úr eigu Guðrúnar, enda hafði hún verið í vinnumennsku síðastliðin tuttugu ár og átt kindur nánast frá upphafi. Illugi hafði aftur á móti verið niðursetningur á heimili séra Erlendar allt frá barnsaldri og hafði í raun aðeins starfað í vinnumennsku í örfá ár áður en hann kynnist Guðrúnu. Fyrsta árið sem þau búa saman sem þau var árinu áður í Kristnesi en þá var hún skráð þar í húsmennsku en ekki hann. Samkvæmt því hljóta eignir Guðrúnar á þeim tíma að hafa verið umtalsvert meiri en Illuga.² Samkvæmt búnaðarskýrslu frá árinu 1794 virðist hafa verið nokkuð algengt að vinnukonur ættu kindur. Almennt var búfénaður vinnufólks

arprestans voru sjö verklærir heimilismenn á bænum. Það voru þá húsbændur, Illugi og Guðrún og þrír aðrir. ÞÍ – Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 5. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798. Vinnukonurnar átta samanlagt tvær mjólkandi ær og tvö lömb.

1 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

2 Reyndar er ekki alltaf talið fram sérstaklega fé vinnufólks í búnaðarskýrslum svo það er hugsanlegt að kindur Guðrúnar árið 1793 í Kristnesi hafi verið taldar saman með fé Bjargar og Jóns, húsbænda í Kristnesi.

ekki skráður sérstaklega í búnaðarskýrslur en árið 1794 er listi yfir eignir vinnu- og lausamanna í einhverjum sóknum í Vaðlasýslu. Þar eru nafngreindar nokkrar vinnukonur sem eiga allt frá tveimur og upp í níu kindur hver. Vinnukonurnar í Hraungerði áttu þá til dæmis 19 kindur og Ólöf vinnukona á Stokkahlöðum átti níu kindur og einn hest.¹ Gróa var líklega óvenju vel stað húskona en hún var í Teigi þetta árið með eina mjólkurkú og þrjár mjólkandi ær.²

Færa má ágætis rök fyrir því að efnahagslegar ástæður hafi ráðið nokkru um makaval Illuga enda var Guðrún álitlegt konuefni. Af sjálfsævisögunni að dæma var hún bæði kjörkuð og dugleg og samkvæmt vitnisburði sóknarprests var hún vinnusöm, gagnleg, hirðusöm og fróm. Í tilfelli Guðrúnar virðist ástin hins vegar hafa ráðið mestu, að minnsta kosti virðist ekkert hafa gerst sem neyddi hana í hjónabandið. Hún var hvorki þunguð eftir Illuga þegar þau ákváðu að trúlofa sig né þegar þau giftu sig nokkrum mánuðum síðar. Þegar þau hófu sambúð var Guðrún ágætlega stödd fjárhagslega. Hið sama er ekki hægt að segja um mannsefni hennar því Illugi var blásnauður vinnumaður og ekki líklegur til mikilla afreka. Þrátt fyrir ótryggð hans með Björgu húsfreyju í Kristnesi að ógleymdu „hóru rí“ hans frá stelpu til stelpu ákvað Guðrún að giftast manninum sem hún elskaði.

Líklega var það ekki af eintómri ást sem Guðrún ákvað að giftast Illuga á þessum tíma. Ekki er ólíklegt að henni hafi fundist hún standa á ákveðnum tímamótum. Hún var orðin 34 ára gömul og hafði nánast alla tíð unnið á heimilum annarra. Það hlýtur að hafa freistað hennar að hefja sjálf búskap. Staða húsfreyju var líka öruggari og virðingarverðari en vinnukonu. Guðrún hafði þar af leiðandi val um að líta framhjá göllum Illuga og giftast honum, eignast börn og skapa sitt eigið heimili. Eða að festast í vinnuhjúastétt og enda ævina sem niðursetningur á framfæri hreppsins.

Illugi og Guðrún dvöldu aðeins eitt ár á Grund en vorið 1795 voru

1 Ólöf var barnlaus og hafði aldrei verið gift.

2 Gróa Þorleifsdóttir (1755) átti tvær dætur sem hún var með í vinnumennsku eftir að hún missti eiginmanninn. Hún var með Ingvaldi dóttur sína í húsmennsku hjá Guðrúnu eldri í Teigi árið 1794. *Þf* – Hrafnagil, BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

þau farin úr Grundarsókn og réðu sig í húsmennsku á Stokkahlöðum í Hrafnagilssókn hjá þeim Guðmundi Jónssyni og Guðrúnu Tómasdóttur. Illugi og Guðrún höfðu þá verið gift í eitt ár og áttu von á sínu fyrsta barni. Það voru tvö bú á jörðinni. Á öðru bjuggu hjónin Guðrún og Guðmundur ásamt Elínu, dóttur húsfreyju af fyrra hjónabandi. Elín var orðin 24 ára gömul og var sögð vera vinnukona á bænum í sóknarmannatali. Guðrún Ketilsdóttir var líka titluð vinnukona en Illugi var skráður í húsmennsku á Stokkahlöðum. Ástæðan var sú að þar sem Illugi og Guðrún voru núna í hjónabandi voru sameiginlegar eigur þeirra gefnar upp á Illuga svo hér eftir yrði það hann sem fengi stöðuheitið *húsmadur*. Á heimilinu var líka fjögurra ára gamalt tókubarn sem hét Sigurður Bárðarson en hann var sonur Sigríðar Egilsdóttur frænku Guðrúnar Ketilsdóttur.¹ Kannski að Sigurður litli hafi verið þar á framfæri Guðrúnar Ketilsdóttur frænku sinnar þar sem hann er skráður í sóknarmannatalið beint undir nafni hennar og Illuga. Við nánari skoðun reyndist Sigurður litli hins vegar vera þar á framfærslu húsbænda á Stokkahlöðum.² Ekki er samt ólíklegt að drengurinn hafi verið á bænum vegna tengsla sinna við Guðrúnu og að hún hafi hugsað um hann því yfirleitt voru ung börn ekki send í fóstur til vandalausra heldur önnuðust þau ættingjar eða vinir innan hreppsins.³ Á hinu búinu voru fyrri húsbændur á Stokkahlöðum, sem nú höfðu minnkað við sig líklega sökum aldurs. Það voru þau Sigurður Magnússon og Elín Þorgeirsdóttir. Þau höfðu aldrei eignast börn saman en hokruðu á litlum jarðarparti með eina kú og fjórar mjólkandi ær.⁴

- 1 Sigríður Egilsdóttir (1765) var dóttir Guðrúnar Hallgrímsdóttur sem var systir Guðbjargar Hallgrímsdóttur. Þær voru því systradætur.
- 2 Samkvæmt búnaðarskýrslum 1795 eru fjórir heimilismenn taldir á framfærslu Guðmundar bónda á Stokkahlöðum en aðeins tveir á framfærslu Illuga á sama stað. *ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865*.
- 3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og Samfélag*, bls. 241–243.
- 4 Guðrún Tómasdóttir (1737) hafði verið gift áður og var ekkja þegar hún kynnist Guðmundi Jónssyni (1759). Mikill aldursmunur var á þeim hjónum en Guðmundur var 22 árum yngri en Guðrún. Þau eignuðust eitt barn saman en sambúð þeirra var erfið og þau skildu. Elín Þorgeirsdóttir (1739) og Sigurður Magnússon (1732) voru barnlaus en Sigurður hafði átt börn með fyrri konu sinni.

Guðrúnu og Illuga farnaðist vel að minnsta kosti óx bústofn þeirra á milli ára. Nú áttu þau kálf, 12 kindur, þar af átta mjólkandi og reiðhest. Kindunum hafði að vísu fækkað frá fyrra ári en sennilega höfðu þau fengið kálfinn og hestinn í skiptum fyrir þær sem nú vant-
aði. Þau átti von á sínu fyrsta barni þetta árið og hafa eflaust viljað eignast eigin mjólkurkú en kúamjólk var algengasta fæða íslenskra ungbarna á 18. öld þar sem konur áttu erfitt með að brjóstala börn sín. Danski læknirinn Schleisner, sem kom til Íslands á 19. öld til að kanna barneldishætti Íslendinga, taldi að hvergi í hinum siðmenntaða heimi Evrópu þurfi konan að vinna eins mikið og á Íslandi. Síðan taldi læknirinn upp dagleg skyldustörf kvenna hér á landi sem að hans mati voru ærin, annast allt innandýra, sauma skótau og allan klæðnað, raka hey, annast húsdýrin, jafnvel stunda fisk- og fugla-
veiðar, uppvarta mennina á allan máta svo sem að afklæða þá að vinnudegi loknum og fleira. Þar sem óregluleg brjóstagjöf, hungur, mikið vinnuálag, áhyggjur og þreyta draga verulega úr mjólk-
urframleiðslu reyndist konum erfitt að brjóstala börn sín fyrr á tímum. Margar konur tjáðu danska læknum Schleisner vilja til að brjóstala börn sín en sökum anna við heimilis- og búreksturinn var þeim það ómögulegt.¹ Börnunum var því oftast gefin kúamjólk. Mjólkinn var gefin ný en allar mæður vildu gera vel við ungbörn sín og gefa þeim það besta sem til var í kotinu eins og eftirhreyturnar úr kúnni eða rjómann. Mjólkinni var hellt í ask og barnið látið sjúga hana upp

1 Pæter Anton Schleisner, *Island: undersøgt fra et lægevidenskabeligt synspunkt* (Kaupmannahöfn, 1849), bls. 163. Áhugaverð skoðanaskipti hafa átt sér stað á umliðnum árum milli íslenskra sagnfræðinga um brjósteldi á Íslandi. Óhætt er að segja að þar sýnist sitt hverjum. Sjá eftirtalin rit: Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the child: regional, cultural and social aspects of the infant mortality decline in Iceland, 1770–1920* (Umeå, 2002). Loftur Guttormsson, *Bermiska ungdómur og uppeldi*, einnig greinin „Barnældi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860.” *Athéfn og orð, æfmælisrit helgað Mattíasi Jónassyni áttæðum* (Reykjavík, 1983), bls. 137–169. Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio, The Infant Mortality and Acjoining Sociotal Response in Pre-Transitional Iceland*. Meddelande från Ekonomisk-historiska Institutionen 32 (Lund, 1983). Monika Magnúsdóttir, „Hnípin kona í vanda, Hugleiðingar um mæður áljánda aldar.” *Sagnir* 18 (1997), bls. 67–72. Guðný Hallgrímsdóttir, „Móðurást á 18. öld.” *Sagnir* 22 (2001), bls. 59–64. Helgi Þorláksson, „Óvelkomin börn.” *Saga* 24 (1986), bls. 79–120.

með fjöðurstaf sem fódraður hafði verið við sogendann með léreftsdulu.¹

Guðrún átti von á fæðingu barnsins í sumarbyrjun árið 1796. Eftir yfir 20 ár í vinnumennsku var hún nú loksins í þeirri aðstöðu að geta stofnað heimili og eignast börn en hún var orðin 37 ára gömul. Þegar að fæðingunni kom naut Guðrún sennilega stuðnings beggja kvennana sem hún bjó með á Stokkahlöðum, þeim Elínu Þorgeirsdóttur og Guðrúnu. Samhjálp kvenna skipti miklu máli á þessum tímum, sérstaklega þegar kom að barnsfæðingum en þá treystu sængurkonur á ættingja eða nánar vinkonur sem aðstoðuðu við fæðinguna.² Húsmæðurnar á Stokkahlöðum höfðu eflaust margsinnis aðstoðað fæðandi konur en auk þess hafði Guðrún húsfreyja eignast fimm börn sjálf. Sennilega var það Elín sem lét senda eftir ljósmóðurinni því systir hennar, Margrét Þorgeirsdóttir, hafði lengi sérhæft sig í fæðingarhjálp og bjó í næsta nágrenni við bæinn.³ Margrét ljósmóðir var þá orðin 66 ára gömul en algengt var að konur sinntu ekki ljósmóðurstörfum fyrr en á efri árum. Barnauppeldi og dagleg skyldustörf kvenna við búreksturinn gerði það að verkum að þær gátu síður yfirgefið heimilið en þær sem eldri voru og nutu aðstoðar uppkominna barna. Ljósmóðurstarfið krafðist oft langrar fjarveru frá heimilinu þar

- 1 Mæður trúðu því að börnin döfnuðu betur og yrðu hraustari af feitri mjólk og síst hefði þeim komið til hugar að gefa ungbarni sínu eitthvert vatnsblandað glundur. Sem slík hefði mjólkkin þó eflaust reynst barninu betur en hin feita mjólkurafurð sem viðkvæm meltingarfæri þess þöldu illa og leiddu oft til alvarlegra meltingarkvilla og jafnvel dauða barnanna. Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio*, bls. 8.
- 2 Schleisner lýsir barnsfæðingum hér á landi þannig: „Moderen, saa snart hun kun vel har født, overgiver sit Barn til den nærmest boende Kone, der har betjent hende ved Fødslen.“ Schleisner, *Island undersøgt frá et lægevidenskabeligt synspunkt*, bls. 158. Í bókinni *A Midwife's Tale* er að finna lýsingar á lífi og starfi amerískrar ljósmóður á 18. öld. Minningar þessar eru dagbókarbrot Mörthu Ballard, ómenntaðrar bóndakonu sem gerðist ljósmóðir á efri árum sínum. Í lýsingum Ballard má sjá að nágrannakonur eða ættingjar aðstoðuðu hina fæðandi konu. Sjá Laurel Thatcher Ulrich, *A Midwife's Tale: The Life of Martha Ballard, Based on Her Diary, 1785–1812* (New York, 1990).
- 3 Margrét Þorgeirsdóttir (1730) var gift Jóni Jónssyni (1725) en þau voru barnlaus. Margrét er skráð ekkja fimm árum áður í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar. Margrét finnst oft sem skírnarvottur í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar en þegar séra Magnús Erlendsson skírir dóttur sína Karítas árið 1790 skráir afinn, séra Erlendur í Hrafnagili, ljósmóðurina Margréti sem skírnarvott. *PÍ* – Hrafnagil, BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818.

sem fæðing gat tekið allt upp í tvo sólarhringa. Ungar mæður sem stóðu í barnauppleði voru ekki í aðstöðu til að sinna slíku starfi.¹ Læknisáhöld Margrétar voru ekki flókin en fólust að mestu leyti í blíðlegum hughreystingum og atlæti en auk þess var ekki óalgengt að ljósmæður kynnu ýmislegt fyrir sér í notkun lækningajurta til að lina þjáningar kvennanna.² Til er einstæð heimild frá þessum tíma þar sem Sigríður Jónsdóttir lýsir fæðingarhjálpi um aldamótin 1800 á Íslandi.

Þegar fæðingarhríðir hefjast er búið um konuna á gólfinu svo nærri rúmi hennar sem gerlegt er, svo auðvelt sé að hjálpa henni aftur í það að aflokinni fæðingu. Á gólfið er látin taða og yfir hana sett brekán eða vaðmál til að halda henni saman, og undir höfuð sængurkonunnar látnir svo margir koddar sem henni líkar. Þegar hún treystir sér ekki lengur að vera á stjái leggst hún í gólfhvíluna og oftast á hliðina vegna þess að hinar óyfirheyrðu ljósmæður álíta það skaðlegt að liggja á bakinu. Þegar konan er lögst sest ljósmóðirin við bak konunnar og styður lófa á hrygg hennar þar sem hún segir til og hríðarverkirnir eru sárastir.³

Það skipti fæðandi konur líklega mestu máli að finna fyrir nálægð ljósmóðurinnar, sérstaklega þær sem voru að eignast sitt fyrsta barn eins og Guðrún. Nærvera Margrétar ljósmóður veitti henni þann andlega og líkamlega stuðning sem hún þurfti á erfiðu ferli fæðingarinnar.

Sonurinn fæddist hinn 18. maí árið 1796. Ljósmóðirin batt fyrir naflastrenginn, skar á milli og barnið var sett í reifar. Konurnar á bænum önnuðust síðan hið nýfædda barn meðan Guðrún lá sængurleguna og safnaði kröftum eftir barnsburðinn.⁴ Drengurinn var

1 Martha Ballard hafði sjálf eignast nfu börn og verið viðstödd fjölda fæðinga áður en hún fór að starfa sem ljósmóðir. Á þeim 27 árum sem hún hélt dagbók aðstoðaði hún við 816 fæðingar. Ulrich, *A midwife's tale*.

2 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 330–332.

3 Lýsinguna skráði Sigríður Jónsdóttir Vídalín Örum (1753) árið 1803 en hún eignaðist dóttur árið 1786. Frásögnin er birt í *Íslenskri þjóðmenningu* 7. Ritstjóri, Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1990), bls. 158–159.

4 Ulrich, *A Midwife's Tale*, bls. 5, 11–12, 183–195.

42	Aæro	1795 og 1796	Sædder
	Sæddur þýður	Þarna Ragn Forellora	.. nafnen heimle
Jan. 17 ^o	2 ^o 2 ^o	Hallgrímur Hallgrímur	Sigurðs og Sólveig Hallsdóttur
April 14 ^o	2 ^o 15 ^o	Niels	.. Sólveig og Sólveig Hallsdóttur
Mai. 1 ^o	2 ^o	Maria	.. Sólveig og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 18 ^o	2 ^o 19 ^o	Indorin Ketill Ketilsson	.. Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 20 ^o	2 ^o 21 ^o	Christian	.. Sólveig Hallsdóttur
Sep. 20 ^o	2 ^o 21 ^o	Jon	.. Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 23 ^o	2 ^o 24 ^o	Christian	.. Sólveig Hallsdóttur
Oct. 18 ^o	2 ^o 20 ^o	Olafur	.. Sólveig Hallsdóttur
Oct. 6 ^o	2 ^o	Sigurður	.. Sólveig Hallsdóttur
Feb. 6 ^o	2 ^o	Sigurður	.. Sólveig Hallsdóttur
Mar. 18 ^o	2 ^o	Jon	.. Sólveig Hallsdóttur
Jun. 10 ^o	2 ^o	Maria	.. Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 16 ^o	2 ^o	Stephan	.. Sólveig Hallsdóttur
Jul. 23 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
Aug. 2 ^o	2 ^o 5 ^o	Kora	.. Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 27 ^o	2 ^o	Harður	.. Sólveig Hallsdóttur
Dec. 12 ^o	2 ^o 15 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
Jan. 14 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
Aug. 11 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
Sept. 22 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
1796	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
Jan. 11 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 25 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur
April 10 ^o	2 ^o	Anders	.. Sólveig Hallsdóttur

Mynd 11 – Sonur Guðrúnar og Illuga fæddist hinn 18. maí árið 1796 og var skírdur Jón. Guðrún og Illugi voru þá sögð búandi á Stokkahlöðum en skömmu síðar fara þau í húsmennsku með Jón litla að Kristnesi til Ketils Ketilsonar og Sólveigar Hallsdóttur. Hér á þessari blaðsíðu, úr prestsþjónustubók séra Erlendar, má líka finna tvær dætur Ketils og Sólveigar skírdar. Það eru þær Guðrún sem fæðist í maí 1795 og María hinn 15. júní 1796.

baðaður og skírður sama dag heima á Stokkahlöðum. Séra Jónas frá Hrafnagili segir í *Íslenskum þjóðháttum* að börn sem voru skírð á fyrsta sólarhring ævinnar hafi ávallt verið skírð við rúmstokk móðurinnar og síðan hafi verið haldin rífleg skírnarveisla í baðstofunni strax á eftir. Þangað hafi verið boðið vinum og vandamönnum og glatt hafi verið á hjalla.¹ Það var séra Erlendur á Hrafnagili sem kom á Stokkahláðir til að skíra son Guðrúnar. Hann fékk nafnið Jón sem var trúlega í höfuðið á föður Illuga, Jóni Illugasyni. Skírnavottar samkvæmt bókun prestsins voru meðal annars hreppstjórinn Gísli Hallgrímsson, sá hinn sami og verðmat dánarbúið í Teigi tíu árum áður, Margrét ljósmóðir og faðirinn sjálfur, Illugi Jónsson.² Sennilega var haldin skírnarveisla á Stokkahlöðum því Guðrún talar um veisludaginn í sama mund og hún ræðir veru sína á Stokkahlöðum og minnst fæðingar sonarins. En þann dag hafði hundur drepíð eina af ánum þeirra Illuga á Stokkahlöðum og Guðrúnu er greinilega mikið niðri fyrir þegar hún minnst þess í sögunni. Það var fjárhundur Guðmundar bónda sem drap ána. Svona segir Guðrún frá atburðinum.

Og veisludaginn átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund sem hét Tígris. Hann reif júgríð og rassgörnina úr einni ána minna. Ærin var út á Þverárdal en rassgörnin inn á Vöðluheiði. Beið hún dauðann af þessu. Versnaði Illuga af þessu því hann var þræll og fantur, nema við hórur sínar sem hann lá í.

Það er ekki gott að segja hvað Guðrún á við með að Illuga hafi versnað af þessu. Líklega meinti hún að hjónabandið hafi versnað eftir fæðingu sonarins.

Greinilegt var að sambúð þeirra var alla tíð stormasöm enda Illugi ekki við eina fjölinu felldur. Guðrún segir að Jón sonur hennar hafi verið líkur sér „með dyggð og ráðvendni“.³

Þau Guðrún og Illugi virðast flytja í burtu með nýfætt barnið því

1 Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 263.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestspjónustubók 1785–1818.

3 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Þau eru ekki talin með heimilisfólki á Stokkahlöðum í lok ársins. Árið 1797 voru þau komin í húsmennsku með Jón litla í Kristnes en ekki á bæ Bjargar og Jóns þar sem þau voru áður heldur hjá Katli og Sólveigu, bænda á öðru býli á Kristnesjörðinni.¹ Guðrún átti ekki góðar minningar frá veru sinni í Kristnesi og gat líklega ekki sætt sig við að búa aftur undir sama þaki og Björg húsfreyja. Ketill og Sólveig voru á svipuðum aldri og Guðrún og höfðu búið í Kristnesi í nokkur ár. Þau áttu sex börn saman öll undir sex ára aldri svo heimilið hefur verið ansi erilsamt. Það var líklega fengur fyrir þau Sólveigu og Ketil að fá ung og verkfær hjón á bæinn. Jafnvel þó að enn eitt krílið bættist við barnahópin skipti það heimilið litlu máli enda var nýja vinnufólkið með drjúgan bústofn til eigin framfærslu. Kálfur Guðrúnar og Illuga var orðin að mjólkurkú og nú áttu þau hvorki meira né minna en 18 kindur þar af átta mjólkandi ær og tvo tamda hesta.

Guðrún og Illugi virðast hafa verið ánægð á Kristnesi en þar bjuggu þau næstu þrjú árin með soninn. Það er erfitt að átta sig á hvenær og hvort þau Guðrún og Illugi búi í eigin húsnaði í Kristnesi. Samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar eru bæði Jón og Ketill sagðir vera búandi í Kristnesi en Illugi er hins vegar sagður vera í húsmennsku hjá Katli og Sólveigu. Árið 1799 breytist eitthvað því þá er Illugi ekki titlaður húsmaður heldur sagður búandi í Kristnesi. Mögulega voru þá orðin þrjú býli á Kristnesjörðinni. Þau Guðrún og Illugi áttu enn mjólkurkúna og hrossin tvö og höfðu bætt við sig einum kálfi og kindurnar voru 11 talsins. Í húsvitjunarbókum séra Erlendar segir hann Illuga og Guðrúnu bæði vera iðjusöm.²

Haustið 1799 flytja Guðrún og Illugi á jörðina Hof í Möðruvalla-klausturssókn þar sem þau hefja búskap í samvinnu við önnur hjón á jörðinni. Jón sonur þeirra var þá þriggja ára gamall en Guðrún var orðin fertug. Þau áttu þá ekki lengur kálfinn en höfðu teymt mjólkurkúna sína alla leið frá Kristnesi. Sennilega nýttust hrossin þeim vel við flutninginn á nýja heimilið en um töluvert langan veg var að fara

1 Ketill Ketilsson (1757) og Sólveig Hallsdóttir (1754) eignuðust tíu börn saman.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

og Jón litli aðeins þriggja ára. Búferlaflutningar gátu tekið langan tíma ef farið var um grýtta og bratta vegaslóða enda voru hestarnir oftast svo klyfjaðir að þeir áttu erfitt með gang. Úr fjarlægð litu slíkar hestalestir út eins og haugar sem liðuðust hægt eftir veginum. Guðrún og Illugi hafa pakkað búslóðinni í allrahandu kistur og kassa sem þau festu utan á hestana ásamt rúmstæðum, pottum, tunnum og verkfærum. Einhversstaðar innan um klyfjarnar á öðrum hestinum sat líklega Jón litli vel bundinn svo hann týndist ekki á ferðalaginu.

Á Hofi áttu Guðrún og Illugi 17 kindur og þar af voru 11 þeirra mjólkandi. Þó að bústofninn væri ekki stór var hann líklega passlegur fyrir þau þrjú en samanborið við Teigsheimilið má telja að þau hafi verið ágætlega sett. Guðrún eldri og Nikulás höfðu verið mun lengur í hjónabandi en Guðrún og Illugi og undanfarin 12 ár höfðu þau rekið búskap í Teigi ásamt Guðbjörgu, móður Guðrúnar. Árið 1799 voru í Teigi tvær kýr og 26 kindur, þar af 14 mjólkandi. Tveir tamdir hestar, einn ótamin og eitt folald en þau voru líka átta í heimili.

Eitthvað var til af bókum á heimili Guðrúnar og Illuga að Hofi en presturinn skráir niður átta guðsorðabækur þar í kringum 1800. Þau áttu svokallaða *Gíslapostillu* en það var húspostilla sem Gísli Þorláksson Hólabiskup þýddi og gefin var út á Hólum. Síðan áttu þau messusöngbókina *Grallarann*, *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar, *Manual*, *Umþenkingu Magister Steins*, eftir Stein Jónsson Hólabiskup, *Krosskólasálma*, *Þorláksskver* sem var lítið bænakver eftir Þorlák Þórarinsson og *Iðrunarrós* sem var ritlingur eftir Þórð Þorláksson en hann byggði á riti eftir Dominicus Beer.¹

Árið 1800 voru komnir nýir ábúendur með Guðrúnu og Illuga að Hofi. Þau hétu Flóvent Þorsteinsson og Margrét Jónsdóttir. Þau áttu son á öðru ári sem hét Jón.² Flóvent var einn af þeim er komu við

1 Annar titill á þessum ritlingi er: *Samviskunnar þröfan eður hvörninn sérhvör kristinn maður skal daglega halda reikningsskap við sjáfan sig*.

2 Flóvent Þorsteinsson (1764) og Margrét Jónsdóttir (1768) höfðu eignast annan son árið 1797 sem hér Friðfinnur en hann var ekki með þeim að Hofi. Í Manntalinu 1801 er hann skráður fósturbarn fjögurra ára gamall á Syðra-Tjarnarkoti í Munkaþverársókn. *Manntalið 1801. Norður- og austuramt* (Reykjavík, 1980), bls. 256.

sögu í hinu stórfellda þjófnaðarmáli sem Illugi var látin vitna í árið 1773. Sennilega þekktust hann og Illugi frá gamalli tíð en Flóvent hafði eins og Illugi verið hreppslimur frá unga aldri. Þegar Flóvent var 24 ára gamall skrifaði séra Erlendur í sóknarmannatalið að hann væri óráðvandur og þjófgefinn en hann hafði líka einhvern tímann starfað sem böðull.¹ Í *Manntalinu 1801* má sjá að það er tvíþýli að Hofi og bjuggu Illugi og Guðrún á öðru þeirra með soninn Jón og fósturbarn á öðru ári sem hét Jón Jónsson.² Ekki hefur tekist að finna hver átti það barn en einhverja meðgjöf hafa Guðrún og Illugi sennilega fengið með barninu frá hreppnum. Sambúð þeirra Illuga og Guðrúnar að Hofi var erfið og í búnaðarskýrslum árið 1801 má sjá að sauðfénu hafði fækkað mikið á milli ára. Áður voru kindurnar 20 talsins þar af 12 mjólkandi en núna voru þær ekki nema sjö og aðeins fimm voru mjólkandi. Kýrin hafði reyndar gefið þeim kálf og hrossið eignast annað folald en af orðum Guðrúnar að dæma var Illugi slakur búmaður. Árið 1803 voru þau flutt af bænum og höfðu þá slitið samvistir. Um búskapinn að Hofi og ástæðu þess að þau skilja segir Guðrún:

Fórum við þá að Hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu. Hann fór með það í sínar bölvaðar skuldir og sagði ég þá laust við hann. Tók hann þá af mér fötin. Hann var í 50rd skuld í kaupstað, þau hlupu á 20rd og hafði hann þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni eins og brókinni sinni.

Ekki er gott að segja hvað Illugi verslaði sér í kaupstað fyrir heila 50 ríkisdali. Skuldin var þó mjög mikil enda hærri en allar eigur Teigshjóna voru metnar á við andlát Ketils, föður Guðrúnar.³ Sennilega var Illugi farinn eitthvert í burtu með nýrri lagskonu sinni. Af orðum Guðrúnar að dæma var hann sennilega lagstur í eitthvert slark í kaupstaðnum. Eftir að þau misstu búið stóð Guðrún eftir slypp og

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Norður og austuramt*, bls. 213.

3 Dánarbú Ketils í Teigi var verðmetið á 41 ríkisdal.

snauð en Illugi hafði jafnvel selt utan af henni fötin, þ.á.m. borða-lögðu hempuna og rauða silkiklútinn hennar.¹

Það er erfitt að gera sér grein fyrir þeirri stöðu sem blasti við Guðrúnu á þessum tíma. Hún var á fimmtugsaldri, hafði þrælað alla sína tíð fyrir nauðþurftum og lendir síðan í þeirri stöðu að missa allar eigur sínar. Þrótturinn hafði dvínað og útlitið var grátt því nú stóð hún væntanlega frammi fyrir því að missa líka frá sér einkasoninn.

1 Föt Guðrúnar voru metin á 20 ríkisdali í kaupstað samkvæmt sjálfævisögunni. Hún hefur því sennilega átt nokkra alklæðnaði, sem ekki voru til hversdagnota.

14. Aftur ein

Árið sem Guðrún og Illugi brugðu búi var hún skráð sem vinnukona að Barði í Fljótum, þá 44 ára gömul.¹ Jón Ilugason, sonur hennar, var þó ekki með henni á bænum en í *Svarfdælu* segir að hann hafi alist upp með móður sinni á hrakningi. Það er hugsanlega rétt þar sem erfitt reynist að finna þau bæði á þessum árum eftir að hjónaband þeirra Illuga og Guðrúnar leystist upp.² Af sjálfsævisögunni að dæma virðist Guðrún hafa lent í hálfgerðum hrakningum með soninn eftir að hún fór frá Hofi en hún segir svo frá því ferðalagi:

Fór ég þá ein með barnið út að Barði í Fljótum var ég þar um nóttina. Þorsteinn vildi fá mig til fylgilags en ég beit hann af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi það einnig, en ég var ráðvandari en svo að ég lægi undir hverjum sem hafa vildi; Lá ég þá úti á Klaufabrekkum vorlanga nóttina í sólskini og sunn-anvindi, aðkomin dauða – Guðbjörg gaf mér svarta brauð að endurnæra mig. Fór ég þá í Eyjafjörð minn.³

1 *ÞÍ* – Barð í Fljótum BC/3 Sóknarmannatal 1784–1831.

2 Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* 2 (Reykjavík, 1978), bls. 297.

3 Hér er tekið upp úr handriti *ÍB* 841 8vo en þar segir að Jón hafi farið með Guðrúnu út að Barði. Í öllum handritum sem til eru af sögunni nema handriti *ÍB* 883 8vo kemur fram að Jón hafi farið með henni. Einnig kemur það fram í útgáfu sögunnar í *Grímu*. Handrit *ÍB* 883 8vo segir að Guðrún hafi aðeins farið þangað sjálf. *ÍB* 841 8vo – Samtíningur, safnað af Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum. Sóknarmannatöl í Hrafnagilssókn eru afar illa færð á þessum árum en segja má að um einskonar minnisblöð prestsins sé að ræða frekar en eiginlegt manntal. Jón Ilugason er þó ekki að finna í sóknarmannatali Hrafnagils árið 1804. *ÞÍ* – Hrafnagil BC/4 Sóknarmannatal 1799–1804.

Barð í Fljótum var prestsetur en þar bjó sóknarpresturinn Jón Jónsson sem þjónaði á þeim tíma bæði Barðssókn og Holtssókn í Holtshreppi.¹ Þegar Guðrún var að Barði var þar vinnumaður sem hét Þorsteinn Sveinsson, 37 ára gamall, og var trúlega sá sem vildi fá hana til fylgilags við sig. Hamarkot var aftur hjáleiga frá Stóra Eyrarlandi í Hrafnagilshreppi og samkvæmt *Manntali 1801* hét bóndinn þar Guðmundur Pétursson, giftur maður og fimm barna faðir.² Líklega sá hinn sami er vildi fá Guðrúnu til við sig. Samkvæmt húsvitjunarbókum var þessi Guðmundur óráðsettur, ógættinn og fávís.

Á fyrstu árunum eftir skilnað Illuga og Guðrúnar virðist henni ekki vegna sérlega vel. Hún hrekst burt úr sveitinni með barnið, er berskjölduð gegn áreiti karla og þarf að sofa á víðavangi nær dauða en lífi af hungri. Hún virðist þó hafa getað leitað skjóls hjá systur sinni því í ævisögunni segir Guðrún að Guðbjörg hafi gefið sér svarta brauð að endurnæra sig. Guðbjörg varð síðar ráðskona hjá Gunnlaugi Briem sýslumanni á Grund.

Aftast í handriti *ÍB* 883 8vo er kafli sem virðist eiga heima framar í sögunni því þar eru eftirfarandi athugasemdir innan sviga á spássú: „[H]ér er kafli fyrir aftan sem hér var.“ Hugsanlega segir Guðrún þarna frá árunum þegar hún var á hrakningum eftir skilnaðinn:

Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sönnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.

Líklega á Guðrún þarna við bæinn Brekku í Skagafirði en í *Manntalinu 1801* er Þorlákur Jónsson bóndi á bænum Stórubrekku í Holts-

1 Jón Jónsson sóknarprestur (1760) hafði verið í þjónustu Árna Þórarinssonar biskups á Hólum og var líka heyrari í Hólaskóla. Hann var giftur Guðrúnu Pétursdóttur (1765) en faðir hennar var prentari á Hólum. Jón tók við embætti að Barði árið 1796 og var þar prestur til ársins 1820. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 190.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Norður og Austuramt*, bls. 249.

sókn en hann var bróðir Guðmundar í Stokkahlöðum sem Guðrún og Illugi höfðu búið hjá þegar Jón sonur þeirra fæddist.¹ Guðrún gefur í skyn að Þorlákur hafi verið óttalegur óþokki og af ummælum hennar að dæma hafði hún líklega aldrei áður þvegið jafn skítugar brækur. Á flakkinu hafði hún hugsanlega fengið tímabundið húsaskjól hjá fólki sem hún þekkti eitthvað til. Ég hef hins vegar hvorki fundið Guðrúnu né son hennar Jón Illugason í húsvitjunarbókum í Skagafirði á þeim árum sem þau hverfa úr kirkjubókunum í Öngulsstaða- og Hrafnagilshrepp. Guðrún finnst árið 1804 að Barði í Barðssókn en eftir það finnst þau hvorugt í þessum sóknum fyrr en árið 1808 að Jón er kominn á sveit í Hrafnagilshreppi. Það getur því hugsanlega verið rétt sem sagt er í *Svarfdælu* að Jón hafi verið á flækingi þessi ár með móður sinni en erfitt er að komast að því hvar þau héldu til.

Ástæða þess að Guðrún valdi að fara úr Eyjafirði með soninn kemur ekki fram í sjálfsævisögunni en hugsanlega vildi hún með því koma í veg fyrir að hann yrði tekin af henni og komið í fóstur. Þegar hún fór frá Illuga hafði hún misst allt og því trúlegt að yfirvöld hefðu tekið Jón og komið honum niður á Hrafnagilshrepp, fæðingarhrepp föðursins. Með því að flytja úr sýslunni var mögulegt að fresta málinu um óákveðinn tíma eða þar til drengurinn væri orðinn eldri.

Árið 1808 þegar Jón Illugason var orðinn 12 ára gamall finnst hann skráður á sveit hjá séra Magnúsi Erlendssyni í Hrafnagili. Magnús var sonur séra Erlends og hafði tekið við embætti föður síns þegar Erlendur andaðist árið 1803.² Hrafnagilshreppur var fæðingarhreppur Jóns og Illuga, en samkvæmt lögum átti hreppurinn að ala önn fyrir þeim ómögum sem þar voru fæddir.³ Nú var eins komið fyrir Jóni og föður hans sem ungur að árum hafði líka verið í niðursetu í Hrafnagili. Ef marka má orð Guðrúnar, móður Jóns, hafði óregla Illuga gert það

1 Þorlákur Jónsson (1749) bóndi á Stóru-Brekku var fæddur á Stokkahlöðum. Bærinn Stóra-Brekka er ekki langt frá Barði þar sem Guðrún var í vist árið 1804.

2 Magnús Erlendsson (1753) varð prófastur í Vaðlaþingi eftir föður sinn árið 1802. Páll Eggert segir í *Íslenskum æviskrám* að hann hafi þótt merkismaður en drykkfelldur, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 420.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls. 90.

að verkum að fjölskyldan flosnaði upp og sonur þeirra lenti á sveit. Jón virðist hafa verið í niðursetu í Hrafnagili í tvö ár því eftir 1809 finnst hann ekki á lista þeirra sem þiggja af sveit í Hrafnagilshreppi.¹ Sennilega var hann kominn eitthvert í vist enda orðinn 14 ára gamall. Jón fermist árið 1811 í Hrafnagilshreppi en þar sem sóknarmannatöl eru svo illa færð á þessum tíma er erfitt að finna út hvar hann bjó. Guðrún var á þeim tíma í vinnumennsku í Öngulsstaðahreppi. Árið 1810 var hún í vist á bænum Björk í Öngulsstaðahreppi og árið sem Jón fermist var hún í vinnumennsku á Stóra-Hamri í sama hrepp. Það var séra Magnús Erlendsson sem fermdi Jón Illugason og í prestsþjónustubókinni stendur að hann kunni fræðin nokkuð vel og sé stautfær í lestri. Þar stendur líka að hann hafði verið undirbúinn af presti í 3 til 4 ár. Sennilega hafði séra Magnús sjálfur hlýtt Jóni yfir fræðin árin sem hann var í niðursetu í Hrafnagili.² Guðrún virðist hafa verið viðstödd þegar Jón sonur hennar fermist því henni sárnar hve illa húsbændur hans héldu upp á fermingardaginn: „[D]áindis að var. Jón minn konfermeraður en lapþunnir voru grautarnir þar og öngvan bita fékk hann fyrir utan mat sinn.“³ Jón var síðan í vinnumennsku hér og þar í Eyjafirðinum en staðfestist í Svarfaðardal eftir tvítugt þar sem hann gifti sig. Kona Jóns Illugasonar hét Margrét Eyjólfsdóttir.⁴ Jón drukknaði í ferð til Siglufjarðar haustið 1824 þegar hann var aðeins 28 ára gamall. Um slysið má lesa í Siglfriskum annál en þar segir orðrétt. „Bátur sekkur: Bátur kollsigldist á Siglufirði, fórst þar einn maður en tveimur var bjargað. Sá sem drukknaði hét Jón“. Margrét eiginkona Jóns var barnshafandi á þeim tíma en fyrir áttu þau tvö smábörn 2ja og 4ra ára gömul.⁵ Samkvæmt ættfræðiritum var Jón

1 *HskjAk* – Hrafnagil h-10, 1 1790–1819.

2 *PÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818.

3 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr förum Jóns Borgfirðings. Hér hefur verið settur stór stafur í orðið „dáindis“ og það tengt við frammistöðu Jóns á fermingardaginn frekar en kvennafari Illuga föður hans. Í öllum handritum sjálfsævisögunnar má skilja það svo að orðið tengist Jóni Illugssyni.

4 Margrét Eyjólfsdóttir (1790) var fædd í Skagafirði.

5 Jón og Margrét eignuðust þrjú börn saman. Þan Þuríði (1829), Jón (1822) og Eyjólf Soffanías (1825).

talinn efnilegur bóndi ráðvandur eins og móðir hans sagði og í betra lagi að sér.¹

Guðrún var komin í vinnumennsku að Grund í Grundarþingum hjá Árna Jónssyni og Helgu Gísladóttur árið 1811 þegar hún var 52 ára gömul.² Hún er þá sögð kunna margt og geta lesið. Það voru komin 17 ár síðan hún og Illugi komu þangað nýtrúlofuð og giftu sig sumarið 1794. Núna kom hún þangað fráskilin og einmana. Áður höfðu margir af mektarmönnum sýslunnar búið á jörðinni en þar má nefna Þórarinn Jónsson sýslumann sem bjó á Grund frá 1740 til 1767 og séra Jón Jónsson sem var almennt kallaður „hinn lærði“ en séra Jón bjó á Grund til ársins 1785. Það var einmitt hann sem hafði gefið þau Guðrúnu og Illuga saman í hjónaband.

Árið 1813 finnst Guðrún skráð til heimilis hjá systur sinni og alnöfnu á bænum Teigi, þar sem hún hafði búið með fjölskyldu sinni í bernsku. Þá var Guðbjörg móðir hennar látin og Guðrún eldri orðin húsráðandi í Teigi ásamt eiginmanni sínum Nikulási. Kristján bróðir Guðrúnar sem bjó á Syðra-Gili var einnig látinn en hann hafði druknað árið 1802 og skilið eftir sig eiginkonu og fjögur börn á aldrinum 4 til 8 ára. Helga, systir Guðrúnar hafði líka dáið frá fjórum börnum sínum en hún var þá gift húsfreyja í Skriðu í Möðruvallasókn. Nú voru aðeins þrjú börn Guðbjargar og Ketils enn á lífi. Guðrúnarnar tvær og yngsta systirin Guðbjörg.

Guðrún staldrar stutt við hjá eldri systur sinni í Teigi en samkvæmt sjálfsævisögunni segist hún hafa verið sett yfir „kot skómakarans“ sem var bæði „guðlaus maður og skammaktugur“. Tvö býli í Öngulsstaðahreppi báru orðið kot í nafninu en það voru Syðra-Tjarnakot og Ytra-Tjarnakot.³ Guðrún finnst þó ekki skráð í hreppnum

1 Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* 2, bls. 297.

2 *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BC/1 Sóknarmannatal 1797– 1836. Árni Jónsson (1763) og Helga Gísladóttir (1764).

3 Guðrún segir að skósmiðurinn í Koti hafi óskað að sá gamli kæmi og hengdi hana í Goðafossi. Fossinn þar sem árnar Þverá og Mjaðmá koma saman og falla niður í Munkaþverá kallast Goðafoss. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1854*, Magnús Kristinsson sá um útgáfuna (Akureyri, 1972), bls. 170.

svo mögulega var hún farin áður en náðist að skrá hana þar meðal heimilismanna. Guðrún sagðist hafa lent saman við skósmiðinn. „Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagði fantinn.“ Hreppstjórinn sem þá bjó á Syðra- Laugalandi var Sigfús Jónsson en hann hafði ætíð reynst góður við Guðrúnu. Þar fékk hún hákarlsbita og var útvegað ný vist á bænum Grýtu í Öngulsstaðahreppi.

Heimilsfólk á Grýtu það árið voru þau Kristján Magnússon og Krístrún Halldórsdóttir. Þau áttu þá sex börn á aldrinum 9–19 ára og bjuggu fimm þeirra heima.¹ Samkvæmt sóknarmannatali hefur Guðrún komið þangað árið 1813 því í sóknarmannatali árið 1814 stendur, “Fólk frá næstl. ári – Guðr. Ketilsd. húskona.”² Hún var nú 55 ára gömul og virðist aftur hafa náð að koma undir sig fótunum eftir skilnaðinn við Illuga. Hún var skráð húskona á bænum og hafði því sennilega eignast einhverjar kindur. Í ævisögunni sagði hún Helgu á Grýtu hafa farið seint á fætur „og mátti ég raka þrjár engjadagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir.“ Helga var 15 ára dóttir hjónanna á Grýtu og átti síðar eftir að verða prestsfrú og yfirsetukona í Þingeyjarsýslu.³ Af ummælum Guðrúnar að dæma var hún enn fullfær um að sinna erfiðri útivinnu. Það sem duglegum sláttumanni bar að slá á einum sumardegi var kallað engjadagslátt og samsvaraði 40 föðmum á hvern veg. Fullgildri vinnukonu var hins vegar ætlað að raka hey eftir tveimur sláttumönnum á dag samkvæmt lögum.⁴ Jónas frá Hrafnagili segir að sláttumönnum hafi verið illa við að konur væru mjög nærri þeim í slægjunni og oft hafi myndast keppni milli sláttumanna og þeirra kvenna sem rökuðu á eftir þeim. Vinnukonur sem náðu að raka mjög nærri sláttumönnunum kölluðu það að „raka þá upp að rassi“ eða að „skeina um rassinn á þeim“ og jafnvel að „gelda

1 Kristján Magnússon (1766) og Krístrún Halldórsdóttir (1772).

2 *ÞÍ* – Munkaþverá BC/2 Sóknarmannatal 1800–1832.

3 Helga Kristjánsdóttir (1799) giftist Jóni Jónssyni (1772) en hann var konrektor á Hólum og síðar prestur á Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Hann var faðir Guðnýjar skáldkonu frá Klömburum.

4 *Alþingisbækur* X, bls. 561–563.

þá“.¹ Guðrún hefur sennilega oft náð að skjóta eyfirskum sláttumönnum ref fyrir rass.

Eftir veru Guðrúnar á Grýtu er erfitt að rekja hvar hún var vistuð. Sóknarmannatöl í Munkaþverársókn eru illlæsileg frá þessum árum og oft hefur prestur aðeins hripað niður skírnarnöfn sóknarbarna sinna. Sennilega voru þetta annasamir tímar hjá séra Magnúsi Erlendssyni sem þá var tekinn við embætti. Magnús var aðeins tvítugur að aldri þegar hann útskrifaðist úr Hólaskóla.² Fáum árum síðar þegar hörmungar Skaftárelda geisðuðu á Norðurlandi gerðist hann aðstoðarprestur hjá föður sínum á Hrafnagili, séra Erlendi. Árið 1796 tók hann við Munkaþverársókn og þegar faðir hans lét af embætti árið 1802 þjónaði Magnús báðum sóknunum í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum allt til ársins 1836. Sömu fedgar þjónuðu því í Hrafnagilsprestakalli í ein 40 ár samfelld. Ennfremur störfuðu þeir hvor á eftir öðrum sem prófastar í Vaðlaþingi samanlagt í hartnær 70 ár.

Fyrir tilviljun fannst heimild um að Guðrún hafi dvalið hjá sýslumanni Eyfirðinga á Grund árið 1817. Staðfesting þess fannst í dagbók Ólafs Eyjólfsssonar frá árinu 1817. Ólafur var skrifari sýslumannsins á Grund og hélt þá dagbók yfir gestakomur o. fl. í Eyjafirðinum í tíð Guðrúnar.³ Árið 1817 virðist Guðrún Ketilsdóttir hafa verið „hýst“ á bænum en samkvæmt dagbókum Ólafs dvaldist hún oft á Grund á ferð sinni um sveitina. Guðbjörg systir Guðrúnar var vinnukona á sýslumannsheimilinu á þessum árum svo hugsanlega var Guðrún að heimsækja hana.⁴

Sýslumaðurinn sem þá bjó á Grund var Gunnlaugur Briem einn af merkustu sýslumönnum Eyfirðinga. Þegar Gunnlaugur kom heim til Íslands eftir 11 ára námsdvöl í Danmörku gerðist hann lögsagnari hjá Jóni Jakobssyni, sýslumanni á Espihóli. Þar kynntist hann Valgerði Árnadóttur systurdóttir Jóns sýslumanns sem þótti hin sköruleg-

1 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 81.

2 Magnús Erlendsson (1758) giftist Ingibjörgu Sveinsdóttur (1755) sem var dóttir Sveins Sölvasonar lögmans.

3 Ólafur Eyjólfsson (1737) var skrifari sýslumanns.

4 Lbs 1343–1347 – Dagbækur Ólafs Eyjólfsssonar á Laugalandi.

asta kona.¹ Valgerður hafði þá lengi búið á Espihóli hjá þeim Jóni og Sigríði eða allt frá því Guðrún Ketilsdóttir var þar í þjónustu í kringum 1790. Þá var Valgerður aðeins barn að aldri en mundi trúlega vel eftir Guðrúnu. Valgerður og Gunnlaugur giftust árið 1800 og bjuggu á bænum Kjarna í Hrafnagilshreppi frá árinu 1807–1815 en fluttu síðan yfir á Grund þar sem þau bjuggu til æviloka.² Í ferðabók Þjóðverjanna Thienemanns og Gunthers er lýst húsakosti á Grund á dögum Gunnlaugs og Valgerðar í kringum árið 1820 eða þegar Guðrún kemur þangað í heimsókn til Guðbjargar systur sinnar:

Kammerráð Briem situr að Grund, sem er um það bil 3 mílur frá Akureyri, inni í dalnum. Er þar byggt að landsvenju, en þó vandað hið bezta til alls. Bærinn er hlaðinn úr grashnausum, en veggirnir eru sléttir utan og fara vel. Íbúðarherbergi eru þiljuð innan og olíuborin, sem nauðsynlegt er vegna rakans. Yfir dyrum hússins eru snjallar áletranir, sem herra Briem hefur sjálfur skorið fallega í tré og lýsir vel hugarfari hans. Yfir einum dyrunum stendur til dæmis þetta á þýzku: „Ekki skrautlegt heldur snoturt, ekki dýrt heldur blátt áfram“. Skammt frá húsinu er grænmetisgarður, þar sem ræktaðar eru kartöflur, kál og rófur.³

Þessum erlendu gestum er einnig tíðrætt um Valgerði sýslumannsfrú sem þeir segja vera afbragðs eiginkonu og móður og af fallegu andliti hennar ljómi hjartagæska, einlægni og hreinlyndi.⁴ Gunnlaugur var sýslumaður Eyfirðinga allt til dauðadags árið 1834.

Guðbjörg Ketilsdóttir, systir Guðrúnar hafði verið þjónustustúlka hjá Gunnlaugi og Valgerði síðan þau bjuggu á Kjarna. Sennilega hefur Guðbjörg reynst þeim hjónum vel því árið 1821 er hún enn á Grund

1 Valgerður Árnadóttir (1779).

2 Páll Eggert, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210–211.

3 Íslensk þýðing í bók Benjamíns Kristjánssonar, *Eyfirðingabók, Sögur frá umliðnum öldum* I (Akureyri, 1968), bls. 129, tekið úr Friedrich August Ludwig Thienemann, *Reise im Norden Europas, vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821*. Gunnlaugur sýslumaður hafði numið höggmyndasmíð í 6 ár erlendis áður en hann fór í lögfræði. Páll Eggert, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210.

4 Íslensk þýðing í *Eyfirðingabók* I, bls. 130.

Mynd 12 – Valgerður Árnadóttir (1778–1872) var fædd á Breiðabólstað á Skógarströnd. Hún var dóttir Árna Sigurðssonar þrúfasts í Snafellsnesþrúfastsdæmi og Kristínar Jakobsdóttur sem ól 14 börn. Valgerður var húsfréyjja á Espihóli og eignaðist hún tíu börn með eiginmanni sínum, Gunnlaugi Briem. Valgerður átti sitt eigið bókasafn með um eitt hundrad bókum sem þótti mikið á þeim tíma. Á handritadeild Landsbókasafnsins er að finna eiginhandarrit Valgerðar undir safnmarkinu Lbs 607 8vo.

Heimild: Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi.“ *Handrita-sýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld* (Reykjavík 2011), bls. 329 og 335.



og er þá orðin ráðskona á bænum. Ekki er ósennilegt að hún hafi reynst þeim betur en Hallgerður vinnukona sem sýslumannshjónin skrifuðu svo fallega um árið 1814.¹ Sú sem hafði verið þeim þæg, holl, velviljuð sem og skörp til vinnu og við hana dygg, iðin og fyrirtektarsöm. Guðbjörg hafði lengi búið á heimilum kaupmanna inni á Akureyri og hafði mikla reynslu af hverskyns störfum á heimilum efnafólks.

Guðrún virðist oft hafa heimsótt systur sína á Grund því að í sjálfsævisögunni segir hún að ævinlega þegar hún hafi komið þangað hafi blessuð frúin, það er Valgerður sýslumannsfrú, gefið sér bæði mat og kaffi.² Eflaust var um margt skemmtilegt skrafað í eldhúsinu á Grund þegar Guðrúnu bar að gærði. En þó margir af tignum gestum hjónanna færðu þeim fréttir af frægum þótti Valgerði sögur Guðrúnar líklega ekki síðri. Guðrún kom víða við og hafði þjónað mörgum húsbændum. Í skiptum fyrir mat og kaffi fékk Valgerður sýslumannsfrú að skyggjast inn í einkalíf sveitunga sinna og fylgjast með því sem helst bar á góma

1 Sjá meðmæli um Hallgerði vinnukonu framar í sögunni.

2 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

í sveitinni. Guðrúnu líkar hins vegar síður við Gunnlaug sýslumann ef marka má lýsingu á samskiptum þeirra í sjálfsævisögunni:

En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvður gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvða skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það.

Ekki er ólíklegt að þessi orðaskipti Guðrúnar og sýslumannsins hafi átt sér stað árið 1817 þegar hún var hýst á Grund samkvæmt dagbók Ólafs. En á þeim árum stóð Gunnlaugur sýslumaður í miklum deilum við sveitunga sína vegna ósæmilegs kveðskapar um yfirvaldið. Um Gunnlaug sýslumann Eyfirðinga segir í *Íslenskum æviskrám* að hann hafi þótt „maður harður, óvæginn og siðavandur“.¹ Í *Eyfirðingariti* segir að sýslumaðurinn hafi átt „í höggi við ótilhlýðilegan kveðskap héraðsbúa.“² Gunnlaugur sektaði meðal annars Bólu-Hjálmar árið 1818 fyrir níðkveðlinga um sóknarprest sinn og séra Sigurð Jónsson, prest í Saurbæ, sektaði hann fyrir tvær beinakerlingarvísur um embættisbróður sinn í Möðrufelli. Skáldið Jón Þorláksson frá Bægisá var einnig sektaður í kringum árið 1813 og tvítug bóndadóttir frá Hleiðargarði, Sigríður Jónsdóttir, þurfti að greiða heila 10 ríkisdali fyrir nokkrar háðsvísur sem hún gekkst við. Greinilegt er að sýslumaður taldi það tilheyra embættisskyldu sinni að kveða niður þann ljóta ósið Eyfirðinga að tala illa um yfirvaldið.³ Því var ekki að undra að Guðrún þyrði ekki að styggja sýslumanninn með réttlátri reiði sinni.

Guðrún var síðan „hingað og þangað í vistum“, meðal annars var hún um tíma undir „regimenti“ Sigfúsar á Syðra Laugalandi en það virðist þá hafa komið í hans hlut að finna Guðrúnu dvalarstað og koma henni fyrir hjá nýjum húsbændum:

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210–211.

2 Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði.“ *Eyfirðingarit* 1 (1968), bls. 52.

3 Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði“, bls 52–64.

Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd

Sennilega hefur lásinn tapast þegar kisturnar hennar voru fluttar yfir á Syðri-Tjarnir. En það var mikilvægt fyrir Guðrúnu að geta læst kistum sínum hún vissi af biturri reynslu að engum var treystandi í þessum heimi þar sem jafnvel sjálfir húsbændurnir stálu verðmætum vinnuhjúá sinna.¹

1 Björg húsfreyja í Kristnesi stal úr súrtunnunni hennar Guðrúnar og Páll á Þórustöðum hafði af henni gráu gimbrina.

15. Og ergist hver með aldrinum

Á bænum Syðri-Tjörnum í Öngulsstaðahreppi dvaldist Guðrún hjá Sigurði Stefánssyni og Margréti Pétursdóttur á árunum 1820–1823.¹ Guðrún var þá komin á sjötugsaldur en húsbændur hennar voru bæði rétt um tvítugt og voru að hefja sín fyrstu búskaparár saman. Líklega hefur baslið verið þessum ungu hjónum erfitt því Guðrún segist ávallt muna sultinn á Tjörnum og skemmdu skammrifin sem hún keypti af Markúsi og varð svo veik af. Markús þessi sem hún átti vöruskipti við bjó ekki á Syðri-Tjörnum á sama tíma og Guðrún. Hann gæti hafa verið vinnumaður á nálægum bæ eða kannski bóndasonur sem höndlaði ólöglega með mat úr búi heimilisins. Af frásögninni má þó ráða að Guðrún gat sjálf orðið sér úti um mat þegar illa áraði hjá húsbændum hennar.

Erfitt reynist að finna Guðrúnu í sóknarmannatölum árin 1824–1825 en á þeim tíma deyr Jón sonur hennar. Árið 1826 er Guðrún komin í vinnumennsku á bæinn Sigluvík í Svalbarðssókn. Þar hafði hún einmitt kynnst Illuga rúmum þrjátíu árum áður þegar hún heillaði vinnumenn í Sigluvík. Núna voru þar húsbændur þau Jón Þórarinsson og Guðrún Þórarinsdóttir en hún var sonardóttir og alnafna Guðrúnar

1 ÞÍ – Munkaþverá BC/2 Sóknarmannatal 1800–1832. Árið 1820 er Guðrún samkvæmt sóknarmannatali í vist hjá Birni Vigfússyni sem var ekkjumaður og bjó á bænum með tveimur börnum sínum, Vigfúsi 12 ára og Guðrúnu 27 ára. Ári síðar eru Sigurður og Margrét komin á bæinn og Guðrún er skráð þar enn í vist. Sigurður Jónsson (1801) og Margrét Pétursdóttir (1799) eignuðust tvær dætur saman, þær Rósu (1823) og Helgu (1831). ÞÍ – Glæsibær BC/2 Sóknarmannatal 1817–1828.

Pórarinsdóttur sem Guðrún hafði verið í þjónustu hjá þar um árið.¹ Guðrún var í tvö ár í Siglufvík og í sóknarmannatali segir prestur hana kunna mikið og að hún sé „skröpuleg“ í hegðun. Árið 1830 finnst hún í vist í Kaupangi hjá Björgu Árnadóttur og Einari Hallgrímssyni.² Björg var dóttir hreppstjórans Árna Markússonar og Bjargar Guðmundsdóttur sem bjuggu á Kaupangursjörðinni en Einar og Björg bjuggu þar aðeins á litlum parti.³ Um veru sína hjá Einari og Björgu segir Guðrún:

Í Kaupangi var ég með allri, ævin mín þar, hún var dauf. Árni minn er að sönnu vænn maður en oft kemur svart lamb undan hvítri á og svo mátti segja þar

Greinilegt er að Guðrúnu hafði ekki liðið vel í Kaupangi en hvort hún eigi við að Björg húsmóðir hafi verið svarta lambið er ekki gott að segja. Árni faðir Bjargar var vel metinn bóndi í sveitinni og sinnti embætti hreppstjóra þar í allmörg ár.⁴ Hann átti reyndar son sem hét Markús en hugsanlega var hann svarta lambið sem Guðrún minnst á. Ef hún hafði keypt skammrifin af Markúsi syni Árna hreppstjóra voru viðskiptin á gráu svæði þar sem Guðrún mátti vita að Markús var að selja mat úr búri foreldra sinna. Hún átti því bágð með að klaga vörusvikin fyrir sjálfum hreppstjóranum.⁵ Guðrún var skráð sem létt-ingur hjá þeim Einari og Björgu í Kaupangi árið 1831 svo vinnuframlag hennar hefur verið lítils metið. Hún var orðin 72 ára gömul og var nú oftár en ekki ósátt við húsbændur sína.

1 Jón Pórarinsson (1792) og Guðrún Pórarinsdóttir (1739) giftu sig árið 1815 og tóku við búskap í Siglufvík.

2 Björg Árnadóttir (1791) og Einar Hallgrímsson (1734) áttu þá tvær dætur saman þær Sigurbjörgu og Ólöfu. *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

3 Þau Árni Markússon (1762) og Björg Guðmundsdóttir (1766) eignuðust þrjú börn saman, Björgu (1791), Markús (1795) og Ingibjörgu (1802).

4 Hugsanlega var Guðrún að tala um Björgu húsfreyju því hún var jú systir Páls bónda sem Guðrún hrakist úr vistinni frá fyrir margt löngu. Faðir Bjargar, Guðmundur í Kaupangi, hafði hins vegar ávallt verið henni mjög góður.

5 Markús Árnason (1795) var sonur Árna hreppstjóra og Bjargar en hann var því um þrítugt þegar Guðrún er á Syðri-Tjörnum. Hann var hins vegar dáið þegar hún var hjá foreldrum hans í Kaupangi. Markús giftist aldrei og var barnlaus þegar hann dó í Hrafnagilssókn.

Næsti viðkomustaður Guðrúnar voru Þórustaðir í sama hreppi og þar nýtist hún einnig til snúninga fyrir heimilisfólk. Á Þórustöðum bjuggu þá Páll og Ingibjörg sem hún hafði verið í vist hjá fyrir margt löngu.¹ Guðrún sagði þá um veru sína hjá Páli að hann hefði verið “manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar.” Eflaust hafði Guðrún lítið um það að segja hjá hvaða húsbændum hún lenti. Hún var orðin roskin og vinnulúin og fæstir höfðu ráð á að taka til sín kerlingu á áttæðisaldri, jafnvel þótt hún skaffaði einhverjar kindur með sér. Í sóknarmannatalinu segir að Guðrún Ketilsdóttir hafi komið frá Kaupangi á næstliðnu ári en hafi síðan farið að Ytri Tjörnum í Munkaþverársókn.² Hún hafði líklega aðeins stoppað stutt við á Þórustöðum enda leið henni ekki vel hjá Páli og Ingibjörgu.

Á Þórustöðum var ég með allri skömm og svívirðingu. Golmó-ötta gimbrin var allt í öllu. Hálf sögð er sagan. Jarðeplaskeppa var með og glundur. Fór ég þaðan um haustið, það var allt kaupið.

Greinilegt var að henni fannst hún hafa lagt meira til veru sinnar en hún fékk til baka með vinnuframlagi sínu því heimilisfólkið virðist hafa nýtt afurðir gimbrinnar. Enn heldur Guðrún áfram frásögn sinni af slæmum húsbændum og núna tímasetur hún veru sína í fullu samræmi við skráningar í sóknarmannatölum. Árið 1831 finnst Guðrún skráð koma frá Þórustöðum á bæinn Ytri-Tjarnir til þeirra Jóhannesar Kristjánssonar og Sigríðar Jónsdóttur.³ Árið 1832 segir í sóknarmannatalinu að Guðrún Ketilsdóttir 73 ára sé í húsmennsku á Ytri-Tjörnum. Hún var því ekki enn orðin eignalaus og átti greinilega verðmæti sem aðrir sóttust eftir. Á bænum þetta árið voru skráðir tíu heimilismenn að Guðrúnu meðtaldri. Þetta hafði hún að segja um veru sína á bænum.

1 Sjá umfjöllun hér framar í bókinni um þau Pál og Ingibjörgu á bls. 101 þegar Guðrún var í vist hjá þeim árið 1791.

2 *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

3 Jóhannes Kristjánsson (1796) og Sigríður Jónsdóttir (1801) voru bæði úr Eyjafirði en hún var seinni kona Jóhannesar. Fyrri konan dó líklega af barnsförum en hún hét Margrét Jónsdóttir (1796).

[Á] Ytri-Tjörnum. Hafði ég lítið samræði við fólk. Hann sendi hundinn upp í baðstofuna, og sinnadist mér þá. Ergist hver með aldrinum og svo fór um mig.¹

Næsta árið er Guðrún skráð á Ytri-Varðgjá hjá Magnúsi Hallgrímssyni og Þórunni Guðmundsdóttur.² Um veru sína þar hafði Guðrún þetta að segja.

Og öll Varðgjárveran mín var stundleg. Ævisaga Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu, og hana segi ég hverjum sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hefnd.

Líklega átti hún eitthvað óuppgert við Magnús húsbónda sem eflaust hafði reynst Guðrúnu illa. Þó að vinnufólk léti ýmislegt yfir sig ganga í vistinni var það óhrætt við að bera út sögur af vondum húsbændum og aumri vist. Þannig fékk vinnufólk uppreisn æru ef því fannst að sér vegið í vistinni. Magnúsi gamla á Varðgjá var líklega ekki hlíft í sögum Guðrúnar.

Árið 1834 er Guðrún aftur komin í vist í Kaupang en þar voru þá húsbændur Kolbeinn Jónasson og Ingibjörg Árnadóttir sem var dóttir fyrrum húsbænda í Kaupangi.³ Guðrún er sögð vera 75 ára húskona frá Kaupangursseli í sóknarmannatali.⁴

Samkvæmt frásögn Guðrúnar var það á þessum árum sem hún gaf séra Hallgrími brennivínið en hann hafði verið aðstoðarprestur séra Magnúsar í Hrafnagili frá árinu 1814. Guðrún virðist hafa átt erfitt með að komast til kirkju þar sem hún hafði tínt þjónasessunni sinni. Kannski reyndi hún að afsaka dræma kirkjusókn sína með því að bjóða séra Hallgrími brennivín:

1 Hér í hornklofa er settur stór stafur svo textinn „Á Ytri-Tjörnum“ sé tengdur frásögninni „Hafði ég lítið samræði við fólk.“

2 *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847. Magnús Hallgrímsson (1765) og Þórunn Guðmundsdóttir (1765) eignuðust þrjú börn saman. Þórunn húsfreyja á Ytri-Varðgjá var systir Páls á Þórustöðum og Bjargar í Kaupangi.

3 Kolbeinn Jónasson (1791) og Ingibjörg Árnadóttir (1802) áttu þá tvö börn saman fjögurra og tíu ára.

4 *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

Árið 1842.					
62.	27 ^{da} Jul.	31 ^{ta} Jul.	Sophia Jóhanna	Bondabarn	á 1 ^{ta} 777
			dóttir	frá Gröfthu	Árni
63.	27 ^{da} Jul.	31 ^{ta} Jul.	Rósa Sigurð.	Léga í bændi	78 ára 841
			andóttir	frá Þyni þínum	
				á 33, þór.	
64	14 ^{ða} Aug.	21 ^{ta} Aug.	Guðrún Hall-	Guandi gift	43 ^{ja} 298
			grimsdóttir.	Sóna á Helgár-Árva	
				feli	
65.	9 ^{ða} Dec.	17 ^{ða} Dec.	Guðrún Ketils-	Gomps Ómagi	á 84 ^{ða} 497
			dóttir	Árni	

Mynd 13 – Hinn 9. desember árið 1842 dó Guðrún Ketilsdóttir á bænum Stórhamri. Hún var þá að verða 84 ára gömul og var sögð vera hreppsómagi. Guðrún var jörðuð hinn 17. desember.

Þegar ég réðst í Kaupangssel gaf ég séra Hallgrími margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu. Þrjónasessan mín týndist, síðan náði ég aldrei sakramentinu og bágt er að róa á einni ár ef á sjó er farið.

Það er hér sem frásögn Guðrúnar virðist enda svo líklega var sjálfsævisagan skráð um þetta leyti eða eftir að Guðrún var orðin 75 ára gömul.

Árið 1834 var Guðrún síðan enn á ný komin á Ytri-Tjarnir í Munkaþverársókn til Jóhannesar og Sigríðar. Við nafn hennar stendur að hún hafi komið frá Kaupangurssemi árið 1834 og sögð vera hús-kerling. Heimilið var fjölmennt enda áttu hjónin þá sex börn. Guðrún dvaldi á Ytri-Tjörnum til ársins 1836 en fór þá á Kamb í sömu sókn. Hún var nú orðin 78 ára gömul og tveimur árum síðar var hún enn skráð á bænum. Þá er hún orðin áttæð að aldri og er sögð vera þar í niðursetu.¹ Það má vel vera að Guðrún hafi verið komin í niðursetu nokkrum árum fyrr en það er hins vegar fyrst árið 1838 sem prestur skráir hana í niðursetu í sóknarmannatali. Húsbandur á Kambi voru þá Magnús Magnússon og Ingibjörg Jónsdóttir en hjá þeim bjó Guðrún til ársins 1840.² Það ár fer Guðrún í niðursetu að Stórhamri sem var

1 Þí – Munkaþverá BC/3 Sóknarmannatal 1832–1845.

2 Magnús Magnússon (1777) og Ingibjörg Jónsdóttir (1731) bjuggu þá ein á bænum með 11 ára tókudreng.

næsti bær við Kamb. Þar bjuggu hjónin Jónas Jónasson og Sigurbjörg Pálsdóttir en hún var dóttir Páls og Ingibjargar á Þórustöðum. Guðrún dvaldi þar í tvö ár eða þar til hún dó hinn 9. desember árið 1842 þá að verða 84 ára gömul.¹

Af sjálfsævisögunni má sjá að það hefur verið erfitt líf að eldast í vinnuhjúastétt, ekki síst fyrir einstæðing eins og Guðrúnu Ketilsdóttur sem nánast aldrei hafði átt sér fastan samastað. Allt sitt líf hafði hún verið á endalausum þvælingi um sveitir Eyjafjarðar og var nú eflaust orðin lúin og þreytt á því að þjóna öðrum. Á efri árum virðist henni semja illa við húsbændur sína, er bitur og kvartar sáran undan svik-semi þeirra og virðingarleysi:

en nú segja þeir allir: „Þarna fer kerlingarskrattinn hún Guðrún Ketilsdóttir.“ Vel er ég metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvadir gárungarnir, sem ekki skeyta um guð né menn.

Guðrún var þó óhrædd við að klagu húsbændur sína ef henni fannst þeir ganga of langt í svívirðingum sínum. Það gerði hún til dæmis þegar „skómakarinn“ í Koti óskaði þess að djöfullinn kæmi og hengdi hana.

Af Illuga er það að segja að hann sést í opinberum gögnum á flandri hingað og þangað um sveitir landsins og árið 1822 barnaði hann ungu heimasætuna á Litlu Hámundarstöðum í Stærri-Árskógssókn. Þangað hafði Illugi ráðið sig í vinnumennsku árið áður og náð að heilla Arnfríði upp úr skónum.² Barnið þeirra saman fæddist hinn 19. júní og hefur kannski verið skírt í höfuðið á móður Illuga, Guðríði Magnúsdóttur. Guðríður litla lést hins vegar á fyrsta aldursári og Illugi flutti burt úr Eyjafirðinum.³ Hann var lengi í vinnumennsku í Grýtubakkahreppi en andaðist síðan hinn 5. desember árið 1842, aðeins fjórum dögum á undan Guðrúnu.

1 Jónas Jónasson (1802) og Sigurbjörg Pálsdóttir (1801) eignuðust þrjú börn saman, Guðrúnu (1827), Jónas (1833) og Sigtrygg (1840) sem var nýfæddur þegar Guðrún kom þangað.

2 Arnfríður Benediktsdóttir (1795) eignaðist aðeins þetta eina barn með Illuga.

3 *ÞÍ* – Stærri-Árskógur BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1846.

16. Hluti af stærri heild

Fyrr í bókinni velti ég upp þeirri spurningu hvers virði lítið brot eins og sjálfsævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur er þegar varpa skal ljósi á fortíðina? Einnig kom til álita hversu góður spegill slík textabrot eru yfirleitt? Með aðferðum einsögunnar hef ég nú gert tilraun til að skerpa þá mynd af lífi Guðrúnar sem finna má í sjálfsævisögunni. Með hjálp opinberra heimilda, auk hverskyns ættfræði- og byggðasögurita, hef ég reynt að fylla upp í eyður og byggja upp heilsteypta mynd af hennar eigin lífi sem og því samfélagi sem Guðrún lifði og hrærðist í. Þótt erfitt sé að skilgreina persónuleika Guðrúnar út frá svo takmörkuðum heimildum, hvað þá að alhæfa um fortíðina, er þessi rannsóknarvinna þess virði fyrir þá sök eina að hér er um einstæða heimild að ræða sem með ákveðinni aðferðafræðilegri tilraun fær nýtt líf hér á þessum síðum.

Saga íslenskra alþýðukvenna hefur hingað til að litlu leyti byggst á heimildum frá þeim sjálfum þar sem lengi var álitid að ekkert hafi varðveist af sjálfstjáningu 18. og 19. aldar kvenna úr alþýðustétt. Rannsóknir mínar hafa í fyrsta lagi leitt í ljós að töluvert meira efni er til um ævi og störf kvenna á umræddu tímabili en álitid hefur verið. Mikið af þessum heimildum eru hins vegar bortakennd og oft erfitt að rýna í samhengi þeirra. Í öðru lagi tel ég að mér hafi tekist að sýna fram á, með aðferðum einsögunnar, að hægt sé að setja fram kenningar eða tilgátur um líf íslenskra kvenna út frá fjölbreyttri flóru heimilda.¹ Allt þetta hef ég nýtt mér í þessu verki með það í huga að sýna

1 Sigurður Gylfi Magnússon segir það meðal annars hafa verið eitt af vandamálum margra sem fjallað hafa um sögu kvenna á Íslandi hve lítinn greinarmun þeir hafa gert á heimi

fram á hvernig ein kona – fátæk vinnukona – á síðari hluta 18. aldar og á fyrri hluta hinnar 19. náði að fóta sig við afar erfiðar aðstæður þess tíma.

Sagnfræðingurinn Sigríður Matthíasdóttir bendir á að með uppgangi borgarastéttar í Evrópu á 19. öld hafi fylgt aukin áhersla á sérstakt eðli kvenna sem væri órökvíst, óútreiknanlegt og veikt. Lögð hafi verið áhersla á að konur væru tilfinningaríkar en ósjálfstæðar frá náttúrunnar hendi.¹ Hér má spyrja: Endurspegla þessi opinberu viðhorf (karla) endilega sjálfsmynd íslenskra kvenna á 18. og 19. öld? Það liggur alls ekki fyrir að þetta sjónarhorn hafi skilað sér inn í íslenskt sveitasamfélag 18. og 19. aldar. Þvert á móti er eins líklegt að önnur sjónarmið hafi gilt þar vegna þess að sveitasamfélagið laut öðrum lögmálum en hið borgaralega. Þetta átti sérstaklega við um konuna og stöðu hennar í samfélaginu. Skilin milli karla og kvenna voru í reynd töluvert ólík því sem gerðist víða í hinu borgaralega samfélagi.

Í tímaritinu *Sögu* frá 1997 er að finna grein eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur sem fjallar um sjálfsmótun kvenna en þar kemur þetta fram: „Sendibréf frá 19. öld sýna að sjálfsmynd þeirra mótaðist af ríkjandi kvenímynd. Þær reyndu eftir bestu getu að standa undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar sem húsmæðra. Konur sögðust skammast sín fyrir að vilja eitthvað annað en konustörf.“² Um menntun kvenna segir Erla Hulda að stúlkur á 19. öld hafi ekki aðeins búið við stéttaskiptingu þar sem þær fátæku fengu síður bóklega menntun en hinar efnameiri heldur einnig þá staðreynd að kynferði þeirra kom í veg fyrir bóknám. Hún segir menntun kvenna hafa markast fyrst og fremst af því sem talið var gagnlegt í lífi og starfi, þ.e. hefðbundin heimilisstörf og útivinnu. Erla Hulda segir konur því almennt

millistéttarkvenna og kvenna úr alþýðustétt og tekur sem dæmi bókina *Íslandsdætur* eftir Símon Jón Jóhannesson og Ragnhildi Vigfúsdóttur. Sjá grein Sigurðar Gylfa „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 140.

1 Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík, 2004), bls. 31.

2 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, bls. 64–65.

séð ekki hafa átt nema um tvennt að velja, annaðhvort að gifta sig eða vera í vinnukonustöðu ævilangt.¹ Hafa verður í huga að kostir karla voru ekki ýkja frábrugðnir; vinnumennska eða búhokur eftir þrítugs aldurinn varð einnig hlutskipti þeirra langflestra. Í ljósi þess má spyrja: Eru þessar konur sem Erla Hulda ræðir um dæmigerðir fulltrúar íslenskra kvenna á 19. öld? Hvað merkir það að skipa sér í sveit með vinnukonum landsins? Var hlutskipti þeirra allra það sama eða má finna ólík afbrigði af kjörum þeirra og háttum?

Ég held því fram að þessum spurningum hafi ekki verið svarað að neinu marki hingað til innan fræðanna. Mynd fortíðar hefur oftan en ekki verið dregin upp með stóru strokunum og þar hafa heilu stéttirnar fengið sína einföldu staðalmynd, mynd sem hefur átt að endurspeгла líf fjöldans. Ég hygg að mér hafi tekist að sýna fram á að saga Guðrúnar Ketilsdóttur gefi ágætt tækifæri til að sýna fjölbreytta stöðu kvenna í samfélögum fyrri alda þegar aðferðum einsögunnar hefur verið beitt.

Þar sem sáralítið hefur varðveist af sjálfstjórningu alþýðufólks frá tímabilinu endurspeгла sögulegar heimildir fyrst og fremst viðhorf og hagsmuni fámennrar millistéttar. Sjálfsmýnd alþýðukvenna á 18. og 19. öld var frábrugðin sjálfsmýnd millistéttarkvenna; það er hægt að fullyrða. Í greininni „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“ fjallar Sigurður Gylfi Magnússon um ólíkar birtingarmyndir sjálfsins í samfélagi sveitanna annars vegar og hins vegar í hinu borgaralega samfélagi þéttbýlisins. Þar heldur hann því fram að mýtan um konuna og kynjaskiptinguna hafi verið mótuð af góðbændum og talsmönnum millistéttarinnar en hafi ef til vill verið framandi þeim alþýðukonum sem gengu til tilfallandi starfa sem daglegt líf krafðist.² Til að mynda birtist Guðrún Ketilsdóttir lesendum sjálfsævisögunnar ekki þjökuð af minnimáttarkennd og skorti á sjálfstrausti. Þvert á móti kemur hún manni fyrir sjónir sem sterkur og hæfileikaríkur einstaklingur með mikla réttlætiskennd sem leitaðist við að skapa sjálf eigin örlög. Með

1 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, bls. 58–59.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, bls. 168–170.

Því að beita aðferðum einsögunnar hefur tekist að staðsetja Guðrúnu sjálfa í sínum eigin tíma – samfélagi sem geymir ekki margbrotinn vitnisburð um stöðu kvenna af alþýðustétt. Með aðferðinni tel ég mig hafa opnað leið að umfjöllun um fjölmargar aðrar konur sem legið hafa óbættar hjá garði í handritasöfnum, oft gleymdar og grafnar í hugtakanotkun fræðimanna og skráningarkerfi safnanna.

Margt sem hér hefur komið fram bendir til þess að Guðrún Ketilsdóttir hafi verið atorkumikil manneskja. Samkvæmt vitnisburði presta var hún alla tíð iðin og dugleg en húsbændur hennar voru hins vegar misjafnir og henni leið ekki alltaf vel þar sem hún bjó. Guðrún var sú fyrsta af systkinum sínum sem hafði dug til að fara að heiman í vist. Hún var ung komin í þjónustu sýslumanns og afköst hennar við vinnuna voru mikil. Þegar Guðrún bjó í Teigi var vinnuframlag hennar metið til jafns á við karla og fékk hún laun samkvæmt því. Þegar hún kynntist Illuga Jónssyni átti hún töluvert af verðmætum og hún var „sjálfstæð“ í vistinni allt fram að áttæðu.

Ár Guðrúnar á Espihóli reyndust henni mjög lærdómsrík en þar tileinkaði hún sér þekkingu og færni sem gerðu hana að eftirsótttri vinnukonu sem naut virðingar hreppsþúa. Eftir erfitt hjónaband með Illuga Jónssyni stóð hún eftir allslaus og missti frá sér soninn sem settur var á sveit. Guðrún fór þá aftur í vinnumennsku en var þá ekki heppin með húsbændur ef marka má sjálfsævisöguna. Hún stoppaði stutt á hverjum stað og kvartaði undan lélegum aðbúnaði og vondum húsbændum. Samkvæmt skráningum í sóknarmannatali bjó Guðrún að meðaltali í tvö ár á sama heimili allt sitt líf eða á yfir 40 heimilum.¹ Rétt um áttætt finnst hún í sóknarmannatali með stöðuheiti sem henni hefur eflaust þótt lítil virðing að, hreppsómagi og niðurseta.²

Meðan á lokafrágangi bókarinnar stóð fékk ég óvænt fregnir af tveimur uppskriftum sem til voru af sjálfsævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur. Önnur fannst varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Húsavík

1 Guðrún finnst skráð á 35 bæjum um ævina en óvíst er hvar hún er í um 15 ár. Því er hugsanlegt að hún hafi í heildina dvalið á yfir 40 bæjum á þeim 84 árum sem hún lifði.

2 ÞÍ – Munkaþverá BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1847.

og ber safnmarkið *HskjPI* – E-121/8 en hin uppskriftin er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns Íslands undir safnmarkinu *Lbs* 19 NF. Við nánari skoðun virtust báðar uppskriftinrar vera mjög líkar þeim uppskriftum sem til voru af sjálfsævisögunni og bættu því litlu við fyrri greiningu mína. Enn tel ég handrit *ÍB* 883 8vo komast næst upprunalegu gerð sjálfsævisögunnar. Það er hins vegar gaman að segja frá því að handrit *Lbs* 19 NF er uppskrift eftir konu og sennilega skráð í kringum aldamótin 1900. Það var skáldkonan Ólöf Sigurðardóttur sem hafði skrifað upp ævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur en hún bjó á Hlöðum með eiginmanni sínum frá árinu 1888 og kenndi sig ætíð síðar við þann bæ. Sagt er að á meðan Ólöf hafi búið á Hlöðum hafi hún varla farið á aðra staði en að Möðruvöllum og Hofi þar sem Guðrún Ketilsdóttir einmitt bjó með Illuga um aldamótin 1800.¹ Uppskriftin sem fannst á Héraðsskjalasafni Þingeyinga er eftir Jóhannesar Laxdal frá Tungu á Svalbarðsströnd og er líklega 20. aldar uppskrift og því skrifuð eftir að sjálfsævisaga Guðrúnar var gefin út í tímaritinu *Grímu*.²

- 1 Tekið upp úr kaflanum „Meira skáld en margir hygga“, þar sem fjallað er um ævi Ólafar frá Hlöðum í bók Bjargar Einarsdóttur, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna* I (Reykjavík, 1984), bls. 300–323.
- 2 Jóhannes Laxdal var fæddur 1891 og var því á fertugsaldri þegar sjálfsævisaga Guðrúnar kom út í *Grímu* en hann dó árið 1979.

VIÐAUKAR

Stafrétt útgáfa af elsta handritinu

ÆFISAGA GUÐRÚNAR KJETILSDÓTTUR

Nú er þar til máls að taka þar sem jeg var barn í reifum í teygi fæddist jeg á Sámstöðum þá átti Gísli minn í gröf gráa meri undan hverri komin var Prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans hana setti jeg ofan á eyjafjarðar bakka og fleigði mér af henni firir ofan Siðrahól og átti ekki von á leingra lífi æfina mjna j gröf allir vissu hún var bölbúð Marja hafði geitur og alt var eins boli drap hann þaðan fór jeg til Páls á Þórustöðum hann átti bágt og viljinn var eins hann hafði af mer gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur firr vildi jeg gánga á höfðinu en vera þar og fór þvj til Guðmundar í Kaupáangi hann var mér besti maður og var jeg þar í mesta gængi og allir elskuðu mjg þvj jeg kom allstaðar fram til góðs og betur gengdi og vistaðist jeg í sjgluvík og var beðinn af mörgum en enginn vissi þetta þá kvað karl vjsu þvj hann var skáldi enn jndurdförull mjög. Kvað mun þessi reftarún ræði jeg um það á meðan enginn veit hvað ætlar hún út eða suður héðan þegar jeg var þángað komin þá vóru þar sjómenn meðal hverra einn var frá hrafmagili sá bölvauður refur og het Íllhugi álitlegur maður en margur hilur úlfinn undir sauðar gærunni svo var um hann bauð han mér alla þenustu en ókunnugur varningur firrir margan fje hann var með bjart hár í blarri peisu grænum bol hatt og góða skó þá kom tilhugalífið með okkur Íllhuga jeg átti 5 Kistur þar var meira í þeim enn mirkrið tómt í einri vóru rúsjnur og laumaði jeg í hann af þeim þvj jeg hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull svo tældi hann mjg í

búskap að Kristnesi og átti jeg þó súrtunnu um haustið og margt þar
 njðri Björg stal öllu steini ljéttara og allt var í laumi þeirra á mjllum
 þá fór hann í sitt hóru rí og fór stelpu af stelpu en jeg mátti slama og
 þeija og ergist hvur með aldrinum beislið tíndist tvær brauðkökur gaf
 jeg þá og feitt á milli fann jeg prófast guð hjálpi Íllhuga sagði hann
 en jeg kvað nei við því jeg meinti hann væri að tala um líklana¹ Mósa
 mín gufaði fram úr öllum hestum á hvamsbökkum og reið jeg þa fram
 með héraðsvötnunum og hundurinn með mér. Fríbon samson hann
 var undan danska sáam með þorskhöfða kjppu á bakjnu kom hann þá
 með eitt og eitt og rjetti að mer og veisludaginn átti guðmundur á
 Stokkahlöðum hund sem hjet Tígris hann reif júrið og rassgörnina úr
 eirnri ánná minni ærin var útá þverárdal en rassgörninn inná vöðluheiði
 beið hún dauðan af þessu versnaði Íllhuga af þessu² því hann var
 þræll og fantur nema við hórur sínar sem hann lá í henni þá jón minn
 og ól eg han upp og líktíst han mer með djgð og ráðvendni fórum við
 þá að hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu hann fór með það í sínar
 bölvaðar skuldir og sagði eg þá laust við hann tók hann þá af mér
 fötin hann var í 50rd skuld í kaupstað, þaug hlupu 20rd og hafði hann
 þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni
 eins og brókinni sinni daindis að var Jón minn konfermeraður enn
 lappunnir voru grautarnir þar og aungvan bita fiekk hann firir utan
 mat sinn þá fór jeg að Barði í Fljótum var þar um nóttina þorsteirn
 vildi fá mjg til filgilags en jeg beit af mer Guðmundur í Hamarkoti
 vildi það og eirninn en jeg var ráðvandari enn svo að jeg lægi undir
 hvurjum sem hafa vildi lá jeg þá úti á klaufabrekkum vorlánga nóttina
 í sólskini og sunnanvindi að kominn dauða Guðbjörg gaf mier svarta-
 brauð að endurnæringu fór jeg þá í Eyafjörð gekk mer vel fór jeg að
 Stórhóli í vist var þar í mesta fjirlæti fór³ til grasa þaðan norður að
 Mívatni þá var jeg falleg þá var jeg með kvíta tauma ofan með nefinu
 rauða diska í kinnnum bláeingð smáeingð hafinn brínd brúkaði vænan

1 Hér er skrifað út á spássúna: „hér er kaflí firir aptan sem her var“. Viðbæturnar eru síðan
 aftan við sjálfsævisöguna.

2 Hér hefur verið strikað yfir orðin, því han var.

3 Hér hefur verið strikað yfir orðið, þaðann.

fald og rauðan silkiklút um höfuðið og borða lagða hempu jfirum þverar herðarnar alt var eptir þessu þá var jeg þéruð af öllum þá sögðu þeir sælar veri þér og komið þér sælar en nú sega þeir allir þarna fer kelíngar skrattinn hún Guðrún Ketilsdóttir vel er eg metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvaðir gárúngarnir sem ekki skeita um guð nje menn reið eg þá í það og maður með mér þegar hann sá mig bera vildi hann fá mjg til filgilags en jeg varðist brinju búin og ljet hann ekki fá það kom jeg þá heim með grösín á stórhóli og vóru það 9 tunnur og var það nó í stóru örkina þar æfinlega þegar jeg kom að grund gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi en þegar Kammerráðið heirði mjg tala þá sagði hann hvaða bölvaður gjallandi er í þer Guðrún Ketilsdóttir geturðu ekki haft ögn lægra¹ en jeg sagði hann skildi hafa bölvaða skömm fyrir það því guð hefði gefið mer málið einsog honum enn aldrei þorði jeg að hafa það svo hátt að hann heirði það síðan var eg híngað og þángað í vistum varð undir regiementi Sigfúsar á Siðra laugalandi kom hann mer á siðra tjörnum til Sigurðar þar varð eg þar fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr hönum misti lás kostaði 24^s á siglufirði og gaf jeg fyrir hann 1rd sulturinn þar á tjörnum verður mer fyrir minni þar keipti jeg skammrif að Magnúsi þaug vóru fjórar merkur og fjöritju runnu þaug upp af merkju át jeg soðið alt með spæni hljóp það upp í höfuðið á mer lá jeg í viku og ber það síðan fjeck 24 afkoppur og margar smærri þar fékk jeg svarta gimbur og sagði jeg hönum að hann tæki útsvarið undir sjálfum sér datt hann þar í kórinn djöfullinn sá arna Sigfús er mér að sönnu nóu vænn þó teimdi hann sjldina um hlaðið og svei þeirri ögninni hann gaf mér og aungvan þrjónshnapp af lakrísrót leggur hann mer mjg vantaði ærnar mínar þegar jeg var í koti og það um halldór góða á laugalandi og fór hann á mig upp í stalli og kostaði mjg það dagsverk og vildi jeg vinna það til setti hann mjg jfir kot skómakarans var jeg þar snéri jeg hönum snöru hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í ýlt með okkur hann óskaði að sá gamli kæmi og heingdi mig við góða foss greip mig þá reiði og rólaði eg þá suður

1 geturðu ekki haft ögn lægra er bætt við á milli lína með sömu hendi.

að laugalandi og klagaði fantinn þar var mér gefin hákalls biti og með það fór jeg að Grítu var þar eitt ár Helga fór seint á fætur og mátti jeg raka þrjár engja dagsláttur á dag og fjekk litlar þakkjr firir í kaupángi var jeg með allri : æfin mín þar hún var dauf Árni minn er að sönnu værn maður en opt kemur svart lamb undan kvítri á og svo mátti segja þar á Þórustöðum var eg með allri skömm og svivirðingu Golmóótta gimbrin var allt í öllu hálf sögð er sagan jarðepla skeppa var með og glundur fór jeg þaðan um haustið það var alt kaupið á ytritjörnum jeg hafði lítið samræði við fólk hann sendi hundinn upp í baðstofuna og sinaðist mér þá ergist hvur með aldrinum og svo fór um mig og öll varðgjár veran mín var stundleg æfisagan Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu og hana seii jeg hverjum sem hafa vill enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hemd þegar jeg rjeðst í kaupangssel gaf jeg séra Hallgrími margan brennivíns dropa og hafði sjö á bakinu þrjónasessan mín tíndist síðan náði jeg aldrei sakra mentinu og bágt er að róa einrri ár ef á sjó er farið. hugrún flæktist þángað því að enginn vildi hafa hana og varð jeg að skjóta skjóli yfir hana ásinn datt inn úr hrofinu enn han var harður í horn að taka heilla maðurinn setti hrigginn undir en var stuttur og jeg hjálpaði þar til af öllum mætti með það tók jeg hundinn af hugraúnu og gaf hún okkur saman sullu kollu og hamsa kvartil en þetta forsló lítið handa báðum

*Síðann fór jeg vestur að brákum í skagafírði þar mátti jeg verka brókjana af þorláki rapti sem var full með lús og ræpu þaðan fór jeg norður í Klaufabrekku til grasa jeg hafði að sönnu nóg að vögstunum að jeta en það var meira skítur en matur síðan sagði jeg mig lausan við skaga fjörðinn og fór aptur norður í eiafjörðinn

Endir.

Útgáfan í Grímu

ÆFISAGA GUÐRÚNAR KETILSDÓTTUR

Rituð eftir sögusögn hennar sjálfrar

Guðrún Ketilsdóttir, sem venjulega var kölluð Gunna „suða“, var uppi á fyrri hluta 19. aldar og hefur sennilega dáið laust fyrir miðja öldina. Síðustu árin var hún á flækingi um Öngulsstaðahrepp. Gunna var símasandi, hvar sem hún var stödd, og þegar hún var ein á gangi á milli bæja, talaði hún við sjálfa sig, svo suðan heyrðist langar leiðir. Í ákafa sínum að tala slengdi hún öllu saman í einn hrærigraut, svo að erfitt var að fylgjast með efninu; ber æfisagan þess glögglega vottinn. – Þegar Gunna var gömul orðin, kom hún eitt sinn að Syðra-Laugalandi til Sigfúsar hreppstjóra Jónssonar (d. 1855); þá var hún beðin að segja æfisögu sína og var sagan rituð upp jafnóðum og Gunna sagði frá. Birtist sagan hér óbreytt að öðru en því, að nokkur klúryrði eru hefl-uð, án þess þó að merking raskist. – Nokkrar neðanmálsgreinar fylgja, efninu til skýringar.

Nú er þar til máls að taka, þar sem eg var barn í reifum í Teigi; fædd-ist eg á Sámsstöðum. Þá átti Gísli minn í gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir beztu hestarnir hans. Hana sótti eg fram á Eyjafjarðarárþakka, en fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra-Hól, og átti eg eigi von á lengra lífi. Æfina mína í Gröf vissu allir; hún var bölvuð. Þá fór eg til Páls á Þórustöðum; hann átti bágt, og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var allra manna viðsjálastur; heldur vildi eg ganga á höfðinu en vera þar. Eg fór því til Guðmundar mín í Kaupangi¹; hann var mér bezti maður; enda var eg í góðu gengi og allir elskuðu mig; því að eg kom allstaðar

1 Guðmundur hreppstjóri í kaupangi var kvæntur Ruth skáldkonu frá Ljósavatni.

fram þar sem betur gegndi. Samt vistaðist eg í Siglufík; var eg þá beðin af mörgum, en enginn vissi neitt um það. Þá kvað karl vísu, því að hann var skáld, en undirföruhl mjög:

Hvað mun fara refluín?
Ræði eg það á meðan.
Enginn veit hvert ætlar hún
út eða suður héðan.

Pegar eg var þangað komin, voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, er Illugi hét, mesti bölvaður refur, en álitlegur maður; en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, og svo var um hann. Hann bauð mér alla þjónustu, en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, mannskrattinn, á blárri peysu og grænum bol, með hatt og í fallegum sokkum, með góða skó á fótum. Þá kviknaði tilhugalífið með okkur, sem aldrei skyldi verið hafa. Ég átti þá fimm kistur, og var meira í þeim en myrkrið tómt; nokkuð af rúsinum átti eg í einni, og laumaði eg oft í hann af þeim, því að eg hugsaði að hann væri maður, en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi um vorið; átti eg þar sýrutunnu um haustið og margt þar niður í. Björg stal öllu steini léttara og allt var í launpukri milli þeirra. Þá fór hann í sitt kvennafar frá einni stelpunni til annarar, en eg mátti sluma og þegja og ergist svo hver með aldrinum. Beizlið týndist. Tvær brauðkökur gaf eg á milli og feitt kjötstykki. Fann eg nú prófastinn.¹ „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en eg kvað nei við, því að eg meinti hann væri að tala um lyklana. – Mósa mín geysti fram úr öllum hestunum á Hvammsbökkum og var hundur með mér, sem hét Tríbon Sámsson; hann var undan danska Sám, – með þorskhausakippu á handlegg; kom hann þá með eitt og galti að mér. Og veizludaginn² átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund, sem Tigrís hét; hann reif jógrið og rassgörnina af einni ánni minni; ærin var

1 Það hefur verið séra Magnús Erlendsson, er var prestur á Hrafnagili og prófastur í sýslunni 1803–1836.

2 Eftir því hefur Guðrún gifzt Illuga.

úti á Þverárdal, en rassgörnin fannst úti á Vaðlaheiði og beið hún dauðann af þessu. Versnaði nú Illugi, því að hann var bæði þræll og fantur að öllu, nema bara við stelpuflennur, sem hann var í tygjum við. Kom þá Jón minn og ól eg hann upp; líktist hann mér að ráðvændni. Fórum við að Hofi og áttum við 14 gimbrar hvítar og kvígu rauðhjálmtóttar. Hann fór með það allt inn í kaupstað í sínar bölvadar skuldir og sagði eg þá skilið við hann. Tók hann af mér fötin; hann var í 50 ríkisdala skuld; þau hlupu á 20 ríkisdali og hafði hann til góða 16 ríkisdali, og þá hafði hann handa Kristjönu, því að hann elti hana eins og dilkur. Dável var Jón minn konfirmeraður, en lappunnir voru grautarnir þar og engan þrjónshnapp fékk hann þar, fyrir utan mat sinn. Fór eg þá ein með barnið út að Barði í Fljótum og var þar um nóttina. Þorsteinn leitaði ásta við mig, en eg beit hann af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi að einnig, en eg var ráðvandari en svo, að eg væri hverjum strák að vilja. Lá eg þá úti í Klaufabrekkum vorlanga nóttina í sólskini og sunnanvindi, aðkomin dauða. Guðbjörg gaf mér svartabrauð og endurnærði mig. – Fór eg þá í Eyjafjörðinn minn og gekk vel. Vistaðist eg á Stórahóli¹ og var þar í mesta yfirlæti. Fór eg til grasa þaðan norður að Mývatni. Þá var eg falleg að sjá, með rauða diska í kinnunum og hvíta tauma niður með nefninu, bláeyg og smáeyg og hafinbrýnd, brúkaði vænan fald og rauðan skýluklút um höfuðið og borðalagða hempu yfir þverar herðarnar, og allt var eftir þessu. Þá var eg þeruð af öllum og sagt: „Komið þér sælar! Sælar verið þér!“ En nú segja allir: „Þarna kemur skrattans kerlingin hún Guðrún Ketilsdóttir!“ En vel er eg metin hjá öllum góðum mönnum, því að ekki segja þetta nema bölvadir gárungar sem hvorki skeyta um guð né menn. Reið eg þá í bað og maður með mér, en þegar hann sá mig bera, gerðist hann ástleitinn við mig, en eg varðist sem úlfur brynjubúinn og þurrkaði mig af honum. Kom eg þá heim að Stórahóli með grösín; það voru fjórir hestar klyfjaðir og níu tunnur og var það nóg í stóru örkina. – Síðan var eg hingað og þangað í vistum, og síðan

1 =Eðsþihóli.

var eg undir regimenti Sigfúsar mín í Laugalandi.¹ Hann kom mér að Syðri-Tjörnum til Sigurðar og sótti mig að Hóli. Varð eg þá fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr honum, missti lás, sem kostaði ríkisort á Siglufirði og gaf eg ríkisdal fyrir hann. Sulturinn á Tjörnum, hann verður mér í minni; keypti eg þá skammrif af Magnúsi; þau voru tvær merkur og fjörtíu; runnu þau af merkju og át eg soðið allt með spæni; hljóp það í höfuðið á mér, svo að eg lá í viku, og ber það síðan. Fékk eg þá síldarfjórðung og bar eg hann; fékk svarta gimbur og sagði, að hann gæti tekið útsvörin allra undir sjálfum sér; – datt hann þar í flórinn, djöfullinn sá arna.² Sigfús er mér að sönnu vel; þó teymdi hann ílátin um hlaðið, en svei þeirri bröndunni hann gaf mér og engann þrjónshnapp leggur hann mér til af lakrísrot.³ Vantaði mig ærnar mínar þegar eg var í Koti, og bað eg um Halldór góða á Laugalandi; fór hann þá til mín upp á stallinn; það kostaði dagsverk og vildi eg til þess vinna;⁴ – setti hann mig yfir í Kot, skómakarans, og sneri eg honum Snorra.⁵ Hann var guðlaus og skammagtugur; það á ekki við mig; það fór í illt með okkur. Hann óskaði að andskotinn kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði eg niður að Laugalandi og kлагаði fantinn.⁶ Var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór eg. – Á Grýtu var eg eitt ár. Helga fór seint á fætur, og mátti eg raka þar þrjár engjadagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir. Í Kaupangi var eg, en æfin mín þar, hún var dauf. Á Þórstöðum var eg með allri skömm; golmögótta gimbrin var allt í öllu, hálfsgöð er

1 Sigfús Jónsson hreppstjóri á Laugalandi var merkismaður að mörgu. Honum er það að þakka að æfisaga þessi hefur verið skrásett.

2 Svo er að sjá sem Gunna hafi verið krafín um útsvar úti í fjósi; hefur hún svarað illu til, en innheimtumaðurinn dottið í flórinn.

3 Gunnu hefur auðsjáanlega þótt góð lakrísrot, og þó að henni liggi gott orð til hreppstjórans, þá þyki henni hann of spar á útlátum til þessa sælgætis.

4 Þessa endileysu ber víst að skilja þannig: Gunnu hefur vantað ærnar; hún hefur beðið Halldór að leita með sér að þeim; hafa þau leitað um stallana fyrir ofan Kot, en hjálp Halldórs hefur hún orðið að greiða með dagsverki.

5 Hafði eg Snorra til snúninga.

6 Gunnu og Snorra hefur samið illa. Auðskilið er, að þau hafa hitzt við Goðafoss í Þverá, sunnan við Munkaþverá; á það benda orðin: *niður að Laugalandi*, þegar hún fer að kлага fyrir hreppstjóranum.

sagan, kartöpluskeffa var með og glundur. Fór eg þaðan um haustið; það var allt kaupið. Á Ytri-Tjörnum hafði eg lítið saman við fólkið að sælda. Hann sendi hundinn upp á baðstofuna, og sinnaðist mér þá, ergist svo hver með aldrinum, svo er um mig og alla. – Varðgjár-veran mín var stundleg; æfisaga Magnúsar er í brjósti mínu, og hana segi eg hverjum, sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus; mörgum kemur makleg hefnd. – Þegar eg reisti í Kaupangssel, gaf eg séra Hallgrími mínum margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu.¹ Þrjónasessan min týndist; síðan næ eg aldrei sakramentinu,² – bágð er að róa einni ár. Hugrún flæktist þó hingað, því enginn vildi hafa hana; varð eg þá að skjóta skjólshúsi yfir hana. Ásinn datt inn úr hrofinu, en heillamaðurinn var harður; hann var þar staddur, rak hrygginn undir og lagði alla lífs og sálarkrafta þar til og tók hundinn af Hugrúnu. Gaf hún mér sullkollu með honum og hamsakvartil; það forslær lítið handa báðum.....³

- 1 Á líklegast að skiljast svo: Gunna hefur verið á leið úr kaupstað með sjö ýsubönd (?) á bakinu og brennivínspela í pilsvasanum; hefur hún hitt séra Hallgrím á leiðinni og gefið honum að súpa á. – Séra Hallgrímur Thørlacius var prestur á Hrfnagili 1838–1859.
- 2 Gunna hefur auðsjáanlega ekki kunnað við að ríða sessulaust til kirkjunnar og þess vegna farið á mis við sakramentið.
- 3 Þarna dettur botninn úr allt í einu og er líklegast, að sagan hafi aldrei verið lengri.

Dvalarstaðir Guðrúnar Ketilsdóttur 1759–1842

Hér hefur æviferil Guðrúnar verið skipt upp í þrjú lífskeið sem marka tímamót í lífi hennar eða ákveðnum þáttaskilum. Ferill Guðrúnar á milli ára og tímabila er í raun magnaður eins og töflurnar hér á eftir sýna. Hreyfanleiki hennar, og fólks í svipuðum sporum og hún var, reyndist vera mikill og markaði djúp spor í líf fólks. Það að vera á sífelldu flakki á milli heimila og jafnvel byggðalaga hefur sett sinn svip á afstöðu fólks til lífsins þannig að það náði eiginlega hvergi að festa rætur. Ég hef kosið að skipta lífi Guðrúnar niður í þrjú æviskeið og sýna hvar hún bara niður frá einum tíma til annars. Fyrstu 30 árin afmarka bernskuna og ungdómsárin, þann tíma sem tekur Guðrúnu að eignast verðmæti og vinna sig upp í vinnumenskunni. Á þeim árum má sjá að hún fer ekki langt frá fjölskyldu sinni í Teigi í Hrafnagilshreppi. Næsta skeið markar sennilega bestu árin í lífi Guðrúnar, eða árin frá því að hún var 30 ára til 44. Þá dvelur hún á efnameiri heimilum og nýtur virðingar í nærsamfélagi sínu. Hún verður ástfangin af Illuga Jónssyni og þau giftast og eignast barn saman. Guðrún verður síðan húsfreyja á eigin heimili. Þriðja og síðasta lífsskeið Guðrúnar markar síðan efri ár hennar í vinnumensku þar sem Guðrún er fráskilin og einmana. Þá er hún 44 ára en hún deyr 83 ára gömul. Samkvæmt sjálfsævisögunni var hún þá orðin bitur og fannst fólk bera litla virðingu fyrir sér. Hennar beið þá fátt annað en að enda ævina sem niðurseta á framfæri hreppsins.

Ekki hefur tekist að staðsetja Guðrúnu á hverju ári en oft var mögulegt að finna í hvaða sókn hún var þó bærinn væri ekki tilgreindur. Alls vantar 15 ár úr lífi Guðrúnar og er sá tími merktur sérstaklega í töflunum.

Fyrstu 30 árin


Tímabil	Aldur	Staðir
1759–1761	0–2	Sámsstaðir, Öngulsstaðahreppi
1761–1771	2–12	Teigur, Hrafnagilshreppi
1771–1774	12–15	Vaglir, Hrafnagilshreppi
1774–1777	15–18	Gröf, Öngulsstaðahreppi
1777–1778	18–19	Hrafnagilshreppi
1778–1784	19–25	Öngulsstaðahreppi
1784–1785	25–26	Jóðísarstaðir, Öngulsstaðahreppi
1785–1787	26–28	Teigur, Hrafnagilshreppi
1787–1789	28–30	Klúkur, Hrafnagilshreppi

Árin þegar Guðrún var á milli 30 og 44 ára gömul

Tímabil	Aldur	Staðir
1789–1791	30–32	Espihóll, Hrafnagilshreppi
1791–1793	32–34	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1793	34	Sigluvík, Svalbarðstrandahreppi
1793–1794	34–35	Kristnes, Hrafnagilshreppi
1794–1795	35–36	Grund, Hrafnagilshreppi
1795–1796	36–37	Stokkahlaðir, Hrafnagilshreppi
1796–1799	37–40	Kristnes, Hrafnagilshreppi
1799–1803	40–44	Hof, Arnarneshreppi

*Síðasta æviskeiðið frá 44 ára aldri
og fram til 83 ára aldurs*

Tímabil	Aldur	Staður
1803–180	44–45	Barð, Holtshreppi
1804–?	45–?	Stóra Brekka, Holtshreppi
1805–1810	46–51	Óvíst hvar hún er þá
1810–1811	51–52	Björk, Öngulsstaðahreppi
1811	52	Stóri Hamar, Öngulsstaðah
1811	52	Grund, Hrafnagilshreppi
1812	53	Teigur, Hrafnagilshreppi
1813	54	Kot, Öngulsstaðahreppi
1813	54	Grýta, Öngulsstaðahreppi
1814–1820	55–61	Óvíst hvar hún er þá
1820–1823	61–64	Syðri–Tjörnum, Öngulsst.
1824–1825	65–66	Óvíst hvar hún er þá
1826–1828	67–69	Sigluvík, Svalbarðstandarh.
1829	70	Óvíst hvar hún er þá
1830–183	171–72	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1831	72	Pórustaðir, Öngulsstaðahreppi
1831–1832	72–73	Ytri Tjarnir, Öngulsstaðahreppi
1832–1833	73–74	Ytri Varðgjá, Öngulsstaðahreppi
1833–1834	74–75	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1834–1836	75–77	Ytri Tjarnir, Öngulsstaðahreppi
1836–1840	77–81	Kambur, Öngulsstaðahreppi
1840–1842	81–83	Stóri Hamar, Öngulsstaðahreppi



Myndaskrá

- Mynd 1 – Jónas Rafnar. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 2 – Jón Borgfirðingur. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 3 – Páll Eggert Ólason. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 4 – Handrit ÍB 883 8vo. Ljósmynd í eigu höfundar.
- Mynd 5 – Íslandskort Björns Gunnlaugssonar 1844. Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Mynd 6 – Skjöl um trúlofun Hannesar Hannessonar og Guðbjargar Hallgrímsdóttur. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands
- Mynd 7 – Skjöl um trúlofun Guðbjargar Hallgrímsdóttur og Ketils Arasonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands
- Mynd 8 – Skjöl sem sýna hvenær Guðrún Ketilsdóttir fæddist. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 9 – Skjöl um fjölda heimilismanna í Teigi. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 10 – Skjöl um hjónavígslu Guðrúnar Ketilsdóttur og Illuga Jónssonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 11 – Skjöl um fæðingu Jóns Illugasonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 12 – Valgerður Árnadóttir. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 13 – Skjöl um andlát Guðrúnar Ketilsdóttur. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 14 – Kort af Eyjafjarðarsveit eftir Guðmund H. Gunnarsson hjá Búgarði ráðgjafapjónustu, Akureyri.

Heimildir

ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR

Einkaskjöl

Fyrirlestrar

Guðný Hallgrímsdóttir, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur – Sjálfsævisaga alþýðukonu eða kímnisaga af flóni.“ Fyrirlestur fluttur á málþingi Félags um átjándu aldar fræði: *Enn af ástum og örlögum á átjándu og níjándu öld*, 18. nóvember 2006.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Tale of a Fool or a common Woman's Autobiography.“ The Scribal Culture in a Masculine Perspective. Fyrirlestur fluttur á málþingi (Pilot Course 2007) um handritamenningu í Svart-árkoti, 19.–22. júní 2007.

Guðný Hallgrímsdóttir, „Where are the women's manuscripts? Argument based on a study of the women's manuscripts of an entire nation.“ Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* 8.–12. ágúst 2007, University of Sofia „St. Kliment Ohridski.“ Búlgaría.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Common Woman's Autobiography or a Humorous Story of a Fool.“ Fyrirlestur haldin á málstofunni „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“ *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*, 30. júlí 2008, Helsinki, Finnland.

Guðný Hallgrímsdóttir, „Women's in manuscript.“ Fyrirlestur haldin á málþinginu *Ideas in the 21st Century* í ReykjavíkurAkademíunni í tengslum við heimsókn bókmenntafræðingsins Margaret J. M. Ezell, 22. júní 2008.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Common Woman's Autobiography.“ Fyrirlestur haldin á vegum *Miðstöðvar einsögunannsókna* á málþinginu *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*, 25. ágúst 2008.

Guðný Hallgrímsdóttir, „..... því guð gaf mér málið eins og honum.“ Um handrit kvenna í meðförum karla“. Fyrirlestur haldin á málstofunni *Konur á köldum klaka*. Hugvísindapíng Háskóla Íslands, 26. mars 2011.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Guðný Hallgrímsdóttir, „Íslenskir hjónaskilnaðir í danska kansellíinu: Rannsókn á tíu skilnaðarmálum.“ B.A.-ritgerð frá Sagnfræðiskor Háskóla Íslands 2001 (Lbs-Hbs).

Guðný Hallgrímsdóttir, „Hulda. Sjálfstjáníng kvenna á 18. og 19. öld.“ M.A.- ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009.

ÍB 841 8vo – Samtíningur. Safnað af Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum.

ÍB 843 8vo – Sendibréf til Þorsteins á Upsum.

ÍB 438 4to – Margvísleg brot m.h. Geirs Vigfússonar.

ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Lbs 1343–1347 8vo – Dagbækur Ólafs Eyjólfssonar á Laugalandi.

Lbs 729 8vo – Ævisaga Valgerðar Þorgeirsdóttur.

Lbs 19 NF – Einkaskjalasafn Ólafar frá Hlöðum.

Lbs 196 fol – Dagfarsvitnisburður Hallgerðar Jónsdóttur vinnukonu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

HskjAK – F-227/2-31 Sögufélag Eyfirðinga. Ábúendatal í Inn-Eyjafirði 1703–1816 eftir Stefán Aðalsteinsson.

HskjAK – H-10/1 Hrafnagilshreppur. Hreppsþók 1790–1819.

Þjóðskjalasafn Íslands

Biskupsskjalasafn

ÞÍ - Biskupsskjalasafn Bps. B VII. 5–6. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798.

Kirknasafn

ÞÍ – Barð í Fljótum BC/3 Sóknarmannatal 1784–1831.

ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

ÞÍ – Glæsibær BC/2 Sóknarmannatal 1817–1828.

ÞÍ – Grundarþíng/Laugaland BA/1 – BA/5 Prestsþjónustubók 1751–1879.

PÍ – Grundarþing/Laugaland BC/1 Sókarmannatal 1797–1836.
PÍ – Hrafnagil BA/2 – BA/4 Prestsþjónustubók 1754–1840.
PÍ – Hrafnagil BC/1 – BC/4 Sókarmannatal 1753–1804.
PÍ – Hrafnagil, Munkaþverá og Kaupangur BA/9 Prestsþjónustubók 1816–1847.
PÍ – Kaupangur BC/8 Sókarmannatal 1808–1847.
PÍ – Munkaþverá BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1847.
PÍ – Munkaþverá BC/1 – BC/3 Sókarmannatal 1785–1845.
PÍ – Stærri-Árskógur BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1846
PÍ – Hrafnagil BA/1 Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754.

Skjalasafn amtmanns

PÍ – Skjalasafn amtmanns II, nr. 31 Bréf Hólabiskupa til amtmanns 1763–1766.

Sýsluskjalasafn

PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1 – Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.
PÍ – Eyjafjarðarsýsla GA/2 Dómabók Eyj. IV. B. 09 1771–1788.
PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED2/2 Fylgiskjöl – dánarbú.

Héraðsskjalasafnið á Húsavík

HskjPI – E-121/8 Jóhannes Laxdal í Tungu.

PRENTAÐAR HEIMILDIR

Alþingisbækur Íslands X–XI (Reykjavík, 1967–1973).
 Benjamín Kristjánsson, *Eyfirðingabók. Sögur frá umliðnum öldum*. I. bindi (Akureyri, 1968).
 Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna I* (Reykjavík, 1984).
 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaafir*. 1. bindi; með skýringum og viðaukum eftir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson (Reykjavík, 1881–4).
 Davíð Ólafsson, „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson.“ *White Field, Black Seeds. Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century* (Helsinki, 2013), bls. 40–49.
 Davíð Ólafsson, „Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar: Rannsóknir á handritamenningu síðari alda.“ *Saga* 48:1 (2010), bls. 61–97.

- Dulsmál 1600–1900: tjátán dómar og skrá.* Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (Reykjavík, 2000).
- Einar Sigurbjörnsson, „Upplýsing í kristindómi.“ *Kristni á Íslandi*. III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 299–360.
- Einar Sigurbjörnsson, „Réttrúnaður í kirkju og koti.“ *Kristni á Íslandi*. III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 113–217.
- Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld.* Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenn-
ingar 3 (Reykjavík, 1999).
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frels-
ishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57–94.
- Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði.“ *Eyfirð-
ingar* 1 (1968), bls. 52–64.
- Fríður Ólafsdóttir, *Íslensk karlmannaþót 1740–1850* (Reykjavík, 1999).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og
20. aldar* (Reykjavík, 1997).
- Gísli Gunnarsson, „Börn síns tíma: viðbrögð manna við náttúruhamförum í
sambengi sögunnar.“ *Skírnir* 176 (haust 2002), bls. 293–319.
- Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt sam-
félag 1602–1787* (Reykjavík, 1987).
- Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio, The Infant Mortality and Aajoining Socio-
tal Response in Pre-Transitional Iceland*. Meddelande från Ekonomisk-
historiska Institutionen 32 (Lund, 1983).
- Gráskinna.* Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson sáu um útgáfuna. I.–IV.
bindi (Akureyri, 1928–36).
- Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra.* 5. bindi. Þorsteinn M. Jóns-
son gaf út (Reykjavík, 1978).
- Gríma. Fjóðsögur.* Safnað hefur Oddur Björnsson, I.–V. (Akureyri, 1929).
- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld.* Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5
(Reykjavík, 1981).
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Hugleiðing um afdrif handrita kvenna.“ *Íslensk
menning II. Til heiðurs Sigurði Gyða Magnússyni* (Reykjavík, 2007),
bls. 74–80.
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Örlagasaga úr íslenskri sveit, hjónaskilnaður á fyrri
hluta 19. aldar.“ *Sagnir* 24 (2004), bls. 58–65.
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Móðurást á 18. öld.“ *Sagnir* 22 (2001), bls. 59–64.
- Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda II* (Reykjavík, 1995).
- Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“. *Handritasýpur – bók-*

- menning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld (Reykjavík, 2011).
- Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð* (Reykjavík, 1999).
- Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslensku torfbæjunum*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga (Varmahlíð, 1998).
- Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna (Reykjavík, 1970).
- Helgi Þorláksson, „Óvelkomin börn?“ *Saga* 24 (1986), bls. 79–120.
- Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning. Pöntunarvara árið 1784.“ *Saga* 50:2 (2012), bls. 70–111.
- Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjajörð. Staðurinn* (Reykjavík, 2004).
- Íslensk orðabók*. Ritstjóri Árni Böðvarsson (Reykjavík, 1997).
- Íslensk þjóðmenning 7. Alþýðuvísindi: raunvísindi og dufræði*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1990).
- Íslenskir sagnfræðingar I. Sagnfræðingatil og saga Sagnfræðingafélags Íslands*. Ritstjórar Ívar Gissurarson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Steingrímur Steinþórsson (Reykjavík, 2006).
- Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar. Í landi Eyrarlands og Nausta 890–1862*. 1. bindi (Akureyri, 1990).
- Jón Jakobsson, „Um mjólkur not á Íslandi.“ *Rit þess konunglega íslenska lærðomslistafélags XI* (1791), bls. 193–241.
- Jón Pétursson, *Lækningabók fyrir almúga* (Kaupmannahöfn, 1834).
- Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi*. (Reykjavík, 1884).
- Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir* (Reykjavík, 1934).
- Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjáfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998).
- Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*. III. bindi. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstjóri Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000).
- Loftur Guttormsson, „The Development of Popular Religious Literacy in the Seventeenth and Eighteenth Centuries.“ *Scandinavian Journal of History* 1999, bls. 15–35.
- Loftur Guttormsson, „Barnaeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860“. *Athúfn og orð, afmælisrit helgað Mattíasi Jónassyni áttæðum* (Reykjavík, 1983), bls. 137–169.
- Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983).

- Lovsamling for Island*. II. bindi (Kaupmannahöfn, 1853–1889).
- Manntalið 1801. Norður- og austuramt* (Reykjavík, 1980).
- Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 78–103.
- Monika Magnúsdóttir, „Hnípin kona í vanda, Hugleiðingar um mæður átjándu aldar.“ *Sagnir* 18 (1997), bls. 67–72.
- Ný jarðabók fyrir Ísland. Samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861* (Kaupmannahöfn, 1861).
- Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the Child: Regional, Cultural and Social Aspects of the Infant Mortality Decline in Iceland, 1770–1920* (Umeå, 2002).
- Ólöf Garðarsdóttir, „Naming Practices and the Importance of Kinship Networks in Early Nineteenth-century Iceland.“ *History of the Family* 4 (1999), bls. 297–314.
- Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. I.–III. bindi (Reykjavík, 1948–50).
- Páll Eggert Ólason, „Landsbókasafnið. Stutt yfirlit.“ *Árbækur Landsbókasafnsins 1944* (1945), bls. 45–78.
- Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. I.–III. bindi (Reykjavík, 1918–37).
- Schleisner, Peter Anton, *Island: undersögt fra et lægevidenskabeligt synspunkt* (Kaupmannahöfn, 1849).
- Sigríður Mattíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Ejóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík, 2004).
- Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart. Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar* (Reykjavík, 2013).
- Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um fœrngripasöfn Íslands í Reykjavík II* (Kaupmannahöfn, 1867–70).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland* (London, 2010).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík, 2005).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld. Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137–177.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „From children’s point of view: childhood in nineteenth-century Iceland.“ *Journal of social history* 29 (2: 1995), bls. 295–323.

- Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagspróun 1880–1990* (Reykjavík, 1993), bls. 265–320.
- Sigurður Gylfi Magnússon and István M. Szijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013).
- Skaftáreldar 1783–1784: ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson (Reykjavík, 1984).
- Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnavetninga 1800–1830.“ *Landsbókasafn Íslands árbók* 1968 (1969), bls. 142–166.
- Stefán Aðalsteinsson, *Svaifdælingar 2* (Reykjavík, 1978).
- Sú þrá að þekja og nema...*, Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1856–2006. 150 ára minning. Sýningarskrá gefin út í tilefni málþings og sýningar í Þjóðarbókhöllu 22. september–31. desember 2006. Í umsjá afkomenda Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafni, Minjasafnsins á Akureyri, Þjóðminjasafns Íslands og Félags þjóðfræðinga.
- Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda.“ *Skaftáreldar 1783–1784* (Reykjavík, 1984), bls. 163–178.
- Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1854*. Magnús Kristinsson sá um útgáfuna (Akureyri, 1972).
- Thienemann, Friedrich August Ludwig, *Reise im Norden Europas, vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821* (Leipzig, 1824–1827).
- Ulrich, Laurel Thatcher, *A Midwife's Tale: The Life of Martha Ballard, Based on Her Diary, 1785–1812* (New York, 1990).
- Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Anna Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1985).

RAFRÆNAR ÚTGÁFUR

[Http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal)

[Http://islendingabok.is/](http://islendingabok.is/).

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR
GEFIN ÚT Í SAMVINNU VIÐ MIÐSTÖÐ EINSÖGURANNSÓKNA

RITSTJÓRAR

Davíð Ólafsson, Már Jónsson
og Sigurður Gylfi Magnússon

16. bindi

GUÐNÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu



REYKJAVÍK 2013
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR 16

GUÐNÝ HALLGRÍMSDÓTTIR

Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu

REYKJAVÍK 2013

*Ég tileinka fjölskyldu minni þessa bók,
þeim Herði eiginmanni mínum og börnum okkar
Huldu, Krisjáni og Örnunni*

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2013

© Davíð Ólafsson, Már Jónsson,

Sigurður Gylfi Magnússon og Guðný Hallgrímsdóttir

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Litlaprent

ISBN xxxx-xx-xxx-x

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883–1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).
5. Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar. Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2001).
6. Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729. Már Jónsson tók saman (2002).
7. Landsins útvöldu synir. Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíli 1846–1904. Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman (2004).
8. Jónsbók. Lögbók Íslendinga hver samþykkt var á alþingi árið 1281 og endurnýjuð um miðja 14. öld en fyrst prentuð árið 1578. Már Jónsson tók saman (2004).
9. Sigurður Gylfi Magnússon, Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi (2004).
10. Guðs dýrð og sánnanna velferð. Prestastefnudómar Brynjólfs biskups Sveinssonar árin 1639–1674. Már Jónsson tók saman (2005).
11. Sigurður Gylfi Magnússon, Sjálfssögur. Minni, minningar og saga (2005).
12. Í nafni heilagrar guðdómsins þrenningar. Prestastefnudómar Jóns biskups Vídalíns árin 1698–1720. Már Jónsson og Skúli S. Ólafsson tóku saman (2006).
13. Eftir skyldu míns embættis. Prestastefnudómar Þórðar biskups Þórðarsonar árin 1675–1697. Már Jónsson og Gunnar Örn Hannesson tóku saman. (2008).
14. Anna Hinriksdóttir, Ástin á tímum ömmu og afa. Bréf og dagbækur Bjarna Jónssonar kennara, sveitarhöfðingja og samvinnumanns í Húnaþingi á öndverðri 20. öld (2009).
15. Dagbók Elku. Alpýðumenning í þéttbýli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu. Hilma Gunnardóttir og Sigurður Gylfi Magnússon tóku saman (2012).

Efni

Formáli	9
1. Konur í karlaheimi	15
2. Handrit sjálfsævisögunnar	19
3. Elsta varðveitta handritið	33
4. Tímabil harðinda og hamfara	39
5. Guðrún og fjölskylda hennar	43
6. Bernskuárin í Teigi	53
7. Skýr og skikkanleg í vistinni	61
8. Sjálfstæð í vinnumennsku	69
9. Búhokur á tímum móðuharðinda	77
10. Verkalaun Guðrúnar	87
11. Tunnur, kerald, kollur og könnur	91
12. Bestu ár Guðrúnar í vinnumennsku	99
13. Illugi Jónsson – úlfur í sauðargæru?	109
14. Aftur ein	125
15. Og ergist hver með aldrinum	137
16. Hluti af stærri heild	143
Viðaukar	149
Stafrétt útgáfa af elsta handritinu	149
Útgáfan í Grímu	153
Dvalarstaðir Guðrúnar Ketilsdóttur 1759–1842	159
Myndaskrá	165
Heimildir	167

Formáli

Það var á haustmánuðum árið 2000 sem ég komst fyrst í snertingu við handrit í rannsóknum mínum. Það var í tengslum við verkefni sem ég vann á Þjóðskjalasafninu frá tímum Jörundar hundadagakonungs á Íslandi. Óhætt er að segja að þessi fyrsta heimsókn á Þjóðskjalasafnið hafi haft örlagarík áhrif á mig sem sagnfræðing því alla tíð síðan hef ég verið heilluð af handritaheiminum.

Í verkefninu skoðaði ég tiltekið mál úr skjalasafni danska kannsellísins sem fjallaði um hjónaskilnað fátækra hjóna um aldamótin 1800. Á þessum tíma var íslenskum hjónum bannað að skilja samkvæmt lögum en Danakonungur gat þó veitt þeim sérstaka undanþágu. Skilnaðarmál hjónanna hafði staðið yfir í langan tíma og fjöldi bréfa hafði varðveist um málið í skjalasafni konungs. Það var ótrúleg tilfinning að fara höndum um þennan gulnaða pappír sem lyktaði af löngu liðnum tíma. Meðal annars voru þetta þéttskrifaðir blaðsneplar sem bóndinn sjálfur hafði skrifað til konungs. Textinn einkenndist af miklum undirlægjuhætti við hið danska yfirvald og endalausan barlóm um fátækt og eynd fjölskyldunnar. Þarna var einnig að finna þykk pappírshandrit með háfleygri skrautskrift konunglegra embættismana. Þar var knappur textinn innrammaður af breiðum spássíum og gaf skýr fyrirmæli sem voru grundvölluð á dönskum lagabókstaf. Virðulegu innsigli konungs hafði verið þrykkt ofaní rautt vaxið á bréfinu til staðfestingar á uppruna þess. Við lestur handritanna fannst mér sem ég yrði beinlínis þátttakandi í þessu erfiða skilnaðarmáli. Öll hugsun mín snerist um líf þessa fátæka fólks og ég skynjaði hvað

svona lítill brot geta sagt mikið um fortíðina. Eftir þessa reynslu var ekki aftur snúið og ég varði löngum stundum við áhugaverðar rannsóknir á Þjóðskjalasafni Íslands.¹

Skömmu síðar ákvað ég að einbeita mér að handritum eftir konur á 18. og 19. öld. Ég hafði þá um nokkurt skeið unnið með persónulegar heimildir og kynnst hvernig hægt væri að nýta þær við sagnfræðirannsóknir. Ég heimsótti handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns þar sem ég vissi að megnið af handritum Íslendinga væri varðveitt og ákvað að hefjast handa. Ég hafði litla þekkingu á því hvernig safnið væri uppbyggt og hvernig best væri að bera sig að við að finna handrit eftir konur. Mér létti því stórlega þegar starfsmaður safnsins benti á sjö fallega innbundnar bækur sem hann sagði að væru skrár yfir þau handrit sem varðveitt væru á deildinni. Þetta voru handritaskrár Landsbókasafnsins en fyrstu þrjú aðalbindin voru gefin út á árunum 1918–1937 en síðar komu út fjögur aukabindi 1947–1996.

Við nánari skoðun reyndust handritaskrárnar einnig innihalda lýsingu á handritunum sem þar voru skráð en það auðveldaði mikið alla leit að heimildum í safninu. Þegar ég hafði kynnt mér uppbyggingu handritaskráanna komst ég að því að erfitt var að leita þar eftir ýmsum áhugaverðum efnisflokkum eins og handritum kvenna. Eftir nokkra rannsóknarvinnu við handritaskrárnar varð mér ljóst að jafnvel þótt þær auðveldi fræðimönnum heimildaleit í safninu skyggja þær einnig á mörg handrit í vörslu handritadeildar – fela þau fyrir hugsanlegum rannsakendum. Með nokkurri einföldun má segja að konur hafi reynt nánast ósýnilegar í handritaskránum. Verk þeirra sem þar voru reyndust afar illa skráð. Þegar í ljós kom hvernig væri komið fyrir handritum margra kvenna, þau á stundum „falin“ í handritapökkum sem kenndir voru við karla, varð mér ljóst að nauðsynlegt væri að kanna eftir hvaða reglum hafi verið unnið nær alla 20. öldina. Mér

1 Guðný Hallgrímsdóttir, „Íslenskir hjónaskilnaðir í danska kansellíunu: Rannsókn á tíu skilnaðarmálum.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2001 (Lbs.–Hbs). Guðný Hallgrímsdóttir, „Örlagasaga úr íslenskri sveit, hjónaskilnaður á fyrri hluta 19. aldar.“ *Sagnir* 24 (2004), bls. 58–65.

lék, með öðrum orðum, forvitni á að vita hvert markmið þeirra sem sömdu handritaskrárnar hafi verið með því að varðveita og skrá frásagnir af konum sem þar er að finna og hvaða merkingu væri hægt að leggja í flokkunarkerfi þeirra og annarra fræðimanna frá sama tíma.

Rannsókn mín leiddi í ljós að ástæðu þess hversu fá handrit virtust vera eftir konur á safninu mætti fyrst og fremst rekja til skráningarstefnu starfsmanna safnsins á 20. öldinni. Sú stefna tók lengst af mið af hinni þjóðernislegu umræðu í samfélaginu sem var sannarlega leiðarljósið í vísindum og fræðum á þeim tíma. Í handritaskránum opinberast hugmyndaheimur menntaðrar yfirstéttar sem ákvað hvaða sögu íslensku þjóðinni bæri að varðveita og halda til haga. Handritaskrárnar endurspeglar hugmyndaheim þeirra karla sem unnu við skráningu handrita og greiningu á íslenskri menningu. Það sem nú virðast úreltar hugmyndir um konur endurspeglar fyrst og fremst tíðaranda sem kvað upp úr um ætlað hlutskipti kvenna í nýju samfélagi. Af þeim sökum má halda því fram að handrit kvenna hafi fyrst og fremst verið skráð til að halda utan um og varðveita sögu þeirra „merku karla“ sem þær tengdust í lifanda lífi. Konur eru sjaldnast nafngreindar í handritaskránum þegar á handrit þeirra er minnst heldur kenndar við feður, maka, syni eða jafnvel afa sína.

Í bókinni tek ég til umfjöllunar sjálfsævisögu alþýðukonu sem varðveitt er á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Ég mun rekja hvernig efnið hefur verið flokkað í handritadeildinni og hvernig unnið hafði verið með það fyrr á öldinni 20. á opinberum vettvangi. Ég hygg að sú handritasaga muni með afgerandi hætti draga fram í dagsljósið stöðu kvenna í sögunni – hvernig þær hafa verið meðhöndlaðar í heimi fræðanna. Saga Guðrúnar Ketilsdóttur byggist á sjálfsævisögubroti sem varðveitt er í nokkrum uppskriftum á handritadeildinni og víðar.

Nánast alla sína ævi starfaði Guðrún sem vinnukona á heimilum annarra og átti sér því hvergi fastan samastað. Þrátt fyrir það virðist henni ekki hafa fundist hún ofurseld valdi húsbænda sinna. Þvert á

móti hafði hún ýmis ráð til að komast af sem einstæð vinnukona og taka ákvarðanir sem vörðuðu hennar eigin hag. Í bókinni er fjallað um líf þessarar merkilegu alþýðukonu og hvernig hún náði, þrátt fyrir afar þrönga stéttarstöðu sína, að hasla sér völl í erfiðu árferði móðuharðindanna. Döpur endalok ævi hennar dregur fram hið harmsögulega í lífi þúsunda Íslendinga á þessum tíma.

Margir hafa reynst mér afar hjálplegir við útgáfu bókarinnar og kann ég þeim öllum bestu þakkir fyrir. Það eru hins vegar nokkrir sem ég vil þakka alveg sérstaklega og ber þá fyrst að nefna Sigurð Gylfa Magnússon sem veitti ómetanlega aðstoð við gerð bókarinnar. Ég vil líka nota tækifærið og þakka honum fyrir góða leiðsögn og hvatningu í öllu mínu fræðagrúski. Einnig vil ég þakka núverandi leiðbeinanda mínum, Má Jónssyni, fyrir góða hjálp við yfirlestur og gagnlegar leiðbeiningar í öllu útgáfufurlinu en athugasemdir hans höfðu áhrif á lokagerð verksins. Stór hluti bókarinnar var meðal annars unninn á lesstofu Þjóðskjalasafnsins en starfsfólki þess vil ég færa bestu þakkir fyrir endalausar þolinmæði og greiðasemi. Sérstakar þakkir fær þó Björk Ingimundardóttir fyrir yfirlestur og ábendingar en hún er hafsjór af fróðleik um skjöl Þjóðskjalasafnsins. Jóni Torfasyni vil ég þakka fyrir lestur á erfiðri skrift og ótal snúninga eftir handritum í geymslur safnsins. Ég vil líka nota tækifærið og þakka öllum þeim sem komu með gagnlegar ábendingar varðandi skipulag og frágang bókarinnar. Þar má nefna Davíð Ólafsson, Guðrúnu Ingólfisdóttur og Láru Ágústu Ólafsdóttur á Akureyri. Síðast en ekki síst vil ég þakka eiginmanni mínum, Herði Arnarsyni, sem las handritið yfir á öllum stigum og hvatti mig óspart áfram á lokasprettið.

Á meðan á rannsókn minni stóð hef ég fengið tækifæri til að flytja fyrirlestra um efni hennar á opinberum vettvangi innan lands og utan. Árið 2006 hélt ég fyrirlestur á málþingi um *Ástríður og örlög* hjá Félagi um átjándualdarfræði og sumarið 2007 hélt ég tvo fyrirlestra um efnið. Þann fyrri flutti ég á alþjóðlegu málþingi um handritamenningu sem fram fór í Svartárkoti og þann síðari á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* sem haldin var

í Sofíu í Búlgaríu.¹ Árið 2008 flutti ég síðan erindi í málstofu um handritamenningu sem fram fór í Helsinki í Finnlandi og nefndist *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*. Málstofan nefndist: „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“² Sama ár fékk ég tvisvar tækifæri til að kynna rannsóknir mínar á málþingum og fundum sem haldin voru í ReykjavíkurAkademíunni. Það fyrra var vinnufundur (workshop) haldinn í tengslum við heimsókn hins þekhta bandaríska bókmenntafræðings Margaret J. M. Ezell. Síðara málþingið var haldið á vegum *Miðstöðvar einsögurannsókna* og nefndist: *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*. Þátttakendur voru ungverskir, norskir og íslenskir einsögufræðingar.³ Á hugvísindapíngi árið 2011 hélt ég fyrirlestur á málstofunni *Konur á köldum klaka* og á þessu ári kom út grein eftir mig í bókinni *White Field, Black Seeds, Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century*, „Material without value? The recollec

- 1 „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur – Sjálfsævisaga alþýðukonu eða kímnisaga af flóni.“ Fyrirlestur fluttur á málþingi Félags um átjándu aldar fræði: *Enn af ástum og örlögum á átjándu og níjándu öld*, 13. nóvember 2006. „A Tale of a Fool or a common Woman's Autobiography.“ The Scribal Culture in a Masculine Perspective. Fyrirlestur fluttur á málþingi (Pilot Course 2007) um handritamenningu í Svartárkoti, 19–22. júní 2007. „Where are the women's manuscripts? Argument based on a study of the women's manuscripts of an entire nation.“ Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* 8–12 ágúst 2007, University of Sofia „St. Kliment Ohridski“, Búlgaría. Einnig birti ég grein um efnið í afmælisriti til heiðurs Sigurði Gylfa Magnússyni: „Hugleiðing um afdrif handrita kvenna.“ *Íslensk menning II. Til heiðurs Sigurði Gyfa Magnússyni* (Reykjavík, 2007), bls.74–80.
- 2 „A Common Woman's Autobiography or a Humorous Story of a Fool.“ Fyrirlestur haldinn á málstofunni „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“ *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*, 30. júlí 2008, Helsinki, Finnland.
- 3 „Women's in manuscript.“ Fyrirlestur haldinn á málþinginu *Ideas in the 21st Century* í ReykjavíkurAkademíunni í tengslum við heimsókn bókmenntafræðingsins Margaret J. M. Ezell, 22. júní 2008. „A Common Woman's Autobiography.“ Fyrirlestur haldinn á vegum *Miðstöðvar einsögurannsókna* á málþinginu *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*, 25. ágúst 2008.

tions of Guðrún Ketilsdóttir.“ Bókin var gefin út af Finnish Literature Society í Helsinki árið 2013.¹

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem komu með góðar ábendingar og tillögur í sambandi við rannsóknina á þessum ráðstefnum og fundum en það hafði mikil áhrif á þróun hennar.

1 „... því guð gaf mér málið eins og honum.“ Um handrit kvenna í meðförum karla“. Fyrirlestur haldin á málstofunni *Konur á köldum klaka*. Hugvísindapíng, Háskóla Íslands, 26. mars 2011.

1. Konur í karlaheimi

Á handritadeild Landsbókasafnsins er mikill fjöldi sjálfsævisögu-handrita sem aldrei hafa verið gefin út. Þó að sögurnar, sem flestar eru í formi sjálfsævisögubrota, geti varla fallið undir nútíma skilgreiningu hugtaksins sjálfsævisaga geyma hver og ein þeirra einstakrar minningar um veröld sem var. Sagan sem hér verður sögð byggist á sjálfsævisögubroti sem varðveist hefur frá tímum höfundar – á fyrri hluta 19. aldar – og ber titilinn *Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur*. Sjálfsævisagan er ekki hefðbundið verk í neinum skilningi. Frásögnin er til dæmis skrifuð upp orðrétt jafnóðum og sögumaður segir frá. Formið er því nánast eins og munnleg frásögn þar sem hugsanir og tilfinningar höfundar flæða óhindrað fram og gefa sögunni um leið einlægan og sannan blæ. Saga Guðrúnar var sennilega skráð í kringum 1840 þegar Guðrún var orðin áttæð að aldri. Því er haldið fram að þegar hún hafi eitt sinn verið gestkomandi á Syðra-Laugalandi í Öngulsstaðahreppi, hafi hún verið beðin um að segja sögu sína en á bænum bjó þá Sigfús Jónsson hreppstjóri sem ef til vill skráði söguna sjálfur.¹ Um það eru þó engar heimildir.

Samkvæmt handritaskrám Landsbókasafnsins virðist lítið hafa varðveist af sjálfstjáningu 18. og 19. aldar kvenna eða heimildum þar sem konurnar sjálfar halda á penna. Ástæðu þess má að einhverju leyti rekja til þess hversu fáar konur voru skrifandi á tímabilinu. Því

1 *Ævisaga Guðrúnar* birtist á prenti árið 1929 í tímaritinu *Grímu*. Jónas Rafnar bjó söguna til prentunar og staðhæfir þar að sagan hafi verið orðrétt skrifuð upp eftir Guðrúnu þegar hún var gestkomandi að Syðra-Laugalandi.

hefur einnig verið haldið fram að konur hafi átt erfitt með að standa vörð um sitt einkarými og því látið vera að tjá sig um sín hjartans mál með ápreifanlegum hætti.¹ Þá má geta þess að mörgum húsbóndanum var í nöp við að vinnufólk væri að skrásetja það sem átti sér stað inni á heimilunum og konur hefðu síður átt þess kost að standa fyrir máli sínu en karlar. Síðast en ekki síst er örugglega um að kenna skráningarstefnu Landsbókasafnsins sem lengst af miðaðist við hina þjóðernislegu umræðu.² Handrit kvenna virðast fyrst og fremst hafa verið skráð og varðveitt með það fyrir augum að halda utan um sögu þjóðþekktara karla sem konurnar tengdust. Þessi flokkunaraðferð leiddi til þess að íslenskar konur, og þá sér í lagi alþýðukonur, eru lítt sýnilegar í handritaskrá safnsins. Mikið af efni tengt alþýðukonum er þó að finna á handritasöfnum landsins mismunandi vel skráð og aðgengilegt, efni sem er af ýmsu tagi og býður oft upp á áhugaverða sýn á liðna tíð. Hér má til dæmis nefna sjálfsævisögur, dagbækur, æviskrif eða hvers konar endurminningar, kveðskap, drauma og sendibréf íslenskra kvenna.

Samkvæmt handritaskrá Landsbókasafnsins eru fjölmargar ævisögur kvenna varðveittar á safninu. Flestar þeirra eru hins vegar í formi eftirmæla eða endurminninga sem samin hafa verið til minningar um látinn ættingja eða vin. Í sögunum er oftast að finna ættrakningar og helstu æviatriði, svo sem upplýsingar um maka, börn og bú og upphafna lýsingu á helstu kostum þess sem skrifað er um. Formið er nokkuð staðlað og einskonar helgimynd birt af þeim sem skrifað er um án þess að lesandinn verði nokkru nær um hvernig einstaklingurinn lifði lífi sínu. Sem dæmi um slíkar ævisögur má nefna þá sem

1 *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998), bls. 23–24.

2 Þá skoðun mína byggir ég á viðamikilli rannsókn sem ég gerði á handritaskrá Landsbókasafnsins í meistaranámi í sagnfræði. Þar mótaði ég gagnagrunn yfir öll handrit sem tengdust konum í skránum og kannaði hvernig verkum kvenna eru þar gerð skil. Guðný Hallgrímsdóttir, „Hulda. Sjálfstjáníning kvenna á 18. og 19. öld.“ M.A.-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009 (Lbs.-Hbs).

skrifuð var um Valgerði Þorgeirsdóttur ljósmóður í kringum 1800.¹ Samkvæmt höfundi ævisögunnar áttu foreldrar Valgerðar „...kyn sitt að rekja til höfðingja og heiðarlegs fólks í marga liði.”² Og höfundur skrifar að Valgerður hafi verið;

...guðhrædd, dyggðug, trúföst, iðin, þrífín, stjórnsöm, frómlynd og góðgjörðasöm, einkum við þurfandi og fátæka. Hún var sinnar ektamanns æra, hússins prýði, sveitarsómi og nú margra harmdauði; vona ég að engum, sem hana þekkti, þyki ég hér um of frekt mælt hafa.

Sú gildishlaðna lýsing sem hér er dregin upp af Valgerði ljósmóður lýsir vel þeirri ímynd sem haldið var að konum á tímabilinu en segir fátt um daglegt líf konunnar sjálfar.³

Öðru máli gegnir hins vegar um sjálfsævisögur kvenna, þ.e. sögur sem skráðar eru af konunum sjálfum eða eftir þeim hafðar. Þessháttar bókmenntir segja okkur mun meira um hvernig konur raunverulega lifðu lífi sínu en þau fjölmörgu upphöfnu eftirmæli sem karlar skrifa um konur og varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafnsins.

Í bók sinni *Sjálfssögur, Minni, minningar og saga*, skilgreinir Sigurður Gylfi Magnússon hugtakið sjálfsævisaga á eftirfarandi hátt:

Sjálfsævisaga er skrifleg tilraun einstaklings til að taka saman og gera skipulega grein fyrir eigin ævi, segja eigin sögu með eigin orðum.⁴

Jafnvel þó aðalpersóna þessarar bókar, Guðrún Ketilsdóttir, hafi ekki

1 Valgerður Þorgeirsdóttir (1735) var ljósmóðir á Elliðavatni í Mosfellssveit. Hún var gift Páli Jónssyni (1737), spítalahaldara og um tíma sýslumanns.

2 *Lbs* 729 8vo – *Ævisaga Valgerðar Þorgeirsdóttur*.

3 Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur segir að í *Vidalínspostillu*, sem var lesin á íslenskum heimilum á 18. og 19. öld, í *Arnbjörgu* (1780) og *Ræðum Hjálmars á Bjargi* (1820) megi vel greina þær kvenímyndir sem haldið var að konum. Þær skyldu vera iðnar, kurteisar, guðhræddar, ástríkar, nýtnar, blíðlyndar, aumka fátæka og vera undirgefnar. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frelsishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57–94.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjálfssögur, Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar 11 (Reykjavík, 2005), bls. 346.

sjálf skrifað upp sögu sína er engu að síður hægt að flokka söguna sem sjálfsævisögu þar sem hún er orðrétt eftir henni höfð.¹ Segja má að skrásetjari sögunnar sé hér einungis í hlutverki útgefanda eða þess sem hafi umsjón með því að sagan verði til.

Í þeim fjölmörgu kössum og handskrifuðu bókaskræðum sem finna má í handritasöfnum um land allt leynist töluverður fjöldi áhugaverðs efnis um konur. Efni sem ýmist hefur verið skrifað af konunum sjálfum eða öðrum. Vandinn er einfaldlega sá að efnið er oft falið inn á milli karllægra skilgreininga á flokkum og hugtökum. Þetta verk felur meðal annars í sér tilraun til að afhjúpa þá kosti sem slík skjöl búa yfir og sýna fram á hvað saga einnar manneskju getur varpað athyglisverðu ljósi á liðna tíð.

1 Þeir sem skráðu ævisögu Guðrúnar taka það fram sérstaklega að sagan sé af henni sjálfri sögð.

2. Handrit sjálfsævisögunnar

Sjálfsævisaga Guðrúnar er varðveitt í þremur uppskriftum í Landsbókasafni en auk þess var sagan gefin út í bókinni *Grímu* árið 1929.¹ Þar er því haldið fram að Sigfús Jónsson hreppstjóri hafi skrifað upp ævisögu Guðrúnar.² Á handritadeildinni er að finna gríðarmikið efni úr fótum Sigfúsar Jónssonar en því miður hefur ekki tekist að finna þar handritið af sjálfsævisögu Guðrúnar þrátt fyrir ítrekaða leit.³ Það handrit sögunnar er því líklega glatað. Handritin þrjú sem varðveitt eru á Landsbókasafninu virðast við fyrstu sýn öll vera svipuð útgáfunni í *Grímu*. Þegar betur er að gáð má þó víða finna misræmi í orðanotkun og texta. Þau tvö sem komast næst því eru skráð um 1850–70 og er annað eftir Þorstein Þorsteinsson frá Upsum, merkt í handritadeildinni *ÍB* 841 8vo, en það síðara, *ÍB* 883 8vo, er nafnlaust. Þessi tvö handrit sjálfsævisögunnar bera nánast sama titilinn, það er; *Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur*. Þriðja handrit sjálfsævisögunnar er uppskrift Geirs Vigfússonar, skálds og fræðimanns á Akureyri en það handrit er talið skráð í kringum 1870 og ber safnmarkið *ÍB* 438

- 1 Meðan á lokafrágangi bókarinnar stóð fékk ég óvænt fregnir af fjórða handriti ævisögunnar sem varðveitt er á Landsbókasafni Íslands. Það hafði fundist í gögnum Ólafar Sigurðardóttur (1857) frá Hlöðum. Handritið, sem var án tímasætningar, bætti hins vegar litlu við fyrri handrit sem hér verða til umfjöllunar. Handrit Ólafar er í handritadeild Landsbókasafnsins undir safnmarkinu *Lbs* 19 NF – Einkaskjalasafn Ólafar frá Hlöðum.
- 2 Í neðanmálsgrein við útgáfu sögunnar í *Grímu* segir Jónas Rafnar meðal annars: „Sigfús Jónsson hreppstjóri á Laugalandi var merkismaður að mörgu. Honum er það að þakka að ævisaga þessi hefur verið skrásett.“ *Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra* 5. Þorsteinn M. Jónsson gaf út (Reykjavík, 1973), bls. 319.
- 3 Í handritaskráum Landsbókasafnsins eru 126 handritsnúmer skráð á nafn Sigfúsar Jónssonar á Laugalandi.

4to. Handrit Geirs Vigfússonar er nokkuð ólíkt hinum tveimur þar sem texti sögunnar er færður í stílinn og öll frásögnin orðin liprari aflestrar. Sennilega hefur Geir betrubætt sjálfsævisöguna með það að markmiði að gefa hana út í safni smásagna sem hann var að vinna að á sama tíma.¹ Viðurnefnið „suða” sem hann gefur Guðrúnu hefur eflaust átt að gera söguna spaugilega en algengt var hér áður fyrir að fátæklingar og niðursetningar yrðu fyrir athlægi þeirra er meira máttu sín, að þeir væru hæddir og hafðir að spotti.²

Sjálfsævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur kom út í fyrsta sinn á prenti í tímaritinu *Grímu* árið 1929. Það var fræðimaðurinn Jónas Rafnar sem bjó ævisöguna til prentunar en þar kemur fram að Sigfús Jónsson hreppstjóri hafi upphaflega skráð söguna. Í efnisyfirliti *Grímu* er sjálfsævisögu Guðrúnar skipað niður með gamansögum af heimsku fólki, í sérstökum kafla með yfirskriftinni *Flónska*.³ Jónas Rafnar annaðist útgáfuna og útbjó ítarlegt yfirlit yfir allt efni bókarinnar þar sem sögurnar eru flokkaðar eftir umfjöllunarefni. Sjálfsævisaga Guðrúnar er þar skráð undir efnisorðinu *Kímnisögur* en um þann flokk segir Jónas meðal annars:

Í fimmta og síðasta flokkinn set ég kímnisögurnar. Flestar sögurnar hef ég skrifað undir prentun, fært margar þeirra til betra máls, styttnar sumar að mun, en bætt nokkru inn í sumar, sérstaklega ártölum og öðru því, sem gat tímabundið viðburðina eða verið efninu að öðru leyti til skýringar. Vona ég að skrásetjurum þyki ég ekki hafa með því lýtt verk þeirra.⁴

1 Geir Vigfússon og Þorsteinn frá Upsum áttu í bréfasamskiptum um það leyti sem Geir skrifaði upp sjálfsævisögu Guðrúnar og lánuðu líklega hvor öðrum handrit til uppskrifta. Í bréfi Geirs frá árinu 1877 kemur fram að hann hefur sent Þorsteini smásögur sem hann var að gefa út. *ÍB* 843 8vo – Sendibréf til Þorsteins á Upsum.

2 Sjá til dæmis frásögn Magnúsar Hj. Magnússonar í dagbók sinni þar sem hann segir frá illri meðferð á sér í æsku: „Fóstra mín var vond við mig, húsbændurnir öllu verri og aðrir á heimilinu voru þar eptir“; sjá *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*, bls. 264.

3 *Gríma, þjóðsögur*. I–V. bindi. Safnað hefur Oddur Björnsson (Akureyri 1929), efnisyfirlit.

4 Jónas Rafnar, „Formáli.“ *Gríma, þjóðsögur*, I–V, bls. v.

Mynd 1 – Jónas Jónasson Rafnar (1887–1972) var sonur Jónasar Jónssonar, prests og fræðimanns frá Hrafnagili og Þórunnar Stefánsdóttur Ottesen. Jónas ólst upp hjá foreldrum sínum að Hrafnagili og tók síðar upp ættarnafnið Rafnar sem dregið var af æskuheimili þeirra, Hrafnagili. Jónas sérhæfði sig í berkla-lækningum og var yfirlæknir á Berklahælinu í Kristnesi frá 1927–1956. Hann gaf út og þýddi tugi bóka á ævi sinni en auk þess kom hann að útgáfu fjöldamargra bóka og tímarita af sagnfræðilegum toga.



Heimild: „Sú þrá að þekkja og nema ... : sýning til heiðurs Jónasi Jónassyni frá Hrafnagili 1856–2006: 150 ára minning: sýningar-skrá.“

Í formála sem Jónas skrifar við sjálfsævisöguna í Grímu virðist hann búa yfir ýmsum upplýsingum um persónuleika Guðrúnar en þar segir meðal annars:

Guðrún Ketilsdóttir, sem venjulega var kölluð Gunna „suða“, dó í desember árið 1842 á 84. aldursári. Síðustu árin var hún á flækingi um Öngulsstaðahrepp. Gunna var símasandi, hvar sem hún var stödd; þegar hún var ein á gangi á milli bæja, talaði hún við sjálfa sig, svo að suðan heyrðist langar leiðir. Í ákafa sínum að tala slengdi hún öllu saman í einn hrærigraut, svo að erfitt var að fylgjast með efninu; ber ævisagan þess glögglega vottinn.¹

1 Jónas Rafnar, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“ *Gríma hin nýja*, bls. 316.

Jónas gerir ítarlega tilraun til að útskýra viðurnefni Guðrúnar og gengur jafnvel enn lengra og uppfærir hana „Gunnú suðu“. Hugsanlega er hér komin skýring á viðurnefninu í handriti Geirs Vigfússonar.

Þegar Guðrún lætur skrá sjálfsævisögu sína er hún komin á níráðisaldur og hefur verið sett á sveit í Öngulsstaðahrepp. Síðustu árin má finna nafn hennar á hinum ýmsum bæjum í hreppnum þar sem hún er annaðhvort skráð sem niðursetningur eða hreppslimur. Viðurnefnið „suða“ fær Guðrún einungis í handriti Geirs Vigfússonar og löngu síðar í *Grímu*. Vel má vera að Geir hafi stuðst við sama handrit og Jónas Rafnar þegar hann skrifaði upp söguna því á handriti hans má skilja sem svo að hann hafi stuðst við fleiri en eitt handrit af henni.¹

Í þeim samtímaheimildum sem ég hef skoðað, svo sem sóknarmannatölum og húsvitjunarbókum, finnst þetta viðurnefni Guðrúnar hins vegar ekki.² Til að mynda átti Guðrún systur, einu ári eldri, sem var alnafna hennar. Þær bjuggu í sömu sveit nær alla tíð og hefðu því auðveldlega getað verið aðskildar í skráningum presta með einhverjum viðurnefnum eins og stundum var gert. Sú var hins vegar ekki raunin. Systurnar eru ávallt skráðar með fullu nafni, allt fram í andlát-ið. Enn fremur hef ég í höndum heimild frá Ólafi Eyjólfsyni, skrifara sýslumannsins á Grund, sem hélt dagbók í Eyjafirði í tíð Guðrúnar. Samkvæmt þeirri heimild virtist Guðrún oft hafa gist á Grund á ferð sinni um sveitina og ávallt þegar hennar er getið í dagbókarskrifum Ólafs er hún skráð með fullu nafni, þ.e. Guðrún Ketilsdóttir eða „Guðrún kerling“. Margir í upptalningum Ólafs eru þó aðeins skráðir þar með fornafni eða kenndir við bæinn sem þeir komu frá. Hinn 11. desember árið 1842 minntist Ólafur skrifari á andlát Guðrúnar með þessum orðum: „Fréttist lát Guðrúnar kerlingar Ketilsdóttur.“³ Guðrún hafði dáið tveim dögum áður, hinn 9. desember árið 1842.

1 Undir sjálfum titlinum stendur orðrétt: „Af henni sjálfri sögð, og af ýmsum samansett í eitt.“ *ÍB* 438 4to – Margvísleg brot m. h. Geirs Vigfússonar.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/1 – BC/6 Sóknarmannatal 1753–1845, BA/2 – BA/4, Prestsþjónustubók 1754–1840, Barð í Fljótum BC/1 Sóknarmannatal 1801–1819, Hrafnagil, Munkaþverá og Kaupangur BA/9 Prestsþjónustubók 1816–1847, Grundarþing/Laugaland BC/1 Sóknarmannatal 1797–1836, BA/1 – BA/5 1751–1879.

3 *Lbs* 1343–1347 8vo – Dagbækur Ólafs Eyjólfsssonar á Laugalandi, 11. desember 1842.

Í formála Jónasar Rafnar í *Grímu* koma, að því er best verður séð, berlega í ljós viðhorf hans til konunnar og sjálfsævisögu hennar en að auki eru gerðar athyglisverðar athugasemdir við hispurslausan frásagnarstíl Guðrúnar:

Pegar Gunna var gömul orðin, kom hún eitt sinn að Syðra-Laugalandi til Sigfúsar hreppstjóra Jónssonar (d. 1855); Þá var hún beðin að segja æfisögu sína og var sagan rituð upp jafnóðum og Gunna sagði frá. Birtist sagan hér óbreytt að öðru en því, að nokkur klúryrði eru hefluð, án þess að merking raskist.¹

Með þessum athugasemdum öllum er lesandinn rækilega búinn undir það að lesa gamansögu af orðljótu, suðandi kerlingarflóni.

Sigurður Nordal, prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, sagði það vera sjálfsögðustu kröfu til þeirra sem safna alþýðlegum fræðum að gæta nákvæmni í meðferð heimilda. Í formála bókarrinnar *Gráskinnu*, safni þjóðsagna sem Sigurður Nordal gaf út í samvinnu við Þórberg Þórðarson, segir hann ennfremur:

Handritum verður að breyta með varkárni, svo að hvorki raskist stíll né efni, og ef ritað er eftir munnlegri frásögn, á helzt að gera það orðrétt. Sumir safnendur hafa flaskað á því, að nema fyrst sögurnar og segja þær síðan með sínum eigin orðum. En jafnvel þó að þessir menn þykist færir um að orða betur en sögumenn þeirra, sem þeir oft og einatt eru ekki, þá verða sögurnar með þessu móti tilbreytingarlausari og gefa fátæklegri mynd af alþýðlegu máli og frásagnarlist.²

Af handritunum þremur sem varðveitt eru af sjálfsævisögu Guðrúnar kemst handritið *ÍB* 883 8vo næst upprunalega texta sögunnar. Sú frásögn er líkust útgáfunni í *Grímu* og er ítarlegust af öllum

1 Jónas Rafnar, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“ *Gríma hin nýja*, bls. 316.

2 Sigurður Nordal, „Formáli.“ *Gráskinnu*. Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson sáu um útgáfuna I.–IV. bindi (Akureyri, 1928–1936), bls. VI.

þremur uppskriftunum. Meðal annars hefur handrit *ÍB* 883 8vo, að geyma tvær frásagnir sem ekki finnast í hinum tveimur handritunum né útgáfunni í *Grímu*. Fyrri frásögnin er af samskiptum Guðrúnar við sýslumannshjónin á Grund og hljóðar svo:

Ævinlega þegar ég kom að Grund, gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi. En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvauður gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvauða skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það.¹

Hinum textanum hefur verið skeytt aftan við handritið og fjallar um veru Guðrúnar í Skagafirðinum:

Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sönnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.²

Að vísu er að finna svipaða frásögn aftast í handriti Geirs Vigfússonar sem er þó ekki jafn ítarleg en gefur hins vegar til kynna að Geir hafi skrifað eftir handriti sem tengdist handriti *ÍB* 883 8vo. Ítarleg frásögn af samskiptum Guðrúnar við sýslumannshjónin virðist trúverðug enda dvaldi Guðrún oft á Grund samkvæmt dagbók Ólafs skrifara eins og áður kom fram. Auk þess starfaði systir Guðrúnar í mörg ár hjá Gunnlaugi og Valgerði á Grund. Að öllum líkindum hefur handrit *ÍB* 883 8vo því verið skrifað upp eftir eldra handriti en þeir Þorsteinn og Geir hafa stuðst við í sínum uppskriftum og jafnvel eldra en handritið sem notað var í útgáfunni í *Grímu*.

1 *ÍB* 883 3vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 *ÍB* 883 3vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Mynd 2 – Jón Borgfirðingur (1826 – 1912) var sonur Guðríðar Jóns-dóttur, einstæðrar móður og vinnukonu í Borgarfirði en hún hafði eignast hann með Jóni Hallgrímssyni Bachmann, sem þá var giftur prestur í Hestþingum. Í bókinni Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur, eftir Sigrúnu Sigurðardóttur segir að sökum efiðra aðstæðna hafi móðir Jóns verið tilneydd að sjá á eftir honum ungum í fóstur og ólst hann upp á kotbýli í Borgarfirðinum á kostnað hreppsins. Í reikningum hreppsins hafi Jón verið kallaður „Jón fjöðurlausi“ þar sem enginn hafði viljað gangast við honum.

Heimild: Elskulega móðir mín, bls. 238.



Öll þrjú handritin sem varðveitt eru á handritadeild Landsbókasafnsins voru skráð á 19. öld en tvö þeirra, *ÍB* 883 8vo og *ÍB* 438 4to, hafði bókmenntafélagið fengið frá Jóni Borgfirðingi, lögregluþjóni og bóka- og fræðimanni. Jón Jónsson Borgfirðingur var einn af þessum ötulu alþýðufræðimönnum sem safnaði handritum alla sína ævi. Í handritaskrá Landsbókasafnsins má sjá að vel á fimmta hundrað handritsnúmer hafa komið úr eigu hans.

Jón Borgfirðingur stóð lengi í bréfaskriftum við Jón Sigurðsson forseta og sinnti ýmsum rannsóknum fyrir hann en mörg handrit úr fórum Jóns Borgfirðings komust í eigu Hins íslenska bókmenntafélags. Þá má geta þess að sonur Jóns var Finnur Jónsson prófessor við Kaupmannahafnarháskóla í Norrænum fræðum.¹ Þau tvö handrit

1 Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999), bls. 14.



Mynd 3 – Páll Eggert (1883–1949) var stúdent frá MR, lauk prófi í forspjallsvísindum frá Háskólanum í Kaupmannahöfn, lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands og Dr. phil frá Háskóla Íslands. Óhætt er að segja að ævistarfi Páls hafi verið mikið að vöxtum en auk þeirra starfa sem áður er getið varð hann bankasjóri Búnaðarbankans um tíma, gengdi stöðu skrifstofusjóra fjármálaráðuneytisins og samdi að auki fjölda bóka og verka á sviði hugvísinda.

Heimild: Íslenskir sagnfræðingar, fyrra bindi, bls. 237-238.

sem innihéldu uppskrift af sjálfsævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur komu einmitt frá Jóni. Þegar síðan Landsbókasafnið keypti handritasafn Bókmenntafélagsins komust öll þrjú eintökin af sögu Guðrúnar í eigu handritadeildar.

Það var fræðimaðurinn Páll Eggert Ólason sem tók saman fyrstu þrjú aðalbindi handritaskráa Landsbókasafnsins. Í þeim er að finna allt að 8600 handrit ásamt skýringartexta og upplýsingum um markverðustu handritin.¹ Páll var óvenjulegur maður, lögfræðingur að mennt en með óslökkvandi áhuga á sögu og menningu. Árið 1906 var hann ráðinn við Landsbókasafn Íslands og vann þar til ársins 1922 eða þegar hann varð prófessor í sögu við Háskóla Íslands. Páll Eggert varð síðar rektor skólans.² Til að byrja með var hann fyrst og fremst ráðinn til að sinna spjaldskrárgerð yfir prentaðar bækur Landsbókasafnsins. Hann vann að handritaskránum í hjáverkum og

1 Fyrstu þrjú aðalbindin voru gefin út á árunum 1918–1937 en auk þess annaðist Páll Eggert fyrsta aukabindið sem kom út árið 1947.

2 Íslenskir sagnfræðingar. Fyrra bindi. Sagnfræðingatal og saga Sagnfræðingafélags Íslands. Ritsjórar Ívar Gissurarson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Steingrímur Steinþórsson (Reykjavík, 2006), bls. 237.

fyrsta bindi kom út árið 1918 en hið þriðja árið 1937. Páll Eggert var óhemju afkastamikill á þeim tíma þegar hann vann að handritaskránum, svo mjög að fáir hafa komist með tærnar þar sem hann hafði hælana.¹ En eitt er víst að Páll Eggert var mistækur maður. Um handrit Jóns Borgfirðings hafði Páll Eggert meðal annars þetta að segja: „Það, sem Jón Borgfirðingur safnaði, er að vísu flest ruslkennt, en sýndi þó áhuga hans og góðan vilja.“² Í skráningu Páls Eggerts á sjálfsævisöguhandritum Guðrúnar Ketilsdóttur má greina þetta sama viðhorf en fyrsta handritið er skráð í annað bindi handritaskrána árið 1932. Það er handrit Geirs Vigfússonar, *ÍB* 438 4to.³ Eins og vera ber færir Páll Eggert inn upplýsingar um stærð, skráningartíma og efnisinnihald handritsins og nefnir að auki nokkra kvæðahöfunda og einstaka uppskriftir. Sjá má að Páll Eggert flokkar sjálfsævisögu Guðrúnar sem kímilegan samsetning og setur orðið ævisaga í sviga afan við nafn hennar:

ÍB. 438, 4to. Margvísleg brot. 78 bls, Ein hönd. Skr. ca. 1870. Tækifærisvísur, gamankvæði og kímilegr samsetningar m.h. Geirs Vigfússonar. Nafngreindir kvæðahöfundar: Sölvi Helgason, Guðmundur Magnússon, Jón Jónsson á Munkaþverá, Benedikt Benediktsson, Hallgrímur Jónsson, Davíð Gottskálksson, Sigfús Jónsson, síra Jón Jónsson á Möðrufelli, Guðný Jónsdóttir frá Grenjaðarstöðum, Jónas Jónsson frá Sigluvík, Bauna-Þorsteinn, Daði Níelsson.

Kímisögur: Sveinn á Þröm (líkræða), Guðrún suða Ketilsdóttir (ævisaga).

Ferill. ÍB. 438–9, 4to., frá Jóni Borgfirðingi.⁴

1 *Íslenskir sagnfræðingar*, Fyrri bindi, bls. 236.

2 Páll Eggert Ólason, „Landsbókasafnið. Stutt yfirlit.“ *Árbækur Landsbókasafnsins 1944* (1945), bls. 65.

3 ÍB er skammstöfun fyrir Hið íslenska bókmenntafélag.

4 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. II. bindi (Reykjavík, 1927–1932), bls. 828.

Ýmislegt athyglisvert kemur í ljós þegar skráning Páls Eggerts á sjálfsævisögu Guðrúnar er borin saman við sjálfann titilinn á handriti Geirs Vigfússonar. Titillinn hljómar á þessa leið: „Æfisaga Guðrúnar Ketilsdóttur, auknefnd Suða. Af henni sjálfri sögð og af ýmsum samansett í eitt.“¹

Í formála þriðja bindis handritaskrána, sem kom út árið 1935, fjallar Páll Eggert um þær vinnureglur sem hann hafi tamið sér þegar hann skráir handrit. Þar staðhæfir hann meðal annars að þegar hann lýsi efni handritsins séu; „... vitanlega, eftir því sem unnt er, teknar upp fyrirsagnir þaðan, enda er sá þáttur á ábyrgð sjálfs handritsins, sem vera ber, þótt fyrir komi, að ekki sé rétt hermt í handritinu sjálfu.“² Þegar kemur að sjálfsævisögu Guðrúnar virðist þeirri góðu vinnureglu ekki fylgt. Handritinu hefur verið gefinn nýr titill sem algjörlega umbreytir innihaldi þess. Óhætt er að fullyrða að með gildishlaðinni lýsingu sé rýrð kastað á annars góða heimild.

Í þriðja bindi handritaskráa Páls Eggerts má síðan finna handritið *ÍB* 883 8vo. Páll Eggert segir það skráð ca. 1850–70 og að hann greini í því tvær ólíkar rithendur. Í handritinu má meðal annars finna ýmis kvæði og hefur Páll Eggert nafngreint nokkra höfunda þeirra í skráningunni. Aftast er að finna fyrirsögn sem að þessu sinni er orðrétt tekin úr titli handritsins: „Æfisaga Guðrúnar Ketilsdóttur.“³

Handrit Þorsteins Þorsteinssonar frá Upsum er einnig skráð í þriðja bindi handritaskrár Páls Eggerts og segir Páll Eggert það skrifað á 18. öld en mest af efni þess sé þó frá 19. öld. Hann segir handritið vera samtíning sem Þorsteinn hafi safnað og að sumt sé með hans hendi.⁴ Sjálfsævisögu Guðrúnar í handriti Þorsteins skráir Páll Eggert á eftirfarandi hátt: „Æfi Saga Guðrúnar Ketilsdóttir (!) Af henni sjálfri sögð og orðrett skrifuð.“⁵ Hér er titill handritsins tekinn stafréttur

1 *ÍB* 438 4to – Margvísleg brot m.h. Geirs Vigfússonar.

2 Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi (Reykjavík, 1935–1937), bls. IX.

3 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 190.

4 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 132–183.

5 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 183.

upp að undanskildu upphrópunarmerki sem Páll Eggert setur í sviga aftan við. Þess háttar greinamerking er gjarnan notuð á eftir málsgrein til að koma til skila fögnuði, undrun eða jafnvel fyrirleitningu.¹ Við fyrstu sýn virðist erfitt að meta hvað Páll Eggert hefur haft í huga með slíkri greinamerkingu. Var hann að gera athugasemd við beygingu föðurnafnsins sem honum fannst eiga að vera Ketilsdóttur í eignafalli? Eða var hann kannski svona undrandi yfir því að finna sjálfsævisögu eftir konu frá 19. öld? Erfitt er að skera úr hvort eigi við Pál Eggert í þessu tilviki. Frekari rannsókna væri þörf á starfsháttum hans. Hugsanlega vildi Páll Eggert senda lesendum sínum þau skilaboð að hér væri á ferðinni eitthvað sem varla risi undir nafni. Jafnvel í efnisyfirliti handritaskráanna hefur Páll Eggert þurrkað út úr titlinum orðið ævisaga.

Eftir útgáfu handritaskráanna tók Páll Eggert saman í sérstakt bindi gríðarmikla efnis- og nafnaskrá yfir allt efnið í þessum þremur bindum. Í skránni er hægt að leita undir fjöldamörgum efnisflokkum og efninu hefur verið skipulega raðað eftir ákveðnu kerfi til að auðvelda leitina. Lýsandi titill handritsins af sjálfsævisögu Guðrúnar gefur til kynna að eðlilegast væri að leita að því undir flokki ævisagna. Söguna er þó ekki að finna undir þeim efnisflokki, heldur hefur hún verið skráð undir flokknum *Þjóðtrú og alþýðleg fræði*. Í þeim flokki má meðal annars finna álfa- og draugasögur, ýmislegt tengt galdratrú, skrímslum og öðrum hindurvitnum auk sjálfsævisögu Guðrúnar sem Páll Eggert skráir á eftirfarandi hátt: „Guðrún Ketilsdóttir suða.“² Páll Eggert hefur þurrkað út orðið ævisaga úr titli handritsins en gefið Guðrúnu uppnefnið suða sem þó var aðeins að finna í einu af þremur handritum sjálfsævisögunnar. Við það „hvarf“ handritið í raun í handritaskránum, komst í flokk með efni sem ólíklegt væri að fræðimenn leituðu í aðrir en þeir sem áhuga hefðu á álfa- og draugasögum.

Í nafnaskránni má síðan finna sömu skráninguna, þ.e. Guðrún

1 Sjá heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: Notkun upphrópunarmerkja: http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal.

2 Páll Eggert, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi, bls. 381.

Ketilsdóttir suða. Sjálfsævisagan er þannig rækilega skilgreind í handritaskrám Landsbókasafnsins sem gamansaga af flóni og allt virðist vera gert til að draga fjöður yfir að um sjálfsævisögu sé að ræða. Hlutskipti Guðrúnar var því að hverfa í handritamergðina sem er að finna í handritadeildinni, rétt eins og margar kynsystur hennar máttu þola.

Hér á eftir mun ég gera atlögu að þessu litla handritsbroti sem virðist hafa þvælst á milli manna og flokka í handritaskránum, ævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur. Ætlunin er að sýna hvernig hægt er að vinna með þess háttar heimild með aðferðum einsögunnar sem sagnfræðilegs tækis til greiningar á atburðum og einstaklingum frá liðinni tíð.

Nú má spyrja: Er hægt að segja eitthvað merkingarbært um manninn út frá persónulegri tjáningu hans? Ef svo er, skiptir þá magn eða umfang textans einhverju máli? Geta takmörkuð textabrot eins og sjálfsævisaga Guðrúnar sagt eitthvað um þann sem skrifar eða segir frá? Hvers virði er stakur texti sem varðveist hefur frá liðnum öldum? Og enn má spyrja: Hversu góður spegill á fortíðina eru textabrot? Allt eru þetta grundvallarspurningar sem tengjast stöðu kvenna í fræðunum og því hvaða áhrif „flokunarkerfi“ samfélagsins hefur haft á hugmyndir samtímamanna um mikilvægi þeirra.

Ég mun beita aðferðafræði einsögunnar (e. *microhistory*) við greiningu mína og reyna að staðsetja Guðrúnu í því samfélagi sem hún ólst upp í með því að draga saman allar þær heimildir sem beint eða óbeint tengjast henni. Það sem fyrst og fremst einkennir einsögurannsóknir er að þar er unnið með lítil brot úr fortíðinni – til að mynda einn eða fáa einstaklinga, atvik, lítið samfélag eða stutt tímaskeið – og það nýtt til að skýra hvernig einstaklingurinn skildi sjálfan sig og umhverfi sitt.¹ Aðferðin er heppileg í sambandi við rannsóknir á æviferli Guðrúnar vegna þess að heimildir eru takmarkaðar og margt á huldu um hvað drifið hefur á daga hennar.

1 Sjá nýja bók eftir Sigurð Gylfa Magnússon og István M. Sziijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013).

Af eðlilegum ástæðum verður frásögn Guðrúnar í forgrunni og reynt verður að fylgja henni eftir, allt frá fæðingu til dauða. Einnig verður hennar nánasta fjölskylda skoðuð og þeir samferðamenn sem hún nafngreindir í sögunni. Opinberar heimildir, eins og sókn-armannatöl, prestsþjónustubækur, gögn sýslumanna og hreppsnefnda, auk hverskyns ættfræði- og byggðasögurita, eru ómetanleg hjálpartæki þegar unnið er með jafn takmarkað textabrot og sjálfsævisögu Guðrúnar. Með aðferðinni vonast ég til að geta lýst upp veruleika íslenskra alþýðukvenna á 18. og 19. öld en frásagnir af lífi þessa þjóðfélagshóps hafa ekki verið fyrirferðamiklar í íslenskri sagnfræði.¹

Gagnagrunnur Íslendingabókar reyndist mér afar gagnlegur sérstaklega til að tengja Guðrúnu við fólkið sem kemur við sögu í lífi hennar. Á nokkrum stöðum í bókinni eru persónuupplýsingar sóttar í gagnagrunn Íslendingabókar og er heimildar þá ekki getið sérstaklega.


Elsta og ítarlegasta handrit ævisögunnar, *ÍB* 883 8vo, er handritið sem kemst næst upprunalegri gerð sjálfsævisögunnar. Þegar vitnað er í söguna hér á eftir verður textinn úr því handriti notaður en færður til nútíma stafsetningar. Aðrir textar sem vitnað er í frá 18. og 19. öld eru einnig færðir til nútíma stafsetningar. Aftast í bókinni er að finna stafréttu útgáfu af handriti *ÍB* 883 8vo. Útgáfa sjálfsævisögunnar í *Grímu*, ásamt inngangi og neðanmálsgreinum Jónasar Rafnar, er einnig að finna í viðauka aftast í bókinni.

1 Hér má þó nefna bókina *Dulsmál 1600–1900: fjórtán dómar og skrá*. Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (Reykjavík, 2000) og bók Guðmundar Jónssonar, *Vinnuhjú á 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5 (Reykjavík, 1981), að ógleymdri bókinni *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Anna Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1985).

3. Elsta varðveitta handritið

Handritið, *ÍB* 883 8vo, er samkvæmt handritaskrár Landsbókasafnsins skrifað um 1850–70 af tveimur einstaklingum sem þó eru ekki nafngreindir í skránum. Handritið, sem er slitið og lúíð, er bundið inn í harðspjaldakápu með grænu og svörtu mynstri. Innan á bókarkápuinni stendur Jón Borgfirðingur, en hann var eigandi handritsins eins og áður hefur komið fram. Þar fyrir neðan er númer handritsins skrifað með blýanti, *ÍB* 883 8vo.¹ Handritið er nokkurn veginn tvískipt en skrifararnir virðast hafa skrifað í bókina hvor á eftir öðrum. Fyrri höndin skrifar fyrstu 106 blaðsíðurnar en þá tekur hin höndin við og skrifar það sem eftir er af verkinu. Fyrstu blaðsíðurnar eru skrifaðar með svörtu bleki á ólínustrikaðan pappír og er hver blaðsíða númeruð með sama bleki. Það virðist lítil áhrif hafa á frágang handritsins að skrifarinn hafi engar línur til að styðjast við, spássían er sú sama á öllum blaðsíðum og textinn ótrúlega skipulega upp settur. Síðari hluti handritsins er að mestu leyti skrifaður með ljósara bleki eða gráleitu og hafa blaðsíðurnar allar verið línustrikaðar. Aftast í handritinu er sjálfsævisaga Guðrúnar og er hún skrifuð af þeim sem skrifar fyrri hluta handritsins. Hér á eftir birtist sjálfsævisagan í heild sinni eins og hún hefur varðveist í handritinu *ÍB* 883 8vo en textinn hefur verið færður til nútímastafsetningar.

1 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.



Mynd 4 – Handrit ÍB 883 8vo sem er bæði slitid og lúid kemur úr fórum Jóns Borgfirðings og er varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni.

ÆVISAGA GUÐRÚNAR KETILSDÓTTUR

Nú er þar til máls að taka þar sem ég var barn í reifum í Teigi. Fæddist ég á Sámstöðum. Þá átti Gísli minn í Gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans. Hana setti ég ofan á Eyjafjarðarbakka og fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra Hól og átti ekki von á lengra lífi. Ævina mína í Gröf allir vissu, hún var bölbúð. María hafði geitur og allt var eins, boli drap hann. Þaðan fór ég til Páls á Þórustöðum, hann átti bágt og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar og fór því til Guðmundar í Kaupangi. Hann var mér besti maður og var ég þar í mesta gengi og allir elskuðu mig, því ég kom allstaðar fram til góðs og betur gegndi. Og vistaðist ég í Sigluvík og var beðin af mörgum en enginn vissi þetta. Þá kvað karl vísu því hann var skáldi en undirförull mjög.

Hvað mun þessi reflarún
ræði ég um það á meðan,
enginn veit hvað ætlar hún
út eða suður hédan.

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, sá bölvadur refur og hét Illugi, álitlegur maður, en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, svo var um hann. Bauð hann mér alla þjónustu en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, grænum bol, hatt og góða skó. Þá kom tilhugalífið með okkur Illuga. Ég átti fimm kistur, þar var meira í þeim en myrkrið tómt. Í einni voru rúsínur og laumaði ég í hann af þeim því ég hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi og átti ég þó súrtunnu um haustið og

margt þar niðrí. Björg stal öllu steini léttara og allt var í laumi þeirra á millum. Þá fór hann í sitt hórurí og fór stelpu af stelpu en ég mátti slama og þegja og ergist hvur með aldrinum. Beislið týndist. Tvær brauðkökur gaf ég þá og feitt á milli. Fann ég prófast. „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en ég kvað nei við því ég meinti hann væri að tala um lyklana.¹ Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sonnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.² Mósa mín gufaði fram úr öllum hestum á Hvammsbökkum og reið ég þá fram með Héraðsvötnunum og hundurinn með mér, Fríþon Sámsson. Hann var undan danska Sám með þorskhöfðakippu á bakinu. Kom hann þá með eitt og eitt og rétti að mér. Og veisludaginn átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund sem hét Tígris. Hann reif júgríð og rassgörnina úr einni ána minna. Ærin var út á Þverárdal en rassgörninn inn á Vöðluheiði. Beið hún dauðann af þessu. Versnaði Illuga af þessu því hann var þræll og fantur, nema við hórur sínar sem hann lá í. [Kom] þá Jón minn og ól ég hann upp og líktist hann mér með dyggð og ráðvendni. Fórum við þá að Hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu. Hann fór með það í sínar bölvaðar skuldir og sagði ég þá laust við hann. Tók hann þá af mér fötin. Hann var í 50rd skuld í kaupstað, þau hlupu á 20rd og hafði hann þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni eins og brókinni sinni, dáindis að var. Jón minn konfermeraður en lapþunnir voru grautarnir þar og öngvan bita fékk hann fyrir utan mat sinn. Þá fór ég að Barði í Fljótum, var þar um nóttina. Þorsteinn vildi fá mig til fylgilags en ég beit af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi það einnig en ég var ráðvandari en svo að ég lægi undir hverjum sem hafa vildi. Lá ég þá úti á

1 Hér er skrifað á spássíu: „hér er kaflir fyrir aftan sem hér var“ og á það við um textann „Síðan fór ég vestur ... aftur norður í Eyjafjörðinn.“

2 Skrifarinn merkti sérstaklega út á spássíu handritsins að textinn sem væri aftast í handritinu ætti heima á þessum stað í sjálfsævisögunni. Textinn „Síðan fór ég vestur ... aftur norður í Eyjafjörðinn“ hefur því verið færður til.

Klaufabrekkum vorlanga nóttina, í sólskini og sunnanvindi, aðkominn dauða. Guðbjörg gaf mér svartabrauð að endurnæringu. Fór ég þá í Eyjafjörð, gekk mér vel. Fór ég að Stórhóli í vist, var þar í mesta yfir-læti. Fór til grasa þaðan norður að Mývatni. Þá var ég falleg. Þá var ég með hvíta tauma ofan með nefinu, rauða diska í kinnum, bláeygð, smáeygð, hafinbrýnd. Brúkaði vænan fald og rauðan silkiklút um höf-uðið og borðalagða hempu yfir um þverar herðarnar. Allt var eftir þessu. Þá var ég þéruð af öllum, þá sögðu þeir: „sælar verið þér“ og „komið þér sælar“, en nú segja þeir allir: „Parna fer kerlingarskratt-inn hún Guðrún Ketilsdóttir.“ Vel er ég metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvaðir gárungarnir, sem ekki skeyta um guð né menn.

Reið ég þá í bað og maður með mér. Þegar hann sá mig bera vildi hann fá mig til fylgilags en ég varðist brynju búin og lét hann ekki fá það.

Kom ég þá heim með grösín á Stórhóli og voru það níu tunnur og var það nóg í stóru örkina þar.

Ævinlega þegar ég kom að Grund, gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi. En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvauður gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvauða skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það. Síðan var ég hingað og þangað í vistum. Varð undir regimenti Sigfúsar á Syðra- Laugalandi. Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvauðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd. Sulturinn þar á Tjörnum verður mér fyrir minni. Þar keypti ég skammrif af Magnúsi. Þau voru fjórar merkur og fjörutíu. Runnu þau upp af merkju, át ég soðið allt með spæni. Hljóp það upp í höfuðið á mér, lá ég í viku og ber það síðan. Fékk 24 afkoppur og margar smærri. Þar fékk ég svarta gimbur og sagði ég honum að hann tæki útsvarið undir sjálfum sér. Datt hann þar í kórinn djöfullinn sá arna. Sigfús er mér að sönnu nógu vænn, þó

teymdi hann síldina um hlaðið og svei þeirri ögninni. Hann gaf mér og öngvan þrjónshnapp, af lakkrísrót leggur hann mér. Mig vantaði ærnar mínar þegar ég var í Koti og bað um Halldór góða á Laugalandi og fór hann á mig upp í stalli og kostaði mig það dagsverk og vildi ég vinna það til. Setti hann mig yfir kot skómakarans. Var ég þar, sneri ég honum snöru. Hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í illt með okkur. Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagaði fantinn. Þar var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór ég að Grýtu, var þar eitt ár. Helga fór seint á fætur og mátti ég raka þrjár engjadagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir. Í Kaupangi var ég með allri, ævin mín þar, hún var dauf. Árni minn er að sönnu vænn maður en oft kemur svart lamb undan hvítu á og svo mátti segja þar. Á Þórustöðum var ég með allri skömm og svívirðingu. Golmóotta gimbrin var allt í öllu. Hálf sögð er sagan. Jarðeplaskeppa var með og glundur. Fór ég þaðan um haustið, það var allt kaupið á Ytri-Tjörnum. Ég hafði lítið samræði við fólk. Hann sendi hundinn upp í baðstofuna og sinnaðist mér þá. Ergist hvur með aldrinum og svo fór um mig. Og öll Varðgjárveran mín var stundleg. Ævisagan Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu og hana segi ég hverjum sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hefnd. Þegar ég réðst í Kaupangssel gaf ég séra Hallgrími margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu. Þrjónasessan mín týndist, síðan náði ég aldrei sakramentinu og bággt er að róa einni ár ef á sjó er farið. Hugrún flæktist þangað því að enginn vildi hafa hana og varð ég að skjóta skjóli yfir hana. Ásinn datt inn úr hrófinu en hann var harður í horn að taka. Heillamaðurinn setti hrygginn undir en var stuttur og ég hjálpaði þar til af öllum mætti. Með það tók ég hundinn af Hugraunu og gaf hún okkur saman sullukollu og hamsakvartil en þetta forsló lítið handa báðum.

Endir

4. Tímabil harðinda og hamfara

Guðrún Ketilsdóttir fæddist á Sámstöðum í Öngulsstaðahreppi hinn 25. júní árið 1759. Hún var annað barn foreldra sinna sem voru fátækir hjáleigubændur í hreppnum. Móðir Guðrúnar var Guðbjörg Hallgrímsdóttir sem þá var 37 ára gömul en faðirinn Ketill Arason 33 ára.¹ Þetta voru erfiðir tímar enda 18. öldin eitt átakanlegasta skeið í sögu þjóðarinnar. Tímabilið einkenndist af mjög slæmu veðurfari, hallærum, farsóttum og stórfelldum náttúruhamförum sem komu einna verst niður á íbúum norðanlands.

Árin 1740 til 1759 voru afleit búskaparár í Eyjafirðinum. Kýr dóu úr hor vegna grasleysis og sum árin var hafís nánast allt í kringum landið og mikið um „peníngsfelli.“ Séra Þorsteinn Ketilsson á Hrafnagili, segir árið 1751 „... að nokkur ár að undanfögnu hafi verið fyrir norðan og austan stór báginda-tíð, svo fólk hafi verið búið að missa þær skepnur, sem það gæti bjargast við.“² Næstu áratugir voru þó sýnu verri fyrir Eyfirðinga, veðurfarslýsingar geta um kafalda- og stórhretasöm vor og sumur með hríðum og frostum. Sauðfjársjúkdómar felldu bústofninn og landfarsóttir og hungur drógu marga til dauða.³ Sumarið 1783 hófst síðan eldgos úr Lakagígum

1 Guðbjörg Hallgrímsdóttir (1722) var sennilega fædd á Æsustöðum í Saurbæjarhreppi þar sem foreldrar hennar voru bændur. Ketill Arason (1726) var fæddur á Ytra-Hóli í Hrafnagilshreppi.

2 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna (Reykjavík, 1970), bls. 79–86. Þorsteinn Ketilsson (1688) var prestur í Hrafnagili frá 1716 til 1754.

3 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 90–97.

sem stóð yfir þar til í lok október sama ár. Skaðvæn askan frá gosinu dreifðist um allt land en þó mest í nágrenni við eldstöðvarnar og Norðlendingafjórðung. Þar dóu skepnurnar unnvörpum vegna heyleysis þegar líða tók á veturinn og misstu þá margir bændur allan sinn bústofn. Árið 1784 bárust frá biskupinum á Hólum hörmungarfréttir um ástandið í biskupsdæminu: „Hestar dóu margir fullfeitir; þeir átu þá dauðu, hauga, veggi, stoðir og þil frá húsum; sauðfé át ullina hvað af öðru og dó svo.“¹ Árið 1784 er talið að á landinu öllu hafi fallið allt að 53% af kúastofninum, 82% af sauðfé og um 77% af hestum. Mannfallið var hvergi jafnmikið og norðanlands en flest börn sem þá fæddust dóu kornung. Í skýrslu frá biskupinum á Hólum segir að vegna móðuharðindanna hafi 518 manns dáið úr vesöld í Eyjafjarðarsýslu og hátt í 60 jarðir hafi farið í eyði. Með þessari skýrslu fylgir lýsing biskups á bágu ástandi í biskupsdæminu árið 1784: „Um vorið pláguðust manneskjurnar af hneppusótt, blóðsótt, hettusótt, er á sumum braust út með bólgu, á öðrum með ofsa- eða smákláða.“²

Saga Guðrúnar átti sér að mestu leyti stað í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum sem er allt landsvæðið frá Akureyri, eða mörkum við Glæsibæjar- og Svalbarðsstrandarhreppa, inn að hreppamörkum við Saurbæjarhrepp. Eyjafjarðará rennur milli hreppanna og er Hrafnagilshreppur vestan megin við ána og Öngulsstaðahreppur austan megin.³ Enginn þéttbýliskjarni var enn farinn að myndast á Akureyri á þessu tímabili en árið 1750 mátti aðeins finna tvö hús á höndlunarstaðnum. Það voru sláturhúsið og krambúðin sem bæði tilheyrðu dönskum kaupmönnum sem voru hér yfir sumarið. Fyrsta íbúðarhúsið reis ekki á Akureyri fyrr en þrjátíu árum síðar og árið 1786 fékk Akureyri kaupstaðarréttindi en þar bjuggu þá aðeins 12

1 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 112.

2 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 112–114. Nánari upplýsingar um afleiðingar Skaftárelda má finna í grein Gísla Gunnarssonar, „Börn síns tíma: viðbrögð manna við náttúrhamförum í samhengi sögunnar.“ *Skírnir* 176 (haust 2002), bls. 293–319. Einnig í bókinni *Skaftáreldar 1783–1784: ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson (Reykjavík, 1984).

3 Sjá kort af hreppunum tveimur í viðauka.



Mynd 5 – Íslandskort Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1844 af Eyjafjardarsvæðinu.

manns.¹ Ástand sýslubúa var hins vegar orðið svo dapurt á þeim tíma að um helmingur sveitabæja í Öngulsstaðahreppi flokkaðist sem kotbýli þar sem bústofninn taldi í mesta lagi tíu ær og eina kú.² Þannig voru aðstæður í Eyjafirðinum þegar Guðrún Ketilsdóttir ólst þar upp.

1 Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar. Í landi Eyjarlands og Nausta 890–1862*. 1. bindi (Akureyri, 1990), bls. 14–21.

2 Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar I*, bls. 29–32.

5. Guðrún og fjölskylda hennar

Árið sem Guðrún Ketilsdóttir fæddist bjuggu foreldrar hennar, Guðbjörg og Ketill, á bænum Sámssstöðum í Öngulsstaðahreppi. Þau voru hjáleigubændur hjá Jóni Oddssyni lögréttumanni og hreppstjóra á Rútsstöðum og konu hans Guðrúnu Þórarinsdóttur. Bærinn Sámssstaðir hafði verið byggður út úr landi Rútsstaða einhvern tímann fyrir 1700 en landspildan var aðeins um fjórðungur af heimajörðinni. Guðbjörg hafði reyndar búið á Sámssstöðum löngu áður en hún kynntist Katli en hann var þriðji maður hennar.

Fyrsta eiginmanninum giftist Guðbjörg í Hrafnagilssókn árið 1743.¹ Sá hét Helgi Jónsson og var barnsfaðir Guðbjargar.² Erfitt er að finna heimildir um þau Guðbjörgu og Helga á þessum tíma þar sem sóknarmannatöl eru annaðhvort ófullkomin eða hafa hreinlega ekki varðveist. Helgi var 18 ára skólapiltur á Hólum þegar Guðbjörg varð barnshafandi af hans völdum og var honum vísað úr skólanum vegna of bráðar barneignar með Guðbjörgu, eins og það var orðað.³ Síðar fékk hann reyndar konungsleyfi til að hefja aftur nám við skólann en þaðan útskrifaðist hann árið 1746.

Sonur þeirra Guðbjargar og Helga var skírður Helgi og virðist hann einnig hafa numið við Hólaskóla eins og faðirinn. Líklegast hefur sambúð þeirra Guðbjargar og Helga verið skammvinn því

1 ÞÍ – Hrafnagil BA/1 Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754.

2 Helgi Jónsson (1725) djákn á Reynistað var sonur Jóns Helgasonar (1699) prests á Hvanneyri við Siglufjörð.

3 Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. II. bindi (Reykjavík, 1949), bls. 340.

Helgi giftist aftur þegar sonur þeirra Guðbjargar var aðeins fimm ára gamall. Nokkrum árum síðar er Guðbjörg farin að búa með öðrum manni, Hannesi Hannessyni, sem þá er titlaður bóndi á Sámsstöðum. Samkvæmt manntalsbók sýslumannsins í Eyjafirði reisa Hannes og Guðbjörg bú á Sámsstöðum árið 1751. Samkvæmt sömu heimild borguðu hjónakornin 40 álnir í skatt af jarðarpartinum sem þau greiddu með einni mórauðri peysu sem metin var á 30 fiska.¹ Guðbjörg varð þunguð eftir Hannes og hinn 4. október 1752 trúlofast þau í Grundarþingum.² Skömmu síðar eða þegar Guðbjörg var komin vel á níunda mánuð meðgöngunnar, dó Hannes bóndi á Sámsstöðum. Rétt fyrir jólin 1752, þegar jarðarförin var ný afstaðin, eignaðist Guðbjörg síðan son sem hún skírði Hannes.

Erfitt reyndist að nálgast heimildir um afdrif Hannesar litla en árið 1757 þegar hann var fimm ára gamall skráir presturinn í Grundarkirkjusókn nafn hans meðal ungdómsins í sókninni.³ Hann var þá sagður kunna smá bænir en annars ekkert farinn að læra. Aðrar heimildir eru ekki að finna svo hugsanlega hefur hann annaðhvort dáið ungur eða verið sendur í vist til föðurfólksins sem ekki er vitað hver var. Guðbjörg bjó hins vegar áfram á Sámsstöðum næstu árin því samkvæmt manntalsbók sýslumanns borgaði hún sem ábúandi á jarðarpartinum allt fram til ársins 1758.⁴

Sýslumönnum var gert skylt að halda sérstakar manntalsbækur sem þeir skráðu í upplýsingar um skattgreiðslur ábúenda í hverjum hreppi sýslunnar. Manntalsbækur sýslumanna varðveita því áhuga-verðar heimildir um fjárhagsstöðu bænda á hverjum tíma ásamt sundurliðun skattsins sem þeim var árlega gert að inna af hendi.⁵ Þar sem

1 *ÞÍ* – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1 – Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.

2 Hannes Hannesson (1722). Erfitt reyndist að finna frekari upplýsingar um ætt hans og uppruna.

3 *ÞÍ* – Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 6. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798.

4 *ÞÍ* – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1/ Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.

5 Í manntalsbók sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, frá árinu 1752, má finna eftirfarandi upplýsingar: Nöfn jarða og ábúenda í hverjum hreppi, tölu lausafjártíunda, upphæð skatta, upphæð gjafatolla, upphæð lögmannstolla og gjaldmáta hvers gjaldþegns.

1752 Grund
 9 Marsi Jónsdóttir Jónsdóttir 7 Skrif
 9 Apríl Jónsdóttir Ragnvaldur Arnadóttir
 2 Júní Þórunn Helga Jónsdóttir af Hóspítaleinu
 24 Júní Þórunn Halldóra Óðisdóttir Guðrún Lón
 Halldóttir og Hallgerður Hallgrímsdóttir
 17 Júní Þórunn Halldóra Óðisdóttir Guðrún
 Óðisdóttir og Hallgrímsdóttir
 28 Júní Þórunn Jónsdóttir Jónsdóttir
 26 Júní Þórunn Jónsdóttir Magnúsdóttir og
 Sigríður Þórguðsdóttir
 4 Október Þórunn Hannes Hannesson og
 Guðrún og Hallgrímsdóttir
 13 Október Jónsdóttir Þórunn Hannes H.S.
 15 Október Þórunn Arnadóttir og Inge
 bjargar Magnúsdóttir Óður Einar
 Jónsdóttir og Þórunn Óðisdóttir
 eodem die Þórunn Hannes Hannesson
 og Guðrún Hallgrímsdóttir Óður Oddur
 Jacobsen og Guðrún Lónsdóttir
 27 Október Þórunn Þórunn Þórunn Þórunn
 Samanlagt Jónsdóttir Þórunn
 1 par 0 4

Mynd 6 – Hér má sjá trúlfun þeirra Hannesar Hannessonar og Guðhjargar Hallgrímsdóttur hinn 4 október árið 1752. Stuttu síðar var Hannes jarðaður og sonur þeirra skírður Hannes. Skírnavottar voru Oddur og Guðrún húsbændur á Rútsstöðum. Gfar á bladsíðunni er Hallgerður Hallgrímsdóttir, systir Guðhjargar, skírnavottur tveggja barna í sókninni þetta árið en Hallgerður var ljósmóðir.

prestar norðanlands voru almennt ekki farnir að halda sóknarmanna-
töl á miðri 18. öld reynist oft betur að leita eftir fólki í manntals-
bókum sýslumanna.¹ Þó næsta víst sé að Guðbjörg hafi búið áfram
á Sámsstöðum eftir andlát eiginmannsins finnast engar heimildir um
það hver borgar af jörðinni árin 1753–4 en svo virðist sem þá bók
vanti í skjalasafn sýslumanns. Árið 1755 má sjá að Ketill Arason er
kominn á Sámsstaði en samkvæmt skráningunni virðist sem Ketill
hafi búið hjá ekkjunni, því undir nafni Guðbjargar á Sámsstöðum
stendur „Ketill þar“. Hugsanlega ráku þau býlið í einhverskonar
samstarfi enda var Guðbjörg líklega ófær um að annast það ein með
Hannes litla. Ef til vill réði hún Ketil til sín fljótlega eftir fæðingu
Hannesar.

Samkvæmt manntalsbókinni hefur Guðbjörg verið mun efnaðri en
Ketill á þessum árum en hún á þá fjögur hundruð í lausafé en hann
aðeins tvö hundruð. Ári síðar er það aðeins Guðbjörg sem borgar af
Sámsstaðalandinu. Ketill var þá annaðhvort farinn eða hugsanlega
átti hann ekkert lausafé og borgaði því engan skatt lengur. Samkvæmt
annálum frá þessum tíma var mikið hallæri norðanlands og algengt að
fólk missti aleiguna.² Næstu árin finnst Guðbjörg ein borga af búinu
og greinilegt er að verulega var farið að ganga á eigur hennar. Ketill
var þó líklega enn heimilsfastur hjá henni því um sumarið 1758 fæðist
þeim Katli og Guðbjörgu stúlka á Sámsstöðum, sem skráð er „frillu-
borin“ í prestsþjónustubókina. Dóttirin var skírð Guðrún, sennilega
í höfuðið á húsmóðurinni á Rútsstöðum sem hafði verið nágranni
Guðbjargar í fjöldamörg ár. Hún var líka guðmóðir Hannesar litla svo
tengslin voru nán á milli kvennanna. Um haustið sama ár trúlofast

- 1 Einar Sigurbjörnsson segir í grein sinni „Upplýsing í kristindómi“ sem finna má í bókinni *Kristni á Íslandi* að í Hólastifti hafi fáir prestar húsvitjað reglulega og margir alls ekki og að færsla sálmaregistra fram eftir 18. öldinni einskorðaðist þar við ungdominn. Einar Sigurbjörnsson, „Upplýsing í kristindómi“, *Kristni á Íslandi*, III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 318–319.
- 2 Annálar segja frá því að 1753 hafi hallæri aukist, einkum í Eyjafjarðar- og Þingeyjar-sýslum. Árið 1755 hafi árferði verið svo erfitt að margir hafi flosnað upp af jörðum sínum. Árið 1756 magnaðist hallærið einkum fyrir norðan svo margt fólk dó úr hungri en þá getur um hálfs norðanlands og hörkufrost og snjókomu í júlí og ágúst. Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 84–85.

Mynd 7 – Fyrsta barn þeirra Ketils og Guðlǫjgjar fæddist sumarið 1758 og var skírnt Guðrún eins og hér má sjá undir liðnum „Skóðir“. Guðlǫjörg og Ketill voru þá ógift svo dóttirin var skráð frilluborin í kirkjubókum. Guðlǫjörg og Ketill trúlfest stuttu síðar og giftast loks í október þetta sama ár. Undir liðnum „Hjón“ má sjá þá skráningu en þar skrifar presturinn aðeins, „fastnaður Ketill Aras“: til marks um hjónavígslu þeirra.

Guðbjörg og Ketill og hinn 15. október má finna eftirfarandi færslu í embættisbók prestsins í Grundarþingum: „23. sept. 1758. Trúlofuð Ketill Arason frá Sámstöðum og Guðbjörg Hallgrímsdóttir þar til heimilis“. Þau eru síðan gefin saman hinn 15. október sama ár en þá skrifar presturinn „fastnaður Ketill Arason.“¹

Þó Guðbjörg og Ketill væru gengin í hjónaband kom það ekki í veg fyrir að þau yrðu sektuð fyrir of bráða barneign. Nokkrum mánuðum eftir hjónavígsluna og rétt áður en þau eignast annað barnið saman eru þau dæmd til greiðslu sektar fyrir frillulífnað. Á þessum tíma var réttað í dómsmálum á manntalsþingum. Það var sýslumaður Eyfirðinga, Þórarinn Jónsson, sem stýrði þinginu en hann hafði verið sýslumaður í Eyjafirði í meira en tíu ár.² Sennilega hafði hann sjálfur sektað Guðbjörgu fyrir of bráða barneign með Hannesi árið 1752 en ekki gengið stíft eftir greiðslunni þar sem Guðbjörg varð ekkja skömmu síðar. Það var reyndar ekki algengt að hart væri tekið á legorðsbrotum þeirra sem gengu í hjónaband skömmu eftir fæðingu barnsins. En þegar Guðbjörg hafði þrisvar gerst sek um frillulífnað var líklega erfitt fyrir Þórarinn sýslumann að horfa framhjá brotum hennar. Finna má eftirfarandi greinagerð í manntalsbók sýslunnar: „Ketill á Sámstöðum og Guðbjörg idem hans fyrsta hennar þriðja í frillulífi 74 al.“ Í sömu heimild kemur fram með hverju þau greiddu sektina en þar stendur, „betal: 1 silfurskeið 45 al hitt í þrjónlesi.“³ Silfurskeiðin var líklega erfðagripur frá öðru hvoru þeirra en skeiðin var metin á 45 álnir. Restina greiddu þau sennilega með þrjónavettlingum og -sokkum. Þetta árið má sjá að nú var það hinn lögmæti eiginmaður Guðbjargar sem skráður var fyrir búinu en ekki Guðbjörg sjálf. Hefðin var þá sú að eiginmaðurinn var skráður fyrir sameiginlegum eignum hjóna.

Um sumarið eignuðust Guðbjörg og Ketill aðra stúlku sem nú var

1 ÞÍ – Grundarþing/Laugaland BA/1 Prestsþjónustubók 1751–1784.

2 Þórarinn Jónsson (1719) var sýslumaður Eyfirðinga frá 1747 til 1767 eða í 20 ár. Eiginkona hans var Sigríður Stefánsdóttir (1734) prestsdóttir frá Skagaströnd. Hún átti síðar Jón Jakobsson (1738) eftirmann Þórarins Jónssonar í embætti sýslumanns.

3 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1/ Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.



Mynd 8 – Árið 1759 fæddist önnur stúlka og fékk hún líka nafnið Guðrún eins og hér má sjá undir liðnum „Skírðir.“ Guðrún fæddist hinn 25. júní og er sögð vera frá Sámstöðum en presturinn tilgreinir sérstaklega að stúlkan sé „egtaborin.“

skráð „egtaborin“ í prestsþjónustubókina. Þessi dóttir, sem fékk líka nafnið Guðrún, er hér til umfjöllunar.¹

Greinilegt er að Guðrúnarnafnið var þeim Guðbjörgu og Katli mjög hugleikið og það skipti þau miklu að nafnið héldist innan fjölskyldunnar. Samkvæmt rannsókn Ólafar Garðarsdóttur sagnfræðings á nafnahefðum fyrr á tímum virðist hafa verið algengt að fyrsta barninu væri gefið nafn úr ætt föðurins. Með því tryggði fjölskyldan að nafn innan ættarinnar lifði áfram og varðveitti um leið mikilvægan hlekk til fortíðar.² Amma Ketils hét Guðrún Runólfsdóttir svo hugsanlega fengu tvö fyrstu börn Guðbjargar og Ketils nafn langömmu sinnar. Þrír bræður Ketils, þeir Þorsteinn, Vigfús og Arnfinnur áttu líka allir dætur sem skírðar voru Guðrún.³ Hins vegar mál allt eins færa rök fyrir því að Guðrún yngri hafi verið skírð í höfuðið á ljósmóðirinni Guðrúnu Eiríksdóttur sem var gift bróður Guðbjargar. Guðrún ljósmóðir kemur oft fyrir sem skírnavottur hjá þeim Guðbjörgu og Katli svo hún hefur greinilega aðstoðað við fæðingu barna þeirra.⁴ Þriðja

1 ÞÍ – Grundarþing/Laugaland BA/1 Prestsþjónustubók 1751–1784.

2 Ólöf Garðarsdóttir, „Naming Practices and the Importance of Kinship Networks in Early Nineteenth-century Iceland.“ *History of the Family* 4 (1999), bls. 297–314.

3 Guðrún Þorsteinsdóttir (1764), Guðrún Vigfúsdóttir (1758) og Guðrún Arnfinnsdóttir (1769).

4 Guðrún Eiríksdóttir (1717) var fædd í Hrafnagilshreppi en hún starfaði lengi sem ljósmóðir og kemur oft fyrir sem skírnavottur m.a. hjá dönsku kaupmannastéttinni inni á Akureyri.

stúlkubarnið fæðist síðan aðeins einu og hálfu ári síðar á Sámsstöðum og fær hún nafnið Helga.¹ Þegar Helga var aðeins nokkurra mánaða gömul ákveða Guðbjörg og Ketill að flytja burt úr hreppnum. Þeim stóð þá til boða að hefja búskap á bænum Teigi í Hrafnagilssókn sem var í um 13 kílómetra fjarlægð frá Sámsstöðum. Bærinn stóð hinum megin við Eyjafjarðará og var mun verðmeiri jörð en Sámsstaðir. Hagur þeirra hafði líka eitthvað vænkast því framtalið lausafé þeirra samkvæmt manntalsbók var nú fimm hundruð í stað þrjú hundruð árinu áður. Það var líklega ekki auðveld ákvörðun fyrir Guðbjörgu að flytja frá Sámsstöðum þar sem hún hafði byggt sitt fyrsta heimili átta árum áður. Hins vegar voru þau tilneydd til að stækka við sig þar sem Sámsstaðajörðin var líklega of lítil til að framfæra fimm manna fjölskyldu.

Það voru nán skyldmennir Guðbjargar sem voru að hætta búskap í Teigi í Hrafnagilshreppi árið 1761 en bóndinn á bænum, Gísli Hallgrímsson, var bróðir Guðbjargar. Hann var þá dáiinn og eiginkonan, Guðrún Eiríksdóttir ljósmóðir, hafði gífst aftur. Guðrún ljósmóðir og Gísli áttu þrjú börn saman sem þá voru of ung til að taka við búskapnum í Teigi. Þau fluttu því með móður sinni á heimili nýja eiginnmannsins, Árna Eyjólfssonar bónda á Stóra-Eyjarlandi í Hrafnagilssókn.²

Þó að vegalengdin á milli Teigs og Sámsstaða væri ekki löng hafa flutningarnir eflaust verið stórmál fyrir fjölskylduna. Guðrún yngri og Guðrún eldri voru aðeins tveggja og þriggja ára gamlar og Helga litla var enn á handlegg þetta sumar. Engar brýr voru þá yfir Eyjafjarðará svo fjölskyldan þurfti að ferja börnin yfir ána ásamt allri búslóðinni.

Guðbjörg var næstum fertug og Ketill 35 ára þegar þau fluttu í Teig í Hrafnagilshreppi. Þar áttu þau eftir að búa saman næstu 24 árin eða þar til Ketill dó árið 1785. Eftir það bjó Guðbjörg áfram í Teigi eða í

1 Sennilega var hún skírð í höfuðið á móður Guðbjargar, Helgu Jónsdóttur. Helga Jónsdóttir var fædd árið 1688 í Saurbæjarhreppi þar sem foreldrar hennar voru bændur.

2 Árni Eyjólfsson (1719) var fæddur í Skagafirði. Hann hafði misst eiginkonu sína, Hólmafríði Jónsdóttur (1723) nokkrum árum áður en með henni hafði hann eignast fjögur börn sem öll voru þá látin en sennilega dó Hólmafríður af barnsförum. Árni og Guðrún ljósmóðir eignuðust aðeins eina dóttur saman sem fékk nafnið Hólmafríður.

samtals 40 ár. Sóknarpresturinn á Hrafnagili, séra Erlendur Jónsson, átti eftir að eiga mikil og nán samskipti við þau Ketil og Guðbjörgu. Erlendur þjónaði Hrafnagilssókn í næstum hálfa öld samfelld. Á þeim 24 árum sem Guðbjörg og Ketill bjuggu í sókninni skírði hann börnin þeirra, undirbjó fyrir fermingu og heimsótti þau í árlegum húsvitjunum sínum. Auk þess hafði heimilisfólkið í Teigi líklega margoft hlýtt á predikanir hans í kirkjunni á Hrafnagili.

Erlendur Jónsson var vígður til sóknarprests á Hrafnagili árið 1754 en hann hafði þá um nokkurt skeið verið í þjónustu sýslumannsins á Grund, Þórarins Jónssonar.¹ Embættisgögn séra Erlendar hafa reynst drjúgur efniviður í þessa frásögn af lífi Guðrúnar Ketilsdóttur og þá sérstaklega sóknarmannatölin hans. Með setningu tilskipunar um húsvitjanir árið 1746 var prestum gert að húsvitja sóknarbörn sín tvisvar á ári og hafa eftirlit með uppeldi barna og almennu hátterni heimilisfólks. Prestum bar að halda sérstakar skrár yfir þessar heimsóknir, svokölluð sóknarmannatöl, sem í dag þykja ómetanlegar heimildir við sagnfræðirannsóknir. Samkvæmt gefnum fyrirsmælum skyldu prestar taka saman,

eitt manntalsregistur uppá gamla og unga, gifta og ógifta og í því sama í vissum dálkum innfæra eins og sérhvers tilstand og ásigkomulag, hvaða grundvöll þeir hafa í sínum kristindómi, hvört þeir kunni að lesa á bók eður ei, hvað mörg börn og hjú þeir hafi, þeirra þekking og framferði, hvörninn þeim er stjórnað, hvaða bók þar brúkast til daglegs hús-lesturs og guðhræðslunnar iðkunnar, hvörninn að þeir öldruðu veita forstöðu þeirra húsi, hvört þeir eru allir ástundunarsamir og samhuga með öðru fleira.²

- 1 Séra Erlendur (1728) var fæddur í Skagafirði en eiginkona hans var Guðlaug Magnúsdóttir (1711) sem hafði áður verið trúlofuð Þórarni Jónssyni sýslumanni. Faðir Guðlaugar var Magnús Markússon skólameistari í Skálholti og síðar prestur að Grenjaðarstað.
- 2 *Alþingisbækur Íslands XIII* (Reykjavík, 1973), bls. 538. Heildartilskipun um húsvitjanir á Íslandi er að finna í sama riti undir heitinu „Forordning um hús-vitjanir á Íslandi. 27. maí 1746“, bls. 529–540.

Séra Erlendur hélt vel utan um sínar húsvitjanir en í embættisgögnum hans má finna ítarlegar upplýsingar um hvert sóknarbarn sveitarinnar. Meðal annars er þar að finna eftirfarandi lýsingu á Teigshjónum árin sem þau búa í Hrafnagilshreppi: „Ketill les og hefur lært margt, er skilvís, hyrtinn, ei margt kunnandi og einfaldur“. Guðbjörgu segir prestur lesa nokkuð og vera fróða, hún sé líka skilvís og vel vinnusöm.¹ Erlendur segir hjónin í Teigi hins vegar vera fátæk. Af ummælum prestsins má ætla að þau hafi bæði verið heiðarleg og dugleg. Kunnáttu sína og færni höfðu þau ekki úr Hólaskóla eins og séra Erlendur en líf þeirra – eins og flestra Íslendinga á tímabilinu – snerist um búskaparbasl og barnauppeldi. Á efri árum Guðbjargar hafði hún til að mynda í tvígang orðið ekkja og einstæð móðir. Hún hafði rekið búskap og borgað skatta og skyldur auk þess að fæða átta börn sem hún hafði flestum komið til manns.

Mikið af ættingjum Guðbjargar og Ketils bjuggu víðsvegar um Eyjafjörðinn en mörg nánustu skyldmennir þeirra höfðu hins vegar komið sér fyrir í Hrafnagilshreppi. Bræður Ketils, þeir Þorsteinn, Vigfús og Arnfinnur, voru allir þrír giftir bændur í hreppnum og áttu samanlagt ein 15 börn og þrjú systkina Guðbjargar, Guðrún gift kona með átta börn, Hallgerður gift með sex börn og Gísli giftur maður með þrjú börn.² Að meðtöldum börnum þeirra Guðbjargar og Ketils urðu frændsystkinin næstum fjörutíu talsins sem bjuggu í sama hreppnum. Því er óhætt að segja að börnin í Teigi hafi alist þar upp umkringd skyldmennum.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/1 – BC/2 Sóknarmannatal 1753–1783.

2 Þorsteinn Arason (1727) var m.a. bóndi á Naustum. Vigfús Arason (1728) var einnig um tíma bóndi á Naustum og Arnfinnur Arason (1731) var bóndi í Miðhúsum. Guðrún Hallgrímsdóttir (1727) bjó á Hjálmsstöðum. Hallgerður Hallgrímsdóttir (1717) bjó á Finnastöðum og Gísli Hallgrímsson (1709) bjó í Teigi.

6. Bernskuárin í Teigi

Í sjálfsævisögu sinni byrjar Guðrún á því að segja hvar hún var fædd: „Nú er þar til máls að taka þar sem ég var barn í reifum í Teigi. Fæddist ég á Sámsstöðum.“¹ Guðrún var aðeins tveggja ára gömul þegar hún flutti í Teig árið 1761 og átti því óljósar minningar um dvöl sína á Sámsstöðum. Reifarnar tengir hún við bernskuár í faðmi fjölskyldunnar og minningar um hlýja ullarstranga sem yljudu á köldum vetrarnóttum.²

Árið 1762 fæddist fyrsti sonur þeirra Guðbjargar og Ketils sem skírður var Kristján. Nokkrum mánuðum síðar fékk Guðbjörg fregnir af Helga frumburði sínum sem þá hafði dáið úr bólunni. Helgi var þá 19 ára að aldri og var við nám í Hólaskóla.³ Guðbjörg og Ketill eignuðust tvö börn til viðbótar í Teigi, þau Þorvald og Guðbjörgu.⁴ Heimilisaðstæður hafa á þeim tíma verið erfiðar enda börnin flest ung og ósjálfbjarga. Árið 1766 þegar séra Erlendur kom í húsvitjun á bæinn voru börnin orðin fimm talsins. Þorvaldur var þá þriggja ára, Kristján fjögurra, Helga fimm, Guðrún yngri sjö og Guðrún eldri átta ára gömul.

Samkvæmt ákvæðum húsagans skyldu foreldrar byrja að kenna

1 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Í *Lækningabók fyrir almúga* eftir Jón Pétursson (Kaupmannahöfn, 1834), bls. 5, segir að ungbörn séu reifuð í of heita ullarflóka sem valdi því að þau sjóðhitni og verði hneigð til ýmissa veikinda. Líta má á reifarnir sem örþrifaráð foreldra til að forða börnum sínum frá háskalegu umhverfi þeirra og ofkælingu í köldum hífýlum.

3 Gísli Magnússon biskup á Hólum skrifar amtmanni bréf þar sem segir að Helgi Helgason hafi látist úr bólunni á allra heilagra messu árið 1762. Bréfið er dagsett 19. júní 1763. *Þí* – Skjalasafn amtmanns, II, nr. 31 Bréf Hólabiskupa til amtmanns 1763–1766.

4 Þorvaldur var fæddur árið 1763 og Guðbjörg árið 1767.

börnum sínum að lesa þegar þau næðu fimm eða sex ára aldri. Þrjú elstu börnin í Teigi höfðu náð þeim aldri árið 1766, þær Guðrún eldri, Guðrún yngri og Helga. Foreldrum bar líka að kenna börnunum bænir og hlýða þeim yfir kvölds og morgna í svokölluðum Catechismus eða *Fræðunum minni* eins og þau kölluðust á íslensku.¹ *Fræðin minni* voru eftir Lúther og samanstóðu meðal annars af boðorðunum tíu, Faðir vori og nokkrum bænum.² Þegar prestar húsvitjuðu hjá sóknarbörnum sínum áttu þeir meðal annars að hafa eftirlit með því að foreldrar sinntu þessu uppeldishlutverki. Ef grunur lék á að uppallendur vanræktu þessar skyldur gagnvart börnum sínum bar prestum samkvæmt lögum að straffa þeim. Ekki hafa allir foreldrar tekið heimsóknum presta fagnandi sérstaklega þar sem mikil ómegð var á heimilinu. Fátaek hjón með mörg börn á framfæri höfðu tæplega mikinn tíma aflögu til að uppfræða börn sín en sú var einmitt raunin hjá Guðbjörgu og Katli í Teigi. Börnin voru orðin fimm talsins og ekkert þeirra nýttist almennilega við búreksturinn. Ekki er ólíklegt að húsvitjanir presta hafi valdið börnunum kvíða sem þá þurftu að standa skil á kunnáttu sinni fyrir framan prestinn.³

Þegar séra Erlendur húsvitjaði hafði hann með sér sérstaka bók sem hann skráði í nöfn og kunnáttu allra þeirra barna sem voru byrjuð að læra. Bækurnar kallaði hann *Ungdómsskrár* en í þeirri frá árinu 1766 má finna nafn Guðrúnar eldri sem þá er sögð vera sex ára gömul.⁴ Hún var á þeim tíma eina barn þeirra Teigshjóna sem var farin að læra eitthvað en hún er sögð vera farin að stafa. Guðrún eldri var reyndar orðin átta ára gömul en ekki sex ára eins og stendur í ungdómsskrá séra Erlendar. Hún er sögð kunna Catechismus

1 *Alþingisbækur* XIII, bls. 564–565.

2 Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi. III. bindi. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstjóri Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000), bls. 90.

3 Sjá umfjöllun um húsvitjanir presta og samskipti þeirra og barna undir fermingaraldrinum eftirfarandi verki: Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland* (London, 2010), bls. 85–97.

4 Ungdómsskrár séra Erlendar eru sambærilegar þeim sóknarmannatölum sem hann heldur yfir öll sóknarbörn sín síðar. Á fyrstu árum tilskipunarinnar um húsvitjanir kölluðu prestar sóknarmannatölin ungdómsskrár, sóknarmannatöl ungdómsins eða sálnaregistor ungdómsins.

vel eða cat. eins og presturinn skammstafar en það var líka margt fleira sem Guðrún eldri kunni umfram *Fræðin minni*. Undir liðnum *fleira* í ungdómsskránni hefur presturinn skammstafað, b. v. ps. og sp. við nafn Guðrúnar.¹ Vætanlega á prestur við að hún kunni fleiri bænir og vers, passíúsálma og spurningarnar.² Séra Erlendur skrifar athugasemd aftast við árið 1766 þar sem hann segir að öll börnin í báðum sóknunum séu fróm, skikkanleg og hlýðin. Flest séu þau hjá foreldrum sínum en nokkur séu þó í vist. Hann segir sum þeirra mikið næm og skörp til bóknáms og að þau fái tilsögn og uppfræðingu hjá foreldrum sínum og húsbændum eftir því sem þeir fái við komið og séu lagin við að kenna og uppfræða.³

Samkvæmt ungdómsskrám séra Erlendar árin 1766–67 er eingöngu að finna nafn Guðrúnar eldri en hvorki Guðrúnar yngri né Helgu systur hennar. Þær voru þó á sjötta og áttunda aldursári. Í ljósi þess hversu nálægt systurnar þrjár voru í aldri þegar séra Erlendur kom í húsvitjun árið 1766 og hversu langt Guðrún eldri var komin í náminu á þeim tíma virðist koma á óvart að Guðrún yngri og Helga skuli ekki vera þar skráðar. En þær höfðu örugglega notið góðs af kennslunni sem Guðrún eldri fékk hjá foreldrum sínum.

Ýmsar bækur voru til á heimilinu sem börnin gátu nýtt við lestrar-arkennsluna en einhverju sinni skráði séra Erlendur í sóknarmannatalið þær bækur sem hjónin í Teigi áttu. Það var reyndar hluti af eftirlitsskyldu presta þegar þeir húsvitjuðu að fylgjast með hvaða guðsordabækur voru til á heimilum landsmanna. Þar sem skortur var á bókum til að uppfræða börnin og efla kristna trú, var prestum gert að skikka foreldra til bókarkaupa. Það var greinilega enginn skortur á prentuðu guðsorði í Teigi en árið 1785 skráði séra Erlendur niður alls 20 guðsordabækur á bænum:

1 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/1 Sóknarmannatal 1753–1767.

2 Samkvæmt tilskipun um „catechisation“ áttu börnin að læra heima ákveðna parta fræðanna og standa síðan skil á þeim í sóknarkirkjunni í viðurvist safnaðarins. Ekki var aðeins lagt upp úr utanbókarlærdómi heldur áttu börnin að skilja innihald helgitextans og geta svarað spurningum prestsins úr fræðunum. *Alþingisbækur* XIII, bls. 521–526.

3 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/2 Prestsþjónustubók 1754–1784.

1. Vídalínspostilla
2. Grallari
3. Passíu- og hugvekjusálmar
4. Upprisusálmar
5. Tárapressusálmar
6. Heptal
7. Upprisu hugvekjur
8. Þórðarbænir
9. Nýja testamentið
10. Steinsbiblía
- 11–12. Arndts Sannur kristindómur 2 bækur
13. Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn
14. Passíusálmar
15. Krossskólasálmar
- 16–18. 3 bænakver
19. Píslarþankar
20. Skylda

Allar bækurnar voru trúarlegs eðlis sem skýrist kannski fyrst og fremst af því að kirkjan hafði nánast einokun á öllu prentverki í landinu á 18. öld. Megnið af prentuðum bókum tímabilsins snerust því um guðsord af einhverju tagi.¹ Ef tekið er mið af rannsóknum sem gerðar hafa verið á bókæign á íslenskum heimilum á 18. öld, virðist fjöldi guðsordabóka í Teigi hafa verið vel yfir meðallagi.² Enda má sjá að séra Erlendur hefur þurft að beita ákveðinni tækni þegar hann styttr heiti bókanna svo þær komist allar fyrir undir liðnum *Bækur í húsinu*

1 Einar Sigurbjörnsson. „Rétttrúnaður í kirkju og koti.“ *Kristni á Íslandi* III, bls. 175–178.

2 Í grein Sólrúnar B. Jensdóttur um bókæign í Húnavatnssýslum árin 1800–1830 má sjá að fjöldi bóka á hverju heimili sýslunnar á þeim tíma, samkvæmt sóknarmannatölum, er u.þ.b. 15 talsins. Hörður Ágústsson gefur einnig gott yfirlit yfir bókæign á Laufásjörðum árin 1784–1829 í bók sinni um Laufás við Eyjafjörð. Hörður notar einnig upplýsingar úr sóknarmannatölum eins og Sólrún og þar má sjá að meðaltali um 15 guðsordabækur á hverju heimili. Sólrún B. Jensdóttir. „Bókæign Austur-Húnavetninga 1800–1830.“ *Landsbókasafn Íslands: Árbók 1968* (1969), bls. 164. Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjafjörð. Staðurinn* (Reykjavík, 2004), bls. 291–298.

í sóknarmannatalinu. Yfirlit séra Erlendar yfir bækur heimilisfólksins í Teigi gefur hins vegar ekki endilega rétta mynd af öllum þeim bókum sem voru í húsinu. Prestum bar nefnilega aðeins að skrá niður þær guðorðabækur sem til voru á heimilum sóknarbarna sinna.

Hugsanleg skýring á miklu úrvali guðsorðabóka á heimilinu er að einhverjar þeirra hafi komið úr dánarbúi Helga frumburður Guðbjargar Hallgrímsdóttur. En ekki er ólíklegt að hún hafi erfitt eitthvað af kennslubókum sonar síns frá því hann var í Hólaskóla þar sem faðir hans var látinn og Guðbjörg því eini lögmæti erfingi hans.¹ Það er líka mögulegt að nálegðin við Hólaprentsmiðju hafi haft eitthvað að segja enda voru margar af bókum Teigshjóna prentaðar þar. En hvers konar bækur voru þetta?

Fyrst er hér upptalin *Vidalínspostilla* enda hefur hún sennilega verið verðmætasta bókin í eigu Teigshjóna. Hún var gefin út í kringum 1720 og varð einhver útbreiddasta bók á Íslandi á 18. og 19. öld. Upp úr henni hefur sennilega verið lesið í baðstofunni í Teigi á helgum dögum eins og algengt var. Næstur kemur síðan *Grallarinn* sem var messusöngs- og sálmaþekktur sem ávallt var sungið á bæði á undan og eftir lestri úr postillunni.² Þar næst skrifar séra Erlendur Passíu- og Hugvekjusálmar. Þetta gætu verið *Passíusálmar Hallgríms Péturssonar* innbundnir með Hugvekjusálmu Sigurðar Jónssonar í Presthólum.³ Bókin var prentuð á Hólum um 1704. *Passíusálma* hafa ávallt skipað mikilvægan sess meðal íslensku þjóðarinnar en á 18. öld voru þeir til á nálega öðru hverju heimili. Líklega hafði Guðrún eldri nýtt sér einmitt þessa bók þegar hún lærði sálmana átta ára gömul. Teigshjónin áttu líka *Upprísusálma* Steins Jónssonar biskups en þeir voru fyrst prentaðir á Hólum árið 1726 og margsinnis

- 1 Helgi Helgason (1743) var sonur Guðbjargar með Helga Jónssyni, djákna á Reynistað.
- 2 *Grallarinn* eða *Graduale. Ein Almennileg messusaungs Bok, Innehalldande þann Saung og Cerimoniur sem i Kyrkkjunne eiga ad syngiast og halldast hier i Landi, epter goodre og Christelegre Sidveniu, sem og vors Allra Naaduagasta Arfa-Kons og Herra, Kyrkiu Ritual.*
- 3 Bókin var með þeim fyrstu sem prentaðar voru í endurreistri Hólaprentsmiðju en það var Björn Porleifsson Hólabiskup sem annaðist útgáfunna.


eftir það. Upprisusálmar voru notaðir við húslestra á vorin og sögðu frá atburðum páskanna. Einnig var þarna að finna *Tárapressu* sem var eftir Jesper Rachlöv Rasmussön en hún kom fyrst út á Hólum árið 1719 í þýðingu Steins biskups. Þar á eftir virðist standa í sóknarmannatalinu Heptal en hvergi finnast upplýsingar um rit með því nafni. Hepta þýðir sjö á grísku en á öðrum stað í sóknarmannatali séra Erlendar virðist vera til ritið *Heptalogus* en logus merkir orð eða ræða á grísku. Líklega á presturinn því við *Sjöorðabókina* eftir Jón Vídalín biskup.¹ Síðan koma Upprisu hugvekjur en svo virðist sem séra Erlendur merki sérstaklega við þetta rit í skráningunni með því að undirstrika titilinn. Ef til vill var ástæðan sú að þetta var handrit en ekki prentuð bók eða kannski prestinum hafi fundist bókin merkilegri en aðrar í eigu hjónanna. Mjög líklega var þetta verk séra Jóns Jónssonar sóknarprests í Staðarhólsþingum og kallaðist „*Meditationes Triumphales eður Sigurhróss hugvekjur, útaf dírðarlegum upprisu sigre vors drottens Jesu Christi*“ og var fyrst gefið út árið 1749 á Hólum. Þórðarbænir eftir séra Þórð Bárðarson prest á Torfastöðum í Biskupstungum voru til á heimili Teigshjóna en bókin kom fyrst út í Skálholti árið 1693. Á titilsíðunni segir: „Ein lítil ný bænabók, innihaldandi, I. Bænir á aðskiljanlegum tímum og tilfallandi nauðsynjum. II. Bænir fyrir ýmsar persónur, eftir hvers og eins standi og viðliggjandi hag.“ *Nýja testamentið* og *Steinsbiblía* voru líka til á bænum en Steinsbiblía var þriðja heildarútgáfa biblíunnar á íslensku og kennd við útgefanda sinn, Stein Jónsson biskup. Hún var fyrst gefin út á Hólum árið 1729. Þá stendur skrifað Arndts 2 bækur en líklega er hér um að ræða bækurnar *Hinn sanni kristindómur* eftir guðfræðinginn Johann Arndt sem komu út í alls fjórum bindum. Þessar hugvekjur Arndts nutu mikilla vinsælda víða og hafa greinilega tvö bindi verið til í Teigi. Þá kemur skammstöfunin „Vid Xtind“ sem að öllum líkindum stendur fyrir: „Vídalíns Kristindómur“ eftir Jón Vídalín Skálholtsbiskup. X stendur fyrir Kristur eða Kris

1 Björk Ingimundardóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands benti höfundi á þessa mögulegu skýringu á nafninu Heptal í sóknarmannatali séra Erlendar.

og þar fyrir aftan: *tind.* sem er stytting á tindómur. Þetta er bókin *Stutt og einföld undirvísun um kristindóminn* sem kom út árið 1729. Kverinu var ætlað að auðvelda börnum og ungmennum skyldulærdóminn sem mörgum þótti ákaflega tyrfinn. Börnin í Teigi höfðu líklega öll lært á þá bók. Hér er síðan annað eintak af *Passúsálmum Hallgríms Péturssonar* ásamt *Krossskólasálmum* Jóns Einarssonar rektors í Hólaskóla. Krossskólasálmarnir voru fyrst prentaðir á Hólum árið 1744. Síðan eru þarna þrjú bænakver sem ekki eru skilgreind nánar og Píslarþankar eftir Vigfús Erlendsson.¹ Á titilsíðu stendur: *50 Hugvekjur, eða Píslarþankar: Út af Historíu pínu og dauða drottins vors Jesú Kristi, samanteknir af séra Vigfúsi Erlendssyni, sóknarpresti að Setbergi og prófasti í Snafellsnessýslu. Að síðustu er að finna á listanum Skyldu eftir Richard Allestree sem Jón Vídalín þýddi og gefin var út á Hólum árið 1744. Á titilsíðu stendur: „Skylda mannsins við guð, sjálfan sig og náungann. Augljóslega og skilmerkilega framsett fyrir alla en þó einkanlega fyrir hina einföldu. Skipt í 17 kapitula, af hverjum einn er lesinn á hverjum sunnudegi, verður öll bókin útlestin þrisvar sinnum á einu ári: Öllum mönnum nýtsamlega að lesa.“* Allar þessar bækur stóðu börnunum í Teigi til boða til að æfa sig og undirbúa stóra daginn, sjálfa ferminguna.

Í reglulegum heimsóknum til sóknarbarnanna skráði presturinn sérstaklega hverju þau höfðu bætt við sig í fræðunum á milli ára. Í gegnum ungdómsskrár séra Erlends má þannig fylgjast náið með námsframvindu hvers og eins sóknarbarns allt fram að fermingu. Í sóknarmannatali hans árið 1769 má sjá að flest börnin í Teigi voru þá farin að læra eitthvað en þau bjuggu á þeim tíma öll heima hjá foreldrum sínum. Guðrún eldri var orðin 11 ára og Erlendur skráir hjá sér að hún lesi nokkuð en Guðrún yngri og Helga voru farnar að stafa. Guðrún yngri var þá orðin tíu ára gömul. Presturinn segir allar þrjár systurnar kunna *Fræðin minni* vel og líka einhverjar bænir og

1 Ef til vill var hér um að ræða Bænir Lasseniusar sem Steinn biskup þýddi og voru gefnar út á Hólum 1723 og Bænir Avenarii gefnar út á Hólum árið 1677.



Mynd 9 – Heimilisfólkið í Teigi samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar frá árinu 1769. Guðrún eldri var orðin 11 ára og farin að lesa nokkuð. Guðrún yngri var þá 10 ára gömul en hún var ekki orðin læs ennþá heldur aðeins farin að stafa. Séra Erlendur skrifar að systurnar kunni „Fræðin minni“ vel og líka einhverjar bænir og vers.

vers.¹ Bræðurnir Kristján og Þorvaldur hafa hins vegar ekkert lært samkvæmt skráningum prestsins og kunna lítið af bænum og versum en þeir voru þá orðnir sex og sjö ára gamlir.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

7. Skýr og skikkanleg í vistinni

Vinna barna hafði mikið uppeldislegt gildi hér fyrr á tímum. Þátttaka þeirra í störfum heimilisins allt frá barnsaldri var ekki bara lífsnauðsynleg heldur tryggði að börnin tileinkuðu sér þá flóknu verkkunáttu sem dagleg störf til sveita útheimtu. Annað gildi um bókalærdóminn. Strax við sjö ára aldurinn var vinnuframlag barna orðið töluvert og við fermingu var ætlast til að börnin gætu sinnt flestum þeim verkefnum sem fullorðnir einstaklingar sinntu.¹ Líklega var það einstaklingbundið hversu iðin börnin voru við vinnuna. Þau sem þóttu rösk og dugleg fengu flóknari verkefni og voru látin axla meiri ábyrgð á verkum sínum.

Árið 1771 þegar Guðrún yngri var á sínu 12 aldursári var hún send í vist á næsta bæ þar sem hún sinnti líklega barnagæslu. Bærinn kallaðist Vaglí og var í um tveggja kílómetra fjarlægð frá Teigi þar sem fjölskylda Guðrúnar bjó. Á bænum bjuggu hjónin Guðmundur Árnason og Ingibjörg Grímsdóttir með fimm smábörn, það elsta sjö ára en það yngsta eins árs.² Ábyrgð Guðrúnar að sinna svo mörgum börnum var því mikil. Þegar séra Erlendur kemur í húsvitjun á bæinn Vaglí skrifar hann í bækur sínar að Guðrún sé skýr stúlka og skikkanleg.³ Áður

1 Sigurður Gylfi Magnússon, „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagsprófun 1880–1990* (Reykjavík, 1993), bls. 275–284. Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdomur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983), bls. 163–174.

2 Guðmundur Árnason (1722) var fæddur í Hrafnagilshreppi og líka Ingibjörg Grímsdóttir.

3 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783

hafði tvítug vinnustúlka sinnt barnaskaranum á Vöglum en þegar enn eitt barnið hafði bæst við var Guðrún orðin ábyrg fyrir hópnum þó hún væri ekki orðin tólf ára gömul. Guðrún var ennþá ólæs og Erlendur nefndi að henni hafi farið aftur í fræðunum. Árið sem Guðrún yngri var send í vist voru öll systkini hennar ennþá skráð hjá foreldrum sínum en presturinn segir þau Ketil og Guðbjörgu vera fátæk. Guðrún eldri var orðin 13 ára gömul og byrjuð að lesa nokkuð að sögn séra Erlends. Hún hefur þá m.a. lært passíusálmana og 4ra boðorðið en Erlendur segir hana ekki óskýra. Það vekur athygli að Guðbjörg litla sem þá var aðeins fjögurra ára gömul virðist hafa lært nokkrar bænir og vers. Væntanlega hefur hún notið góðs af því að vera yngst í stórum systkinahópi.

Sóknarmannatalið fyrir næstu árin vantar en í skráningum prestsins yfir ungdóminn árið 1772 sést að Guðrún yngri bjó þá í Hrafnagilssókn en ekki kemur fram á hvaða bæ hún var. Presturinn skráir að hún sé í dvöl svo ekki var hún hjá foreldrum sínum. Enn virðist henni ganga illa að læra fræðin og Erlendur færir til bókar að hún lesi lítið og *Fræðin minni* sem hún kunni orðið vel þegar hún bjó í foreldrahúsum kunni hún nú aðeins sæmilega. Prestur segir Guðrúnu hins vegar hegða sér skikkanlega.¹ Hún var líklega ennþá að annast börn þeirra Guðmundar og Ingibjargar á Vöglum og hafði næg önnur verkefni á höndum en að læra kristindóminn utanbókar. Öll systkini hennar voru ennþá hjá foreldrum sínum og Guðrún eldri las fínlega, kunni fræðin vel og er næm og skikkanleg eins og segir í bókum prestsins. Hinum börnunum fór líka ágætlega fram og Guðbjörg litla var farin að stafa aðeins fimm ára gömul. Ári síðar kunni hún *Fræðin minni* vel og séra Erlendur segir Guðbjörgu vera næma.

Árið 1773 fermist Guðrún eldri í Hrafnagilssókn þá á 15. aldursári. Guðrún yngri er þá farin í nýja vist í Öngulstaðahreppi 13 ára gömul en sjálf segist hún hafa verið hjá Gísla í Gröf sem var bóndi í hrepp-

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

um.¹ Gísli þessi var Pétursson og var giftur Helgu Sveinsdóttur.² Guðrún sagði dvöl sína hjá þeim hjónum hafa verið „bölbúð“. Guðrún var greinilega ekki ánægð í vistinni og gefur í skyn í ævisögunni að allir hafi vitað við hverskonar aðbúnað hún bjó á bænum. „Ævina mína í Gröf allir vissu, hún var bölbúð.“³ Trúlega hefur ástæðan verið sú að þröngt var í búi á bænum og Guðrún því horast svo niður í vistinni að stórsá á henni. Þegar illa áraði var algengt að fólk fengi ekki nægju sína að borða og gengi svangt til daglegra verka. Líklega fékk þá unga vinnukonan ekki feitustu bitana úr búi húsmóður en í annálum á þessum árum er einmitt getið um hungurdaða á Norðurlandi.⁴

Hjónin áttu aðeins eina dóttur sem hét María og var sex árum yngri en Guðrún en um hana segir hún: „María hafði geitur og allt var eins.“⁵ Í *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi*, sem kom út árið 1884, segir um geitur:

Það hefur verið og er enn almenn skoðun manna hjer á landi, að geitur sje sá sjúkdómur, sem einungis komi af óþrifnaði og sóðaskap, og það þykir yfir höfuð hin mesta vanvirða að hafa geitur. Af þessu leiðir, að þeir sem verða fyrir þessum sjúkdómi, leyna honum sem lengst og leita sjer engra lækninga.⁶

Geitur er sýking sem kemur aðallega fram í hársverði og er af völdum svepps sem lifir bæði á mönnum og dýrum. Útbrotin koma fram sem kringlótt gulleitt hrúður sem vessar úr og veldur kláða. Sjúkdómurinn er afar þrálátur og ef ekkert er að gert getur hann ágerst svo að sjúklingurinn missir allt hárið. Eina lækningin á þessum tíma var í raun fólgin í því að kippa hárunum upp úr hrúðrinu með þar til gerðum tögum og bera síðan græðandi áburð í sárið. Jónas frá Hrafnagili segir í bók sinni *Íslenzkir þjóðhættir*, að merahland hafi þótt gott við

1 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Gísli Pétursson (1733) var fæddur í Víðigerði í Hrafnagilshreppi og Helga Sveinsdóttir (1730) var líka fædd í sama hreppi.

3 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

4 Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*, bls. 92.

5 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

6 Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi* (Reykjavík, 1884), bls.155–156.

geit í mannshöfði. Hlandið þurfti helst að vera gamalt og best þótti ef hægt var að blanda það með ediki og brennisteini áður en það var lagt við sárið.¹

Þó að Guðrún fari ekki fögrum orðum um árin sín í Gröf má samt skilja það svo að líf hennar á bænum hafi ekki alltaf verið tóm bölbúð. Stundum gafst tími til að bregða á leik eins og hún segir sjálf:

Þá átti Gísli minn í Gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans. Hana setti ég ofan á Eyjafjarðarbakka og fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra Hól og átti ekki von á lengra lífi.

Parna talar Guðrún um hesta séra Erlends í Hrafnagili sem á þeim tíma var einmitt prófastur í Vaðlaþingi. Af orðum Guðrúnar má skilja að atvikið hafi setið lengi í henni þegar merin rauk. Sennilega var þetta í fyrsta skiptið sem Guðrún lenti í alvarlegum lífsháska.

Samkvæmt ævisögunni virðist Guðrúnu ekki hafa verið sérlega uppsígað við bóndann sem hún ávarpar, „Gísli minn í Gröf“. Samskipti hennar við Helgu húsmóður hafa sennilega verið meiri en hún sá Guðrúnu fyrir verkum á bænum. Af henni lærði Guðrún að sinna þeim ótalmörgu störfum sem vinnukonur þurftu að kunna og bera ábyrgð á jafnt innan- sem utandyra.

Guðrún dvaldi líklega hjá þeim Gísli og Helgu í Gröf næstu þrjú árin því við árið 1775 má finna nafn hennar á lista Erlends yfir ungdominn í sókninni og þar er Guðrún skráð meðal ungmenna á bæjunum Svertingsstöðum og Gröf. Séra Erlendur skrifar að á árunum í Gröf kunni Guðrún fræðin sín vel og komi vel fyrir.² Hún hafði því mögulega náð færni til að fermast árið 1774 en þá voru hins vegar engin börn fermd í sókninni. Ári síðar, þegar Guðrún var að verða 16 ára gömul, hafði hún enn ekki náð að fermast. Tíu börn fermdust hins vegar í sókninni það árið þar á meðal Helga, yngri systir Guðrúnar, sem þá var 14 ára gömul.

1 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir* (Reykjavík, 1934), bls. 327.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

Á lista Erlends yfir ungmennin á Svertingsstöðum og Gröf eru María dóttir Gísla bónda og tvær aðrar stúlkur 14 og 15 ára gamlar sem virðast vera þar í vist eins og Guðrún. Þetta voru Guðrún Gísladóttir frá bænum Brekku í sömu sókn og Þórunn Pálsadóttir frá Karlsá í Upsasókn sem reyndar er sögð vera þar í fóstri.¹ Allar þrjár höfðu náð þeim aldri að geta skilað vinnuframlagi á við fullorðin einstakling. Engu að síður voru þær ekki skráðar þar í vinnumennsku enda var engin þeirra það gömul að hún gæti sjálf ráðið sig í vist. Ungu fólkið var í nokkurskonar stöðu lærlings á heimilum bænda þar sem það skilaði ekki fullu vinnuframlagi á meðan það var enn að læra til verka, oft nefnt matvinnungar. Stúlkurnar fengu því engin laun fyrir vinnuframlag sitt annað en fæði og húsnæði.²

Það var aðeins fermt annað hvert ár í Hrafnagilssókn og fjöldi þeirra sem fermdust hverju sinni gat verið allt að 18 manns. Séra Erlendur skráir nöfn fermingarbarna í prestsþjónustubókina og frammistöðu hvers og eins við sjálfa athöfnina. Nafn Guðrúnar finnst þó hvergi meðal fermdra í þjónustubókum prestakalls Hrafnagils. Þar finnast hins vegar nöfn allra systkina hennar og þau ná öll að fermast innan við 16 ára aldur.³

Árið 1777 er Guðrún aftur komin í Hrafnagilssókn en í sóknarmannatali má sjá að hún var ekki hjá foreldrum heldur í vist og sögð koma vel fyrir. Hér skrifar Erlendur að Guðrún sé fermd þó sjálf fermingin finnst hvergi skráð í prestsþjónustubókum hans. Ekki finnst bærinn þar sem hún var en hún var þá að verða 18 ára gömul. Guðrún eldri og Helga systir hennar eru líka sagðar í vist.⁴ Í húsagatilskipuninni frá 1746 var börnum sem komin voru á lögaldur leyft að

- 1 Guðrún Gísladóttir (1761) var dóttir Gísla Hallssonar (1717) og Steinunnar Jónsdóttur (1721) bænda á Bakka. Móðir Guðrúnar hafði dáið þetta sama ár svo trúlega hefur Guðrún verið send þangað þess vegna. Þórunn Pálsadóttir (1761) var dóttir Páls Sigurðssonar (1723) og Oddnýjar Magnúsdóttur (1726) á Karlsá. Páll var hreppstjóri og skipasmiður á Karlsá.
- 2 Guðmundur Jónsson segir að hér á landi hafi það tíðkast fram yfir miðja 19. öld, að vinnukonur vistróðu sig aðeins sem matvinnunga hjá bændum. Einu launin sem þær fengu fyrir vinnu sína voru fæði, húskjól og fatnaður. Sjá: *Vinnukjú á 19. öld*, bls. 48.
- 3 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/2 Prestsþjónustubók 1754–1784.
- 4 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 Sóknarmannatal 1769–1783.

búa hjá foreldrum sínum nema þau væru þrjú eða fleiri en þá skyldi eitt þeirra ráða sig í vist.¹ Ákvæðið átti líklega að tryggja bændum nægt vinnuafli en í alþingissamþykkt frá 1720 segir:

Nú á einhver bóndi fleiri fullvaxna sonu og dætur en hans búi ber nauðsyn til, en einhver annar innsveitis búandi dánimaður getur ekki viðstaðizt fyrir hjúaleysi, þá skal sá barnríki bóndi ljá hinum son eða dóttur, með ráði sýslumanns og reppstjóra, til slíkra launa og aðbúnaðar sem fyrr er mælt.²

Árið 1777 voru þrjú systkini Guðrúnar ennþá skráð hjá foreldrum sínum. Kristján var 15 ára, Þorvaldur 14 og Guðbjörg var 10 ára gömul. Samkvæmt lögum máttu þau því öll þrjú búa í foreldrahúsum. Hin voru hins vegar orðin lögráða og skyldu því ráða sig í vist.

Það var mikilvægt að börnin lærðu sem fyrst að bjarga sér og því var þeim strax við 6–7 ára aldurinn fengin ábyrgðarhlutverk í heimilisbúskapnum og þau voru „sett til bókar“.³ Þegar Guðrún var sex ára gömul átti hún þrjú yngri systkini á aldrinum tveggja til fjögurra ára sem hún og eldri systir hennar, sem þá var sjö ára gömul, hafa líklega verið gerðar ábyrgar fyrir. Samkvæmt skráningum séra Erlends virðist Guðrún hins vegar ekki hafa verið sett til bókar á sama tíma og eldri systir hennar. Þegar henni er fylgt eftir í skráningum séra Erlends, má líka sjá að hún á greinilega erfitt með að læra að lesa.

Það hefur varla verið á allra færi að annast lítil börn í sveitasamfélagi 18. aldar en þau ungmenni sem treyst var til slíkra verka hafa þótt sjálfstæð og dugleg að bjarga sér. Samkvæmt sóknarmannatali Eyjafjarðarsýslu var Guðrún ein barna foreldra sinna send í vist löngu áður en hún varð lögráða. Hún er jafnframt sú eina af systkinunum sem ekki finnst fermd í prestsþjónustubókum.

Til að byrja með fannst mér að Guðrún hlyti að hafa verið hálf-gert olnbogabarn foreldra sinna allt frá fyrstu tíð. Eftir á að hyggja

1 *Lovsamling for Island II* (Kaupmannahöfn, 1853–1889), bls. 612.

2 *Alþingisbækur Íslands X* (Reykjavík, 1967), bls. 565.

3 Lofur Guttormsson, *Bernska, ungdomur og uppeldi*, bls. 163.

má þó færa rök fyrir því að hún hafi líklegast verið eina barn þeirra Teigshjóna sem hafði þann dug í sér að hægt var að senda hana í vist á unga aldri. Þegar hún fór að Vöglum var fyrst og fremst verið að ráða hana í vinnu. Hjónin á Vöglum hefðu tæplega bætt einum hungruðum munni við barnaskarann öðruvísi en að hann kæmi að góðum notum. Engin fjölskylda með slíka ómegð hafði ráð á að taka að sér ólögráða börn sem ekki gátu unnið fyrir mat sínum. Og vinnukraftar Guðrúnar nýttust jafnvel betur en hinnar tvítugu vinnustúlku sem áður hafði verið þar í þjónustu. Ungu vinnustúlkan var einungis matvinnungur á bænum og auk þess var ódýrara að fæða og klæða 12 ára barn en fullorðna konu. Það er vel hugsanlegt að Guðrún hafi aldrei ná tilskyldum undirbúningi fyrir ferminguna vegna vinnuálags. Hins vegar er líka mögulegt að Guðrún hafi átt erfitt með að læra að lesa og það hafi hamlað því að hún næði almennilega tókum á fræðunum.¹

1 Samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar hafði hún enn ekki lært að lesa ellefu ára gömul.

8. Sjálfstæð í vinnumennsku

Nánast alla sína ævi starfaði Guðrún sem vinnukona á heimilum annarra og átti sér því hvergi fastan samastað. Þar sem ráðningartími vinnuhjúa var yfirleitt eitt ár í senn varð það hlutskipti margra að taka sig upp árlega, pakka öllum eigum sínum og flytjast inn á heimili nýrra húsbænda. Aðrir héldu til á sama heimili áratugum saman. Oft hafa tíð vistaskipti verið erfið þar sem nýjum húsbændum fylgdu nýir siðir sem vinnufólkinu bar að virða í hvívetna. Það hefur trúlega oft verið erfitt fyrir Guðrúnu að mynda tilfinningaleg tengsl og treysta húsbændum sínum. Sífelldur flutningur milli bæja með tilheyrandi umbyltingu á nánasta umhverfi hennar, jafnvel hverjum hún deildi rúmi með, kom í veg fyrir að hún myndaði náin og traust kynni við sitt samferðafólk. Í sjálfsævisögunni er Guðrúnu reyndar mjög tíðrætt um sambýlinga sína á hverjum stað en hún talar af hlýhug um hreppstjórann og prestinn sem voru kannski mestu örlagavaldarnir í hennar lífi. Hreppstjórnarnir sáu fólki sem var upp á hreppinn komið fyrir góðri eða vondri vist og prestarnir veittu því sáluhjálp á erfiðum tímum. Vinnufólk og húsbændur gerðu hins vegar samninga sín á milli en allir þurftu að hafa tryggt sér vist á vorin.¹ Þegar Guðrúnu mislíkaði við húsbændur sína klagði hún þá fyrir hreppstjóranum eða leitaði til sóknarprestsins með úrlausn sinna mála.

Laun vinnufólksins voru alla tíð ákaflega lág og fólust að mestu leyti í upphaldi þeirra á heimilum bænda en samkvæmt lögum bar

1 Á síðari hluta 18. aldar var öllu búlausu fólki skipað að ráða sig í ársvist hjá bændum í fardögum ár hvert. Skemmri vistir voru þó líka algengar. Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 9.

húsbónda að sjá vinnufólki sínu fyrir hreinum og heilum klæðum, húsaskjólí, fæði og rúmfötum. Laun vinnukvenna voru um þriðjungur af launum karla.¹ Þær þurftu að láta sér nægja þriðjungi minni fæðu en karlar, bar sjálfum að þrífa og halda við klæðum sínum en áttu jafnframt að þjónusta og þrífa allan klæðnað vinnumanna. Þrátt fyrir afar bág kjör vinnukvenna, gengu þær í flest störf sem karlar unnu og margar þurftu að ganga að öllum búverkum á veturna, meðan karlarnir voru í veri.²

Samkvæmt húsagatilskipuninni frá 1746 hafði vinnufólk takmörkuð réttindi gagnvart húsbændum sínum – réttarstaða þeirra var álíka og barna. Tilskipunin, sem meðal annars fjallaði um réttarstöðu vinnuhjúa og hvernig þeim bæri að hegða sér, var lögbundin hér á landi allt fram á 20. öld. Helstu ákvæði húsagans voru meðal annars þessi:

Þeim bar af fremsta megni að sýna húsbændum sínum tryggð og hollustu, auðsýna hlýðni og auðmýkt við þá og þeirra skipanir og ganga til allra verka sem þeim var fyrirskipað. Þau skyldu „vakta sig fyrir ósæmilegu tali og gamni, eiðum og blóti, hégómlegum historium eða so kölluðum sögum og amors-vísum eða rímum.“ Þeim var bannað að fara til annarra bæja nema með vitund húsbónda síns. Ef hjú strauk úr vist, sló til yfirboðara sinna eða gerði þeim skaða með ódyggð eða leti, skyldi því refsað með hendi eða vendi, sekt, gapastokki og jafnvel tukt-húsvist eftir eðli brotsins. Þó skyldu húsbændur ekki straffa hjúum með verkfærum, sem kynnu að skaða heilsu þeirra eða limlesta þau.³

Samkvæmt lagaákvæðum húsagans virðist lítið frelsi hafa falist í því að vera vistráðin vinnukona. Þessi sömu lagaákvæði tryggðu hins

1 Sjá um kaup og kjör almenns vinnufólks samkvæmt alþingissamþykkt frá 1720. *Alþingisbækur* X, bls. 562–563.

2 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 51.

3 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 15. Finna má heildar texta tilskipunarinnar í *Alþingisbókum Íslands* XIII, bls. 563–577 eða í *Lovsamling* II, bls. 605–620.

vegar vinnufólki einnig ákveðin réttindi gagnvart húsbændum sínum. Til dæmis máttu húsbændur ekki þræla vinnufólki út með mikilli erfiðisvinnu og ef vinnufólk veiktist í vistinni bar húsbændum að veita þeim alla nauðsynlega aðhlynningu meðan á veikindum þeirra stóð. Þeim bar að sjá til þess að vinnufólk hefði tíma til að læra kristindóminn og áttu að greiða þeim laun á réttum tíma. Húsbændur máttu heldur ekki reka vinnufólk úr vistinni án gildrar ástæðu. Ef húsbændur brugðust einhverjum af þessum skyldum gagnvart undirmönnum sínum bar vinnufólki að klaga húsbændur sína fyrir hreppstjóranum eða sýslumanni.¹ Af frásögn Guðrúnar að dæma var hún óhrædd við að klaga húsbændur sína ef henni fannst að sér vegið. Samanber þegar hún var í vist hjá skósmiðnum.

Setti hann mig yfir kot skómakarans. Var ég þar, sneri ég honum snöru. Hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í illt með okkur. Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Godafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagaði fantinn. Þar var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór ég að Grýtu, var þar eitt ár.

Að mörgu leyti má segja að Guðrún hafi verið sjálfstæð þrátt fyrir bága stéttarstöðu. Hún segist til dæmis hafa átt fimm kistur og að í þeim hafi verið meira en myrkrið tóm. Rúsinur átti hún meðal annars í einni þeirra og bauð þeim sem hún vildi gera vel við og á öðrum stað segist hún líka hafa átt súrtunnu og margt þar niðrí.²

Kisturnar voru Guðrúnu mikilvægar því þar gat hún læst niður dýrmætar eigur sínar, svo sem fatnað, matarílát, ull til að þrjóna úr og matinn sem henni var skammtaður í vistinni. En algengt var á stórum heimilum að vega vinnufólki út mat fyrir lengri tíma í senn.³ Skiljanlega var því mikilvægt að geta læst kistunum enda geymdu þær oftast það dýrmætasta sem vinnufólk átti hverju sinni. En í læst-

1 *Lovsamling II*, bls. 615.

2 *ÍB 883 8vo* – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

3 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 37–38.

um kistum var líka hægt að varðveita leyndarmál sem ekki þoldu dagsljósið. Það gerði til að mynda ung vinnustúlka í Eyjafirðinum á miðri 19. öld sem í mikilli geðshræringu læsti ógurlegt leyndarmál niður í fatakistu sinni. Vinnustúlkan var grunuð um að hafa fyrirkomið nýfæddu barni sínu og hafði eitt vitnið í málinu tekið eftir því að téð stúlka hafi verið farin að bera á sér lykla sína sem hún áður hafði látið „liggja hér og hvar“. Húsbændur stúlkunnar leituðu í fatakistunni að henni fjarstaddri og fundu þar tréstock með svuntugarmi og barnslíki innan í.¹

Samkvæmt sjálfsævisögunni virðist Guðrúnu hafa verið einkar umhugað um að geta læst kistum sínum því á einum stað segist hún hafa keypt sér lás á Siglufirði sem hafi kostað einn ríkisdal sem á þessum tíma gat samsvarað hálfum árslaunum hjá góðri vinnukonu.

Í kistunum geymdi Guðrún brauð, feitmeti og harðfisk auk ýmissa lúxusvarnings eins og brennivíns, rúsína og lakkríss.² Innihaldið nýttist ekki bara til að fæða hana og klæða því greinilegt er að Guðrún notaði verðmætin til að stunda vöruskipti og kaupa sér velvild annarra. Í sjálfsævisögunni segist hún hafa gefið sóknarpresti sínum, séra Hallgrími, margan brennivínsdropann, öðrum gaf hún brauðkökur og einhverju sinni keypti hún sér skammrif.³ Af þessu má ætla að vinnukonur sem réðu sig í vist á heimilum bænda hafi að einhverju leyti verið sjálfstæðari en húsfreyjur og börn bænda. Eiginkonur bænda þáðu til að mynda engin laun fyrir vinnuframlag sitt og stunduðu ekki verslun við kaupmenn nema þá í fjarveru eiginmanna sinna. Húsbóndinn hafði yfirleitt einn ráðstöfunarrétt yfir eignum búans og aðeins hann gat selt framleiðsluvörur heimilisins. Sama gildi reyndar um börn sem bjuggu á heimilum foreldra sinna. Þau höfðu takmörkuð

1 Már Jónsson, *Dulsmál 1600–1900*, bls. 35–36. Samkvæmt úttekt höfundar á dulsmálum á Íslandi 1600–1900 lögðu all margar konur andvana börn sín í fatakistur sem þær höfðu einar aðgang að. Sjá sama rit bls. 252, 267, 269, 272.

2 Á einum stað í sögunni segist Guðrún hafa átt brennivín og annarsstaðar kvartar hún yfir því að fá enga lakkrísrót.

3 Það var séra Hallgrímur Thorlacius (1892) sóknarprestur á Hrafnagili sem fékk brennivín hjá Guðrúnu. Hann var m.a. aðstoðarprestur hjá Magnúsi Erlendssyni á Hrafnagili frá 1814. Skammrif eru fremstu rifin báðum megin í kind.

ráð til að verða sér úti um það sem ekki var framleitt á sjálfru heimilinu.

Guðrún virðist snemma hafa gert sér grein fyrir því að það gat borgað sig að þóknast húsbændum sínum. Ráðagóð, iðin og húsbóndaholl vinnukona hefur verið eftirsóknarverð á hverju góðu heimili. Vinnufólki sem var lagið og útsjónarsamt voru líka eðlilega falin ábyrgðarfullri verkefni sem um leið juku virðingu þeirra innan heimilisins. Svo virðist sem vinnufólk hafi falast eftir meðmælum húsbænda sinna til að komast í nýja vist. Reyndar voru húsbændur skyldugir samkvæmt lögum að veita vinnufólki sínu skrifleg meðmæli ef þeir óskuðu.¹ Ein slík meðmæli frá Gunnlaugi Briem, sýslumanni í Eyjafirðinum sýna vel hvað góðar vinnukonur gátu verið húsbændum sínum mikils virði en þetta skrifaði hann meðal annars um vinnukonu sína árið 1814:

Hallgerður reyndist okkur hjónum þæg, holl og velviljuð sem og skörp til vinnu og við hana dygg, yðin og fyrirtektarsöm, so að við minnstum ej að hafa en eptir vinnuhjúi so sieð eða þess saknað sem téðrar stúlku.²

Guðrún hefur eflaust reynst húsbændum sínum holl og verið iðin vinnukona eins og Hallgerður því oft má finna hana í vist á betri bæjum sveitarinnar. Aðeins einstaka sinnum kvartar hún undan húsbændum sínum en á sínum yngri árum er hún yfirleitt sátt við fólkið sem hún býr hjá og starfar með.

Árið 1779 var Guðrún skráð í vist í Kaupangssókn en þá var hún 19 ára gömul en bærinn er ekki nefndur í skráningum prestsins. Hún virðist á þeim tíma ennþá vera að burðast við að læra fræðin sín jafn-

1 *Lovsamling* II, bls. 615–616.

2 *Lbs* 196 fol. – Dagfarsvitnisburður Hallgerðar Jónsdóttur vinnukonu. Í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar árið 1808 finnst Hallgerður Jónsdóttir í þjónustu Gunnlaugs Briem á bænum Kjarna. Hún er þá 36 ára gömul og var því fædd árið 1772. Aðeins ein kona kemur til greina samkvæmt ættfræðigrunni Íslendingabókar en það er Hallgerður Jónsdóttir sem fædd er í Ausu í Hvanneyrarhreppi í Borgarfirði. Árið 1816 var hún húskona í Saurbæ, Hólasókn í Skagafirði. Hún giftist Hallgrími Einarssyni (1793) en þau voru barnlaus.

vel þó presturinn segi hana fermda í bókum sínum.¹ Séra Erlendur segir Guðrúnu þó kunna *Fræðin minni* aðeins sæmilega. Næstu árin er erfitt að fylgja Guðrúnu eftir því eyður eru í sóknarmannatölum í kringum móðuharðindin.

Hörmungar Skaftárelda sem hófust sumarið 1783 höfðu gríðarleg áhrif norðanlands. Daunill móðan frá gosinu lagðist yfir Eyjafjörðinn og olli stórfelldu tjóni á búfénaðnum. Magnús Jónsson, hreppstjóri í Öngulsstaðahreppi, segir að sumarið 1783 hafi varla sést á milli bæja fyrir daunillu reykjarmistri sem lagðist yfir alla sveitina. Í kjölfarið drápust skepnurnar, túnin skemmdust og heyskortur varð til þess að bændur urðu að fella nær allan sinn bústofn.² Talið er að á landinu öllu hafi orðið allt að 70% búfjárfækkun í Móðuharðindunum.³ Árið eftir Skaftárelda var mikið hörmungarástand í Eyjafirðinum og langir listar „dauðra“ í prestsþjónustubókunum bera vitni um mikið mannfall í kjölfar harðindanna. Ekkert sóknarmannatal hefur varðveist fyrir þann tíma í Munkaþverársókn en elsta talið þaðan er frá árinu 1785. Það ár var Guðrún Ketilsdóttir skráð í vinnumennsku á Jódísarstöðum hjá Halldóri Árnasyni og Katrínu Þorláksdóttur.⁴

Halldór á Jódísarstöðum hafði verið hreppstjóri í Öngulsstaðahreppi frá árinu 1770 til 1784 er hann sagði sig frá embættinu vegna heilsubrests.⁵ Guðrún var orðin 26 ára gömul og samkvæmt skráningu sóknarprests bæði læs og fermd.⁶ Presturinn segir hana líka vera vinnusama og fínlega. Guðrún dvelur aðeins skamma hríð á

1 Samkvæmt 11. grein tilskipunar um húsvitjanir bar prestum að yfirheyra þjónustufólk jafnvel eftir að það væri fermt. *Alþingisbækur* XIII, bls. 533.

2 Úr skýrslu hreppstjóra um almennt ástand í Öngulsstaðahreppi árið 1783. Birt í bókinni *Skaftáreldar 1783–1784*, bls. 389–390.

3 Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda.“ *Skaftáreldar 1783–1784* (Reykjavík, 1984), bls. 166.

4 Halldór Árnason (1723) og Katrín Þorláksdóttir (1731) voru bændur á Jódósarstöðum en þau áttu aðeins einn son, Þorlák (1754). Halldór andaðist árið 1786 og sonur hans tók þá við búsförráðum á bænum.

5 Í handriti Stefáns Aðalsteinssonar um ábúendur í Eyjafirði fram segir að Halldór hafi búið á Jódísarstöðum frá 1749 þar til hann lést árið 1786. Þar segir einnig að hann hafi afsakað sig frá hreppstjóraembætti vegna heilsu sinnar árið 1784. *HskjAk* – F-227/2–31 Sögufélag Eyfirðinga. Ábúendatal í Inn-Eyjafirði 1703–1816 eftir Stefán Aðalsteinsson.

6 *ÞÍ* – Munkaþverár BC/1 Sóknarmannatal 1785–1796.

Jódísarstöðum því áður en árið er liðið er hún komin í Teig til foreldra sinna en Ketill faðir hennar var þá orðinn rúmliggjandi af taksótt eða brjósthimnubólgu.¹ Kristján, bróðir Guðrúnar, er líka skráður til heimilis í Teigi þetta árið en þau hafa vísast tekið að sér að annast býlið á meðan faðirinn lá veikur.

Ketill, sem var 59 ára gamall, dó úr taksótt 13. október 1785 og hafði þá legið í tæpa viku. Í annálum frá þessum tíma má sjá að margir landsmenn dóu af sömu völdum en í Hólastipti létust 138 manneskjur þetta árið úr sóttinni. Guðrún bjó í Teigi tvö næstu árin með Guðbjörgu móður sinni sem þá var orðin 64 ára gömul. Séra Erlendur segir Guðbjörgu vera fáfróða í bókum sínum. Guðrúnu segir prestur hins vegar vera skikkanlega og gagnlega en systkinin virðast reka búið saman í þessi tvö ár með móður sinni.²

Dánarbúinu var ekki skipt upp strax við andlát Ketils eins og lög gerðu ráð fyrir, heldur næstum tveimur árum síðar. Á þessum tímum var reyndar ekki skylda að skrásetja öll dánarbú því ef erfingjar þess voru myndugir og nærstaddir gátu þeir sjálfir skipt eignum þess án afskipta yfirvalda.³ Samkvæmt íslenskum lögum var hægt að líta svo á að öll systkinin hafi verið myndug árið sem faðir þeirra féll frá. Þau gátu því sjálf skipt eignum búsins. En í *Jónsbók* er ómagaaldur sumstaðar miðaður við 15–16 ára aldur en karlmenn almennt um tvítugt. Hvort sama gildi um ógiftar konur var hins vegar háð samþykki fedra, bræðra eða frænda.⁴

Hugsanlega hafa systkinin ákveðið að skipta ekki upp búinu á meðan móðir þeirra var á lífi. Þau hafa kannski viljað að ekkjan fengi að búa áfram í Teigi þar sem hún hafði haldið heimili síðastliðin 24 ár. Auk þess var hún komin á sjötugsaldur og ekkert systkinanna hafði færi á að annast hana þar sem þau voru öll í vinnumennsku á heimilum annarra. Ef búið yrði gert upp og móðir þeirra þyrfti að flytja

1 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818. Taksótt er bráð lungnabólga.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

3 Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 87.

4 Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú“, bls. 90.

af bænum átti hún um fátt annað að velja en að vera sett niður hjá vandalausum í hreppnum – fara á sveitina eins og það var nefnt.

Á þessum eymdarárum bjuggu margir hreppsþúar hins vegar við svo erfiðar aðstæður að fáir voru aflögufærir. Mikil fátækt, skepnufellir og almenn vesöld ríkti á mörgum heimilum sýslunnar á tímum harðindanna. Lífskjör þeirra lægst settu í samfélaginu, heimilislausra gamalmenna, höfðu líklega sjaldan verið jafn bág. Ekkert systkinanna vildi að móðirin endaði síðustu æviárin sem hreppslimur á heimilum annarra. Þau voru fimm börnin hennar Guðbjargar sem eftir lifðu svo erfðahluti hvers þeirra var ekki stór þegar skuldir búsins höfðu verið greiddar. Besta lausnin fólst því líklega í áframhaldandi búhokri með aðstoð barnanna.

Fáum árum áður en Ketill andaðist hafði Guðrún eldri búið í Teigi ásamt eiginmanni sínum, Nikulási Magnússyni.¹ Þau höfðu þá flutt á bæinn nýgift og eignast dóttur þar saman árið 1784. Dóttirin dó hins vegar aðeins nokkurra mánaða gömul úr landfarsótt. Ári síðar veiktist Ketill en það var þá sem Guðrún yngri og Kristján komu heim í Teig. Sennilega komu þau til að aðstoða við búreksturinn því á sama tíma fóru Guðrún eldri og Nikulás í vinnumennsku á Akureyri. Guðbjörg, yngsta systirin í Teigi, fór með þeim í kaupstaðinn en hún var þá orðin 18 ára gömul. Kristján var eini eftirlifandi sonur Teigshjóna. Kannski var það vilji þeirra hjóna að hann tæki við búsforráðum á bænum en ekki Guðrún og Nikulás.

1 Nikulás Magnússon (1742) var líklega fæddur í Saurbæjarhreppi. Hann tók við búskapnum í Teigi ásamt Guðrúnu eldri eiginkonu sinni árið 1787–1815 þegar hann andaðist þá 73 ára gamall. Í ættfræðiritum er hann sagður hafa verið meinhægur, siðlátur, ráðvandur og frómur og tilhlýðilega kunnandi. *HskjAk* – F-227/2–31 Ábúendatal í Inn-Eyjafirði.

9. Búhokur á tímum móðuharðinda

Ári eftir að Ketill dó eða í lok nóvember árið 1786 mættu fulltrúar sýslumanns í Teig til að gera upp dánarbúið. Guðrún yngri og Kristján eru þá viðstödd sem fulltrúar erfingja ásamt Guðbjörgu móður sinni. Uppskrift á eigum þeirra hjóna gefur skýra mynd af dapurlegu búhokri á eymdarárum móðuharðindanna. Þau urðu alls 24 árin sem þau Guðbjörg og Ketill stóðu fyrir búi á bænum Teigi í Hrafnagilshreppi. Af uppskrift dánarbúsins, í skiptabók sýslumanns, má sjá að stritið hafði ekki fært þeim mikið í aðra hönd en heildar-eignir búsins voru metnar á um 41 ríkisdal. Þar af skulduðu hjónin yfir 21 ríkisdal sem standa þurfti skil á áður en ekkjan og börnin fengju sitt. Það voru hreppstjórnir Gísli Hallgrímsson og Helgi Hallgrímsson sem mættu í Teig til að verðmeta og skrá dánarbúið að beiðni sýslumannsins, Jóns Jakobssonar. Þeir Gísli og Helgi höfðu lengi verið nágrannar Ketils og Guðbjargar í Teigi og höfðu sennilega oft komið þangað í hinum ýmsu erindagjörðum. Gísli var þá bóndi í Kristnesi og Helgi bjó á bænum Syðra-Gili ásamt eiginkonu sinni, systur Gísla, Sigríði Hallgrímsdóttur.¹ Séra Erlendur á Hrafnagili segir Gísla hreppstjóra hafa verið vænan mann og vel að sér en hann starfaði einnig sem meðhjálpari. Trúlega er það hann sem heldur á penna og skrifar upp búið í Teigi en þar segir hann orðrétt.

1 Gísli Hallgrímsson (1743) í Kristnesi var giftur Helgu (1750) dóttur Þorsteins Ketilssonar (1688) prófests í Eyjafjarðarprófastsdæmi (1725–1751) og Dómhildar Eiríksdóttur (1717). Helgi Hallgrímsson (1748) á Syðra-Gili var giftur Sigríði (1736) systur Gísla hreppstjóra.

Annó 1786 þann 30. nóvember var af okkur undirskrifuðum Gísla Hallgrímssyni hreppstjóra í Hrafnagilshreppi og Helga Hallgrímssyni, eftir befaling hr. sýslumannsins Jóns Jakobs-sonar, uppskrifað stervbúið í Teigi. Ekkjunnar Guðbjörgu Hallgrímsdóttur, viðverandi og hennar erfingjum Kristjáni Ketils-syni og Guðrúnu Ketilsdóttur.¹

Af uppskrift dánarbúsins má sjá að bústofninn í Teigi hefur tæplega getað framfleytt fjölskyldunni. Þau áttu eina kú, sex ær, fimm lömb og eitt merartrippi.

<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
1 kýr svörtkinnótt, miðaldra, snemmbær	5	68
6 ær	5	68
5 lömb	2	34
rautt merartrippi	3	
kista, skrá læst	1	18
gömul kista, ólæst		24
ólæstur kistill, hjaralaus		05
skápskrifli		09
tveggjatunnu kerald	1	00
tunnukerald		48
40 marka strokkur		40
2 mjólkurtrog	1	00
2 sorptrog		13
4 mjóltrog		06
3 kollur		15
4 askanefnur		16
2 fötur		13
2 könnur		06
2 matarföt		06
2 ausur og eisill		06
4 altunnu stokkar		18
2 hálfturnur 2 kvartil		08
trogberi		27
<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk</i>

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

torfkrókar		18
járnvog, bíluð		18
2 keraldahlemmar		10
2 lárar		06
setustóll		10
20 pallfjalir og stigi	1	05
4 pall stokkar með tveimur mörum		18
sængurdýna skóbætt koddaræfill og brekans		18
heysæng með skinnveri		09
<i>Í bókum</i>		
Vídalínspostilla	1	20
Gamall grillari		24
Passíusálmar		18
Upprísusálmar		18
Sigurhrós hugvekjur		34
handkvörn		54
vírkambar		10
2 ljóspönnur		08
rekunefna		06
50 marka pottur	1	00
annar 30 marka númer 2		68
þriðji 12 marka		34
páll laslegur		10
fjalahurð		14
tunnustafa hurð		13
2 klífberar		18
nýleg bandreipi		27
önnur bandreipi		18
2 lakari bandreipi		27
hærupoki		40
útslitinn þófi		12
hnakkur með dömu ístöðum og reiða	1	00
beislisslitur		24
3 gjarða hringjur		12
þófaskinn og kvenístöð		14
<i>Eigur Teigshjóna</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk</i>

sortulituð karlmannaföt	1	68
blá peysa með hnöppum	1	00
blá húfa		09
2 orf 2 hrífur og 2 klárur		30
4 ljáspikur		22
2 kýrkláfar		09
tangarnefna ditto		06
steðji		45
klaufhamar		04
garðavinnubúningur		27
20 birkispýtur		20
5 grenispýtur		20
2 garðastokkspartar		05
tunnustafahurð		09
börur		08
flórreka		04
nóstokkur		05
2 heynálar		09
kvíagrind		05
hesthús		68
brunnhús		12
hjá Kristjáni á ekkjan	2	00
Samtals	40	70

Samkvæmt uppskriftinni var fátt verðmætra muna að finna í innbúi þeirra Teigshjóna. Gömul kista ólæst, ólæstur kistill hjaralaus, skápskrifli, kollur, askanefnur, setustóll, skóbætt sængurdýna, koddaræfill og brekans og heysæng með skinnveri. Sitthvað var þó til af tunnum, pottum, trogum og keröldum sem nýst höfðu við matvælaframleiðslu á heimilinu. Á bænum var líka til handkvörn, steðji og smíðjubelgur og sennilega átti Guðbjörg hnakkinn með dömuístöðunum sem metin var á einn ríkisdal. Sortulituðu karlmannafötin hafa hins vegar verið í eigu Ketils og einnig bláa peysan með 16 látúnshnöppum.¹

Uppskrift dánarbúsins og ítarlegt verðmat á fátæklegum eignum Teigshjóna veita þó aðeins takmarkaða sýn á það sem lífið hafði fært

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

þeim. Raunverulegu verðmætin voru líklega börnin þeirra sex sem þeim hafði tekist að koma upp þrátt fyrir mikla fátækt en Þorvaldur var eina barnið þeirra saman sem var nú fallinn frá.¹ Vinna barna á þessum tíma hafði mikla efnahagslega þýðingu fyrir bændur og þá sérstaklega þá sem voru fátækir og gátu ekki ráðið til sín vistráðið vinnufólk. Þó var vinnuframlagið ekki það eina sem skipti máli heldur líka umönnunar- og uppeldislegt hlutverk barna. Oftast nær voru það börnin sem önnuðust yngri systkini og þegar þau urðu eldri tóku þau að sér að annast aldraða og sjúka fjölskyldumeðlimi. Barnalán gat því mögulega tryggt foreldrum framfærslu í ellinni eða ef annað félli frá.²

Eftir að dánarbúið hafði verið skráð og hver einasti hluti þess vandlega verðmetinn var gerð ítarleg grein fyrir skuldum Teigshjóna við lánadrottna. Greinilegt var að rekstur búans hafði ekki gengið sem skyldi enda hafði slæmt árferði undangenginna ára komið illa niður á bændum Norðanlands. Þegar Ketill féll frá voru hjónin orðin stórskuldug við verslunina og höfðu ekki einu sinni haft ráð á að greiða landskuldina af jörðinni. Það var Erlendur Hjálmarsson á Munkaþverárklaustri sem innheimti landskuldina en hann er titlaður *hr. klausturhaldari* í bókhaldi sýslumanns.³ Skuldin var 5 ríkisdalir og 66 skildingar sem var sennilega sú upphæð sem Teigshjónin þurftu

- 1 Þorvaldur finnst fermdur árið 1777 þá 14 ára gamall en eftir það finnst hann ekki í sóknarmannatölum. Þegar faðir hans deyr árið 1784 skráir séra Erlendur við andlátinu að hann láti eftir sig fimm börn á lífi. Hvergi hefur þó fundist skráð andlát Þorvalds í prestsþjónustubókum í Eyjafirði.
- 2 Guðrún yngri og Kristján fara heim í Teig til að annast foreldra sína á erfiðum tímum. Eftir að faðirinn deyr annast systkinin búið með móður sinni. Nánari umfjöllun um íslensku fjölskylduna á 13. og 19. öld má finna í eftirfarandi ritum: Gísli Ágúst Gunnlaugsson í bók sinni, *Saga og samfélag. Ættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*, (Reykjavík, 1997); Sigurður Gylfi Magnússon í ritgerðinni „Alþýðumenning á Íslandi 1850–1940“ og Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdomur og uppeldi á einveldisöld*.
- 3 Munkaþverárklostur var stofnsett á 12. öld en á 15. öld þegar klostur lögðust af hér á landi, runnu eignir þess til Danakonungs. Teigur var því á þessum tíma í eigu Danakonungs. Þeir sem síðar sátu á klosturjörðunum í umboði konungs voru kallaðir klosturhaldarar. Erlendur Hjálmarsson (1748) var giftur Karítas Sveinsdóttur (1751) sem var dóttir Sveins Sölvasonar (1722) lögmanns.

árlega að greiða til landeigandans.¹ Það var örugglega ekki létt verk að standa skil á svo hárrí landskuld á næstu árum með þann rýra bústofn sem eftir var á bænum. Margir hreppsbúar voru þó í svipaðri stöðu eftir afleiðingar Móðunnar en hátt í þriðjungur bændabýla í Hrafnagilshrepp töldust nánast bjargþrota þetta árið.² Einhverja hjálp höfðu Teigshjón kannski þegið frá nágrönnum sínum þeim Sigurði á Hvammi og Þórði í Litladal en þeim skuldar dánarbúið 44 skildinga. Reyndar er hvergi gerð frekari grein fyrir skuldinni við Sigurð og Þórð og gæti hún því allt eins tengst greiða vegna uppgjorsins á sjálfu búinu.

Heildarskuldir dánarbúsins námu um helmingi af metnum eigum þeirra Ketils og Guðbjargar og þær þurfti að gera upp áður en lögerfingjar fengju sitt. Kröfurnar í búið voru eftirfarandi:

<i>Skuldir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
til höndlunarinnar	13	64
til hr. sýslumannsins registr. salary		90
til hr. prófastsins		27
til hr. klausturhaldarans	5	66
til Sigurðar í Hvammi		22
til Þórðar í Litladal		22
til virðingarmanna		36
Samtals	21	27

Hreppstjórnir sem skráðu og verðmátu eigur Teigshjóna, eða virðingarmenn eins og stendur í skiptabókinni, vildu fá 18 skildinga hvor í sinn hlut. Séra Erlendur tók 27 skildinga fyrir að jarðsetja bóndann og sýslumaður rukkaði 90 skildinga fyrir sína aðkomu að málinu.

Það er ekki fyrr en mörgum mánuðum eftir að búið var verðmetið sem Jón Jakobsson sýslumaður kemur að skiptunum. Samkvæmt

1 Ekki finnst gögn um árlega landskuld Teigsjarðarinnar frá tímabilinu en af sambærilegum jörðum í Eyjafirði var landsskuldin eitt hundrað sem svaraði til 120 álra vaðmáls, eða eins kúgildis, sem var fullgild kýr eða sex loðnar og lemdar. Samkvæmt dánaruppskriftinni í Teigi eru ærnar sex verðmetnar til jafns á við kúnna eða 5,68 en ógreidd landskuld er 5,66.

2 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

skipun hans eiga skiptaráðendur að sjá til þess að allir þeir sem eiga inni hjá dánarbúinu fái skuldir sínar greiddar áður en því er endanlega skipt. Af orðum sýslumanns má merkja að mikill ágreiningur hafi verið risinn um hvernig skipta bæri eftirlátnum eigum hjónanna.¹ Hvort sá ágreiningur var innbyrðis á milli systkinanna eða lánadrottna er ómögulegt að gera sér grein fyrir. Hinn 2. júní árið 1787 skrifar sýslumaður í skiptabókina að hann feli mr. Einari sem var spítalahaldari í Möðrufelli, undir eftirliti hr. prófastsins, að skipta dánarbúinu.² Prófasturinn var þá séra Erlendur á Hrafnagili en sýslumaður telur hann best til þess fallinn enda „kunnugastur öllu þess ásigkomulagi“. Jón sýslumaður vill að gengið sé frá skiptunum strax í sömu vikunni en taldi hins vegar skuld búsins við höndlunina á Akureyri vera það háa að aðeins væri mögulegt að greiða helming hennar út að sinni.

Það er Einar Jónsson spítalahaldari sem hélt á penna þegar búinu var skipt milli lánadrottna og lögerfingja þess og skrifaði undir gjörninginn með fullu nafni.³

<i>Til hr. klausturhaldarans f. landsk. 5,60</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
merartrippi afstyrmi	3	00
í kúnni 56 al ⁴	2	60
Samtals	5	60

<i>Til handlen, 6,80</i>	<i>Rd</i>	<i>Sk.</i>
hrútur veturg.		60
gimbur með lambi		90

- ¹ Í skiptabókina skrifar sýslumaður að stefnt hafi í hastarleg skipti á stervbúinu. ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
- ² Einar Jónsson (1733) var fæddur í Öxnadal í Eyjafirði. Hann var giftur Ingiríði Einarsdóttur (1737) en faðir hennar, Einar Jónsson (1703) hafði áður verið spítalahaldari í Möðrufelli.
- ³ ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
- ⁴ Klausturhaldarinn fær aðeins hlut í kúnni svo líklega hefur Teigsfólkið átt að annast hana heima í Teigi en skipta nytinni með klausturhaldaranum.

3 ær á stk. 108 sk.	3	36
5 grenispýtur 20 sk.		
20 birkispýtur 20 sk.		
12 pallfjalir 54 sk.		94
smiðjubilgur 27 sk.		
tangartetur 6 sk.		33
12 m. pottur 34 sk.		
tunnustafahurð 13 sk.		47
Samtals ¹	6	80

Til hr. sýslumannsins, 90 sk.

ný ljósblá peysa með 16 látúnsknöppum	1	00
Samtals ²		100

Til mr. Einars á Möðrufelli, 24 sk.

4 altunnustokkar		18
2 lárar		06
Samtals		24

Til Sigurðar í Hvammi og Þórðar í Litladal, 45 sk.

steðji		45
Samtals		45

Fyrst er gerð upp landskuldin við Erlend klausturhaldara: „Til hr. klausturhaldarans f. landskuld“ skrifar Einar í skiptabókina. Klausturhaldarinn vill fá helmingshlut í kúnni sem hafði öll verið metin á 5,68. Þar með yrði mjólkurkýrin áfram í fjósinu í Teigi en eigendurnir skiptu með sér nytinni. Með þessu móti var reynt að koma til móts við kröfur lánadrottna án þess að svipta heimilið lífsbjörginni. Á Munkaþverárklaustri voru reyndar níu kýr og 40 mjólkandi ær þetta árið svo hálf nytin úr Teigskúnni gat varla skipt sköpum fyrir fjölskyldu klausturhaldarans.³ Þetta voru hins vegar erfiðir tímar fyrir

1 Í einum ríkisdal voru 96 skildingar

2 Peysan er metin á einn ríkisdal samkvæmt verðmati en líklega hefur ekki þótt taka því að gera veður út af örfáum spesium.

3 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

marga en fjöldi bænda hafði misst nánast allan sinn bústofn vegna harðindanna. Á slíkum tímum voru mikil verðmæti fólgin í mjólkandi kúm. Erlendur klausturhaldari fékk líka merina sem Einar spítalahaldari segir vera afstyrmi enda aðeins metin á þrjá ríkisdali. Fyrir átti klausturhaldarinn tíu fulltamma hesta og sex ótemjur.¹

Næst í röð lánadrottna var verslun Friðriks Lynge á Akureyri. Þangað fara þrjár ær, veturgamall hrútur og ein gimbur með lambi. Greinilegt er að mestu verðmætin voru fólgin í búfénaðnum enda hefur verið auðvelt fyrir kaupmanninn að gera sér pening úr honum. Annað sem verslunin ásældist voru spýturnar innan úr sjálfu kotinu meðal annars gólffjalirnar. Smiðjubelgurinn, 12 marka pottur og tunnustafahurð fara líka til kaupmanns og samt var þá aðeins helmingur verslunarskuldarinnar greiddur. Það var síðan Jón sýslumaður sem fékk fínu peysuna með látúnshnöppunum. Greinilegt var að Einari spítalahaldara hefur þótt peysan fín en í skiptabókina skrifar hann, ný ljósblá peysa með 16 látúnshnöppum. Svo margir hnappar gefa til kynna að peysan hafi verið tvíhneppt en líklega hafði Guðbjörg þrjónað hana og þæft handa Katli bónda sínum.² Að lokum fær Einar greitt fyrir að skrá skipti búsins en hann fær nokkrar verðlitlar tunnur og lára fyrir ómakið. Sigurður og Þórður skipta síðan með sér stedjanum.

Þegar sjálf skiptin fóru fram, sumarið 1787, var komin ný krafa í dánarbúið frá systkinunum á bænum, þeim Guðrúnu yngri og Kristjáni. Þau vildu nú fá greidd laun fyrir framlag sitt við búreksturinn. Hér var því komin sennileg ástæða fyrir ágreiningnum sem sýslumaður minnst á. Ef til vill voru vinnulaunin liður í því að ná einhverskonar sátt milli systkinanna. Aðkoma séra Erlends að skiptingu búsins var líklega fyrst og fremst sú að finna lausn á ósætti erfingjanna. En um ástæður þess að sýslumaður vill að presturinn komi að málinu segir hann.

...hefi ég umbeðið mr. Einar í Möðrufelli undir hr. prófastsins

1 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

2 Þær karlamannapeysur sem varðveittar eru frá tímabilinu eru allar þrjónaðar og þæfðar. Friður Ólafsdóttir, *Íslensk karlmannaföt 1740–1850* (Reykjavík, 1999), bls. 34–41.

tilsjón, sem þess kunnugasta öllu þess ásigkomulagi, að skipta stervbúinu í þessari viku.¹

Séra Erlendur þekkti heimilisfólkið í Teigi en hann hafði fylgt flestum þeirra allt frá barnæsku. Eflaust treystu systkinin prestinum betur til að útkljá innbyrðis deilumál sín en Jóni sýslumanni. Verkalaun Guðrúnar og Kristjáns gætu hafa verið hugsuð sem einskonar fullnaðargreiðsla sem systkinin fengju fyrir vinnu sína ef þau sættu sig við að fara burt af bænum. Guðrún eldri og Nikulás gætu þá flutt heim til ekkjunnar og tekið þar við búsför ráðum.

1 ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.

10. Verkalaun Guðrúnar

Séra Erlendur og Einar spítalahaldari virðast reikna Guðrúnu yngri og Kristjáni nánast jafnhá laun fyrir vinnuna en hvort þeirra fær rúmlega tvo ríkisdali. Hvergi kemur reyndar fram fyrir hve langan tíma er verið að greiða en þau höfðu hins vegar búið alveg jafn lengi á bænum. Líta má á launagreiðslu Guðrúnar sem ákveðna staðfestingu þess efnis að hún hafi verið metin jafnoki karla við vinnuna en samkvæmt alþingissamþykkt frá 1720 bar að greiða konu sömu laun og karli ef hún ynni karlmannsverk, eins og fram kemur í eftirfarandi tilvísun:

En ef hún gjörir kallmannsverk með slætti, róðri eða torfristu, þá á að meta verk hennar sem áður segir um karlmenn til slíkra launa.¹

Heildarvirði þess sem Guðrún fékk fyrir vinnuframlag sitt var metið á tvo ríkisdali og 13 skildinga og var eftirfarandi.

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
I bándreipi		18
sængurdýnuræfill, koddí og brékánslitur		18
blá húfa		09
sortulituð föt	1	68
Samtals	2	13

Það voru kannski ekki mikil verðmæti fólgin í þeim hlutum sem

1 Alþingisbækur X, bls. 563.

Guðrúnu hlotnaðist úr búinu en hún hafði líklega sjálf fengið að velja þá. Verkalaunin voru blá húfa, verðmetin á níu skildinga, sængurdýnuræfill, koddí og brekánsslitur ásamt bandreipi hvorttveggja verðmetið á 18 skildinga. Guðrún fékk líka sortulituðu karlmannafötin sem hafa sennilega verið betri föt í eigu föður hennar enda metin á einn ríkisdal 68 skildinga. Allir þessir hlutir voru verðmæti í augum Guðrúnar og gátu gert líf hennar ögn bærilegra. Slitinn sængurbúnaðurinn veitti henni yl á köldum vetrarnóttum jafnvel þó hann væri úr sér genginn eins og ráða má af uppskrift dánarbúsins. En þó húsbændum bæri að útvega vinnufólki sínu rúmfatnað þótti eflaust gott að eiga aukaræfil til að fleygja yfir sig. Skjólgóður vinnufatnaður var líka mikils virði þeim sem þurftu löngum stundum að sinna bústörfum utandyr. Sortulituðu karlmannafötin höfðu líklegast verið þrjónuð og lituð heima í Teigi og sennilega líka þæfð því þannig urðu þau bæði hlýrri og endingarbetri. Kannski ætlaði Guðrún að selja fötin en vel er þó hugsanlegt að hún hafi ætlað að nota þau sjálf sem vinnufatnað. En karlmannaföt voru mun hentugri við alla erfiða útivinnu en dæmigerður kvenfatnaður þess tíma.¹ Bandreipið sem Guðrún fékk nýttist henni líka vel en reipi voru mikið þarfaping til sveita. Þau voru nauðsynleg við hverskyns útivinnu og þegar flytja þurfti þungar byrgðar á milli bæja eða í kaupstað. Þegar vinnufólk skipti um vist þurfti að flytja allar eigur þeirra til nýrra húsbænda. Þá var annaðhvort farið fótgangandi með allt á bakinu eða eigur vinnufólksins voru fluttar á hestum. Bandreipin komu sér þá vel og tryggðu að byrðarnar kæmust heilar á leiðarenda. Á einum stað í ævisögunni segist Guðrún einmitt hafa orðið fyrir skaða á þessháttar ferðalagi. Það var Sigfús hrepp-

stjóri sem þá var að flytja eigur hennar yfir á bæinn Syðri-Tjarnir í

1 Sigurður Guðmundsson sem fæddist árið 1833 (oftast nefndur Sigurður málari) skrifaði mikið um íslenska kvenbúninginn að fornu. Hann segir m.a. að „...fyrsti uppruni til húfubúningsins virðist vera sá, að gríðkonur tóku á sig karlmannspeisu og karlmannshúfu er þær gengu í skarnverk, því það var hentugra og skjólbetra en skautið og búningur sá, sem því fylgdi.“ Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um forngripasöfn Íslands í Reykjavík II* (Kaupmannahöfn, 1867–1870), bls. 63–64.

Öngulsstaðahreppi og Guðrún segir þannig frá atvikinu.

Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd

Kristján bróðir Guðrúnar fékk engin verðmæti úr búinu fyrir sitt vinnuframlag heldur voru hans verkalaun látin ganga upp í skuld hans við móðurina sem voru tveir ríkisdalir og 24 skildingar. Það sem eftir stóð af eignum Teigshjóna voru þá tæpir 23 ríkisdalir sem skiptust til helminga milli ekkjunnar og fimm barna hennar. Samkvæmt Norsku lögum frá 1687 erfðu dætur helming á móti sonum. Erfðahluti Kristjáns var því metinn á þrjá ríkisdali og 79 skildinga á meðan systurnar fjórar fengu hver í sinn hlut aðeins tæpa tvo ríkisdali.

11. Tunnur, kerald, kollur og könnur

Það er áhugavert að virða fyrir sér hvernig eigur dánarbúsins skiptast milli systranna en þar kemur berlega í ljós að þarfir þeirra voru ólíkar. Hins vegar má einnig líta svo á að arfskiptin varpi ljósi á einhverskonar sérhæfingu í stétt vinnukvenna. Ef til vill erfðu systurnar þá hluti úr búinu sem bætt gátu stöðu þeirra sem sérhæft vinnuafl.

Systkinin virðast hafa náð samkomulagi um að Guðrún eldri myndi setjast að í Teigi ásamt eiginmanni sínum Nikulási. En samkvæmt skiptabókinni er hún sú eina sem erfir fastar eignir á jörðinni, þ.e. hesthús og brunnhús. Guðrún eldri var á þeim tíma eina af systkinunum sem var gift og sennilega var litið svo á að samhent hjón væru betur til þess fallin að taka við búinu en eitthvert systkinanna. Eflaust hentaði það líka Guðrúnu yngri betur að halda áfram í vinnu-mennsku en að setjast að í Teigi. Hún var jú ung og hraust og kunni vel til verka. Ekki er heldur ósennilegt að séra Erlendur hafi hvatt hana til að fara burt af bænum og finna sér góða vist. Hvarvetna var nú meiri eftirspurn eftir duglegu vinnufólki enda höfðu hörmungar undangenginna ára valdið bændum miklum búsifjum. Víðast hvar í sveitum landsins vantaði fólk sem kunni til verka og hafði þrek og styrk til að sinna erfiðisvinnu. Guðrún átti því ágæta möguleika á að komast í vist þar sem vinnuframlag hennar yrði metið að verðleikum. Ef hún hins vegar veldi að búa áfram með móður sinni í Teigi biði hennar eilíft strit við rýran kost. Þar fengi hún heldur ekki greitt fyrir vinnu sína.

Af þeim munum sem Guðrún yngri erfir úr búi foreldra sinna er

hægt að draga þá ályktun að hún hafi kunnað vel til verka í eldhúsinu. Þar er m.a. að finna skápskrifli, tveggja tunnu kerald, tvær hálf-tunnur og tvær kvartel tunnur, þrjár kollur, könnu, tvær ausur og eysil. Samanborið við þá hluti sem hinar systurnar erfðu fær Guðrún yngri í sinn hlut megnið af þeim hlutum búsins sem tengdust matvælaframleiðslu. Hér gefur að líta munina sem Guðrún erfði úr búi foreldra sinna ásamt verðmati.

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
skápskrifli		09
2ja tunnu kerald	1	00
3 kollur		15
1 kanna		03
2 hálf-tunnur og 2 kvartel		08
2ær ausur og eysill		06
reka		06
tveir kýrkláfar		09
tvenn bandreipi		27
ein heynál		05

Allt voru þetta mikilvæg flát og verkfæri sem nýttust við hverskyns matargerð og geymslu matvæla. Sennilega þótti fengur að fá til sín klókar matseljur og enn betra var ef þær sköffuðu sjálfar áhöldin við vinnuna. Verðmætasti hluturinn sem Guðrún erfði var greinilega tveggja tunnu keraldíð sem gat rúmað 240 lítra. Svo stór flát þóttu ákaflega gagnleg til að leggja mat í súr en á fyrri tímum þróaðist slík matarverkun hér vegna saltleysis. Í súrtunnu Guðrúnar mátti hugsanlega finna kjöt, svið, innmat, fugl, egg og hverskyns fiskmeti.¹ Sennilega flutti hún keraldíð með sér þegar hún skipti um vist og hefur þá sjálf verkað matinn í það. Á einum stað víkur Guðrún sögunni að súrtunnunni. Það var á árum hennar í Kristnesi en þá segist hún hafa átt súrtunnu um haustið og „margt þar niðrí.“ Það er ekki ólíklegt að húsbændur Guðrúnar hafi líka falast eftir afnotum af tunn-

1 Hallgerður Gísladóttir, *Eldamenska í íslensku torfbæjunum*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga (Varmahlíð, 1993), bls. 23.

unni og þá gegn vægu gjaldi. Guðrúnu var þá kannski lofað hlut í þeim matvælum sem húsbændur eða sambýlungar hennar fengu að geyma í tunnunni. Þannig hafði súrtunnan öðlast tvöfalt notagildi, sem geymsla undir matvæli Guðrúnar og þeirra sem voru tilbúnir að greiða henni leigu fyrir afnotin – beint eða óbeint. Eign eins og þessi skapaði Guðrúnu því sannarlega ákveðna stöðu innan heimilisins, hvar sem hana bar niður.

Önnur ílát sem nú voru komin í eigu Guðrúnar nýttust til dæmis við skyr-, smjör-, osta-, súrmjólkur- og sýrugerð. Samkvæmt sjálfs-ævisögunni virðist Guðrún alltaf hafa átt kindur sem hún hafði með sér í vistina. Af þeim fékk hún bæði ull til að vinna úr og verðmætt hráefni til matargerðar. Henni var endá mikið niðri fyrir þegar hún tapaði ánum sínum eða þegar húsbændurnir stálu þeim, eins og stundum gerðist. Páll bóndi á Þórustöðum mun til dæmis hafa haft af henni gráu gimbrina og smalahundur Guðmundar á Stokkahlöðum drap á sem hún átti. Hún sagði líka frá slæmri vist á Þórustöðum í sjálfs-ævisögunni þar sem golmögóttu gimbrin hennar var allt í öllu. Það gerðist á efri árum Guðrúnar og hún þá eflaust orðin svo gömul og lúin að snúningar hennar á bænum nægðu tæplega til að brauðfæða hana. Þá hafa húsbændurnir tekið nytina af gimbrinni upp í dvölina og ærin síðan að endingu verið étin upp til agna. Það gat líka komið fyrir að kindur hreinlega týndust á fjöllum. Guðrún segist einmitt hafa lent í slíkum hremmingum og þurfti þá að fá vinnumann af næsta bæ til að leita þeirra fyrir sig. Fyrir ómakið greiddi hún honum heilt dagsverk.

Það vekur athygli að við arfskiptin fékk Guðrún yngri enga bók í sinn hlut en það sama átti reyndar við um Guðrúnu eldri. Hin systkinin fengu hins vegar öll bækur og Helga og Guðbjörg erfðu tvær bækur hvor. Kannski að Guðrúnarnar hafi ekki verið vel læsar og því valið sér annað nýtilegra sem stóð þeim til boða úr búinu. Guðbjörg, systir Guðrúnar, virðist reyndar hafa séð verðmæti í bókunum því hún erfði bæði Vídalínspostillu og Grallarann en heildarverðmæti þeirra nam um 80% af arfshluta hennar eins og hér má sjá:

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
Víðalínspostilla	1	20
Grallari		24
tveir klyfberar		18
tveir garðastokkspartar		05
járnvog		18

Guðbjörg hafði reyndar búið inn á Akureyri þar sem hún var samvistum við fólk sem vann við verslunina. Í kaupstaðnum snerist lífsbaráttan um annað og meira en að eiga í sig og á. Þar skipti kannski meira máli að koma vel fyrir og eiga fallegar bækur.

Af embættisbókum séra Erlends má draga þá ályktun að Guðbjörg hafi átt auðvelt með að læra. Hún var aðeins fjögurra ára gömul þegar hún kunni nokkrar bænir og vers og var ung byrjuð að lesa. Börnin í Teigi hafa eflaust nýtt sér bækur heimilisins til að æfa lesturinn og ná tökum á fræðunum. Þau sem það gerðu af einurð og áhuga náðu líklega að skapa sér ákveðna sérstöðu innan nærsamfélagsins því vel læsir einstaklingar höfðu betri skilning á rituðum texta.¹ Þeir voru látnir lesa upphátt í baðstofunni og aðstoða börn við að læra fræðin.²

Ekki er ósennilegt að leshæfileikar Guðbjargar hafi átt þátt í því að hún fékk önnur tækifæri í lífinu en systkini hennar. Það er hugsanlegt að hún hafi til dæmis sérhæft sig í barnakennslu. Ári eftir arfskiptin í Teigi starfaði Guðbjörg til að mynda sem þjónustustúlka hjá kaupmanninum Friðrik Lyngre. Hann bjó þá einn inni á Akureyri ásamt tveimur stálpuðum börnum sem voru hjá honum í fóstri.³ Þegar

1 Hér má vísa í tvær greinar um efnið eftir þá Loft Guttormsson, „The Development of Popular Religious Literacy in the Seventeenth and Eighteenth Centuries.“ *Scandinavian Journal of History* 15 (1990), bls. 7–35 og Sigurð Gylfa Magnússon, „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland.“ *Journal of Social History* 29 (1995), bls. 295–323.

2 Sjálfsævisaga og dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar (1873) lýsa vel hvernig fátækt fólk sem lenti utangarðs í samfélaginu hafði þó ætíð möguleika á að bæta kjör sín ef það hafði gott vald á lestri og skrift. Magnús sinnti m.a. barnakennslu meðan hann sat í fangelsi sem dæmdur barnanauðgari. *Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins*.

3 Friðrik Lyngre (1744) hafði starfað við konungsverslunina á Íslandi frá 1759 og var fyrsti danski kaupmaðurinn sem settist að á Akureyri en hann byggði líka fyrsta íbúðarhúsið

Friðrik fór af landi brott flutti Rasmus bróðir hans til Akureyrar til að stýra versluninni. Hann hafði einnig með sér nýu ára gamlan dreng og réði Guðbjörgu til starfa á heimilið næstu árin. Hún var þá reyndar titluð sem „kokkepige“ í sóknarmannatali en átti síðar eftir að verða ástkona kaupmannsins.¹ Næstu árin má finna Guðbjörgu starfandi sem vinnukonu hjá kaupmönnum á Akureyri og Siglufirði. Þar má sjá að hún er ávallt talin upp strax á eftir börnum heimilismanna í sóknarmannatölum. Hún hefur þar af leiðandi notið meiri virðingar en annað fólk í þjónustu kaupmanna.

Fjórdða systirin, Helga Ketilsdóttir, erfir einnig tvær bækur eins og Guðbjörg en mestu verðmætin í hennar arfshluta lágu hins vegar í fimmtíumarka potti og strokk. Helga hafði undanfarin ár verið í vinnumennsku á Hvammi í Möðruvallaklaustursókn og var 25 ára gömul þegar hún erfir eftirfarandi muni úr búi foreldra sinna:

<i>Munir</i>	<i>Rd.</i>	<i>Sk.</i>
Úpprisusálmar		18
Hugvekjusálmar		34
fimmtíumarka pottur	1	00
Strokkur		40

Talsvert fyrirtæki hefur verið að flytja strokkinn og þungan steypu-járnsþottinn alla leið að Hvammi. En sennilega hefur það verið fyrirhafnarinnar virði enda voru svo stórir pottar til margs brúkanlegir. Í 25 lítra potti var til dæmis hægt að sjóða baðvatn, elda matvæli, lita klæði og þvo þvotta.²

Vissulega er erfitt að alhæfa nokkuð út frá svo takmörkuðum heimildum og að halda því fram að Guðrún eldri og yngri hafi ekki

þar árið 1777. Friðrik keypti síðan verslunina á Akureyri af Danakonungi um 1787. Fósturbörnin hjá honum voru Fredrica Lovise og Christian Carl Schubarth. Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar* 1, bls. 16, 18, 32–34. ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

1 Guðbjörg eignaðist tvö barn með Rasmus Lynge á þeim árum sem hann var giftur á Akureyri. Hann gengst þó ekki við fyrri barninu fyrr en síðar. ÞÍ – Hrafnagil BC/3 – BC/4 Sóknarmannatal 1785–1804, Prestsþjónustubók BA/3 1785–1818.

2 50 marka pottur tók 25 lítra. Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslensku torfbájunum*, bls. 8.

verið læsar, því þær fengu enga bók, er ekki skynsamlegt. Mögulega lágu aðrar ástæður að baki sem vert er að skoða. Til dæmis virðast flestar bækurnar hafi horfið úr dánarbúinu á afar skömmum tíma. Þegar séra Erlendur kemur í Teig í janúar árið 1785 skráir hann í sóknarmannatalið tuttugu bækur sem þá voru til á bænum. Aðeins fimm þeirra eru taldar upp við arfskiptin svo margar bækur virðast hafa horfið á þeim tveimur árum sem líða þar til dánarbúið er skrifað upp. Hugsanlega höfðu Kristján og Guðrún yngri selt þær til að mæta útgjöldum heimilisins en sennilegri skýring er hins vegar að eitthvert af börnunum hafi tekið þær eignarhaldi. Ef til vill höfðu þau komið þeim undan af ótta við að standa uppi eignalaus við uppgjör dánarbúsins. Líklega hafa systkinin gert sér fulla grein fyrir skuldum búsins við andlát Ketils og vissu að erfitt yrði að standa skil á þeim með þeim rýra bústofni sem eftir var í Teigi.

Árið sem séra Erlendur skráir bækurnar í Teigi bjuggu báðar systur Guðrúnar yngri á bænum, þær Guðbjörg og Guðrún eldri. Þær voru hins vegar báðar fluttar inn á Akureyri þegar Ketill deyr. Hugsanlega tóku þær bækur með sér í kaupstaðinn þar sem mögulegt var að hafa vöruskipti á þeim og öðru því sem þær vanhagaði um. Bæði Guðbjörg og Guðrún eldri höfðu unnið launalaust á heimili foreldra sinna allt frá barnsaldri. Kannski voru bækurnar í þeirra augum ígildi margra ára verkalauna sem þær myndu ekki fá greidd öðruvísi.¹ Þær vissu líka að við andlát föðurins myndu þær lögum samkvæmt aðeins erfa helming á móti bróður sínum Kristjáni. Hann hafði þó ekki unnið hjá foreldrum sínum nokkur undanfarin ár heldur verið í launaðri vinnu-mennsku hér og þar um sveitina. Sama átti reyndar við um Guðrúnu yngri sem hafði einnig stundað launaða vinnu um all langa hríð.

Hér hefur verið gerð tilraun til að gera grein fyrir kjörum og lífs-afstöðu alþýðufólks út frá uppskrift á einu dánarbúi. Ég er hins vegar

1 Um mikilvægi handrita- og bókmenningar síðari alda má lesa í eftirtöldum verkum Davíðs Ólafssonar: „Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar: Rannsókn á handritamenningu síðari alda.“ *Saga* 48:1 (2010), bls. 61–97; „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson.“ *White Field, Black Seeds. Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century* (Helsinki, 2013), bls. 40–49.

þeirrar skoðunar að þrátt fyrir allt þá bjóði heimildirnar upp greiningu sem er líkleg til að bregða birtu á stöðu alþýðumanna á miklu umbrotaskeiði í lífi þess á seinni hluta 18. aldar.

12. Bestu ár Guðrúnar í vinnumennsku

Eftir að skiptin á búinu voru frágengin fluttu Kristján og Guðrún yngri í burtu en Guðrún og Nikulás settust að í Teigi hjá ekkjunni. Ungu hjónin virðast hafa komið með drjúgan bústofn með sér á bæinn því ári eftir að þau taka við búsförráðum þar eru kýrnar orðnar tvær og mjólkandi ær hvorki meira né minna en 22 samkvæmt búnaðarskýrslum. Sennilega hefur því efnahagsleg staða þeirra Guðrúnar og Nikulás ráðið meiru um að þau settust þar að en sú staðreynd að Guðrún eldri væri sú eina sem væri gift. Með þann rýra bústofn sem ekkjan átti, eftir að skuldir dánarbúsins höfðu verið greiddar, hefði jörðin aldrei getað staðið undir sér.

Þau Guðrún yngri og Kristján fluttu ekki langt frá móður sinni því Kristján gerist ráðsmaður á Syðra-Gili sem var í um kílómeters fjarlægð frá Teigi og Guðrún réðst sem bústýra að Klúkum sem var næsti bær sunnan við Teig. Á Syðra-Gili bjó frænka þeirra, Guðrún Jónsdóttir en þau voru systkinabörn. Húsmóðirin á Syðra-Gili var þá nýorðin ekkja og rak búið ásamt börnum sínum.¹ Bóndinn á Klúkum hét Jón Guðmundsson en einnig hann hafði misst maka sinn í móðuharðindunum og bjó einn á bænum ásamt stálpuðum börnum sínum þeim Jóhannesi 17 ára og Krístrúnu sem var árinu eldri.² Séra Erlendur skrifar að Jóhannes sé pasturslítill en hið sama átti líklega

1 Guðrún Jónsdóttir (1739) var dóttir Guðnýjar Hallgrímsdóttur hálf systur Guðbjargar móður Kristjáns.

2 Jón Guðmundsson (1735) eignaðist 11 börn með eiginkonu sinni Hallfríði Jónsdóttur (1728) Hallfríður er sögð hafa verið vel gefin og skýr.

við um bóndann ef marka má önnur gögn séra Erlends. Í árlegum skýrslum hans um ásigkomulag sóknarbarnanna segir hann um fólkið á Klúkum árið 1787: Fjórir eru þar í heimili, þar af eru tveir verkfærir en hinir tveir óverkfærir.¹ Líklega voru það Jóhannes og Jón bóndi sem voru óvinnufærir því rúmu ári síðar var Jón allur. Það er engu líkara en að Guðrún hafi ráðið sig á bæinn af tómri vorkunnsemi við þessa nágranna sína. Krístrún, dóttir bóndans, var sú eina sem var vinnufær áður en Guðrún flytur að Klúkum með allt sitt hafurtask vorið 1787. Séra Erlendur skrifar í sóknarmannatalið að Guðrún sé ógift bústýra Jóns bónda og gefur þannig til kynna að hún sé að hluti til ábyrg fyrir búrekstrinum. Eins og áður kom fram var Jón bóndi líklega óvinnufær og Guðrún hefur því verið ráðin til að reka búið með aðstoð Krístrúnar. Það var reyndar töluvert algengt á árunum eftir móðuharðindin að konur stæðu fyrir búi. Samkvæmt búnaðarskýrslum úr Hrafnagilshreppi árið 1788 eru konur til að mynda skráðar fyrir fjórðungi bújarða í hreppnum.² Flestar þeirra höfðu reyndar orðið ekkjur á tímum móðuharðindanna en að svo stór hluti býla hafi árum saman verið undir stjórn kvenna sýnir að konur treystu sér til að axla slíka ábyrgð og að fólk hafi almennt vanist því að konur voru í forsvari fyrir búi.

Það var ekki stór bústofninn hjá Jóni bónda á Klúkum. Þegar Guðrún kemur þangað átti bóndinn eina kú, kálf, sex mjólkandi ær og eitt hross. Guðrún var 28 ára gömul þegar hún fór að Klúkum og séra Erlendur sagði hana lesa nokkuð á bók og að hún væri bæði fróm og hirðusöm.³ Það var síðan í mars árið 1789 sem Jón bóndi dó og heimilið var leyst upp.

Um vorið réði Guðrún sig í vist á bæinn Espihól sem á þeim tíma var virðulegt sýslumannssetur. Hjónin Jón Jakobsson og Sigríður Stefánsdóttir bjuggu á Espihóli með börnum sínum, Jakobi og Margréti.

1 ÞÍ - Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 6, 1745–1798.

2 Það voru 44 býli skráð í Hrafnagilshreppi árið 1788 og voru konur skráðar fyrir 11 þeirra. ÞÍ – Eyjaljardarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

3 ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

Hjá þeim var líka ung stúlka í fóstri sem hét Valgerður Árnadóttir. Hún átti síðar eftir að verða eiginkona Gunnlaugs Briem sýslumanns.¹ Guðrún sagðist hafa verið „í mesta yfirlæti“ hjá þeim Jóni og Sigríði á Espihóli.² Jón Jakobsson hafði á þessum tíma verið sýslumaður Eyfirdinga í 23 ár en hann tók við embættinu af Þórarni Jónssyni árið 1767. Sagt var að sýslumannshjónin hefðu tekið við „örbæli“ á Espihóli þegar þau fluttu þangað árið 1769. Eftir að Jón og Sigríður eignuðust jörðina gerðu þau Espihól að einu glæsilegasta býli á Norðurlandi fyrir utan Hólastól. Jóni er lýst sem vandlátum og reglu-föstum embættismanni sem þó var miskunnsamur við nauðstadda. Hann setti meðal annars á stofn sjóð til styrktar föðurlausum börnum og fátækum ekkjum og var svo vinsæll af alþýðu að margir töldu „að eigi mundi koma jafngóður höfðingi í Eyjafjörð.“³

Sýslumannsheimilið var fjölmennt árið sem Guðrún réðist þangað í vist en 18 manns voru þá skráðir þar til heimilis. Þar af voru sjö konur í þjónustu og fimm vinnumenn.⁴ Bústofninn var líka stór á Espihóli en mjólkurkýrnar voru um 13 talsins og 90 mjólkandi ær. Vinnufólkið hefur því haft ærinn starfa við að koma mjólk í mat og þar kunni Guðrún vel til verka. Það voru líka 23 hross á Espihóli árið sem Guðrún kom þangað en af þeim voru 14 tamin. Guðrún hafði ráðið sig sem þjónustustúlku hjá sýslumannshjónunum og séra Erlendur sagði hana iðjusama og tryggja. Undir liðnum „kunnátta“ í sóknarmannatalinu stendur að Guðrún kunni 30 sálma og 16 bænir.⁵ Á þeim tíma sem Guðrún dvaldi á Espihóli sagðist hún hafa verið þéruð af öllum og fólk hafi sagt: „Komið þér sælar! Sælar verið þér!“⁶

1 Jón Jakobsson (1738) sýslumaður giftist Sigríði Stefánsdóttur (1734) en Sigríður var áður ekkja eftir Þórarinn Jónsson (1719) sem var sýslumaður í Eyjafirði á undan Jóni Jakobssyni. Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. III. bindi (Reykjavík, 1950), bls. 161–162.

2 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

3 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaafir*, 1. bindi: Með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson (Reykjavík, 1881–1884), bls. 233–285 og Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* III, bls. 161–162.

4 *Pf* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

5 *Pf* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

6 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Guðrún virðist líka hafa borið sig vel og haft efni á að klæða sig upp því að á eftirfarandi hátt lýsir hún sér á árunum á Espihóli:

Þá var ég falleg. Þá var ég með hvíta tauma ofan með nefinu, rauða diska í kinnum, bláeygð, smáeygð, hafinbrýnd. Brúkaði vænan fald og rauðan silkiklút um höfuðið og borðalagða hempu yfir um þverar herðarnar. Allt var eftir þessu.

Alengt var að bæði vinnukonur og húsfreyjur bæru falda á höfði á 18. öld. Hárið var þá bundið upp og hvítum léreftsdúk vafið um höfuðið og fest með þrjónum. Á 18. öld fóru konur síðan að skreyta faldinn með því að binda skrautlega höfuðklúta neðan á hann. Marglitir klútar af öllum gerðum voru fluttir hingað til lands í stórum stíl og þóttu mikil prýði. Klútarnir voru dýrir og því aðeins notaðir við hátíðleg tækifæri.¹ Rauðir klútar, eins og Guðrún átti, þóttu sérlega finir einkanlega ef þeir voru úr silki. Guðrún virðist líka hafa átt borðalagða hempu en þær voru síðerma yfirhafnir sem voru yfirleitt svartar að lit. Fínni hempur voru með breiðum flauelsböndum eða heimgærðum útsaumi frá hálsmáli og niður að faldi.² Vinnufólk sýslumanns var líklega snyrtilegra til fara en annað fólk og naut meiri virðingar út á við í þessu litla samfélagi. Enda var tæplega hægt að komast ofar í vinnuhjúastétt en að vinna á sjálfu sýslumannsheimilinu og þangað hafði Guðrún Ketilsdóttir komist af eigin rammleik.

Pó að Guðrúnu sé tíðrætt um virðinguna sem hún naut sem þjónustustúlka sýslumannshjónanna reyndist sjálf dvölin á Espihóli henni líka afar lærdómsrík. Á Espihóli voru hífýlin stærri og íburðarmeiri en þau heimili sem Guðrún hafði áður dvalið á. Þar var mikið um gestakomur og því meira lagt upp úr allri matargerð. Jón og Sigríður voru til að mynda með kálgarð svo Guðrún hefur lært að rækta og verka kartöflur og grænmeti til matargerðar. Hún fékk líka góða þjálfun í að vinna matvæli úr mjólk því um svipað leyti og Guðrún bjó

1 Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart. Faldabúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar* (Reykjavík, 2013), bls. 119–120, 141.

2 Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart*, bls. 159.

á Espihóli vann Jón sýslumaður að grein um framleiðslu á mjólk-urmat sem hann birti í *Hinu konunglega íslenska lærdómslistafélagi*.¹ Líklega höfðu Jón og Sigríður unnið greinina í sameiningu því í henni taldi Jón meðal annars upp allt það sem Íslendingar framleiddu úr mjólkinni, lýsti aðferðum við framleiðsluna og áminnti landsmenn um þrifnað.² Sýslumannshjónin fengu líka marga tigna gesti sem Guðrún fékk að umgangast og matreiða fyrir úr framandi hráefnum. Maturinn á Espihóli var ekki skammtaður í tréaska heldur framreiddur á innfluttu postulíni og á sparidögum var hann bragðbættur með múskaði, kanel og kardimommum. Kaffið var líka drukkið úr postulíni og í sætabrauðið á sýslumannsheimilinu voru settar möndlur og þurrkaðir ávextir.³

Á árum sínum hjá þeim Jóni og Sigríði á Espihóli leið Guðrúnu vel. Hún naut virðingar meðal sveitunga sinna, kom vel fyrir og lærði margt.

Vorið 1791 fór Guðrún í þjónustu til ungra hjóna í Kaupangi, Páls og Ingibjargar. Páll var sonur Guðmundar Guðmundssonar bónda og hreppstjóra í Kaupangi sem sagður var auðugur og valdamikill.⁴ Guðmundur hafði gíft Rut Sigurðardóttur skáldkonu frá Ljósavatni

- 1 Jón Jakobsson, „Um mjólkur not á Íslandi.“ *Rit þess konunglega íslenska lærdómslistafélags* XI (1791), bls. 193–241.
- 2 Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð* (Reykjavík, 1999), bls. 32.
- 3 Sjá grein Hrefnu Róbertsdóttur um munaðarvöru og matarmenningu á Íslandi á 18. öld. Þar rýnir Hrefna í verslunarbækur kaupmanna og skoðar hvaða vörur Íslendingar eru að sérpanta erlendis frá. Þar má meðal annars finna ríflega tíu tegundir af kryddi og mikið af þurrkuðum ávöxtum. Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning. Pöntunarvara árið 1784.“ *Saga* 50:2 (2012). Sjá ennfreður uppskrift á dánarbúi sýslumannshjónanna Jóns og Sigríðar á Espihóli þar sem finna má postulínsmatar- og kaffistell og silfurborðbúnað. *ÞÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri* ED2/2 Fylgiskjöl – dánarbúi.
- 4 Guðmundur Guðmundsson (1719) átti Pál (1770) með fyrri konu sinni Björgu Árnadóttur (1729) en hún hafði áður verið gift séra Birni Lauritzsyni Scheving (1710) sem var af sterkefnuðu fólki í báðar ættir. Sennilega var eitthvað af ríkidæmi Guðmundar því líka komið frá fyrri konu hans. Páll, sonur Bjargar og Guðmundar, var giftur Ingibjörgu Hallgrímsdóttur (1763). Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. I. bindi (Reykjavík, 1943), bls. 245. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* II (Reykjavík, 1995), bls. 100–102.

eftir að fyrri eiginkona hans og móðir Páls andaðist árið 1777.¹ Þegar Guðrún var ráðin í vist hjá þeim Páli og Ingibjörgu voru þau rúmlega tvítug og áttu tvö börn saman á fyrsta og öðru ári. Þau höfðu þá nýverið hreiðrað um sig á litlum parti Kaupangsjarðarinnar og réðu til sín þjónustustúlkuna frá Espihóli. Guðrún, sem hafði áratuga reynslu í bústörfum og barnauppleði, bjó nú yfir dýrmætri reynslu frá árum sínum á sýslumannsheimilinu. Af ummælum Guðrúnar að dæma virðast samskipti hennar og Páls bónda þó varla hafa einkennst af þrúðmennsku en um dvöl sína hjá þeim hjónum segir hún þetta:

Þaðan fór ég til Páls á Þórustöðum, hann átti bágt og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar og fór því til Guðmundar í Kaupangi. Hann var mér besti maður og var ég þar í mesta gengi og allir elskuðu mig, því ég kom allstaðar fram til góðs og betur gegndi.

Guðrún virðist hrökklast úr vistinni og fór yfir á bæinn til Guðmundar og Rutar sem kunnu greinilega betur að meta verkþekkingu hennar og iðjusemi. Þar líkaði henni vistin vel enda elskuð af öllum.

Þrátt fyrir hörmungarástand í sýslunni í kjölfar móðuharðindanna virðist Guðrúnu farnast ágætlega enda þjónaði hún bæði á heimilum sýslumanns og hreppstjóra. Gimbrina sem hún segir Pál bónda hafa stolið hafði hún kannski fengið að launum frá Jóni sýslumanni. En þó ástandið í Eyjafirðinum þennan fyrsta áratug eftir harðindin hafi vafalaust verið mörgum erfitt voru sýslumannshjónin ágætlega aflögufær.²

Það kemur berlega fram í ævisögunni að Guðrún var dugleg til vinnu. Á einum stað segir hún frá grasaferð sem hún fór í norður að Mývatni þar sem hún tindi grös í níu tunnur og færði sýslumann-

1 Mikill aldursmunur var á þeim Guðmundi hreppstjóra og Rut Sigurðardóttur (1758) skáldkonu en þegar þau giftust var hann 61 árs en hún aðeins 22 ára gömul. Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda* II, bls. 100–101.

2 Samkvæmt búnaðarskýrslum frá árinu 1790 áttu húsbændur á Espihóli þá um 130 kindur. ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

inum.¹ Í *Íslenzkum þjóðháttum* eftir Jónas Jónasson frá Hrafnagili segir að grasaferðir hafi yfirleitt tekið eina til tvær vikur eftir því hversu góð gragatekjan var og þá hafi kvenfólki verið ætlað að tína fjórar tunnur grasa á viku.² Framlag Guðrúnar var því miklu meira en vinnukonum bar.

Guðrún var líka dugleg rakstrarkona en hún segir að þegar hún hafi búið á bænum Grýtu hafi hún þurft að raka þrjár engjadagsláttur á dag sem var nokkuð meira en meðalkvenmanni var ætlað.

Af sögunni að dæma virðast samskipti vinnufólks og opinberra embættismanna hafa verið nokkuð tíð. Bæði hreppstjórar og prestar í Öngulstaða- og Hrafnagilshreppi sátu lengi í embættum og mörg dæmi eru um að embættin hafi gengið í erfðir innan sömu fjölskyldu. Fólk eins og Guðrún sem bjó nánast allt sitt líf í sömu kirkjusókninni gat því eflaust orðið nánara sóknarprestinum og hreppstjóranum en misjöfnum húsbændum sem höfðu tímabundið alræðisvald yfir því. Þeir mörgu húsbændur sem Guðrún þjónaði í gegnum árin og eilífar umbreytingar á nánasta umhverfi hennar settu mark sitt á líf hennar. Guðrún lærði snemma að taka ábyrgð á sjálfri sér og vissi að til að komast af í þessu samfélagi þurfti óbilandi kjark og þor.

Þrátt fyrir hin ströngu ákvæði húsagans virðist Guðrún ekki hafa upplifað sig ofurselda valdi húsbænda sinna. Þvert á móti kemur það berlega fram í sögunni að hún hafði ýmis ráð til að komast af sem einstæðingur og taka ákvarðanir sem vörðudu hennar eigin hag. Með dugnaði og vinnusemi varð hún eftirsóttur starfskraftur og gat valið sér húsbændur. Fyrir verðmæti úr kistum sínum keypti hún sér velvild húsbænda sinna eða gerði vöruskipti ef hana vanhagaði um eitthvað. Með gimbrum sínum gat hún útvegað sér afurðir sem nýir húsbændur girntust og fyrir glæsilegan klæðaburð naut hún virðingar sveitunga sinna.

Í sjálfsævisögunni segist Guðrún oft hafa þurft að kljást við karla, gifta sem ógifta sem ólmir vildu komast yfir hana. Eftir grasaferðina

1 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

2 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 65.

norður að Mývatni segist hún hafa riðið í bað og maður hafi fylgt henni, „Þegar hann sá mig bera vildi hann fá mig til fylgilags en ég varðist brynju búin og lét hann ekki fá það.“ Vinnukonur eins og Guðrún þurftu líka að gæta þess að verða ekki þungaðar og því gátu einnar nætur kynni reynst þeim dýrkeypt. Það er að sjá á ummælum Guðrúnar að kynlíf utan hjónabands var alvörumál fyrir konur 18. aldar. Heiður þeirra var ekki aðeins í veði heldur óttuðust konur kannski mest hræðileg örlög ófæddra barna sinna. Þungaðar vinnukonur stóðu alla meðgönguna frammi fyrir þeirri staðreynd að barnið sem þær báru undir belti yrði tekið af þeim og sett í fóstur sem sveit-arbörn. Vinnulaunin dugðu ekki til að kosta uppeldi barna, jafnvel ekki vinnulaun hraustra og duglegra kvenna eins og Guðrúnar.¹

Árið 1793 eftir ánægjulega dvöl hjá þeim Guðmundi og Rut í Kaupangi fór Guðrún í vist á bæinn Sigluvík í Svalbarðssókn til ekkjunnar Guðrúnar Þórarinsdóttur. Foreldrar Guðrúnar höfðu verið bændur í Sigluvík en þegar faðir hennar féll frá tók Guðrún þar við búi og giftist Árna Hallgrímssyni sem síðar varð lögréttumaður, bóndi og útvegsmaður í Sigluvík á Svalbarðsströnd.² Árni hafði dáið nokkrum árum áður og Guðrún stóð nú fyrir búinu með aðstoð Ingibjargar systur sinnar. Fjórtán manns voru skráðir til heimilis í Sigluvík þegar Guðrún Ketilsdóttir kom þangað 34 ára gömul. Guðrún segir að þegar hún hafi vistast í Sigluvík hafi hún verið „beðin af mörgum en enginn vissi þetta. Þá kvað karl vísu því hann var skáldi en undirförull mjög.“

Hvað mun þessi reftarún
ræði ég um það á meðan,
enginn veit hvað ætlar hún
út eða suður héðan.

1 Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt sanfjélag 1602–1787* (Reykjavík, 1987), bls. 37.

2 Guðrún Þórarinsdóttir (1725) var frá Sigluvík en Árni Hallgrímsson (1719) frá Svalbarði. Þau eignuðst sitt fyrsta barn saman árið 1751 og giftu sig stuttu síðar. Árni var kallaður „hinn ríki“.

Út úr þessu má lesa að margir karlmenn hafi heillast af nýju vinnu-
konunni á bænum sem þó gaf lítið færi á sér. Guðrún kynntist hins
vegar ungum manni í Siglufík sem síðar átti eftir að verða mikill
örlagavaldur í lífi hennar. En svona kemur hann henni fyrir sjónir í
fyrstu:

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra
einn var frá Hrafnagili og hét Illugi, álitlegur maður. Bauð hann
mér alla þjónustu. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, græn-
um bol, hatt og góða skó.

Það leið ekki á löngu áður en kynni þeirra tóku á sig alvarlega mynd
og allar varnir Guðrúnar brustu – hjónabandið var óumflýjanlegt.

13. Illugi Jónsson – úlfur í sauðargæru?

Ungi sjómaðurinn sem Guðrún vísar til í sjálfsævisögu sinni var ekki allur þar sem hann var séður. Guðrún lýsir honum á eftirfarandi hátt eftir að hún hafði kynnst honum betur:

Þegar ég var þangað komin þá voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, sá bölvaður refur og hét Illugi, álitlegur maður, en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, svo var um hann. Bauð hann mér alla þjónustu en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, í blárri peysu, grænum bol, hatt og góða skó.

Illugi Jónsson var frá Kotá í Hrafnagilshreppi og var átta árum yngri en Guðrún.¹ Hann var næstelstur af fimm systkinum og hafði alla sína tíð búið í sama hreppnum. Foreldrum Illuga, þeim Jóni Illugasyni og Guðríði Magnúsdóttur, er þannig lýst í húsvitjunarbókum prestsins í Hrafnagili. Jón var talinn fáskiptinn maður og eigi fróður en Guðríður einföld, meinhæg og fákunnandi. Sjö ára gamall var Illugi vitni í stórfelldu þjófnaðarmáli í Akureyrarkaupstað ásamt 14 sveitungum sínum. Framið hafði verið innbrot í verslun kaupmannsins Níelsar Sörenssen í kaupstaðnum og stolið þaðan verðmætum. Tveir ungir drengir höfðu verið teknir til yfirheyrslu hjá sýslumanni vegna málsins, Illugi sem þá var aðeins sjö ára gamall og Flóvent Þorsteinsson níu ára. Sennilega þekktust þeir en báðir bjuggu í nágrenni við versl-

1 Illugi Jónsson var fæddur árið 1766.

unarhúsin í kaupstað.¹ Ári síðar voru foreldrar Illga sögð vera fátæk með fimm smábörn á framfæri. Þegar Illugi var tíu ára gamall var ómegðin orðin slík á heimilinu að hreppurinn þurfti að hafa afskipti af fjölskyldunni. Hann var þá settur niður á bæinn Hrafnagil hjá séra Erlendi og konu hans Guðlaugu Magnúsdóttur. Í húsvitjunarbókum Erlends kemur berlega í ljós hvaða álit presturinn hefur á Illuga sem hann hafði þekkt frá barnæsku, en allt fram til tvítugs er Illugi skráður niðursetningur á Hrafnagili.² Átján ára gömlum er honum lýst sem óstýrilátum, nítján ára sem „flysjung“ eða spjátrungi og þegar Illugi er tvítugur er hann ekki einu sinni talinn upp með vinnufólkinu á bænum heldur sagður vera hreppslimur.³ Þegar hann var 21 árs segir Erlendur að hann sé „stífsinna“ en ári síðar skráir prestur hann loksins sem vinnumann á Hrafnagili.

Illugi hefur verið við sjósókn í Sigluvík sumarið 1793 þegar hann kynnist Guðrúnu. Hún varð ástfanginn af honum þetta sumar og í sjálfsævisögunni segir hún frá tilhugalífi þeirra:

Þá kom tilhugalífið með okkur Illuga. Ég átti fimm kistur, þar var meira í þeim en myrkrið tómt. Í einni voru rúsínur og laumaði ég í hann af þeim því ég hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi.

Um haustið fluttu Illugi og Guðrún saman að Kristnesi í Hrafnagilshreppi til hjónanna Bjargar Guðmundsdóttur og Jóns Guðmundssonar.⁴ Þegar Guðrún og Illugi búa í Kristnesi virðist sem Guðrún hafi verið efnaðri en Illugi því í janúar árið 1794 má sjá í húsvitjunarbók

1 Samkvæmt dómaskýrslum bjó Flóvent þá á Hamarkoti og Illugi á Kotá. *ÞÍ* – Eyjafjarðarsýsla GA/2 Dómabók Eyj. IV. B. 09 1771–1788.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

3 Samkvæmt orðabók þýðir flysjungur hvikull maður; flagari; spjátrungi. *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Árni Bødvarsson (Reykjavík, 1997), bls. 227. *ÞÍ* – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

4 Björg Guðmundsdóttir (1760) var dótturdóttir Guðrúnar og Odds á Rútsstöðum sem voru nágrannar Guðbjargar, móður Guðrúnar þegar hún bjó á Sámstöðum. Eiginmaður hennar var Jón Guðmundsson (1756).

séra Erlends að Illugi var skráður vinnumaður í Kristnesi en Guðrún húskona.¹

Gísli Gunnarsson, sagnfræðingur, segir að húsfólk hafi verið nokkurs konar millihópur bænda og vinnufólks; það bjó ekki í eigin húsum heldur í húsum bænda en átti að öðru leyti „með sig sjálf“, það bar sjálft ábyrgð á framfæri sínu og réð vinnu sinni.² Líklega átti Guðrún því einhverjar kindur á þessum tíma sem hún lagði til með sér eða önnur verðmæti sem bætt gátu stöðu hennar á bænum.

Í Kristnesi bjuggu þau Illugi aðeins í eitt ár og virðist sem Guðrúnu hafi ekki líkað þar vistin. Svona lýsir hún framvindunni:

Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi og átti ég þó súrtunnu um haustið og margt þar niðrí. Björg stal öllu steini léttara og allt var í laumi þeirra á millum. Þá fór hann í sitt hórurí og fór stelpu af stelpu en ég mátti slama og þegja og ergist hvur með aldrinum. Beislið týndist. Tvær brauðkökur gaf ég þá og feitt á milli. Fann ég prófast. „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en ég kvað nei við því ég meinti hann væri að tala um lyklana.

Guðrún hefur bersýnilega flutt súrtunnuna með sér í Kristnes og nú var tunnan stútfull af hverskyns góðgæti eftir sláturtíðina. Af ummælum Guðrúnar að dæma bar Björg í Kristnesi ekki mikla virðingu fyrir eigum vinnufólksins. En hún var húsmóðirin á bænum og því var enginn hægðarleikur fyrir Guðrúnu að ásaka hana um stuld úr tunnunni eða meint framhjáhald með Illuga. Hins vegar þurfti Guðrún að bæta fyrir hvarfið á beislinu með dýrmætu góðgæti úr kistunum sínum. Ofaná það bættist síðan kvensemi Illuga sem bersýnilega hefur sært hana djúpu hjartasári. Kramin á hjarta leitaði Guðrún huggunar hjá sóknarpresti sínum á Hrafnagili, séra Erlendi, þeim sama og hýst hafði Illuga á heimili sínu frá unga aldri. Hann þekkti kauða sennilega betur en margur og taldi engan geta bjargað flysjungnum nema himnafaðirinn sjálfur.

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

2 Gísli Gunnarsson, *Upp er bœðið Ísaland*, bls. 31.

Guðrún virðist samt fyrirgefa Illuga hliðarsporið með Björgu því um vorið bindast þau heitum við hvort annað.¹ Það var Erlendur sjálfur sem staðfesti trúlofun þeirra og skráði hana í prestsþjónustubók Hrafnagilsprestakalls. Líklega voru þau nýbúin að ráða sig í vist að Grund í Grundarþingum því það var hreppstjórinn og bóndinn á Grund, Sigurður Gunnarsson, sem var svaramaður Illuga.² Svaramaður Guðrúnar var hins vegar Kristján bróðir hennar sem þennan sama dag trúlofaðist frænku sinni og barnsmóður í Syðra-Gili, Margréti Jónsdóttur.³ Margrét var dóttir ekkjunnar á Syðra-Gili og nú tók unga parið þar við búsförráðum. Þau Illugi og Guðrún fluttu nýtrúlofuð á Grund í Grundarþingum þar sem þau giftu sig um sumarið eða hinn 19. júlí 1794.⁴ Það hefur líklega verið séra Jón Jónsson sóknarprestur í Grundarsókn sem gaf þau saman en finna má staðfestingu á hjúskap þeirra í prestsþjónustubók Grundarþinga.⁵ Þar segir meðal annars að þau Guðrún Ketilsdóttir og Illugi Jónsson séu búandi á Grund og að þetta sé „beggja þeirra fyrsta hjónaband“.

Árið sem Illugi og Guðrún fluttu að Grund voru 16 manns þar í heimili. En Sigurður hreppstjóri og Sigríður kona hans áttu þá sex börn á lífi sem öll bjuggu hjá foreldrum sínum, það elsta var þá 14 ára gamalt. Þrátt fyrir ómegðina voru hjónin ágætlega stæð og ekki hefur börnin skort mjólkurmat því í fjósinu voru fimm mjólkurkýr. Samkvæmt búnaðarskýrslum áttu þau líka vel á annað hundrað kindur þar af 88 mjólkandi ær. Vinnufólkið á Grund átti líka kindur en þetta árið má finna nákvæmar upplýsingar um búfé lausafólks og vinnumannna í búnaðarskýrslum. Þar kemur til að mynda í ljós að vinnumaðurinn Illugi á Grund á kindur og líka vinnukonurnar á bænum, sem ekki eru þó nafngreindar sérstaklega.⁶ Þar sem Illugi og Guðrún

1 Þau trúlofast þann 22. maí árið 1794. *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BA/2 Prestsþjónustubók 1785–1816.


2 Sigurður Gunnarsson (1753) var giftur Sigríði Jónsdóttur (1754).

3 Margrét Jónsdóttir (1763) og Kristján höfðu þá eignast dóttur saman tveimur mánuðum áður.

4 *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BA/2 Prestsþjónustubók 1785–1816.

5 Séra Jón Jónsson (1719) var prestur í Grundarþingum frá 1758–1795.

6 Vinnukonurnar hafa sennilega verið tvær eða fleiri því samkvæmt ársskýrslum sókn-



Mynd 10 – Hér má sjá staðfestingu á hjúskap Guðrúnar Ketilsdóttur og Illuga Jónssonar árið 1794 undir liðnum „Egtavígðir“ í prestskjónustubók Grundarþinga. Þau eru þar sögð búandi á Grund og presturinn skrifar að þetta sé „beggja þeirra fyrsta hjónaband.“

voru á þessum tíma orðin hjón hafa framtaldar eigur þeirra, samkvæmt venju, verið skráðar saman á eiginmanninn. Illugi var skráður fyrir 19 kindum þetta árið, þar af átta mjólkandi.¹ Hann finnst líka borga búlausra tíund á Grund fyrir sama ár. Það má segja að þetta fyrsta ár Illuga og Guðrúnar í hjónabandi hafi byrjað vel enda 19 kindur nokkuð álitlegur bústofn hjá nýgiftum hjónum. Ekki er þó ólíklegt að féð hafi að mestu leyti komið úr eigu Guðrúnar, enda hafði hún verið í vinnumennsku síðastliðin tuttugu ár og átt kindur nánast frá upphafi. Illugi hafði aftur á móti verið niðursetningur á heimili séra Erlendar allt frá barnsaldri og hafði í raun aðeins starfað í vinnumennsku í örfá ár áður en hann kynnist Guðrúnu. Fyrsta árið sem þau búa saman sem þau var árinu áður í Kristnesi en þá var hún skráð þar í húsmennsku en ekki hann. Samkvæmt því hljóta eignir Guðrúnar á þeim tíma að hafa verið umtalsvert meiri en Illuga.² Samkvæmt búnaðarskýrslu frá árinu 1794 virðist hafa verið nokkuð algengt að vinnukonur ættu kindur. Almennt var búfénaður vinnufólks

arprestisins voru sjö verklærir heimilismenn á bænum. Það voru þá húsbændur, Illugi og Guðrún og þrír aðrir. ÞÍ – Biskupsskjalasafn Bps. B. VII. 5. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798. Vinnukonurnar átta samanlagt tvær mjólkandi ær og tvö lömb.

1 ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

2 Reyndar er ekki alltaf talið fram sérstaklega fé vinnufólks í búnaðarskýrslum svo það er hugsanlegt að kindur Guðrúnar árið 1793 í Kristnesi hafi verið taldar saman með fé Bjargar og Jóns, húsbænda í Kristnesi.

ekki skráður sérstaklega í búnaðarskýrslur en árið 1794 er listi yfir eignir vinnu- og lausamanna í einhverjum sóknum í Vaðlasýslu. Þar eru nafngreindar nokkrar vinnukonur sem eiga allt frá tveimur og upp í níu kindur hver. Vinnukonurnar í Hraungerði áttu þá til dæmis 19 kindur og Ólöf vinnukona á Stokkahlöðum átti níu kindur og einn hest.¹ Gróa var líklega óvenju vel stæð húskona en hún var í Teigi þetta árið með eina mjólkurkú og þrjár mjólkandi ær.²

Færa má ágætis rök fyrir því að efnahagslegar ástæður hafi ráðið nokkru um makaval Illuga enda var Guðrún álitlegt konuefni. Af sjálfsævisögunni að dæma var hún bæði kjörkuð og dugleg og samkvæmt vitnisburði sóknarprests var hún vinnusöm, gagnleg, hirðusöm og fróm. Í tilfelli Guðrúnar virðist ástin hins vegar hafa ráðið mestu, að minnsta kosti virðist ekkert hafa gerst sem neyddi hana í hjónabandið. Hún var hvorki þunguð eftir Illuga þegar þau ákváðu að trúlofa sig né þegar þau giftu sig nokkrum mánuðum síðar. Þegar þau hófu sambúð var Guðrún ágætlega stödd fjárhagslega. Hið sama er ekki hægt að segja um mannsefni hennar því Illugi var blásnauður vinnumaður og ekki líklegur til mikilla afreka. Þrátt fyrir ótryggð hans með Björgu húsfreyju í Kristnesi að ógleymdu „hóru rí“ hans frá stelpu til stelpu ákvað Guðrún að giftast manninum sem hún elskaði.

Líklega var það ekki af eintómri ást sem Guðrún ákvað að giftast Illuga á þessum tíma. Ekki er ólíklegt að henni hafi fundist hún standa á ákveðnum tímamótum. Hún var orðin 34 ára gömul og hafði nánast alla tíð unnið á heimilum annarra. Það hlýtur að hafa freistað hennar að hefja sjálf búskap. Staða húsfreyju var líka öruggari og virðingarverðari en vinnukonu. Guðrún hafði þar af leiðandi val um að líta framhjá göllum Illuga og giftast honum, eignast börn og skapa sitt eigið heimili. Eða að festast í vinnuhjúastétt og enda ævina sem niðursetningur á framfæri hreppsins.

Illugi og Guðrún dvöldu aðeins eitt ár á Grund en vorið 1795 voru

1 Ólöf var barnlaus og hafði aldrei verið gift.

2 Gróa Þorleifsdóttir (1755) átti tvær dætur sem hún var með í vinnumennsku eftir að hún missti eiginmanninn. Hún var með Ingvaldi dóttur sína í húsmennsku hjá Guðrúnu eldri í Teigi árið 1794. *Þf* – Hrafnagil, BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

þau farin úr Grundarsókn og réðu sig í húsmennsku á Stokkahlöðum í Hrafnagilssókn hjá þeim Guðmundi Jónssyni og Guðrúnu Tómasdóttur. Illugi og Guðrún höfðu þá verið gift í eitt ár og áttu von á sínu fyrsta barni. Það voru tvö bú á jörðinni. Á öðru bjuggu hjónin Guðrún og Guðmundur ásamt Elínu, dóttur húsfreyju af fyrra hjónabandi. Elín var orðin 24 ára gömul og var sögð vera vinnukona á bænum í sóknarmannatali. Guðrún Ketilsdóttir var líka titluð vinnukona en Illugi var skráður í húsmennsku á Stokkahlöðum. Ástæðan var sú að þar sem Illugi og Guðrún voru núna í hjónabandi voru sameiginlegar eigur þeirra gefnar upp á Illuga svo hér eftir yrði það hann sem fengi stöðuheitið *húsmadur*. Á heimilinu var líka fjögurra ára gamalt tókubarn sem hét Sigurður Bárðarson en hann var sonur Sigríðar Egilsdóttur frænku Guðrúnar Ketilsdóttur.¹ Kannski að Sigurður litli hafi verið þar á framfæri Guðrúnar Ketilsdóttur frænku sinnar þar sem hann er skráður í sóknarmannatalið beint undir nafni hennar og Illuga. Við nánari skoðun reyndist Sigurður litli hins vegar vera þar á framfærslu húsbænda á Stokkahlöðum.² Ekki er samt ólíklegt að drengurinn hafi verið á bænum vegna tengsla sinna við Guðrúnu og að hún hafi hugsað um hann því yfirleitt voru ung börn ekki send í fóstur til vandalausra heldur önnuðust þau ættingjar eða vinir innan hreppsins.³ Á hinu búinu voru fyrri húsbændur á Stokkahlöðum, sem nú höfðu minnkað við sig líklega sökum aldurs. Það voru þau Sigurður Magnússon og Elín Þorgeirsdóttir. Þau höfðu aldrei eignast börn saman en hokruðu á litlum jarðarparti með eina kú og fjórar mjólkandi ær.⁴

- 1 Sigríður Egilsdóttir (1765) var dóttir Guðrúnar Hallgrímsdóttur sem var systir Guðbjargar Hallgrímsdóttur. Þær voru því systradætur.
- 2 Samkvæmt búnaðarskýrslum 1795 eru fjórir heimilismenn taldir á framfærslu Guðmundar bónda á Stokkahlöðum en aðeins tveir á framfærslu Illuga á sama stað. *ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865*.
- 3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og Samfélag*, bls. 241–243.
- 4 Guðrún Tómasdóttir (1737) hafði verið gift áður og var ekkja þegar hún kynnist Guðmundi Jónssyni (1759). Mikill aldursmunur var á þeim hjónum en Guðmundur var 22 árum yngri en Guðrún. Þau eignuðust eitt barn saman en sambúð þeirra var erfið og þau skildu. Elín Þorgeirsdóttir (1739) og Sigurður Magnússon (1732) voru barnlaus en Sigurður hafði átt börn með fyrri konu sinnni.

Guðrúnu og Illuga farnaðist vel að minnsta kosti óx bústofn þeirra á milli ára. Nú áttu þau kálf, 12 kindur, þar af átta mjólkandi og reiðhest. Kindunum hafði að vísu fækkað frá fyrra ári en sennilega höfðu þau fengið kálfinn og hestinn í skiptum fyrir þær sem nú vant-
aði. Þau átti von á sínu fyrsta barni þetta árið og hafa eflaust viljað eignast eigin mjólkurkú en kúamjólk var algengasta fæða íslenskra ungbarna á 18. öld þar sem konur áttu erfitt með að brjóstala börn sín. Danski læknirinn Schleisner, sem kom til Íslands á 19. öld til að kanna barneldishætti Íslendinga, taldi að hvergi í hinum siðmenntaða heimi Evrópu þurfi konan að vinna eins mikið og á Íslandi. Síðan taldi læknirinn upp dagleg skyldustörf kvenna hér á landi sem að hans mati voru ærin, annast allt innandýra, sauma skótau og allan klæðnað, raka hey, annast húsdýrin, jafnvel stunda fisk- og fugla-
veiðar, uppvarta mennina á allan máta svo sem að afklæða þá að vinnudegi loknum og fleira. Þar sem óregluleg brjóstagjöf, hungur, mikið vinnuálag, áhyggjur og þreyta draga verulega úr mjólk-
urframleiðslu reyndist konum erfitt að brjóstala börn sín fyrr á tímum. Margar konur tjáðu danska læknum Schleisner vilja til að brjóstala börn sín en sökum anna við heimilis- og búreksturinn var þeim það ómögulegt.¹ Börnunum var því oftast gefin kúamjólk. Mjólkinn var gefin ný en allar mæður vildu gera vel við ungbörn sín og gefa þeim það besta sem til var í kotinu eins og eftirhreyturnar úr kúnni eða rjómann. Mjólkinni var hellt í ask og barnið látið sjúga hana upp

1 Pæter Anton Schleisner, *Island: undersögt fra et lægevidenskabeligt synspunkt* (Kaupmannahöfn, 1849), bls. 163. Áhugaverð skoðanaskipti hafa átt sér stað á umliðnum árum milli íslenskra sagnfræðinga um brjósteldi á Íslandi. Óhætt er að segja að þar sýnist sitt hverjum. Sjá eftirtalin rit: Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the child: regional, cultural and social aspects of the infant mortality decline in Iceland, 1770–1920* (Umeå, 2002). Loftur Guttormsson, *Bermiska ungdómur og uppeldi*, einnig greinin „Barnældi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860.” *Athéfn og orð, æfmalisrit helgað Mattíasi Jónassyni áttæðum* (Reykjavík, 1983), bls. 137–169. Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio, The Infant Mortality and Acjoining Sociotal Response in Pre-Transitional Iceland*. Meddelande från Ekonomisk-historiska Institutionen 32 (Lund, 1983). Monika Magnúsdóttir, „Hnípin kona í vanda, Hugleiðingar um mæður áljánda aldar.” *Sagnir* 18 (1997), bls. 67–72. Guðný Hallgrímsdóttir, „Móðurást á 18. öld.” *Sagnir* 22 (2001), bls. 59–64. Helgi Þorláksson, „Óvelkomin börn.” *Saga* 24 (1986), bls. 79–120.

með fjöðurstaf sem fódraður hafði verið við sogendann með léreftsdulu.¹

Guðrún átti von á fæðingu barnsins í sumarbyrjun árið 1796. Eftir yfir 20 ár í vinnumennsku var hún nú loksins í þeirri aðstöðu að geta stofnað heimili og eignast börn en hún var orðin 37 ára gömul. Þegar að fæðingunni kom naut Guðrún sennilega stuðnings beggja kvennana sem hún bjó með á Stokkahlöðum, þeim Elínu Þorgeirsdóttur og Guðrúnu. Samhjálp kvenna skipti miklu máli á þessum tímum, sérstaklega þegar kom að barnsfæðingum en þá treystu sængurkonur á ættingja eða nánar vinkonur sem aðstoðuðu við fæðinguna.² Húsmæðurnar á Stokkahlöðum höfðu eflaust margsinnis aðstoðað fæðandi konur en auk þess hafði Guðrún húsfreyja eignast fimm börn sjálf. Sennilega var það Elín sem lét senda eftir ljósmóðurinni því systir hennar, Margrét Þorgeirsdóttir, hafði lengi sérhæft sig í fæðingarhjálp og bjó í næsta nágrenni við bæinn.³ Margrét ljósmóðir var þá orðin 66 ára gömul en algengt var að konur sinntu ekki ljósmóðurstörfum fyrr en á efri árum. Barnauppeldi og dagleg skyldustörf kvenna við búreksturinn gerði það að verkum að þær gátu síður yfirgefið heimilið en þær sem eldri voru og nutu aðstoðar uppkominna barna. Ljósmóðurstarfið krafðist oft langrar fjarveru frá heimilinu þar

- 1 Mæður trúðu því að börnin döfnuðu betur og yrðu hraustari af feitri mjólk og síst hefði þeim komið til hugar að gefa ungbarni sínu eitthvert vatnsblandað glundur. Sem slík hefði mjólkkin þó eflaust reynst barninu betur en hin feita mjólkurafurð sem viðkvæm meltingarfæri þess þöldu illa og leiddu oft til alvarlegra meltingarkvilla og jafnvel dauða barnanna. Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio*, bls. 8.
- 2 Schleisner lýsir barnsfæðingum hér á landi þannig: „Moderen, saa snart hun kun vel har født, overgiver sit Barn til den nærmest boende Kone, der har betjent hende ved Fødslen.“ Schleisner, *Island undersøgt frá et lægevidenskabeligt synspunkt*, bls. 158. Í bókinni *A Midwife's Tale* er að finna lýsingar á lífi og starfi amerískrar ljósmóður á 18. öld. Minningar þessar eru dagbókarbrot Mörthu Ballard, ómenntaðrar bóndakonu sem gerðist ljósmóðir á efri árum sínum. Í lýsingum Ballard má sjá að nágrannakonur eða ættingjar aðstoðuðu hina fæðandi konu. Sjá Laurel Thatcher Ulrich, *A Midwife's Tale: The Life of Martha Ballard, Based on Her Diary, 1785–1812* (New York, 1990).
- 3 Margrét Þorgeirsdóttir (1730) var gift Jóni Jónssyni (1725) en þau voru barnlaus. Margrét er skráð ekkja fimm árum áður í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar. Margrét finnst oft sem skírnarvottur í sóknarmannatali Hrafnagilssóknar en þegar séra Magnús Erlendsson skírir dóttur sína Karítas árið 1790 skráir afinn, séra Erlendur í Hrafnagili, ljósmóðurina Margréti sem skírnarvott. *ÞÍ* – Hrafnagil, BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818.

sem fæðing gat tekið allt upp í tvo sólarhringa. Ungar mæður sem stóðu í barnauppleði voru ekki í aðstöðu til að sinna slíku starfi.¹ Læknisáhöld Margrétar voru ekki flókin en fólust að mestu leyti í blíðlegum hughreystingum og atlæti en auk þess var ekki óalgengt að ljósmæður kynnu ýmislegt fyrir sér í notkun lækningajurta til að lina þjáningar kvennanna.² Til er einstæð heimild frá þessum tíma þar sem Sigríður Jónsdóttir lýsir fæðingarhjálpi um aldamótin 1800 á Íslandi.

Þegar fæðingarhríðir hefjast er búið um konuna á gólfinu svo nærri rúmi hennar sem gerlegt er, svo auðvelt sé að hjálpa henni aftur í það að aflokinni fæðingu. Á gólfið er látin taða og yfir hana sett brekán eða vaðmál til að halda henni saman, og undir höfuð sængurkonunnar látnir svo margir koddar sem henni líkar. Þegar hún treystir sér ekki lengur að vera á stjái leggst hún í gólfhvíluna og oftast á hliðina vegna þess að hinar óyfirheyrðu ljósmæður álíta það skaðlegt að liggja á bakinu. Þegar konan er lögst sest ljósmóðirin við bak konunnar og styður lófa á hrygg hennar þar sem hún segir til og hríðarverkirnir eru sárastir.³

Það skipti fæðandi konur líklega mestu máli að finna fyrir nálægð ljósmóðurinnar, sérstaklega þær sem voru að eignast sitt fyrsta barn eins og Guðrún. Nærvera Margrétar ljósmóður veitti henni þann andlega og líkamlega stuðning sem hún þurfti á erfiðu ferli fæðingarinnar.

Sonurinn fæddist hinn 18. maí árið 1796. Ljósmóðirin batt fyrir naflastrenginn, skar á milli og barnið var sett í reifar. Konurnar á bænum önnuðust síðan hið nýfædda barn meðan Guðrún lá sængurleguna og safnaði kröftum eftir barnsburðinn.⁴ Drengurinn var

1 Martha Ballard hafði sjálf eignast nfu börn og verið viðstödd fjölda fæðinga áður en hún fór að starfa sem ljósmóðir. Á þeim 27 árum sem hún hélt dagbók aðstoðaði hún við 816 fæðingar. Ulrich, *A midwife's tale*.

2 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 330–332.

3 Lýsinguna skráði Sigríður Jónsdóttir Vídalín Örum (1753) árið 1803 en hún eignaðist dóttur árið 1786. Frásögnin er birt í *Íslenskri þjóðmenningu* 7. Ritstjóri, Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1990), bls. 158–159.

4 Ulrich, *A Midwife's Tale*, bls. 5, 11–12, 183–195.

42	Aæro	1795 og 1796	Sædder
	Sæddur þýður	Þarna Ragn	Forellora . . nafnen heimle
Jan. 17 ^o	2 ^o 2 ^o	Hallgrímur Hallgrímur	Sigurðs og Sólveig Hallsdóttur
April 14 ^o	2 ^o 15 ^o	Niels	Þórunn, Mr. Jon Nielsen og Sólveig Hallsdóttur
Mai. 1 ^o	2 ^o	Maria	Þórunn, Mr. Chr. Krøyer og Rachel Hallsdóttur
2 ^o 18 ^o	2 ^o 19 ^o	Indorin	Ketill Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 20 ^o	2 ^o 21 ^o	Christian	Jon Hallsdóttur og Sólveig Hallsdóttur
Sep. 20 ^o	2 ^o 21 ^o	Jon	Ketill Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 23 ^o	2 ^o 24 ^o	Christian	Christian Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Oct. 18 ^o	2 ^o 20 ^o	Olafur	Jon Hallsdóttur og Sólveig Hallsdóttur
Oct. 6 ^o	2 ^o	Sigurður	Sigurður Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Feb. 6 ^o	2 ^o	Sigurður	Arne Sigurðson Guðrún Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Mar. 18 ^o	2 ^o	Jon	Illugi Jonsson og Sólveig Hallsdóttur
Jun. 10 ^o	2 ^o	Maria	Ketill Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 16 ^o	2 ^o	Stephan	Jon Hallsdóttur og Sólveig Hallsdóttur
Jul. 23 ^o	2 ^o	Andri	Christen, Mr. Jon Nielsen og Sólveig Hallsdóttur
Aug. 2 ^o	2 ^o 5 ^o	Kora	Thomas Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 27 ^o	2 ^o 15 ^o	Harður	Stephan Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Dec. 12 ^o	2 ^o 15 ^o	Andri	Christen, Mr. Jon Nielsen og Sólveig Hallsdóttur
Jan. 14 ^o	2 ^o	Andriana Sæddur	Mr. Jon Sigurðsson og Sólveig Hallsdóttur
Aug. 11 ^o	2 ^o	gud. þórunn	Guðbrand Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Sep. 22 ^o	2 ^o	Christen	Jon Hallsdóttur og Sólveig Hallsdóttur
1796	2 ^o	Jon	Hallgrímur Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
Jan. 11 ^o	2 ^o	Christen	Christian Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
2 ^o 25 ^o	2 ^o	Andri	Christen Ketilson og Sólveig Hallsdóttur
April 10 ^o	2 ^o	Andri	Christen Ketilson og Sólveig Hallsdóttur

Mynd 11 – Sonur Guðrúnar og Illuga fæddist hinn 18. maí árið 1796 og var skírdur Jón. Guðrún og Illugi voru þá sögð búandi á Stokkahlöðum en skömmu síðar fara þau í húsmennsku með Jón litla að Kristnesi til Ketils Ketilsonar og Sólveigar Hallsdóttur. Hér á þessari blaðsíðu, úr prestsþjónustubók séra Erlendar, má líka finna tvær dætur Ketils og Sólveigar skírdar. Það eru þær Guðrún sem fæðist í maí 1795 og María hinn 15. júní 1796.

baðaður og skírður sama dag heima á Stokkahlöðum. Séra Jónas frá Hrafnagili segir í *Íslenskum þjóðháttum* að börn sem voru skírð á fyrsta sólarhring ævinnar hafi ávallt verið skírð við rúmstokk móðurinnar og síðan hafi verið haldin rífleg skírnarveisla í baðstofunni strax á eftir. Þangað hafi verið boðið vinum og vandamönnum og glatt hafi verið á hjalla.¹ Það var séra Erlendur á Hrafnagili sem kom á Stokkahláðir til að skíra son Guðrúnar. Hann fékk nafnið Jón sem var trúlega í höfuðið á föður Illuga, Jóni Illugasyni. Skírnavottar samkvæmt bókun prestsins voru meðal annars hreppstjórinn Gísli Hallgrímsson, sá hinn sami og verðmat dánarbúið í Teigi tíu árum áður, Margrét ljósmóðir og faðirinn sjálfur, Illugi Jónsson.² Sennilega var haldin skírnarveisla á Stokkahlöðum því Guðrún talar um veisludaginn í sama mund og hún ræðir veru sína á Stokkahlöðum og minnist fæðingar sonarins. En þann dag hafði hundur drepíð eina af ánum þeirra Illuga á Stokkahlöðum og Guðrúnu er greinilega mikið niðri fyrir þegar hún minnst þess í sögunni. Það var fjárhundur Guðmundar bónda sem drap ána. Svona segir Guðrún frá atburðinum.

Og veisludaginn átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund sem hét Tígris. Hann reif júgríð og rassgörnina úr einni ána minna. Ærin var út á Þverárdal en rassgörnin inn á Vöðluheiði. Beið hún dauðann af þessu. Versnaði Illuga af þessu því hann var þræll og fantur, nema við hórur sínar sem hann lá í.

Það er ekki gott að segja hvað Guðrún á við með að Illuga hafi versnað af þessu. Líklega meinti hún að hjónabandið hafi versnað eftir fæðingu sonarins.

Greinilegt var að sambúð þeirra var alla tíð stormasöm enda Illugi ekki við eina fjölinu felldur. Guðrún segir að Jón sonur hennar hafi verið líkur sér „með dyggð og ráðvendni“.³

Þau Guðrún og Illugi virðast flytja í burtu með nýfætt barnið því

1 Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir*, bls. 263.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestspjónustubók 1785–1818.

3 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Þau eru ekki talin með heimilisfólki á Stokkahlöðum í lok ársins. Árið 1797 voru þau komin í húsmennsku með Jón litla í Kristnes en ekki á bæ Bjargar og Jóns þar sem þau voru áður heldur hjá Katli og Sólveigu, bænda á öðru býli á Kristnesjörðinni.¹ Guðrún átti ekki góðar minningar frá veru sinni í Kristnesi og gat líklega ekki sætt sig við að búa aftur undir sama þaki og Björg húsfreyja. Ketill og Sólveig voru á svipuðum aldri og Guðrún og höfðu búið í Kristnesi í nokkur ár. Þau áttu sex börn saman öll undir sex ára aldri svo heimilið hefur verið ansi erilsamt. Það var líklega fengur fyrir þau Sólveigu og Ketil að fá ung og verkfær hjón á bæinn. Jafnvel þó að enn eitt krílið bættist við barnahópin skipti það heimilið litlu máli enda var nýja vinnufólkið með drjúgan bústofn til eigin framfærslu. Kálfur Guðrúnar og Illuga var orðin að mjólkurkú og nú áttu þau hvorki meira né minna en 18 kindur þar af átta mjólkandi ær og tvo tamda hesta.

Guðrún og Illugi virðast hafa verið ánægð á Kristnesi en þar bjuggu þau næstu þrjú árin með soninn. Það er erfitt að átta sig á hvenær og hvort þau Guðrún og Illugi búi í eigin húsnaði í Kristnesi. Samkvæmt sóknarmannatali séra Erlendar eru bæði Jón og Ketill sagðir vera búandi í Kristnesi en Illugi er hins vegar sagður vera í húsmennsku hjá Katli og Sólveigu. Árið 1799 breytist eitthvað því þá er Illugi ekki titlaður húsmadur heldur sagður búandi í Kristnesi. Mögulega voru þá orðin þrjú býli á Kristnesjörðinni. Þau Guðrún og Illugi áttu enn mjólkurkúna og hrossin tvö og höfðu bætt við sig einum kálfi og kindurnar voru 11 talsins. Í húsvitjunarbókum séra Erlendar segir hann Illuga og Guðrúnu bæði vera iðjusöm.²

Haustið 1799 flytja Guðrún og Illugi á jörðina Hof í Möðruvalla-klausturssókn þar sem þau hefja búskap í samvinnu við önnur hjón á jörðinni. Jón sonur þeirra var þá þriggja ára gamall en Guðrún var orðin fertug. Þau áttu þá ekki lengur kálfinn en höfðu teymt mjólkurkúna sína alla leið frá Kristnesi. Sennilega nýttust hrossin þeim vel við flutninginn á nýja heimilið en um töluvert langan veg var að fara

1 Ketill Ketilsson (1757) og Sólveig Hallsdóttir (1754) eignuðust tíu börn saman.

2 *ÞÍ* – Hrafnagil BC/3 Sóknarmannatal 1785–1798.

og Jón litli aðeins þriggja ára. Búferlaflutningar gátu tekið langan tíma ef farið var um grýtta og bratta vegaslóða enda voru hestarnir oftast svo klyfjaðir að þeir áttu erfitt með gang. Úr fjarlægð litu slíkar hestalestir út eins og haugar sem liðuðust hægt eftir veginum. Guðrún og Illugi hafa pakkað búslóðinni í allrahandu kistur og kassa sem þau festu utan á hestana ásamt rúmstæðum, pottum, tunnum og verkfærum. Einhversstaðar innan um klyfjarnar á öðrum hestinum sat líklega Jón litli vel bundinn svo hann týndist ekki á ferðalaginu.

Á Hofi áttu Guðrún og Illugi 17 kindur og þar af voru 11 þeirra mjólkandi. Þó að bústofninn væri ekki stór var hann líklega passlegur fyrir þau þrjú en samanborið við Teigsheimilið má telja að þau hafi verið ágætlega sett. Guðrún eldri og Nikulás höfðu verið mun lengur í hjónabandi en Guðrún og Illugi og undanfarin 12 ár höfðu þau rekið búskap í Teigi ásamt Guðbjörgu, móður Guðrúnar. Árið 1799 voru í Teigi tvær kýr og 26 kindur, þar af 14 mjólkandi. Tveir tamdir hestar, einn ótamin og eitt folald en þau voru líka átta í heimili.

Eitthvað var til af bókum á heimili Guðrúnar og Illuga að Hofi en presturinn skráir niður átta guðsorðabækur þar í kringum 1800. Þau áttu svokallaða *Gíslapostillu* en það var húspostilla sem Gísli Þorláksson Hólabiskup þýddi og gefin var út á Hólum. Síðan áttu þau messusöngbókina *Grallarann*, *Passíusálma* Hallgríms Péturssonar, *Manual*, *Umþenkingu Magister Steins*, eftir Stein Jónsson Hólabiskup, *Krossskólasálma*, *Þorláksskver* sem var lítið bænakver eftir Þorlák Þórarinsson og *Iðrunarrós* sem var ritlingur eftir Þórð Þorláksson en hann byggði á riti eftir Dominicus Beer.¹

Árið 1800 voru komnir nýir ábúendur með Guðrúnu og Illuga að Hofi. Þau hétu Flóvent Þorsteinsson og Margrét Jónsdóttir. Þau áttu son á öðru ári sem hét Jón.² Flóvent var einn af þeim er komu við

1 Annar titill á þessum ritlingi er: *Samviskunnar þröfan eður hvörninn sérhvör kristinn maður skal daglega halda reikningsskap við sjáfan sig*.

2 Flóvent Þorsteinsson (1764) og Margrét Jónsdóttir (1768) höfðu eignast annan son árið 1797 sem hér Friðfinnur en hann var ekki með þeim að Hofi. Í Manntalinu 1801 er hann skráður fósturbarn fjögurra ára gamall á Syðra-Tjarnarkoti í Munkaþverársókn. *Manntalið 1801. Norður- og austuramt* (Reykjavík, 1980), bls. 256.

sögu í hinu stórfellda þjófnaðarmáli sem Illugi var látin vitna í árið 1773. Sennilega þekktust hann og Illugi frá gamalli tíð en Flóvent hafði eins og Illugi verið hreppslimur frá unga aldri. Þegar Flóvent var 24 ára gamall skrifaði séra Erlendur í sóknarmannatalið að hann væri óráðvandur og þjófgefinn en hann hafði líka einhvern tímann starfað sem böðull.¹ Í *Manntalinu 1801* má sjá að það er tvíþýli að Hofi og bjuggu Illugi og Guðrún á öðru þeirra með soninn Jón og fósturbarn á öðru ári sem hét Jón Jónsson.² Ekki hefur tekist að finna hver átti það barn en einhverja meðgjöf hafa Guðrún og Illugi sennilega fengið með barninu frá hreppnum. Sambúð þeirra Illuga og Guðrúnar að Hofi var erfið og í búnaðarskýrslum árið 1801 má sjá að sauðfénu hafði fækkað mikið á milli ára. Áður voru kindurnar 20 talsins þar af 12 mjólkandi en núna voru þær ekki nema sjö og aðeins fimm voru mjólkandi. Kýrin hafði reyndar gefið þeim kálf og hrossið eignast annað folald en af orðum Guðrúnar að dæma var Illugi slakur búmaður. Árið 1803 voru þau flutt af bænum og höfðu þá slitið samvistir. Um búskapinn að Hofi og ástæðu þess að þau skilja segir Guðrún:

Fórum við þá að Hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu. Hann fór með það í sínar bölvaðar skuldir og sagði ég þá laust við hann. Tók hann þá af mér fötin. Hann var í 50rd skuld í kaupstað, þau hlupu á 20rd og hafði hann þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni eins og brókinni sinni.

Ekki er gott að segja hvað Illugi verslaði sér í kaupstað fyrir heila 50 ríkisdali. Skuldin var þó mjög mikil enda hærri en allar eigur Teigshjóna voru metnar á við andlát Ketils, föður Guðrúnar.³ Sennilega var Illugi farinn eitthvert í burtu með nýrri lagskonu sinni. Af orðum Guðrúnar að dæma var hann sennilega lagstur í eitthvert slark í kaupstaðnum. Eftir að þau misstu búið stóð Guðrún eftir slypp og

1 ÞÍ – Hrafnagil BC/2 – BC/3 Sóknarmannatal 1769–1798.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Norður og austuramt*, bls. 213.

3 Dánarbú Ketils í Teigi var verðmetið á 41 ríkisdal.

snauð en Illugi hafði jafnvel selt utan af henni fötin, þ.á.m. borða-lögðu hempuna og rauða silkiklútinn hennar.¹

Það er erfitt að gera sér grein fyrir þeirri stöðu sem blasti við Guðrúnu á þessum tíma. Hún var á fimmtugsaldri, hafði þrælað alla sína tíð fyrir nauðþurftum og lendir síðan í þeirri stöðu að missa allar eigur sínar. Þrótturinn hafði dvínað og útlitið var grátt því nú stóð hún væntanlega frammi fyrir því að missa líka frá sér einkasoninn.

1 Föt Guðrúnar voru metin á 20 ríkisdali í kaupstað samkvæmt sjálfævisögunni. Hún hefur því sennilega átt nokkra alklæðnaði, sem ekki voru til hversdagnota.

14. Aftur ein

Árið sem Guðrún og Illugi brugðu búi var hún skráð sem vinnukona að Barði í Fljótum, þá 44 ára gömul.¹ Jón Ilugason, sonur hennar, var þó ekki með henni á bænum en í *Svarfdælu* segir að hann hafi alist upp með móður sinni á hrakningi. Það er hugsanlega rétt þar sem erfitt reynist að finna þau bæði á þessum árum eftir að hjónaband þeirra Illuga og Guðrúnar leystist upp.² Af sjálfsævisögunni að dæma virðist Guðrún hafa lent í hálfgerðum hrakningum með soninn eftir að hún fór frá Hofi en hún segir svo frá því ferðalagi:

Fór ég þá ein með barnið út að Barði í Fljótum var ég þar um nóttina. Þorsteinn vildi fá mig til fylgilags en ég beit hann af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi það einnig, en ég var ráðvandari en svo að ég lægi undir hverjum sem hafa vildi; Lá ég þá úti á Klaufabrekkum vorlanga nóttina í sólskini og sunn-anvindi, aðkomin dauða – Guðbjörg gaf mér svarta brauð að endurnæra mig. Fór ég þá í Eyjafjörð minn.³

1 *ÞÍ* – Barð í Fljótum BC/3 Sóknarmannatal 1784–1831.

2 Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* 2 (Reykjavík, 1978), bls. 297.

3 Hér er tekið upp úr handriti *ÍB* 841 8vo en þar segir að Jón hafi farið með Guðrúnu út að Barði. Í öllum handritum sem til eru af sögunni nema handriti *ÍB* 883 8vo kemur fram að Jón hafi farið með henni. Einnig kemur það fram í útgáfu sögunnar í *Grímu*. Handrit *ÍB* 883 8vo segir að Guðrún hafi aðeins farið þangað sjálf. *ÍB* 841 8vo – Samtíningur, safnað af Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum. Sóknarmannatöl í Hrafnagilssókn eru afar illa færð á þessum árum en segja má að um einskonar minnisblöð prestsins sé að ræða frekar en eiginlegt manntal. Jón Ilugason er þó ekki að finna í sóknarmannatali Hrafnagils árið 1804. *ÞÍ* – Hrafnagil BC/4 Sóknarmannatal 1799–1804.

Barð í Fljótum var prestsetur en þar bjó sóknarpresturinn Jón Jónsson sem þjónaði á þeim tíma bæði Barðssókn og Holtssókn í Holtshreppi.¹ Þegar Guðrún var að Barði var þar vinnumaður sem hét Þorsteinn Sveinsson, 37 ára gamall, og var trúlega sá sem vildi fá hana til fylgilags við sig. Hamarkot var aftur hjáleiga frá Stóra Eyrarlandi í Hrafnagilshreppi og samkvæmt *Manntali 1801* hét bóndinn þar Guðmundur Pétursson, giftur maður og fimm barna faðir.² Líklega sá hinn sami er vildi fá Guðrúnu til við sig. Samkvæmt húsvitjunarbókum var þessi Guðmundur óráðsettur, ógættinn og fávís.

Á fyrstu árunum eftir skilnað Illuga og Guðrúnar virðist henni ekki vegna sérlega vel. Hún hrekst burt úr sveitinni með barnið, er berskjölduð gegn áreiti karla og þarf að sofa á víðavangi nær dauða en lífi af hungri. Hún virðist þó hafa getað leitað skjóls hjá systur sinni því í ævisögunni segir Guðrún að Guðbjörg hafi gefið sér svarta brauð að endurnæra sig. Guðbjörg varð síðar ráðskona hjá Gunnlaugi Briem sýslumanni á Grund.

Aftast í handriti *ÍB* 883 8vo er kafli sem virðist eiga heima framar í sögunni því þar eru eftirfarandi athugasemdir innan sviga á spássú: „[H]ér er kafli fyrir aftan sem hér var.“ Hugsanlega segir Guðrún þarna frá árunum þegar hún var á hrakningum eftir skilnaðinn:

Síðan fór ég vestur að Brákum í Skagafirði. Þar mátti ég verka brókina af Þorláki rafti, sem var full með lús og ræpu. Þaðan fór ég norður í Klaufabrekku til grasa. Ég hafði að sönnu nóg af vöxtunum að éta en það var meira skítur en matur. Síðan sagði ég mig lausan við Skagafjörðinn og fór aftur norður í Eyjafjörðinn.

Líklega á Guðrún þarna við bæinn Brekku í Skagafirði en í *Manntalinu 1801* er Þorlákur Jónsson bóndi á bænum Stórubrekku í Holts-

1 Jón Jónsson sóknarprestur (1760) hafði verið í þjónustu Árna Þórarinssonar biskups á Hólum og var líka heyrari í Hólaskóla. Hann var giftur Guðrúnu Pétursdóttur (1765) en faðir hennar var prentari á Hólum. Jón tók við embætti að Barði árið 1796 og var þar prestur til ársins 1820. Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 190.

2 *Manntal á Íslandi 1801. Norður og Austuramt*, bls. 249.

sókn en hann var bróðir Guðmundar í Stokkahlöðum sem Guðrún og Illugi höfðu búið hjá þegar Jón sonur þeirra fæddist.¹ Guðrún gefur í skyn að Þorlákur hafi verið óttalegur óþokki og af ummælum hennar að dæma hafði hún líklega aldrei áður þvegið jafn skítugar brækur. Á flakkinu hafði hún hugsanlega fengið tímabundið húsaskjól hjá fólki sem hún þekkti eitthvað til. Ég hef hins vegar hvorki fundið Guðrúnu né son hennar Jón Illugason í húsvitjunarbókum í Skagafirði á þeim árum sem þau hverfa úr kirkjubókunum í Öngulsstaða- og Hrafnagilshrepp. Guðrún finnst árið 1804 að Barði í Barðssókn en eftir það finnst þau hvorugt í þessum sóknum fyrr en árið 1808 að Jón er kominn á sveit í Hrafnagilshreppi. Það getur því hugsanlega verið rétt sem sagt er í *Svarfðælu* að Jón hafi verið á flækingi þessi ár með móður sinni en erfitt er að komast að því hvar þau héldu til.

Ástæða þess að Guðrún valdi að fara úr Eyjafirði með soninn kemur ekki fram í sjálfsævisögunni en hugsanlega vildi hún með því koma í veg fyrir að hann yrði tekin af henni og komið í fóstur. Þegar hún fór frá Illuga hafði hún misst allt og því trúlegt að yfirvöld hefðu tekið Jón og komið honum niður á Hrafnagilshrepp, fæðingarhrepp föðursins. Með því að flytja úr sýslunni var mögulegt að fresta málinu um óákveðinn tíma eða þar til drengurinn væri orðinn eldri.

Árið 1808 þegar Jón Illugason var orðinn 12 ára gamall finnst hann skráður á sveit hjá séra Magnúsi Erlendssyni í Hrafnagili. Magnús var sonur séra Erlends og hafði tekið við embætti föður síns þegar Erlendur andaðist árið 1803.² Hrafnagilshreppur var fæðingarhreppur Jóns og Illuga, en samkvæmt lögum átti hreppurinn að ala önn fyrir þeim ómögum sem þar voru fæddir.³ Nú var eins komið fyrir Jóni og föður hans sem ungur að árum hafði líka verið í niðursetu í Hrafnagili. Ef marka má orð Guðrúnar, móður Jóns, hafði óregla Illuga gert það

1 Þorlákur Jónsson (1749) bóndi á Stóru-Brekku var fæddur á Stokkahlöðum. Bærinn Stóra-Brekka er ekki langt frá Barði þar sem Guðrún var í vist árið 1804.

2 Magnús Erlendsson (1753) varð prófastur í Vaðlaþingi eftir föður sinn árið 1802. Páll Eggert segir í *Íslenskum æviskrám* að hann hafi þótt merkismaður en drykkfelldur, *Íslenskar æviskrár* III, bls. 420.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag*, bls. 90.

að verkum að fjölskyldan flosnaði upp og sonur þeirra lenti á sveit. Jón virðist hafa verið í niðursetu í Hrafnagili í tvö ár því eftir 1809 finnst hann ekki á lista þeirra sem þiggja af sveit í Hrafnagilshreppi.¹ Sennilega var hann kominn eitthvert í vist enda orðinn 14 ára gamall. Jón fermist árið 1811 í Hrafnagilshreppi en þar sem sóknarmannatöl eru svo illa færð á þessum tíma er erfitt að finna út hvar hann bjó. Guðrún var á þeim tíma í vinnumennsku í Öngulsstaðahreppi. Árið 1810 var hún í vist á bænum Björk í Öngulsstaðahreppi og árið sem Jón fermist var hún í vinnumennsku á Stóra-Hamri í sama hrepp. Það var séra Magnús Erlendsson sem fermdi Jón Illugason og í prestsþjónustubókinni stendur að hann kunni fræðin nokkuð vel og sé stautfær í lestri. Þar stendur líka að hann hafði verið undirbúinn af presti í 3 til 4 ár. Sennilega hafði séra Magnús sjálfur hlýtt Jóni yfir fræðin árin sem hann var í niðursetu í Hrafnagili.² Guðrún virðist hafa verið viðstödd þegar Jón sonur hennar fermist því henni sárnar hve illa húsbændur hans héldu upp á fermingardaginn: „[D]áindis að var. Jón minn konfermeraður en lapþunnir voru grautarnir þar og öngvan bita fékk hann fyrir utan mat sinn.“³ Jón var síðan í vinnumennsku hér og þar í Eyjafirðinum en staðfestist í Svarfaðardal eftir tvítugt þar sem hann gifti sig. Kona Jóns Illugasonar hét Margrét Eyjólfsdóttir.⁴ Jón drukknaði í ferð til Siglufjarðar haustið 1824 þegar hann var aðeins 28 ára gamall. Um slysið má lesa í Siglfirskum annál en þar segir orðrétt. „Bátur sekkur: Bátur kollsigldist á Siglufirði, fórst þar einn maður en tveimur var bjargað. Sá sem drukknaði hét Jón“. Margrét eiginkona Jóns var barnshafandi á þeim tíma en fyrir áttu þau tvö smábörn 2ja og 4ra ára gömul.⁵ Samkvæmt ættfræðiritum var Jón

1 *HskjAk* – Hrafnagil h-10, 1 1790–1819.

2 *PÍ* – Hrafnagil BA/3 Prestsþjónustubók 1785–1818.

3 *ÍB* 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr förum Jóns Borgfirðings. Hér hefur verið settur stór stafur í orðið „dáindis“ og það tengt við frammistöðu Jóns á fermingardaginn frekar en kvennafari Illuga föður hans. Í öllum handritum sjálfsævisögunnar má skilja það svo að orðið tengist Jóni Illugssyni.

4 Margrét Eyjólfsdóttir (1790) var fædd í Skagafirði.

5 Jón og Margrét eignuðust þrjú börn saman. Þan Þuríði (1829), Jón (1822) og Eyjólf Soffanías (1825).

talinn efnilegur bóndi ráðvandur eins og móðir hans sagði og í betra lagi að sér.¹

Guðrún var komin í vinnumennsku að Grund í Grundarþingum hjá Árna Jónssyni og Helgu Gísladóttur árið 1811 þegar hún var 52 ára gömul.² Hún er þá sögð kunna margt og geta lesið. Það voru komin 17 ár síðan hún og Illugi komu þangað nýtrúlofuð og giftu sig sumarið 1794. Núna kom hún þangað fráskilin og einmana. Áður höfðu margir af mektarmönnum sýslunnar búið á jörðinni en þar má nefna Þórarinn Jónsson sýslumann sem bjó á Grund frá 1740 til 1767 og séra Jón Jónsson sem var almennt kallaður „hinn lærði“ en séra Jón bjó á Grund til ársins 1785. Það var einmitt hann sem hafði gefið þau Guðrúnu og Illuga saman í hjónaband.

Árið 1813 finnst Guðrún skráð til heimilis hjá systur sinni og alnöfnu á bænum Teigi, þar sem hún hafði búið með fjölskyldu sinni í bernsku. Þá var Guðbjörg móðir hennar látin og Guðrún eldri orðin húsráðandi í Teigi ásamt eiginmanni sínum Nikulási. Kristján bróðir Guðrúnar sem bjó á Syðra-Gili var einnig látinn en hann hafði druknað árið 1802 og skilið eftir sig eiginkonu og fjögur börn á aldrinum 4 til 8 ára. Helga, systir Guðrúnar hafði líka dáið frá fjórum börnum sínum en hún var þá gift húsfreyja í Skriðu í Möðruvallasókn. Nú voru aðeins þrjú börn Guðbjargar og Ketils enn á lífi. Guðrúnarnar tvær og yngsta systirin Guðbjörg.

Guðrún staldrar stutt við hjá eldri systur sinni í Teigi en samkvæmt sjálfsævisögunni segist hún hafa verið sett yfir „kot skómakarans“ sem var bæði „guðlaus maður og skammaktugur“. Tvö býli í Öngulsstaðahreppi báru orðið kot í nafninu en það voru Syðra-Tjarnakot og Ytra-Tjarnakot.³ Guðrún finnst þó ekki skráð í hreppnum

1 Stefán Aðalsteinsson, *Svarfdælingar* 2, bls. 297.

2 *ÞÍ* – Grundarþing/Laugaland BC/1 Sóknarmannatal 1797– 1836. Árni Jónsson (1763) og Helga Gísladóttir (1764).

3 Guðrún segir að skósmiðurinn í Koti hafi óskað að sá gamli kæmi og hengdi hana í Goðafossi. Fossinn þar sem árnar Þverá og Mjaðmá koma saman og falla niður í Munkaþverá kallast Goðafoss. *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1854*, Magnús Kristinsson sá um útgáfuna (Akureyri, 1972), bls. 170.

svo mögulega var hún farin áður en náðist að skrá hana þar meðal heimilismanna. Guðrún sagðist hafa lent saman við skósmiðinn. „Hann óskaði að sá gamli kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði ég þá suður að Laugalandi og klagði fantinn.“ Hreppstjórinn sem þá bjó á Syðra- Laugalandi var Sigfús Jónsson en hann hafði ætíð reynst góður við Guðrúnu. Þar fékk hún hákarlsbita og var útvegað ný vist á bænum Grýtu í Öngulsstaðahreppi.

Heimilsfólk á Grýtu það árið voru þau Kristján Magnússon og Krístrún Halldórsdóttir. Þau áttu þá sex börn á aldrinum 9–19 ára og bjuggu fimm þeirra heima.¹ Samkvæmt sóknarmannatali hefur Guðrún komið þangað árið 1813 því í sóknarmannatali árið 1814 stendur, “Fólk frá næstl. ári – Guðr. Ketilsd. húskona.”² Hún var nú 55 ára gömul og virðist aftur hafa náð að koma undir sig fótunum eftir skilnaðinn við Illuga. Hún var skráð húskona á bænum og hafði því sennilega eignast einhverjar kindur. Í ævisögunni sagði hún Helgu á Grýtu hafa farið seint á fætur „og mátti ég raka þrjár engjaglagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir.“ Helga var 15 ára dóttir hjónanna á Grýtu og átti síðar eftir að verða prestsfrú og yfirsetukona í Þingeyjarsýslu.³ Af ummælum Guðrúnar að dæma var hún enn fullfær um að sinna erfiðri útivinnu. Það sem duglegum sláttumanni bar að slá á einum sumardegi var kallað engjaglagslátt og samsvaraði 40 föðmum á hvern veg. Fullgildri vinnukonu var hins vegar ætlað að raka hey eftir tveimur sláttumönnum á dag samkvæmt lögum.⁴ Jónas frá Hrafnagili segir að sláttumönnum hafi verið illa við að konur væru mjög nærri þeim í slægjunni og oft hafi myndast keppni milli sláttumanna og þeirra kvenna sem rökuðu á eftir þeim. Vinnukonur sem náðu að raka mjög nærri sláttumönnunum kölluðu það að „raka þá upp að rassi“ eða að „skeina um rassinn á þeim“ og jafnvel að „gelda

1 Kristján Magnússon (1766) og Krístrún Halldórsdóttir (1772).

2 *ÞÍ* – Munkaþverá BC/2 Sóknarmannatal 1800–1832.

3 Helga Kristjánsdóttir (1799) giftist Jóni Jónssyni (1772) en hann var konrektor á Hólum og síðar prestur á Grenjaðarstað í Þingeyjarsýslu. Hann var faðir Guðnýjar skáldkonu frá Klömburum.

4 *Alþingisbækur* X, bls. 561–563.

þá“.¹ Guðrún hefur sennilega oft náð að skjóta eyfirskum sláttumönnum ref fyrir rass.

Eftir veru Guðrúnar á Grýtu er erfitt að rekja hvar hún var vistuð. Sóknarmannatöl í Munkaþverársókn eru illlæsileg frá þessum árum og oft hefur prestur aðeins hripað niður skírnarnöfn sóknarbarna sinna. Sennilega voru þetta annasamir tímar hjá séra Magnúsi Erlendssyni sem þá var tekinn við embætti. Magnús var aðeins tvítugur að aldri þegar hann útskrifaðist úr Hólaskóla.² Fáum árum síðar þegar hörmungar Skaftárelda geisðuðu á Norðurlandi gerðist hann aðstoðarprestur hjá föður sínum á Hrafnagili, séra Erlendi. Árið 1796 tók hann við Munkaþverársókn og þegar faðir hans lét af embætti árið 1802 þjónaði Magnús báðum sóknunum í Öngulsstaða- og Hrafnagilshreppum allt til ársins 1836. Sömu feðgar þjónuðu því í Hrafnagilsprestakalli í ein 40 ár samfelld. Ennfremur störfuðu þeir hvor á eftir öðrum sem prófastar í Vaðlaþingi samanlagt í hartnær 70 ár.

Fyrir tilviljun fannst heimild um að Guðrún hafi dvalið hjá sýslumanni Eyfirðinga á Grund árið 1817. Staðfesting þess fannst í dagbók Ólafs Eyjólfsssonar frá árinu 1817. Ólafur var skrifari sýslumannsins á Grund og hélt þá dagbók yfir gestakomur o. fl. í Eyjafirðinum í tíð Guðrúnar.³ Árið 1817 virðist Guðrún Ketilsdóttir hafa verið „hýst“ á bænum en samkvæmt dagbókum Ólafs dvaldist hún oft á Grund á ferð sinni um sveitina. Guðbjörg systir Guðrúnar var vinnukona á sýslumannsheimilinu á þessum árum svo hugsanlega var Guðrún að heimsækja hana.⁴

Sýslumaðurinn sem þá bjó á Grund var Gunnlaugur Briem einn af merkustu sýslumönnum Eyfirðinga. Þegar Gunnlaugur kom heim til Íslands eftir 11 ára námsdvöl í Danmörku gerðist hann lögsagnari hjá Jóni Jakobssyni, sýslumanni á Espihóli. Þar kynntist hann Valgerði Árnadóttur systurdóttir Jóns sýslumanns sem þótti hin sköruleg-

1 Jónas Jónasson, *Íslenzkir þjóðhættir*, bls. 81.

2 Magnús Erlendsson (1758) giftist Ingibjörgu Sveinsdóttur (1755) sem var dóttir Sveins Sölvasonar lögmans.

3 Ólafur Eyjólfsson (1737) var skrifari sýslumanns.

4 Lbs 1343–1347 – Dagbækur Ólafs Eyjólfsssonar á Laugalandi.

asta kona.¹ Valgerður hafði þá lengi búið á Espihóli hjá þeim Jóni og Sigríði eða allt frá því Guðrún Ketilsdóttir var þar í þjónustu í kringum 1790. Þá var Valgerður aðeins barn að aldri en mundi trúlega vel eftir Guðrúnu. Valgerður og Gunnlaugur giftust árið 1800 og bjuggu á bænum Kjarna í Hrafnagilshreppi frá árinu 1807–1815 en fluttu síðan yfir á Grund þar sem þau bjuggu til æviloka.² Í ferðabók Þjóðverjanna Thienemanns og Gunthers er lýst húsakosti á Grund á dögum Gunnlaugs og Valgerðar í kringum árið 1820 eða þegar Guðrún kemur þangað í heimsókn til Guðbjargar systur sinnar:

Kammerráð Briem situr að Grund, sem er um það bil 3 mílur frá Akureyri, inni í dalnum. Er þar byggt að landsvenju, en þó vandað hið bezta til alls. Bærinn er hlaðinn úr grashnausum, en veggirnir eru sléttir utan og fara vel. Íbúðarherbergi eru þiljuð innan og olíuborin, sem nauðsynlegt er vegna rakans. Yfir dyrum hússins eru snjallar áletranir, sem herra Briem hefur sjálfur skorið fallega í tré og lýsir vel hugarfari hans. Yfir einum dyrunum stendur til dæmis þetta á þýzku: „Ekki skrautlegt heldur snoturt, ekki dýrt heldur blátt áfram“. Skammt frá húsinu er grænmetisgarður, þar sem ræktaðar eru kartöflur, kál og rófur.³

Þessum erlendu gestum er einnig tíðrætt um Valgerði sýslumannsfrú sem þeir segja vera afbragðs eiginkonu og móður og af fallegu andliti hennar ljómi hjartagæska, einlægni og hreinlyndi.⁴ Gunnlaugur var sýslumaður Eyfirðinga allt til dauðadags árið 1834.

Guðbjörg Ketilsdóttir, systir Guðrúnar hafði verið þjónustustúlka hjá Gunnlaugi og Valgerði síðan þau bjuggu á Kjarna. Sennilega hefur Guðbjörg reynst þeim hjónum vel því árið 1821 er hún enn á Grund

1 Valgerður Árnadóttir (1779).

2 Páll Eggert, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210–211.

3 Íslensk þýðing í bók Benjamíns Kristjánssonar, *Eyfirðingabók, Sögur frá umliðnum öldum* I (Akureyri, 1968), bls. 129, tekið úr Friedrich August Ludwig Thienemann, *Reise im Norden Europas, vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821*. Gunnlaugur sýslumaður hafði numið höggmyndasmíð í 6 ár erlendis áður en hann fór í lögfræði. Páll Eggert, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210.

4 Íslensk þýðing í *Eyfirðingabók* I, bls. 130.

Mynd 12 – Valgerður Árnadóttir (1778–1872) var fædd á Breiðabólstað á Skógarströnd. Hún var dóttir Árna Sigurðssonar þrúfasts í Snafellsnesþrúfastsdæmi og Kristínar Jakobsdóttur sem ól 14 börn. Valgerður var húsfréyjja á Espihóli og eignaðist hún tíu börn með eiginmanni sínum, Gunnlaugi Briem. Valgerður átti sitt eigið bókasafn með um eitt hundrað bókum sem þótti mikið á þeim tíma. Á handritadeild Landsbókasafnsins er að finna eiginhandarrit Valgerðar undir safnmarkinu Lbs 607 8vo.

Heimild: Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi.“ *Handrita-sýrpur – bókmenning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld* (Reykjavík 2011), bls. 329 og 335.



og er þá orðin ráðskona á bænum. Ekki er ósennilegt að hún hafi reynst þeim betur en Hallgerður vinnukona sem sýslumannshjónin skrifuðu svo fallega um árið 1814.¹ Sú sem hafði verið þeim þæg, holl, velviljuð sem og skörp til vinnu og við hana dygg, iðin og fyrirtektarsöm. Guðbjörg hafði lengi búið á heimilum kaupmanna inni á Akureyri og hafði mikla reynslu af hverskyns störfum á heimilum efnafólks.

Guðrún virðist oft hafa heimsótt systur sína á Grund því að í sjálfsævisögunni segir hún að ævinlega þegar hún hafi komið þangað hafi blessuð frúin, það er Valgerður sýslumannsfrú, gefið sér bæði mat og kaffi.² Eflaust var um margt skemmtilegt skrafað í eldhúsinu á Grund þegar Guðrúnu bar að garði. En þó margir af tignum gestum hjónanna færðu þeim fréttir af frægum þótti Valgerði sögur Guðrúnar líklega ekki síðri. Guðrún kom víða við og hafði þjónað mörgum húsbændum. Í skiptum fyrir mat og kaffi fékk Valgerður sýslumannsfrú að skyggjast inn í einkalíf sveitunga sinna og fylgjast með því sem helst bar á góma

1 Sjá meðmæli um Hallgerði vinnukonu framar í sögunni.

2 ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

í sveitinni. Guðrúnu líkar hins vegar síður við Gunnlaug sýslumann ef marka má lýsingu á samskiptum þeirra í sjálfsævisögunni:

En þegar kammerráðið heyrði mig tala þá sagði hann: „Hvaða bölvapur gjallandi er í þér Guðrún Ketilsdóttir, geturðu ekki haft ögn lægra“. En ég sagði hann skyldi hafa bölvada skömm fyrir það því guð hefði gefið mér málið eins og honum. En aldrei þorði ég að hafa það svo hátt að hann heyrði það.

Ekki er ólíklegt að þessi orðaskipti Guðrúnar og sýslumannsins hafi átt sér stað árið 1817 þegar hún var hýst á Grund samkvæmt dagbók Ólafs. En á þeim árum stóð Gunnlaugur sýslumaður í miklum deilum við sveitunga sína vegna ósæmilegs kveðskapar um yfirvaldið. Um Gunnlaug sýslumann Eyfirðinga segir í *Íslenskum æviskrám* að hann hafi þótt „maður harður, óvæginn og siðavandur“.¹ Í *Eyfirðingariti* segir að sýslumaðurinn hafi átt „í höggi við ótilhlýðilegan kveðskap héraðsbúa.“² Gunnlaugur sektaði meðal annars Bólu-Hjálmar árið 1818 fyrir níðkveðlinga um sóknarprest sinn og séra Sigurð Jónsson, prest í Saurbæ, sektaði hann fyrir tvær beinakerlingarvísur um embættisbróður sinn í Möðrufelli. Skáldið Jón Þorláksson frá Bægisá var einnig sektaður í kringum árið 1813 og tvítug bóndadóttir frá Hleiðargarði, Sigríður Jónsdóttir, þurfti að greiða heila 10 ríkisdali fyrir nokkrar háðsvísur sem hún gekkst við. Greinilegt er að sýslumaður taldi það tilheyra embættisskyldu sinni að kveða niður þann ljóta ósið Eyfirðinga að tala illa um yfirvaldið.³ Því var ekki að undra að Guðrún þyrði ekki að styggja sýslumanninn með réttlátri reiði sinni.

Guðrún var síðan „hingað og þangað í vistum“, meðal annars var hún um tíma undir „regimenti“ Sigfúsar á Syðra Laugalandi en það virðist þá hafa komið í hans hlut að finna Guðrúnu dvalarstað og koma henni fyrir hjá nýjum húsbændum:

1 Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár* II, bls. 210–211.

2 Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði.“ *Eyfirðingarit* 1 (1968), bls. 52.

3 Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði“, bls 52–64.

Kom hann mér að Syðra-Tjörnum til Sigurðar. Þar varð ég þar fyrir skaða fyrir bölvaðan gapaskapinn úr honum. Missti lás, kostaði 24^s á Siglufirði og gaf ég fyrir hann 1rd

Sennilega hefur lásinn tapast þegar kisturnar hennar voru fluttar yfir á Syðri-Tjarnir. En það var mikilvægt fyrir Guðrúnu að geta læst kistum sínum hún vissi af biturri reynslu að engum var treystandi í þessum heimi þar sem jafnvel sjálfir húsbændurnir stálu verðmætum vinnuhjúá sinna.¹

1 Björg húsfreyja í Kristnesi stal úr súrtunnunni hennar Guðrúnar og Páll á Þórustöðum hafði af henni gráu gimbrina.

15. Og ergist hver með aldrinum

Á bænum Syðri-Tjörnum í Öngulsstaðahreppi dvaldist Guðrún hjá Sigurði Stefánssyni og Margréti Pétursdóttur á árunum 1820–1823.¹ Guðrún var þá komin á sjötugsaldur en húsbændur hennar voru bæði rétt um tvítugt og voru að hefja sín fyrstu búskaparár saman. Líklega hefur baslið verið þessum ungu hjónum erfitt því Guðrún segist ávallt muna sultinn á Tjörnum og skemmdu skammrifin sem hún keypti af Markúsi og varð svo veik af. Markús þessi sem hún átti vöruskipti við bjó ekki á Syðri-Tjörnum á sama tíma og Guðrún. Hann gæti hafa verið vinnumaður á nálægum bæ eða kannski bóndasonur sem höndlaði ólöglega með mat úr búi heimilisins. Af frásögninni má þó ráða að Guðrún gat sjálf orðið sér úti um mat þegar illa áraði hjá húsbændum hennar.

Erfitt reynist að finna Guðrúnu í sóknarmannatölum árin 1824–1825 en á þeim tíma deyr Jón sonur hennar. Árið 1826 er Guðrún komin í vinnumennsku á bæinn Sigluvík í Svalbarðssókn. Þar hafði hún einmitt kynnst Illuga rúmum þrjátíu árum áður þegar hún heillaði vinnumenn í Sigluvík. Núna voru þar húsbændur þau Jón Þórarinsson og Guðrún Þórarinsdóttir en hún var sonardóttir og alnafna Guðrúnar

1 ÞÍ – Munkaþverá BC/2 Sóknarmannatal 1800–1832. Árið 1820 er Guðrún samkvæmt sóknarmannatali í vist hjá Birni Vigfússyni sem var ekkjumaður og bjó á bænum með tveimur börnum sínum, Vigfúsi 12 ára og Guðrúnu 27 ára. Ári síðar eru Sigurður og Margrét komin á bæinn og Guðrún er skráð þar enn í vist. Sigurður Jónsson (1801) og Margrét Pétursdóttir (1799) eignuðust tvær dætur saman, þær Rósu (1823) og Helgu (1831). ÞÍ – Glæsibær BC/2 Sóknarmannatal 1817–1828.

Pórarinsdóttur sem Guðrún hafði verið í þjónustu hjá þar um árið.¹ Guðrún var í tvö ár í Siglufvík og í sóknarmannatali segir prestur hana kunna mikið og að hún sé „skröpunleg“ í hegðun. Árið 1830 finnst hún í vist í Kaupangi hjá Björgu Árnadóttur og Einari Hallgrímssyni.² Björg var dóttir hreppstjórans Árna Markússonar og Bjargar Guðmundsdóttur sem bjuggu á Kaupangursjörðinni en Einar og Björg bjuggu þar aðeins á litlum parti.³ Um veru sína hjá Einari og Björgu segir Guðrún:

Í Kaupangi var ég með allri, ævin mín þar, hún var dauf. Árni minn er að sönnu vænn maður en oft kemur svart lamb undan hvítri á og svo mátti segja þar

Greinilegt er að Guðrúnu hafði ekki liðið vel í Kaupangi en hvort hún eigi við að Björg húsmóðir hafi verið svarta lambið er ekki gott að segja. Árni faðir Bjargar var vel metinn bóndi í sveitinni og sinnti embætti hreppstjóra þar í allmörg ár.⁴ Hann átti reyndar son sem hét Markús en hugsanlega var hann svarta lambið sem Guðrún minnst á. Ef hún hafði keypt skammrifin af Markúsi syni Árna hreppstjóra voru viðskiptin á gráu svæði þar sem Guðrún mátti vita að Markús var að selja mat úr búri foreldra sinna. Hún átti því bágð með að klaga vörusvikin fyrir sjálfum hreppstjóranum.⁵ Guðrún var skráð sem létt-ingur hjá þeim Einari og Björgu í Kaupangi árið 1831 svo vinnuframlag hennar hefur verið lítils metið. Hún var orðin 72 ára gömul og var nú oftár en ekki ósátt við húsbændur sína.

1 Jón Pórarinsson (1792) og Guðrún Pórarinsdóttir (1739) giftu sig árið 1815 og tóku við búskap í Siglufvík.

2 Björg Árnadóttir (1791) og Einar Hallgrímsson (1734) áttu þá tvær dætur saman þær Sigurbjörgu og Ólöfu. *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

3 Þau Árni Markússon (1762) og Björg Guðmundsdóttir (1766) eignuðust þrjú börn saman, Björgu (1791), Markús (1795) og Ingibjörgu (1802).

4 Hugsanlega var Guðrún að tala um Björgu húsfreyju því hún var jú systir Páls bónda sem Guðrún hrakist úr vistinni frá fyrir margt löngu. Faðir Bjargar, Guðmundur í Kaupangi, hafði hins vegar ávallt verið henni mjög góður.

5 Markús Árnason (1795) var sonur Árna hreppstjóra og Bjargar en hann var því um þrítugt þegar Guðrún er á Syðri-Tjörnum. Hann var hins vegar dáið þegar hún var hjá foreldrum hans í Kaupangi. Markús giftist aldrei og var barnlaus þegar hann dó í Hrafnagilssókn.

Næsti viðkomustaður Guðrúnar voru Þórustaðir í sama hreppi og þar nýttist hún einnig til snúninga fyrir heimilisfólk. Á Þórustöðum bjuggu þá Páll og Ingibjörg sem hún hafði verið í vist hjá fyrir margt löngu.¹ Guðrún sagði þá um veru sína hjá Páli að hann hefði verið “manna víðsjálastur. Fyrr vildi ég ganga á höfðinu en vera þar.” Eflaust hafði Guðrún lítið um það að segja hjá hvaða húsbændum hún lenti. Hún var orðin roskin og vinnulúin og fæstir höfðu ráð á að taka til sín kerlingu á áttatræðisaldri, jafnvel þótt hún skaffaði einhverjar kindur með sér. Í sóknarmannatalinu segir að Guðrún Ketilsdóttir hafi komið frá Kaupangi á næstliðnu ári en hafi síðan farið að Ytri Tjörnum í Munkaþverársókn.² Hún hafði líklega aðeins stoppað stutt við á Þórustöðum enda leið henni ekki vel hjá Páli og Ingibjörgu.

Á Þórustöðum var ég með allri skömm og svívirðingu. Golmó-ötta gimbrin var allt í öllu. Hálf sögð er sagan. Jarðeplaskeppa var með og glundur. Fór ég þaðan um haustið, það var allt kaupið.

Greinilegt var að henni fannst hún hafa lagt meira til veru sinnar en hún fékk til baka með vinnuframlagi sínu því heimilisfólkið virðist hafa nýtt afurðir gimbrinnar. Enn heldur Guðrún áfram frásögn sinni af slæmum húsbændum og núna tímasetur hún veru sína í fullu samræmi við skráningar í sóknarmannatölum. Árið 1831 finnst Guðrún skráð koma frá Þórustöðum á bæinn Ytri-Tjarnir til þeirra Jóhannesar Kristjánssonar og Sigríðar Jónsdóttur.³ Árið 1832 segir í sóknarmannatalinu að Guðrún Ketilsdóttir 73 ára sé í húsmennsku á Ytri-Tjörnum. Hún var því ekki enn orðin eignalaus og átti greinilega verðmæti sem aðrir sóttust eftir. Á bænum þetta árið voru skráðir tíu heimilismenn að Guðrúnu meðtaldri. Þetta hafði hún að segja um veru sína á bænum.

1 Sjá umfjöllun hér framar í bókinni um þau Pál og Ingibjörgu á bls. 101 þegar Guðrún var í vist hjá þeim árið 1791.

2 *ÞÍ* – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

3 Jóhannes Kristjánsson (1796) og Sigríður Jónsdóttir (1801) voru bæði úr Eyjafirði en hún var seinni kona Jóhannesar. Fyrri konan dó líklega af barnsförum en hún hét Margrét Jónsdóttir (1796).

[Á] Ytri-Tjörnum. Hafði ég lítið samræði við fólk. Hann sendi hundinn upp í baðstofuna, og sinnadist mér þá. Ergist hver með aldrinum og svo fór um mig.¹

Næsta árið er Guðrún skráð á Ytri-Varðgjá hjá Magnúsi Hallgrímssyni og Þórunni Guðmundsdóttur.² Um veru sína þar hafði Guðrún þetta að segja.

Og öll Varðgjárveran mín var stundleg. Ævisaga Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu, og hana segi ég hverjum sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hefnd.

Líklega átti hún eitthvað óuppgert við Magnús húsbónda sem eflaust hafði reynst Guðrúnu illa. Þó að vinnufólk léti ýmislegt yfir sig ganga í vistinni var það óhrætt við að bera út sögur af vondum húsbændum og aumri vist. Þannig fékk vinnufólk uppreisn æru ef því fannst að sér vegið í vistinni. Magnúsi gamla á Varðgjá var líklega ekki hlíft í sögum Guðrúnar.

Árið 1834 er Guðrún aftur komin í vist í Kaupang en þar voru þá húsbændur Kolbeinn Jónasson og Ingibjörg Árnadóttir sem var dóttir fyrrum húsbænda í Kaupangi.³ Guðrún er sögð vera 75 ára húskona frá Kaupangursseli í sóknarmannatali.⁴

Samkvæmt frásögn Guðrúnar var það á þessum árum sem hún gaf séra Hallgrími brennivínið en hann hafði verið aðstoðarprestur séra Magnúsar í Hrafnagili frá árinu 1814. Guðrún virðist hafa átt erfitt með að komast til kirkju þar sem hún hafði tínt þjónasessunni sinni. Kannski reyndi hún að afsaka dræma kirkjusókn sína með því að bjóða séra Hallgrími brennivín:

1 Hér í hornklofa er settur stór stafur svo textinn „Á Ytri-Tjörnum“ sé tengdur frásögninni „Hafði ég lítið samræði við fólk.“

2 ÞÍ – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847. Magnús Hallgrímsson (1765) og Þórunn Guðmundsdóttir (1765) eignuðust þrjú börn saman. Þórunn húsfreyja á Ytri-Varðgjá var systir Páls á Þórustöðum og Bjargar í Kaupangi.

3 Kolbeinn Jónasson (1791) og Ingibjörg Árnadóttir (1802) áttu þá tvö börn saman fjögurra og tíu ára.

4 ÞÍ – Kaupangur BC/8 Sóknarmannatal 1808–1847.

62.	27 ^{da} Jul.	31 ^{ta} Jul.	Árið 1842. Sophia Jóhanna dóttir	Bondabarn frá Gröfthu Árni	á 1 ^{ta}	777
63.	27 ^{da} Jul.	31 ^{ta} Jul.	Rósa Sigurð- ardóttir	Ellega í Orandi frá Þyni þínum á 33, þór.	78 ára	841
64	14 ^{ða} Aug.	21 ^{ta} Aug.	Guðrún Hall- grímsdóttir.	Guandi gift Sona á Helgár- feli	43 ^{ja} Árni	298
65.	9 ^{ða} Dec.	17 ^{ða} Dec.	Guðrún Ketils- dóttir	Gönguþómagi	á 84 ^{ða} Árni	497

Mynd 13 – Hinn 9. desember árið 1842 dó Guðrún Ketilsdóttir á bænum Stórhamri. Hún var þá að verða 84 ára gömul og var sögð vera hreppsómagi. Guðrún var jörðuð hinn 17. desember.

Þegar ég réðst í Kaupangssel gaf ég séra Hallgrími margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu. Þrjónasessan mín týndist, síðan náði ég aldrei sakramentinu og bágt er að róa á einni ár ef á sjó er farið.

Það er hér sem frásögn Guðrúnar virðist enda svo líklega var sjálfsævisagan skráð um þetta leyti eða eftir að Guðrún var orðin 75 ára gömul.

Árið 1834 var Guðrún síðan enn á ný komin á Ytri-Tjarnir í Munkaþverársókn til Jóhannesar og Sigríðar. Við nafn hennar stendur að hún hafi komið frá Kaupangurssemi árið 1834 og sögð vera hús-kerling. Heimilið var fjölmennt enda áttu hjónin þá sex börn. Guðrún dvaldi á Ytri-Tjörnum til ársins 1836 en fór þá á Kamb í sömu sókn. Hún var nú orðin 78 ára gömul og tveimur árum síðar var hún enn skráð á bænum. Þá er hún orðin áttæð að aldri og er sögð vera þar í niðursetu.¹ Það má vel vera að Guðrún hafi verið komin í niðursetu nokkrum árum fyrr en það er hins vegar fyrst árið 1838 sem prestur skráir hana í niðursetu í sóknarmannatali. Húsbandur á Kambi voru þá Magnús Magnússon og Ingibjörg Jónsdóttir en hjá þeim bjó Guðrún til ársins 1840.² Það ár fer Guðrún í niðursetu að Stórhamri sem var

1 Þí – Munkaþverá BC/3 Sóknarmannatal 1832–1845.

2 Magnús Magnússon (1777) og Ingibjörg Jónsdóttir (1731) bjuggu þá ein á bænum með 11 ára tókudreng.

næsti bær við Kamb. Þar bjuggu hjónin Jónas Jónasson og Sigurbjörg Pálsdóttir en hún var dóttir Páls og Ingibjargar á Þórustöðum. Guðrún dvaldi þar í tvö ár eða þar til hún dó hinn 9. desember árið 1842 þá að verða 84 ára gömul.¹

Af sjálfsævisögunni má sjá að það hefur verið erfitt líf að eldast í vinnuhjúastétt, ekki síst fyrir einstæðing eins og Guðrúnu Ketilsdóttur sem nánast aldrei hafði átt sér fastan samastað. Allt sitt líf hafði hún verið á endalausum þvælingi um sveitir Eyjafjarðar og var nú eflaust orðin lúin og þreytt á því að þjóna öðrum. Á efri árum virðist henni semja illa við húsbændur sína, er bitur og kvartar sáran undan svik-semi þeirra og virðingarleysi:

en nú segja þeir allir: „Parna fer kerlingarskrattinn hún Guðrún Ketilsdóttir.“ Vel er ég metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvaðir gárungarnir, sem ekki skeyta um guð né menn.

Guðrún var þó óhrædd við að klagu húsbændur sína ef henni fannst þeir ganga of langt í svívirðingum sínum. Það gerði hún til dæmis þegar „skómakarinn“ í Koti óskaði þess að djöfullinn kæmi og hengdi hana.

Af Illuga er það að segja að hann sést í opinberum gögnum á flandri hingað og þangað um sveitir landsins og árið 1822 barnaði hann ungu heimasætuna á Litlu Hámundarstöðum í Stærri-Árskógssókn. Þangað hafði Illugi ráðið sig í vinnumennsku árið áður og náð að heilla Arnfríði upp úr skónum.² Barnið þeirra saman fæddist hinn 19. júní og hefur kannski verið skírt í höfuðið á móður Illuga, Guðríði Magnúsdóttur. Guðríður litla lést hins vegar á fyrsta aldursári og Illugi flutti burt úr Eyjafirðinum.³ Hann var lengi í vinnumennsku í Grýtubakkahreppi en andaðist síðan hinn 5. desember árið 1842, aðeins fjórum dögum á undan Guðrúnu.

1 Jónas Jónasson (1802) og Sigurbjörg Pálsdóttir (1801) eignuðust þrjú börn saman, Guðrúnu (1827), Jónas (1833) og Sigtrygg (1840) sem var nýfæddur þegar Guðrún kom þangað.

2 Arnfríður Benediktsdóttir (1795) eignaðist aðeins þetta eina barn með Illuga.

3 *ÞÍ* – Stærri-Árskógur BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1846.

16. Hluti af stærri heild

Fyrr í bókinni velti ég upp þeirri spurningu hvers virði lítið brot eins og sjálfsævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur er þegar varpa skal ljósi á fortíðina? Einnig kom til álita hversu góður spegill slík textabrot eru yfirleitt? Með aðferðum einsögunnar hef ég nú gert tilraun til að skerpa þá mynd af lífi Guðrúnar sem finna má í sjálfsævisögunni. Með hjálp opinberra heimilda, auk hverskyns ættfræði- og byggðasögurita, hef ég reynt að fylla upp í eyður og byggja upp heilsteypta mynd af hennar eigin lífi sem og því samfélagi sem Guðrún lifði og hrærðist í. Þótt erfitt sé að skilgreina persónuleika Guðrúnar út frá svo takmörkuðum heimildum, hvað þá að alhæfa um fortíðina, er þessi rannsóknarvinna þess virði fyrir þá sök eina að hér er um einstæða heimild að ræða sem með ákveðinni aðferðafræðilegri tilraun fær nýtt líf hér á þessum síðum.

Saga íslenskra alþýðukvenna hefur hingað til að litlu leyti byggst á heimildum frá þeim sjálfum þar sem lengi var álitid að ekkert hafi varðveist af sjálfstjáningu 18. og 19. aldar kvenna úr alþýðustétt. Rannsóknir mínar hafa í fyrsta lagi leitt í ljós að töluvert meira efni er til um ævi og störf kvenna á umræddu tímabili en álitid hefur verið. Mikið af þessum heimildum eru hins vegar bortakennd og oft erfitt að rýna í samhengi þeirra. Í öðru lagi tel ég að mér hafi tekist að sýna fram á, með aðferðum einsögunnar, að hægt sé að setja fram kenningar eða tilgátur um líf íslenskra kvenna út frá fjölbreyttri flóru heimilda.¹ Allt þetta hef ég nýtt mér í þessu verki með það í huga að sýna

1 Sigurður Gylfi Magnússon segir það meðal annars hafa verið eitt af vandamálum margra sem fjallað hafa um sögu kvenna á Íslandi hve lítinn greinarmun þeir hafa gert á heimi

fram á hvernig ein kona – fátæk vinnukona – á síðari hluta 18. aldar og á fyrri hluta hinnar 19. náði að fóta sig við afar erfiðar aðstæður þess tíma.

Sagnfræðingurinn Sigríður Matthíasdóttir bendir á að með uppgangi borgarastéttar í Evrópu á 19. öld hafi fylgt aukin áhersla á sérstakt eðli kvenna sem væri órökvíst, óútreiknanlegt og veikt. Lögð hafi verið áhersla á að konur væru tilfinningaríkar en ósjálfstæðar frá náttúrunnar hendi.¹ Hér má spyrja: Endurspegla þessi opinberu viðhorf (karla) endilega sjálfsmynd íslenskra kvenna á 18. og 19. öld? Það liggur alls ekki fyrir að þetta sjónarhorn hafi skilað sér inn í íslenskt sveitasamfélag 18. og 19. aldar. Þvert á móti er eins líklegt að önnur sjónarmið hafi gilt þar vegna þess að sveitasamfélagið laut öðrum lögmálum en hið borgaralega. Þetta átti sérstaklega við um konuna og stöðu hennar í samfélaginu. Skilin milli karla og kvenna voru í reynd töluvert ólík því sem gerðist víða í hinu borgaralega samfélagi.

Í tímaritinu *Sögu* frá 1997 er að finna grein eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur sem fjallar um sjálfsmótun kvenna en þar kemur þetta fram: „Sendibréf frá 19. öld sýna að sjálfsmynd þeirra mótaðist af ríkjandi kvenímynd. Þær reyndu eftir bestu getu að standa undir þeim væntingum sem til þeirra voru gerðar sem húsmæðra. Konur sögðust skammast sín fyrir að vilja eitthvað annað en konustörf.“² Um menntun kvenna segir Erla Hulda að stúlkur á 19. öld hafi ekki aðeins búið við stéttaskiptingu þar sem þær fátæku fengu síður bóklega menntun en hinar efnameiri heldur einnig þá staðreynd að kynferði þeirra kom í veg fyrir bóknám. Hún segir menntun kvenna hafa markast fyrst og fremst af því sem talið var gagnlegt í lífi og starfi, þ.e. hefðbundin heimilisstörf og útivinnu. Erla Hulda segir konur því almennt

millistéttarkvenna og kvenna úr alþýðustétt og tekur sem dæmi bókina *Íslandsdætur* eftir Símon Jón Jóhannesson og Ragnhildi Vigfúsdóttur. Sjá grein Sigurðar Gylfa „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 140.

1 Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík, 2004), bls. 31.

2 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, bls. 64–65.

séð ekki hafa átt nema um tvennt að velja, annaðhvort að gifta sig eða vera í vinnukonustöðu ævilangt.¹ Hafa verður í huga að kostir karla voru ekki ýkja frábrugðnir; vinnumennska eða búhokur eftir þrítugs aldurinn varð einnig hlutskipti þeirra langflestra. Í ljósi þess má spyrja: Eru þessar konur sem Erla Hulda ræðir um dæmigerðir fulltrúar íslenskra kvenna á 19. öld? Hvað merkir það að skipa sér í sveit með vinnukonum landsins? Var hlutskipti þeirra allra það sama eða má finna ólík afbrigði af kjörum þeirra og háttum?

Ég held því fram að þessum spurningum hafi ekki verið svarað að neinu marki hingað til innan fræðanna. Mynd fortíðar hefur oftan en ekki verið dregin upp með stóru strokunum og þar hafa heilu stéttirnar fengið sína einföldu staðalmynd, mynd sem hefur átt að endurspeгла líf fjöldans. Ég hygg að mér hafi tekist að sýna fram á að saga Guðrúnar Ketilsdóttur gefi ágætt tækifæri til að sýna fjölbreytta stöðu kvenna í samfélögum fyrri alda þegar aðferðum einsögunnar hefur verið beitt.

Þar sem sáralítið hefur varðveist af sjálfstjórningu alþýðufólks frá tímabilinu endurspeгла sögulegar heimildir fyrst og fremst viðhorf og hagsmuni fámennrar millistéttar. Sjálfsmýnd alþýðukvenna á 18. og 19. öld var frábrugðin sjálfsmýnd millistéttarkvenna; það er hægt að fullyrða. Í greininni „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“ fjallar Sigurður Gylfi Magnússon um ólíkar birtingarmyndir sjálfsins í samfélagi sveitanna annars vegar og hins vegar í hinu borgaralega samfélagi þéttbýlisins. Þar heldur hann því fram að mýtan um konuna og kynjaskiptinguna hafi verið mótuð af góðbændum og talsmönnum millistéttarinnar en hafi ef til vill verið framandi þeim alþýðukonum sem gengu til tilfallandi starfa sem daglegt líf krafðist.² Til að mynda birtist Guðrún Ketilsdóttir lesendum sjálfsævisögunnar ekki þjökuð af minnimáttarkennd og skorti á sjálfstrausti. Þvert á móti kemur hún manni fyrir sjónir sem sterkur og hæfileikaríkur einstaklingur með mikla réttlætiskennd sem leitaðist við að skapa sjálf eigin örlög. Með

1 Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð“, bls. 58–59.

2 Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld?“, bls. 168–170.

Því að beita aðferðum einsögunnar hefur tekist að staðsetja Guðrúnu sjálfa í sínum eigin tíma – samfélagi sem geymir ekki margbrotinn vitnisburð um stöðu kvenna af alþýðustétt. Með aðferðinni tel ég mig hafa opnað leið að umfjöllun um fjölmargar aðrar konur sem legið hafa óbættar hjá garði í handritasöfnum, oft gleymdar og grafnar í hugtakanotkun fræðimanna og skráningarkerfi safnanna.

Margt sem hér hefur komið fram bendir til þess að Guðrún Ketilsdóttir hafi verið atorkumikil manneskja. Samkvæmt vitnisburði presta var hún alla tíð iðin og dugleg en húsbændur hennar voru hins vegar misjafnir og henni leið ekki alltaf vel þar sem hún bjó. Guðrún var sú fyrsta af systkinum sínum sem hafði dug til að fara að heiman í vist. Hún var ung komin í þjónustu sýslumanns og afköst hennar við vinnuna voru mikil. Þegar Guðrún bjó í Teigi var vinnuframlag hennar metið til jafns á við karla og fékk hún laun samkvæmt því. Þegar hún kynntist Illuga Jónssyni átti hún töluvert af verðmætum og hún var „sjálfstæð“ í vistinni allt fram að áttæðu.

Ár Guðrúnar á Espihóli reyndust henni mjög lærdómsrík en þar tileinkaði hún sér þekkingu og færni sem gerðu hana að eftirsótttri vinnukonu sem naut virðingar hreppsþúa. Eftir erfitt hjónaband með Illuga Jónssyni stóð hún eftir allslaus og missti frá sér soninn sem settur var á sveit. Guðrún fór þá aftur í vinnumennsku en var þá ekki heppin með húsbændur ef marka má sjálfsævisöguna. Hún stoppaði stutt á hverjum stað og kvartaði undan lélegum aðbúnaði og vondum húsbændum. Samkvæmt skráningum í sóknarmannatali bjó Guðrún að meðaltali í tvö ár á sama heimili allt sitt líf eða á yfir 40 heimilum.¹ Rétt um áttætt finnst hún í sóknarmannatali með stöðuheiti sem henni hefur eflaust þótt lítil virðing að, hreppsómagi og niðurseta.²

Meðan á lokafrágangi bókarinnar stóð fékk ég óvænt fregnir af tveimur uppskriftum sem til voru af sjálfsævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur. Önnur fannst varðveitt á Héraðsskjalasafninu á Húsavík

1 Guðrún finnst skráð á 35 bæjum um ævina en óvíst er hvar hún er í um 15 ár. Því er hugsanlegt að hún hafi í heildina dvalið á yfir 40 bæjum á þeim 84 árum sem hún lifði.

2 ÞÍ – Munkaþverá BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1847.

og ber safnmarkið *HskjPI* – E-121/8 en hin uppskriftin er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns Íslands undir safnmarkinu *Lbs* 19 NF. Við nánari skoðun virtust báðar uppskriftinrar vera mjög líkar þeim uppskriftum sem til voru af sjálfsævisögunni og bættu því litlu við fyrri greiningu mína. Enn tel ég handrit *ÍB* 883 8vo komast næst upprunalegu gerð sjálfsævisögunnar. Það er hins vegar gaman að segja frá því að handrit *Lbs* 19 NF er uppskrift eftir konu og sennilega skráð í kringum aldamótin 1900. Það var skáldkonan Ólöf Sigurðardóttur sem hafði skrifað upp ævisögu Guðrúnar Ketilsdóttur en hún bjó á Hlöðum með eiginmanni sínum frá árinu 1888 og kenndi sig ætíð síðar við þann bæ. Sagt er að á meðan Ólöf hafi búið á Hlöðum hafi hún varla farið á aðra staði en að Möðruvöllum og Hofi þar sem Guðrún Ketilsdóttir einmitt bjó með Illuga um aldamótin 1800.¹ Uppskriftin sem fannst á Héraðsskjalasafni Þingeyinga er eftir Jóhannesar Laxdal frá Tungu á Svalbarðsströnd og er líklega 20. aldar uppskrift og því skrifuð eftir að sjálfsævisaga Guðrúnar var gefin út í tímaritinu *Grímu*.²

- 1 Tekið upp úr kaflanum „Meira skáld en margir hygga“, þar sem fjallað er um ævi Ólafar frá Hlöðum í bók Bjargar Einarsdóttur, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna* I (Reykjavík, 1984), bls. 300–323.
- 2 Jóhannes Laxdal var fæddur 1891 og var því á fertugsaldri þegar sjálfsævisaga Guðrúnar kom út í *Grímu* en hann dó árið 1979.

VIÐAUKAR

Stafrétt útgáfa af elsta handritinu

ÆFISAGA GUÐRÚNAR KJETILSDÓTTUR

Nú er þar til máls að taka þar sem jeg var barn í reifum í teygi fæddist jeg á Sámstöðum þá átti Gísli minn í gröf gráa meri undan hverri komin var Prófastshesturinn og allir bestu hestarnir hans hana setti jeg ofan á eyjafjarðar bakka og fleigði mér af henni firir ofan Siðrahól og átti ekki von á leingra lífi æfina mjna j gröf allir vissu hún var bölbúð Marja hafði geitur og alt var eins boli drap hann þaðan fór jeg til Páls á Þórustöðum hann átti bágt og viljinn var eins hann hafði af mer gráu gimbrina mína og var manna víðsjálastur firr vildi jeg gánga á höfðinu en vera þar og fór þvj til Guðmundar í Kaupáangi hann var mér besti maður og var jeg þar í mesta gængi og allir elskuðu mjg þvj jeg kom allstaðar fram til góðs og betur gengdi og vistaðist jeg í sjgluvík og var beðinn af mörgum en enginn vissi þetta þá kvað karl vjsu þvj hann var skáldi enn jndurdförull mjög. Kvað mun þessi reftarún ræði jeg um það á meðan enginn veit hvað ætlar hún út eða suður héðan þegar jeg var þángað komin þá vóru þar sjómenn meðal hverra einn var frá hrafmagili sá bölvaður refur og het Íllhugi álitlegur maður en margur hilur úlfinn undir sauðar gærunni svo var um hann bauð han mér alla þenustu en ókunnugur varningur firrir margan fje hann var með bjart hár í blarri peisu grænum bol hatt og góða skó þá kom tilhugalífið með okkur Íllhuga jeg átti 5 Kistur þar var meira í þeim enn mirkrið tómt í einri vóru rúsjnur og laumaði jeg í hann af þeim þvj jeg hugsaði að þetta væri maður en ekki djöfull svo tældi hann mjg í

búskap að Kristnesi og átti jeg þó súrtunnu um haustið og margt þar
 njðri Björg stal öllu steini ljéttara og allt var í laumi þeirra á mjllum
 þá fór hann í sitt hóru rí og fór stelpu af stelpu en jeg mátti slama og
 þeija og ergist hvur með aldrinum beislið tíndist tvær brauðkökur gaf
 jeg þá og feitt á milli fann jeg prófast guð hjálpi Íllhuga sagði hann
 en jeg kvað nei við því jeg meinti hann væri að tala um líklana¹ Mósa
 mín gufaði fram úr öllum hestum á hvamsbökkum og reið jeg þa fram
 með héraðsvötnunum og hundurinn með mér. Fríbon samson hann
 var undan danska sámm með þorskhöfða kjppu á bakjnu kom hann þá
 með eitt og eitt og rjetti að mer og veisludaginn átti guðmundur á
 Stokkahlöðum hund sem hjet Tígris hann reif júrið og rassgörnina úr
 eirnri ánná minni ærin var útá þverárdal en rassgörninn inná vöðluheiði
 beið hún dauðan af þessu versnaði Íllhuga af þessu² því hann var
 þræll og fantur nema við hórur sínar sem hann lá í henni þá jón minn
 og ól eg han upp og líktíst han mer með djgð og ráðvendni fórum við
 þá að hofi og áttum 14 gimbrar og kvígu hann fór með það í sínar
 bölvaðar skuldir og sagði eg þá laust við hann tók hann þá af mér
 fötin hann var í 50rd skuld í kaupstað, þaug hlupu 20rd og hafði hann
 þá til góða 16rd og hafði hann þá handa Kristínu því hann lá í henni
 eins og brókinni sinni daindis að var Jón minn konfermeraður enn
 lappunnir vóru grautarnir þar og aungvan bita fiekk hann firir utan
 mat sinn þá fór jeg að Barði í Fljótum var þar um nóttina þorsteirn
 vildi fá mjg til filgilags en jeg beit af mer Guðmundur í Hamarkoti
 vildi það og eirninn en jeg var ráðvandari enn svo að jeg lægi undir
 hvurjum sem hafa vildi lá jeg þá úti á klaufabrekkum vorlóna nóttina
 í sólskini og sunnanvindi að kominn dauða Guðbjörg gaf mier svarta-
 brauð að endurnæringu fór jeg þá í Eyafjörð gekk mer vel fór jeg að
 Stórhóli í vist var þar í mesta fjirlæti fór³ til grasa þaðan norður að
 Mívatni þá var jeg falleg þá var jeg með kvíta tauma ofan með nefinu
 rauða diska í kinnnum bláeigð smáeigð hafinn brínd brúkaði vænan

1 Hér er skrifað út á spássúna: „hér er kaflí firir aptan sem her var“. Viðbæturnar eru síðan
 aftan við sjálfsævisöguna.

2 Hér hefur verið strikað yfir orðin, því han var.

3 Hér hefur verið strikað yfir orðið, þaðann.

fald og rauðan silkiklút um höfuðið og borða lagða hempu jfirum þverar herðarnar alt var eptir þessu þá var jeg þéruð af öllum þá sögðu þeir sælar veri þér og komið þér sælar en nú sega þeir allir þarna fer kelíngar skrattinn hún Guðrún Ketilsdóttir vel er eg metin af góðum mönnum því ekki gjöra þetta nema bölvaðir gárúngarnir sem ekki skeita um guð nje menn reið eg þá í bað og maður með mér þegar hann sá mig bera vildi hann fá mjg til filgilags en jeg varðist brinju búin og ljet hann ekki fá það kom jeg þá heim með grösín á stórhóli og vóru það 9 tunnur og var það nó í stóru örkina þar æfinlega þegar jeg kom að grund gaf blessuð frúin mér bæði mat og kaffi en þegar Kammerráðið heirði mjg tala þá sagði hann hvaða bölvaður gjallandi er í þer Guðrún Ketilsdóttir geturðu ekki haft ögn lægra¹ en jeg sagði hann skildi hafa bölvaða skömm firir það því guð hefði gefið mer málið einsog honum enn aldrei þorði jeg að hafa það svo hátt að hann heirði það síðan var eg híngað og þángað í vistum varð undir regiementi Sigfúsar á Siðra laugalandi kom hann mer á siðra tjörnum til Sigurðar þar varð eg þar firir skaða firir bölvaðan gapaskapinn úr hönum misti lás kostaði 24^s á siglufirði og gaf jeg firir hann 1rd sulturinn þar á tjörnum verður mer firir minni þar keipti jeg skammrif að Magnúsi þaug vóru fjórar merkur og fjöritju runnu þaug upp af merkju át jeg soðið alt með spæni hljóp það upp í höfuðið á mer lá jeg í viku og ber það síðan fjeck 24 afkoppur og margar smærri þar fékk jeg svarta gimbur og sagði jeg hönum að hann tæki útsvarið undir sjálfum sér datt hann þar í kórinn djöfullinn sá arna Sigfús er mér að sönnu nóu vænn þó teimdi hann sjldina um hlaðið og svei þeirri ögninni hann gaf mér og aungvan þrjónshnapp af lakrísrót leggur hann mer mjg vantaði ærnar mínar þegar jeg var í koti og bað um halldór góða á laugalandi og fór hann á mig upp í stalli og kostaði mjg það dagsverk og vildi jeg vinna það til setti hann mjg jfir kot skómakarans var jeg þar snéri jeg hönum snöru hann var guðlaus maður og skammaktugur og fór í ýlt með okkur hann óskaði að sá gamli kæmi og heingdi mig við góða foss greip mig þá reiði og rólaði eg þá suður

1 geturðu ekki haft ögn lægra er bætt við á milli lína með sömu hendi.

að laugalandi og klagði fantinn þar var mér gefin hákalls biti og með það fór jeg að Grítu var þar eitt ár Helga fór seint á fætur og mátti jeg raka þrjár engja dagsláttur á dag og fjekk litlar þakkjr firir í kaupángi var jeg með allri : æfin mín þar hún var dauf Árni minn er að sönnu værn maður en opt kemur svart lamb undan kvítri á og svo mátti segja þar á Þórustöðum var eg með allri skömm og svivirðingu Golmóótta gimbrin var allt í öllu hálf sögð er sagan jarðepla skeppa var með og glundur fór jeg þaðan um haustið það var alt kaupið á ytritjörnum jeg hafði lítið samræði við fólk hann sendi hundinn upp í baðstofuna og sinaðist mér þá ergist hvur með aldrinum og svo fór um mig og öll varðgjár veran mín var stundleg æfisagan Magnúsar gamla er einlægt í brjósti mínu og hana seii jeg hverjum sem hafa vill enda er hann orðinn sjónlaus og mörgum kemur makleg hemd þegar jeg rjeðst í kaupangssel gaf jeg séra Hallgrími margan brennivíns dropa og hafði sjö á bakinu þrjónasessan mín tíndist síðan náði jeg aldrei sakra mentinu og bágt er að róa einrri ár ef á sjó er farið. hugrún flæktist þángað því að enginn vildi hafa hana og varð jeg að skjóta skjóli yfir hana ásinn datt inn úr hrofinu enn han var harður í horn að taka heilla maðurinn setti hrigginn undir en var stuttur og jeg hjálpaði þar til af öllum mætti með það tók jeg hundinn af hugraúnu og gaf hún okkur saman sullu kollu og hamsa kvartil en þetta forsló lítið handa báðum

*Síðann fór jeg vestur að brákum í skagafírði þar mátti jeg verka brókjana af þorláki rapti sem var full með lús og ræpu þaðan fór jeg norður í Klaufabrekku til grasa jeg hafði að sönnu nóg að vögstunum að jeta en það var meira skítur en matur síðan sagði jeg mig lausan við skaga fjörðinn og fór aptur norður í eiafjörðinn

Endir.

Útgáfan í Grímu

ÆFISAGA GUÐRÚNAR KETILSDÓTTUR

Rituð eftir sögusögn hennar sjálfrar

Guðrún Ketilsdóttir, sem venjulega var kölluð Gunna „suða“, var uppi á fyrri hluta 19. aldar og hefur sennilega dáið laust fyrir miðja öldina. Síðustu árin var hún á flækingi um Öngulsstaðahrepp. Gunna var símasandi, hvar sem hún var stödd, og þegar hún var ein á gangi á milli bæja, talaði hún við sjálfa sig, svo suðan heyrðist langar leiðir. Í ákafa sínum að tala slengdi hún öllu saman í einn hrærigraut, svo að erfitt var að fylgjast með efninu; ber æfisagan þess glögglega vottinn. – Þegar Gunna var gömul orðin, kom hún eitt sinn að Syðra-Laugalandi til Sigfúsar hreppstjóra Jónssonar (d. 1855); þá var hún beðin að segja æfisögu sína og var sagan rituð upp jafnóðum og Gunna sagði frá. Birtist sagan hér óbreytt að öðru en því, að nokkur klúryrði eru hefl-uð, án þess þó að merking raskist. – Nokkrar neðanmálsgreinar fylgja, efninu til skýringar.

Nú er þar til máls að taka, þar sem eg var barn í reifum í Teigi; fædd-ist eg á Sámsstöðum. Þá átti Gísli minn í gröf gráa meri, undan hverri kominn var prófastshesturinn og allir beztu hestarnir hans. Hana sótti eg fram á Eyjafjarðarárþakka, en fleygði mér af henni fyrir ofan Syðra-Hól, og átti eg eigi von á lengra lífi. Æfina mína í Gröf vissu allir; hún var bölvuð. Þá fór eg til Páls á Þórustöðum; hann átti bágt, og viljinn var eins. Hann hafði af mér gráu gimbrina mína og var allra manna viðsjálastur; heldur vildi eg ganga á höfðinu en vera þar. Eg fór því til Guðmundar mín í Kaupangi¹; hann var mér bezti maður; enda var eg í góðu gengi og allir elskuðu mig; því að eg kom allstaðar

1 Guðmundur hreppstjóri í kaupangi var kvæntur Ruth skáldkonu frá Ljósavatni.

fram þar sem betur gegndi. Samt vistaðist eg í Siglufík; var eg þá beðin af mörgum, en enginn vissi neitt um það. Þá kvað karl vísu, því að hann var skáld, en undirföruhl mjög:

Hvað mun fara refluín?
Ræði eg það á meðan.
Enginn veit hvert ætlar hún
út eða suður hédan.

Pegar eg var þangað komin, voru þar sjómenn, meðal hverra einn var frá Hrafnagili, er Illugi hét, mesti bölvaður refur, en álitlegur maður; en margur hylur úlfinn undir sauðargærunni, og svo var um hann. Hann bauð mér alla þjónustu, en ókunnugur varningur firrir margan fé. Hann var með bjart hár, mannskrattinn, á blárri peysu og grænum bol, með hatt og í fallegum sokkum, með góða skó á fótum. Þá kviknaði tilhugalífið með okkur, sem aldrei skyldi verið hafa. Ég átti þá fimm kistur, og var meira í þeim en myrkrið tómt; nokkuð af rúsinum átti eg í einni, og laumaði eg oft í hann af þeim, því að eg hugsaði að hann væri maður, en ekki djöfull. Svo tældi hann mig í búskap að Kristnesi um vorið; átti eg þar sýrutunnu um haustið og margt þar niður í. Björg stal öllu steini léttara og allt var í launpukri milli þeirra. Þá fór hann í sitt kvennafar frá einni stelpunni til annarar, en eg mátti sluma og þegja og ergist svo hver með aldrinum. Beizlið týndist. Tvær brauðkökur gaf eg á milli og feitt kjötstykki. Fann eg nú prófastinn.¹ „Guð hjálpi Illuga“, sagði hann, en eg kvað nei við, því að eg meinti hann væri að tala um lyklana. – Mósa mín geysti fram úr öllum hestunum á Hvammsbökkum og var hundur með mér, sem hét Tríbon Sámsson; hann var undan danska Sám, – með þorskhausakippu á handlegg; kom hann þá með eitt og galti að mér. Og veizludaginn² átti Guðmundur á Stokkahlöðum hund, sem Tigrís hét; hann reif jógrið og rassgörnina af einni ánni minni; ærin var

1 Það hefur verið séra Magnús Erlendsson, er var prestur á Hrafnagili og prófastur í sýslunni 1803–1836.

2 Eftir því hefur Guðrún gifzt Illuga.

úti á Þverárdal, en rassgörnin fannst úti á Vaðlaheiði og beið hún dauðann af þessu. Versnaði nú Illugi, því að hann var bæði þræll og fantur að öllu, nema bara við stelpuflennur, sem hann var í tygjum við. Kom þá Jón minn og ól eg hann upp; líktist hann mér að ráðvendi. Fórum við að Hofi og áttum við 14 gimbrar hvítar og kvígu rauðhjálmtóttar. Hann fór með það allt inn í kaupstað í sínar bölvadar skuldir og sagði eg þá skilið við hann. Tók hann af mér fötin; hann var í 50 ríkisdala skuld; þau hlupu á 20 ríkisdali og hafði hann til góða 16 ríkisdali, og þá hafði hann handa Kristjönu, því að hann elti hana eins og dilkur. Dável var Jón minn konfirmeraður, en lappunnir voru grautarnir þar og engan þrjónshnapp fékk hann þar, fyrir utan mat sinn. Fór eg þá ein með barnið út að Barði í Fljótum og var þar um nóttina. Þorsteinn leitaði ásta við mig, en eg beit hann af mér. Guðmundur í Hamarkoti vildi að einnig, en eg var ráðvandari en svo, að eg væri hverjum strák að vilja. Lá eg þá úti í Klaufabrekkum vorlanga nóttina í sólskini og sunnanvindi, aðkomin dauða. Guðbjörg gaf mér svartabrauð og endurnærði mig. – Fór eg þá í Eyjafjörðinn minn og gekk vel. Vistaðist eg á Stórahóli¹ og var þar í mesta yfirlæti. Fór eg til grasa þaðan norður að Mývatni. Þá var eg falleg að sjá, með rauða diska í kinnunum og hvíta tauma niður með nefninu, bláeyg og smáeyg og hafinbrýnd, brúkaði vænan fald og rauðan skýluklút um höfuðið og borðalagða hempu yfir þverar herðarnar, og allt var eftir þessu. Þá var eg þéruð af öllum og sagt: „Komið þér sælar! Sælar verið þér!“ En nú segja allir: „Þarna kemur skrattans kerlingin hún Guðrún Ketilsdóttir!“ En vel er eg metin hjá öllum góðum mönnum, því að ekki segja þetta nema bölvadir gárungar sem hvorki skeyta um guð né menn. Reið eg þá í bað og maður með mér, en þegar hann sá mig bera, gerðist hann ástleitinn við mig, en eg varðist sem úlfur brynjubúinn og þurrkaði mig af honum. Kom eg þá heim að Stórahóli með grösín; það voru fjórir hestar klyfjaðir og níu tunnur og var það nóg í stóru örkina. – Síðan var eg hingað og þangað í vistum, og síðan

1 =Eðsþihóli.

var eg undir regimenti Sigfúsar mín í Laugalandi.¹ Hann kom mér að Syðri-Tjörnum til Sigurðar og sótti mig að Hóli. Varð eg þá fyrir skaða fyrir bölvadan gapaskapinn úr honum, missti lás, sem kostaði ríkisort á Siglufirði og gaf eg ríkisdal fyrir hann. Sulturinn á Tjörnum, hann verður mér í minni; keypti eg þá skammrif af Magnúsi; þau voru tvær merkur og fjörtíu; runnu þau af merkju og át eg soðið allt með spæni; hljóp það í höfuðið á mér, svo að eg lá í viku, og ber það síðan. Fékk eg þá síldarfjórðung og bar eg hann; fékk svarta gimbur og sagði, að hann gæti tekið útsvörin allra undir sjálfum sér; – datt hann þar í flórinn, djöfullinn sá arna.² Sigfús er mér að sönnu vel; þó teymdi hann ílátin um hlaðið, en svei þeirri bröndunni hann gaf mér og engann þrjónshnapp leggur hann mér til af lakrísrót.³ Vantaði mig ærnar mínar þegar eg var í Koti, og bað eg um Halldór góða á Laugalandi; fór hann þá til mín upp á stallinn; það kostaði dagsverk og vildi eg til þess vinna;⁴ – setti hann mig yfir í Kot, skómakarans, og sneri eg honum Snorra.⁵ Hann var guðlaus og skammagtugur; það á ekki við mig; það fór í illt með okkur. Hann óskaði að andskotinn kæmi og hengdi mig við Goðafoss. Greip mig þá reiði og rólaði eg niður að Laugalandi og kлагаði fantinn.⁶ Var mér gefinn hákarlsbiti og með það fór eg. – Á Grýtu var eg eitt ár. Helga fór seint á fætur, og mátti eg raka þar þrjár engjadagsláttur á dag og fékk litlar þakkir fyrir. Í Kaupangi var eg, en æfin mín þar, hún var dauf. Á Þórustöðum var eg með allri skömm; golmögótta gimbrin var allt í öllu, hálf sögð er

1 Sigfús Jónsson hreppstjóri á Laugalandi var merkismaður að mörgu. Honum er það að þakka að æfisaga þessi hefur verið skrásett.

2 Svo er að sjá sem Gunna hafi verið krafín um útsvar úti í fjósi; hefur hún svarað illu til, en innheimtumaðurinn dottið í flórinn.

3 Gunnu hefur auðsjáanlega þótt góð lakrísrót, og þó að henni liggi gott orð til hreppstjórans, þá þykir henni hann of spar á útlátum til þessa sælgætis.

4 Þessa endileysu ber víst að skilja þannig: Gunnu hefur vantað ærnar; hún hefur beðið Halldór að leita með sér að þeim; hafa þau leitað um stallana fyrir ofan Kot, en hjálpar Halldórs hefur hún orðið að greiða með dagsverki.

5 Hafði eg Snorra til snúninga.

6 Gunnu og Snorra hefur samið illa. Auðskilið er, að þau hafa hitzt við Goðafoss í Þverá, sunnan við Munkaþverá; á það benda orðin: *niður að Laugalandi*, þegar hún fer að kлага fyrir hreppstjóranum.

sagan, kartöpluskeffa var með og glundur. Fór eg þaðan um haustið; það var allt kaupið. Á Ytri-Tjörnum hafði eg lítið saman við fólkið að sælda. Hann sendi hundinn upp á baðstofuna, og sinnaðist mér þá, ergist svo hver með aldrinum, svo er um mig og alla. – Varðgjár-veran mín var stundleg; æfisaga Magnúsar er í brjósti mínu, og hana segi eg hverjum, sem hafa vill, enda er hann orðinn sjónlaus; mörgum kemur makleg hefnd. – Þegar eg reisti í Kaupangssel, gaf eg séra Hallgrími mínum margan brennivínsdropa og hafði sjö á bakinu.¹ Þrjónasessan min týndist; síðan næ eg aldrei sakramentinu,² – bágð er að róa einni ár. Hugrún flæktist þó hingað, því enginn vildi hafa hana; varð eg þá að skjóta skjólshúsi yfir hana. Ásinn datt inn úr hrofinu, en heillamaðurinn var harður; hann var þar staddur, rak hrygginn undir og lagði alla lífs og sálarkrafta þar til og tók hundinn af Hugrúnu. Gaf hún mér sullkollu með honum og hamsakvartil; það forslær lítið handa báðum.....³

- 1 Á líklegast að skiljast svo: Gunna hefur verið á leið úr kaupstað með sjö ýsubönd (?) á bakinu og brennivínspela í pilsvasanum; hefur hún hitt séra Hallgrím á leiðinni og gefið honum að súpa á. – Séra Hallgrímur Thørlacius var prestur á Hrfnagili 1838–1859.
- 2 Gunna hefur auðsjáanlega ekki kunnað við að ríða sessulaust til kirkjunnar og þess vegna farið á mis við sakramentið.
- 3 Þarna dettur botninn úr allt í einu og er líklegast, að sagan hafi aldrei verið lengri.

Dvalarstaðir Guðrúnar Ketilsdóttur 1759–1842

Hér hefur æviferil Guðrúnar verið skipt upp í þrjú lífskeið sem marka tímamót í lífi hennar eða ákveðnum þáttaskilum. Ferill Guðrúnar á milli ára og tímabila er í raun magnaður eins og töflurnar hér á eftir sýna. Hreyfanleiki hennar, og fólks í svipuðum sporum og hún var, reyndist vera mikill og markaði djúp spor í líf fólks. Það að vera á sífelldu flakki á milli heimila og jafnvel byggðalaga hefur sett sinn svip á afstöðu fólks til lífsins þannig að það náði eiginlega hvergi að festa rætur. Ég hef kosið að skipta lífi Guðrúnar niður í þrjú æviskeið og sýna hvar hún bara niður frá einum tíma til annars. Fyrstu 30 árin afmarka bernskuna og ungdómsárin, þann tíma sem tekur Guðrúnu að eignast verðmæti og vinna sig upp í vinnumennskunni. Á þeim árum má sjá að hún fer ekki langt frá fjölskyldu sinni í Teigi í Hrafnagilshreppi. Næsta skeið markar sennilega bestu árin í lífi Guðrúnar, eða árin frá því að hún var 30 ára til 44. Þá dvelur hún á efnameiri heimilum og nýtur virðingar í nærsamfélagi sínu. Hún verður ástfangin af Illuga Jónssyni og þau giftast og eignast barn saman. Guðrún verður síðan húsfreyja á eigin heimili. Þriðja og síðasta lífsskeið Guðrúnar markar síðan efri ár hennar í vinnumennsku þar sem Guðrún er fráskilin og einmana. Þá er hún 44 ára en hún deyr 83 ára gömul. Samkvæmt sjálfsævisögunni var hún þá orðin bitur og fannst fólk bera litla virðingu fyrir sér. Hennar beið þá fátt annað en að enda ævina sem niðurseta á framfæri hreppsins.

Ekki hefur tekist að staðsetja Guðrúnu á hverju ári en oft var mögulegt að finna í hvaða sókn hún var þó bærinn væri ekki tilgreindur. Alls vantar 15 ár úr lífi Guðrúnar og er sá tími merktur sérstaklega í töflunum.

Fyrstu 30 árin


Tímabil	Aldur	Staðir
1759–1761	0–2	Sámsstaðir, Öngulsstaðahreppi
1761–1771	2–12	Teigur, Hrafnagilshreppi
1771–1774	12–15	Vaglir, Hrafnagilshreppi
1774–1777	15–18	Gröf, Öngulsstaðahreppi
1777–1778	18–19	Hrafnagilshreppi
1778–1784	19–25	Öngulsstaðahreppi
1784–1785	25–26	Jóðísarstaðir, Öngulsstaðahreppi
1785–1787	26–28	Teigur, Hrafnagilshreppi
1787–1789	28–30	Klúkur, Hrafnagilshreppi


Árin þegar Guðrún var á milli 30 og 44 ára gömul

Tímabil	Aldur	Staðir
1789–1791	30–32	Espihóll, Hrafnagilshreppi
1791–1793	32–34	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1793	34	Sigluvík, Svalbarðstrandahreppi
1793–1794	34–35	Kristnes, Hrafnagilshreppi
1794–1795	35–36	Grund, Hrafnagilshreppi
1795–1796	36–37	Stokkahlaðir, Hrafnagilshreppi
1796–1799	37–40	Kristnes, Hrafnagilshreppi
1799–1803	40–44	Hof, Arnarneshreppi

*Síðasta æviskeiðið frá 44 ára aldri
og fram til 83 ára aldurs*

Tímabil	Aldur	Staður
1803–180	44–45	Barð, Holtshreppi
1804–?	45–?	Stóra Brekka, Holtshreppi
1805–1810	46–51	Óvíst hvar hún er þá
1810–1811	51–52	Björk, Öngulsstaðahreppi
1811	52	Stóri Hamar, Öngulsstaðah
1811	52	Grund, Hrafnagilshreppi
1812	53	Teigur, Hrafnagilshreppi
1813	54	Kot, Öngulsstaðahreppi
1813	54	Grýta, Öngulsstaðahreppi
1814–1820	55–61	Óvíst hvar hún er þá
1820–1823	61–64	Syðri–Tjörnum, Öngulsst.
1824–1825	65–66	Óvíst hvar hún er þá
1826–1828	67–69	Sigluvík, Svalbarðstandarh.
1829	70	Óvíst hvar hún er þá
1830–183	171–72	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1831	72	Þórustaðir, Öngulsstaðahreppi
1831–1832	72–73	Ytri Tjarnir, Öngulsstaðahreppi
1832–1833	73–74	Ytri Varðgjá, Öngulsstaðahreppi
1833–1834	74–75	Kaupangur, Öngulsstaðahreppi
1834–1836	75–77	Ytri Tjarnir, Öngulsstaðahreppi
1836–1840	77–81	Kambur, Öngulsstaðahreppi
1840–1842	81–83	Stóri Hamar, Öngulsstaðahreppi





Mynd 14 – Kortið sýnir jarðir í byggð í Eyjafjallarsveit í kringum 1850 og vegagerð frá 2010.

Heimild: Ný jarðabók fyrir Ísland samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.

Myndaskrá

- Mynd 1 – Jónas Rafnar. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 2 – Jón Borgfirðingur. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 3 – Páll Eggert Ólason. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 4 – Handrit ÍB 883 8vo. Ljósmynd í eigu höfundar.
- Mynd 5 – Íslandskort Björns Gunnlaugssonar 1844. Þjóðdeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Mynd 6 – Skjöl um trúlofun Hannesar Hannessonar og Guðbjargar Hallgrímsdóttur. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands
- Mynd 7 – Skjöl um trúlofun Guðbjargar Hallgrímsdóttur og Ketils Arasonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands
- Mynd 8 – Skjöl sem sýna hvenær Guðrún Ketilsdóttir fæddist. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 9 – Skjöl um fjölda heimilismanna í Teigi. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 10 – Skjöl um hjónavígslu Guðrúnar Ketilsdóttur og Illuga Jónssonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 11 – Skjöl um fæðingu Jóns Illugasonar. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 12 – Valgerður Árnadóttir. Ljósmyndasafn Þjóðminjasafns Íslands.
- Mynd 13 – Skjöl um andlát Guðrúnar Ketilsdóttur. Ljósmynd Guðrún H. Ágústsdóttir. Þjóðskjalasafn Íslands.
- Mynd 14 – Kort af Eyjafjarðarsveit eftir Guðmund H. Gunnarsson hjá Búgarði ráðgjafapjónustu, Akureyri.

Heimildir

ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR

Einkaskjöl

Fyrirlestrar

Guðný Hallgrímsdóttir, „Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur – Sjálfsævisaga alþýðukonu eða kímnisaga af flóni.“ Fyrirlestur fluttur á málþingi Félags um átjándu aldar fræði: *Enn af ástum og örlögum á átjándu og nítjándu öld*, 18. nóvember 2006.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Tale of a Fool or a common Woman's Autobiography.“ The Scribal Culture in a Masculine Perspective. Fyrirlestur fluttur á málþingi (Pilot Course 2007) um handritamenningu í Svart-árkoti, 19.–22. júní 2007.

Guðný Hallgrímsdóttir, „Where are the women's manuscripts? Argument based on a study of the women's manuscripts of an entire nation.“ Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni *Women, Gender and the Cultural Production of Knowledge* 8.–12. ágúst 2007, University of Sofia „St. Kliment Ohridski.“ Búlgaría.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Common Woman's Autobiography or a Humorous Story of a Fool.“ Fyrirlestur haldin á málstofunni „Ordinary Writings and Scribal Culture: On the History of Writing in the Nineteenth and Twentieth Century.“ *Language and the Scientific Imagination. The 11th International Conference of International Society for the Study of European Ideas*, 30. júlí 2008, Helsinki, Finnland.

Guðný Hallgrímsdóttir, „Women's in manuscript.“ Fyrirlestur haldin á málþinginu *Ideas in the 21st Century* í ReykjavíkurAkademíunni í tengslum við heimsókn bókmenntafræðingsins Margaret J. M. Ezell, 22. júní 2008.

Guðný Hallgrímsdóttir, „A Common Woman's Autobiography.“ Fyrirlestur haldin á vegum *Miðstöðvar einsögunannsókna* á málþinginu *International Workshop on Microhistory at the Reykjavík Academy*, 25. ágúst 2008.

Guðný Hallgrímsdóttir, „..... því guð gaf mér málið eins og honum.“ Um handrit kvenna í meðförum karla“. Fyrirlestur haldin á málstofunni *Konur á köldum klaka*. Hugvísindapíng Háskóla Íslands, 26. mars 2011.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Guðný Hallgrímsdóttir, „Íslenskir hjónaskilnaðir í danska kansellíinu: Rannsókn á tíu skilnaðarmálum.“ B.A.-ritgerð frá Sagnfræðiskor Háskóla Íslands 2001 (Lbs-Hbs).

Guðný Hallgrímsdóttir, „Hulda. Sjálfstjáníning kvenna á 18. og 19. öld.“ M.A.- ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2009.

ÍB 841 8vo – Samtíningur. Safnað af Þorsteini Þorsteinssyni á Upsum.

ÍB 843 8vo – Sendibréf til Þorsteins á Upsum.

ÍB 438 4to – Margvísleg brot m.h. Geirs Vigfússonar.

ÍB 883 8vo – Tvær hendur. Handrit úr fórum Jóns Borgfirðings.

Lbs 1343–1347 8vo – Dagbækur Ólafs Eyjólfssonar á Laugalandi.

Lbs 729 8vo – Ævisaga Valgerðar Þorgeirsdóttur.

Lbs 19 NF – Einkaskjalasafn Ólafar frá Hlöðum.

Lbs 196 fol – Dagfarsvitnisburður Hallgerðar Jónsdóttur vinnukonu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

HskjAK – F-227/2-31 Sögufélag Eyfirðinga. Ábúendatal í Inn-Eyjafirði 1703–1816 eftir Stefán Aðalsteinsson.

HskjAK – H-10/1 Hrafnagilshreppur. Hreppsþók 1790–1819.

Þjóðskjalasafn Íslands

Biskupsskjalasafn

ÞÍ - Biskupsskjalasafn Bps. B VII. 5–6. Ársskýrslur um fædda, fermda, gifta og dána í Eyjafjarðarsýslu 1745–1798.

Kirknasafn

ÞÍ – Barð í Fljótum BC/3 Sóknarmannatal 1784–1831.

ÞÍ – Eyjafjarðarsýsla OA/1 Búnaðarskýrslur 1788–1865.

ÞÍ – Glæsibær BC/2 Sóknarmannatal 1817–1828.

ÞÍ – Grundarþíng/Laugaland BA/1 – BA/5 Prestsþjónustubók 1751–1879.

PÍ – Grundarþing/Laugaland BC/1 Sókarmannatal 1797–1836.
PÍ – Hrafnagil BA/2 – BA/4 Prestsþjónustubók 1754–1840.
PÍ – Hrafnagil BC/1 – BC/4 Sókarmannatal 1753–1804.
PÍ – Hrafnagil, Munkaþverá og Kaupangur BA/9 Prestsþjónustubók 1816–1847.
PÍ – Kaupangur BC/8 Sókarmannatal 1808–1847.
PÍ – Munkaþverá BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1847.
PÍ – Munkaþverá BC/1 – BC/3 Sókarmannatal 1785–1845.
PÍ – Stærri-Árskógur BA/2 Prestsþjónustubók 1816–1846
PÍ – Hrafnagil BA/1 Altariskver séra Þorsteins Ketilssonar 1713–1754.

Skjalasafn amtmanns

PÍ – Skjalasafn amtmanns II, nr. 31 Bréf Hólabiskupa til amtmanns 1763–1766.

Sýsluskjalasafn

PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri, EA1 – Manntals- og aukadómsþingbækur 1748–1759.
PÍ – Eyjafjarðarsýsla GA/2 Dómabók Eyj. IV. B. 09 1771–1788.
PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED1/2 Skiptabók og uppskriftir.
PÍ – Sýslumaðurinn á Akureyri ED2/2 Fylgiskjöl – dánarbú.

Héraðsskjalasafnið á Húsavík

HskjPI – E-121/8 Jóhannes Laxdal í Tungu.

PRENTAÐAR HEIMILDIR

Alþingisbækur Íslands X–XI (Reykjavík, 1967–1973).
 Benjamín Kristjánsson, *Eyfirðingabók. Sögur frá umliðnum öldum*. I. bindi (Akureyri, 1968).
 Björg Einarsdóttir, *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna I* (Reykjavík, 1984).
 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaafir*. 1. bindi; með skýringum og viðaukum eftir Jón Pétursson og Hannes Þorsteinsson (Reykjavík, 1881–4).
 Davíð Ólafsson, „Scribal Communities in Iceland. The Case of Sighvatur Grímsson.“ *White Field, Black Seeds. Nordic Literacy Practices in the Long Nineteenth Century* (Helsinki, 2013), bls. 40–49.
 Davíð Ólafsson, „Textinn á tíma fjöldaframleiðslu sinnar: Rannsóknir á handritamenningu síðari alda.“ *Saga* 48:1 (2010), bls. 61–97.

- Dulsmál 1600–1900: tjátán dómar og skrá.* Már Jónsson bjó til prentunar og skrifar inngang. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (Reykjavík, 2000).
- Einar Sigurbjörnsson, „Upplýsing í kristindómi.“ *Kristni á Íslandi*. III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 299–360.
- Einar Sigurbjörnsson, „Réttrúnaður í kirkju og koti.“ *Kristni á Íslandi*. III. bindi (Reykjavík, 2000), bls. 113–217.
- Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubref frá 19. öld.* Sigrún Sigurðardóttir tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenn-
ingar 3 (Reykjavík, 1999).
- Erla Hulda Halldórsdóttir, „Að vera sjálfstæð. Ímyndir, veruleiki og frels-
ishugmyndir kvenna á 19. öld.“ *Saga* 35 (1997), bls. 57–94.
- Finnur Sigmundsson, „Blaðað í gömlum réttarbókum úr Eyjafirði.“ *Eyfirð-
ingar* 1 (1968), bls. 52–64.
- Fríður Ólafsdóttir, *Íslensk karlmannaþót 1740–1850* (Reykjavík, 1999).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og
20. aldar* (Reykjavík, 1997).
- Gísli Gunnarsson, „Börn síns tíma: viðbrögð manna við náttúruhamförum í
sambengi sögunnar.“ *Skírnir* 176 (haust 2002), bls. 293–319.
- Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt sam-
félag 1602–1787* (Reykjavík, 1987).
- Gísli Gunnarsson, *The Sex Ratio, The Infant Mortality and Ajoining Socio-
tal Response in Pre-Transitional Iceland*. Meddelande från Ekonomisk-
historiska Institutionen 32 (Lund, 1983).
- Gráskinna.* Sigurður Nordal og Þórbergur Þórðarson sáu um útgáfuna. I.–IV.
bindi (Akureyri, 1928–36).
- Gríma hin nýja. Safn þjóðlegra fræða íslenskra.* 5. bindi. Þorsteinn M. Jóns-
son gaf út (Reykjavík, 1978).
- Gríma. Fjóðsögur.* Safnað hefur Oddur Björnsson, I.–V. (Akureyri, 1929).
- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld.* Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5
(Reykjavík, 1981).
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Hugleiðing um afdrif handrita kvenna.“ *Íslensk
menning II. Til heiðurs Sigurði Gyða Magnússyni* (Reykjavík, 2007),
bls. 74–80.
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Örlagasaga úr íslenskri sveit, hjónaskilnaður á fyrri
hluta 19. aldar.“ *Sagnir* 24 (2004), bls. 58–65.
- Guðný Hallgrímsdóttir, „Móðurást á 18. öld.“ *Sagnir* 22 (2001), bls. 59–64.
- Guðrún P. Helgadóttir, *Skáldkonur fyrri alda II* (Reykjavík, 1995).
- Guðrún Ingólfssdóttir, „Í hverri bók er mannsandi“. *Handritasýpur – bók-*

- menning, þekking og sjálfsmynd karla og kvenna á 18. öld (Reykjavík, 2011).
- Hallgerður Gísladóttir, *Íslensk matarhefð* (Reykjavík, 1999).
- Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslensku torfbæjunum*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga (Varmahlíð, 1998).
- Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallærum*. Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna (Reykjavík, 1970).
- Helgi Þorláksson, „Óvelkomin börn?“ *Saga* 24 (1986), bls. 79–120.
- Hrefna Róbertsdóttir, „Munaðarvara og matarmenning. Pöntunarvara árið 1784.“ *Saga* 50:2 (2012), bls. 70–111.
- Hörður Ágústsson, *Laufás við Eyjajörð. Staðurinn* (Reykjavík, 2004).
- Íslensk orðabók*. Ritstjóri Árni Böðvarsson (Reykjavík, 1997).
- Íslensk þjóðmenning 7. Alþýðuvísindi: raunvísindi og dufræði*. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson (Reykjavík, 1990).
- Íslenskir sagnfræðingar I. Sagnfræðingatil og saga Sagnfræðingafélags Íslands*. Ritstjórar Ívar Gissurarson, Páll Björnsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Steingrímur Steinþórsson (Reykjavík, 2006).
- Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar. Í landi Eyrarlands og Nausta 890–1862*. 1. bindi (Akureyri, 1990).
- Jón Jakobsson, „Um mjólkur not á Íslandi.“ *Rit þess konunglega íslenska lærðomslistafélags XI* (1791), bls. 193–241.
- Jón Pétursson, *Lækningabók fyrir almúga* (Kaupmannahöfn, 1834).
- Jónas Jónassen, *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi*. (Reykjavík, 1884).
- Jónas Jónasson, *Íslenskir þjóðhættir* (Reykjavík, 1934).
- Kraftbirtingarhjómur Guðdómsins. Dagbók, sjáfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998).
- Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi*. III. bindi. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Ritstjóri Hjalti Hugason (Reykjavík, 2000).
- Loftur Guttormsson, „The Development of Popular Religious Literacy in the Seventeenth and Eighteenth Centuries.“ *Scandinavian Journal of History* 1999, bls. 15–35.
- Loftur Guttormsson, „Barnaeldi, ungbarnadauði og viðkoma á Íslandi 1750–1860“. *Athúfn og orð, afmælisrit helgað Mattíasi Jónassyni áttæðum* (Reykjavík, 1983), bls. 137–169.
- Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983).

- Lovsamling for Island*. II. bindi (Kaupmannahöfn, 1853–1889).
- Manntalið 1801. Norður- og austuramt* (Reykjavík, 1980).
- Már Jónsson, „Skiptabækur og dánarbú 1740–1900: Lagalegar forsendur og varðveisla.“ *Saga* 50:1 (2012), bls. 78–103.
- Monika Magnúsdóttir, „Hnípin kona í vanda, Hugleiðingar um mæður átjándu aldar.“ *Sagnir* 18 (1997), bls. 67–72.
- Ný jarðabók fyrir Ísland. Samin eftir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861* (Kaupmannahöfn, 1861).
- Ólöf Garðarsdóttir, *Saving the Child: Regional, Cultural and Social Aspects of the Infant Mortality Decline in Iceland, 1770–1920* (Umeå, 2002).
- Ólöf Garðarsdóttir, „Naming Practices and the Importance of Kinship Networks in Early Nineteenth-century Iceland.“ *History of the Family* 4 (1999), bls. 297–314.
- Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*. I.–III. bindi (Reykjavík, 1948–50).
- Páll Eggert Ólason, „Landsbókasafnið. Stutt yfirlit.“ *Árbækur Landsbókasafnsins 1944* (1945), bls. 45–78.
- Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. I.–III. bindi (Reykjavík, 1918–37).
- Schleisner, Peter Anton, *Island: undersögt fra et lægevidenskabeligt synspunkt* (Kaupmannahöfn, 1849).
- Sigríður Mattíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Ejóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík, 2004).
- Sigrún Helgadóttir, *Faldar og skart. Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar* (Reykjavík, 2013).
- Sigurður Guðmundsson, *Skýrsla um fœrngripasöfn Íslands í Reykjavík II* (Kaupmannahöfn, 1867–70).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Wasteland with Words. A Social History of Iceland* (London, 2010).
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Sjáfssögur. Minni, minningar og saga*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11 (Reykjavík, 2005).
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld. Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137–177.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „From children’s point of view: childhood in nineteenth-century Iceland.“ *Journal of social history* 29 (2: 1995), bls. 295–323.

- Sigurður Gylfi Magnússon, „Alpýðumenning á Íslandi 1850–1940.“ *Íslensk þjóðfélagspróun 1880–1990* (Reykjavík, 1993), bls. 265–320.
- Sigurður Gylfi Magnússon and István M. Szijártó, *What is Microhistory? Theory and Practice* (London, 2013).
- Skaftáreldar 1783–1784: ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson (Reykjavík, 1984).
- Sólrún B. Jensdóttir, „Bókaeign Austur-Húnavetninga 1800–1830.“ *Landsbókasafn Íslands árbók* 1968 (1969), bls. 142–166.
- Stefán Aðalsteinsson, *Svaifdælingar 2* (Reykjavík, 1978).
- Sú þrá að þekja og nema...*, Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1856–2006. 150 ára minning. Sýningarskrá gefin út í tilefni málþings og sýningar í Þjóðarbókhöllu 22. september–31. desember 2006. Í umsjá afkomenda Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafni, Minjasafnsins á Akureyri, Þjóðminjasafns Íslands og Félags þjóðfræðinga.
- Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda.“ *Skaftáreldar 1783–1784* (Reykjavík, 1984), bls. 163–178.
- Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1854*. Magnús Kristinsson sá um útgáfuna (Akureyri, 1972).
- Thienemann, Friedrich August Ludwig, *Reise im Norden Europas, vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821* (Leipzig, 1824–1827).
- Ulrich, Laurel Thatcher, *A Midwife's Tale: The Life of Martha Ballard, Based on Her Diary, 1785–1812* (New York, 1990).
- Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár*. Anna Sigurðardóttir tók saman (Reykjavík, 1985).

RAFRÆNAR ÚTGÁFUR

[Http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ritreglurskjal)

[Http://islendingabok.is/](http://islendingabok.is/).